ok spakir, þeir er heyrðu mína spurning ok hans vitrlig andsvör ok
sanlig; þá báðu þeir þess, at ek skylda alla okra ræðu skrifa ok
bóksetja, at eigi yrði sú ræða svá skjótt með tjónum, sem [vér þögn-
uðum⁴, heldr væri hon þá mörgum nytsamligt gaman, er eigi máttu
halda skemtan af oss, er nær várum þeirri ræðu.

En ek gerða bæði eptir bæn þeirra ok ráðum, ok studeraða ek
mikít í þeim ræðum með athugasamligu minni, ok setta ek allar þær
ræður í eina bók, eigi at eins til eyrna gamans ok skjóttindrar⁵
skemtunar þeim er heyra, heldr til margfaldrar nytsemdar öllum þeim,
er með réttum athuga nema þessa bók ok fylgja því öllu vel, er
býðr⁶ í bókinni. En bókín er svá gör, at þó mun fróðleikr í þykkja
ok skemtan, ok þó mikít gagn, at þat sé vel numit, ok gætt eptir því
er ritat er í bókinni. En sá er hann hefir fulla skilning ok rétta, þá
verðr hann þess varr, at sú er meiri bók er glósa þarf en hin er
rituð er.

En bókinni er gefit fagrt nafn, þvíat hon heitir *Speculum*
*regale*⁷, eigi fyrir drambs sakir þess er ritadi, nema fyrir þá sök
at þeim skyldi þykkja girniligri til náms er heyrði, ok fyrir þá sök
aðra, at hverr er forvitnask vill um góða síðu eða hævesku, eða fögr
ok sannlig orðalög, þá mun hann þar finna ok sjá í bókinni svá sem
margar líkneskjur eða allskyns smíði í skirri skuggsjá. En fyrir því
heitir konungs skuggsjá, at þar er vist ritat um konunga síðu sem
annarra manna, euda er hann hæstr at nafni, ok á hann at fylgja
fegrstum síðum, ok hans hirð ok allir aðrir hans þjónustumenn, at
allar þjóðir taki af þeim góð dæmi til ráðvendi ok góðrar meðferðar

¹) gegnliga ²) villstígu ³) mannkosta *tilf. Udg.* ⁴) sem verðr þegna
þögn ⁵) skjótrar ⁶) boðar ⁷) eða konunglig skuggsjá *tilf. Udg.*

ok allra annarra hæveskra siða. Enda á konungurinn hverr sem einn at sjá opt í þessa skuggsján, ok líta fyrst á sjálfs síns siðu, ok því næst allra annarra þeirra, er undir hánnum eru; sæma alla þá, er góða siðu hafa, en temja þá til góðra siða með aga, er eigi megu ógnarlaust numit fá. En þóat þat nafn sé heldr á, at konungs skuggsjón sé kallat, þá er hon þó skipuð öllum at heimild svá sem almenningr, þvíat hverjum er kostur í at sjá, er vill, ok skygna, hvárt er heldr vill, um siðu sjálfs síns eða alla aðra siðu, þá er þar má í finna, ok þess vænti ek, at sá mun eigi úfróðr vera taldr eða með úsidadönnum, er vel fylgir því öllu, er þar má í finna, ok til hans siðar hæfir¹, hvat manni sem hann er at tegund² eða nafni.

En ef nökkurir girnask eða forvitnask at heyra eða nema þessa bók, þá er eigi nauðsyn at forvitnask þess nafn, eða hvat manna sá var, er samansetti ok ritaði þessa bók, at eigi berisk svá til, at nökkurr hafni því, sem til nytsemdar má þar í finnask, annathvært fyrir háðungar sakir eða öfundar, eða einshvers fjánskapar við þann er gerði.

En þess viljum vér gjarna beiða, er öllum er vel veitanda, at þeir góðir menn, er bókina heyra vandliga með athygli, þá rannsaki með réttu álitu, ef nökkurir hlutir finnask þeir, er nauðsynligir þykkja bókinni vera, ok þar eru eigi áðr í settir, annathvært um siða athöfn eða vitrlig ok viðrkvæmilig orðalög, þá aukí til með góðri skipan; svá ok ef nökkurir hlutir finnask þeir þar í skipaðir, er spilla þykki fyrir bókinni, ok vár skipan³ hefir ofmælt, þá dæmi þat með sannsýni af ok bæti með góðum vilja yfir vára fáfræði, ok virði vel ok góðgjarnliga fyrir oss vårt starf; þvíat eigi störfuðum vér fyrir drambs sakir, heldr fyrir góðvilja sakir við alla þá, er þurfa [þykkisk ok girnisk⁴ slíks fróðleiks.

En þá er ek gékk til fundar við föður minn um þenna spurdaða, er nú höfum vér um rætt, þá lærða ek alla í fyrsta orði, er ek kvadda hann, hversu hverjum byrjar at kvedja eða mæla við sinn föður.

II. Sonr. Góðan dag, herra minn! Ek em svá kominn til yðars fundar sem byrjar hlýðnum syni ok lítillátum, at finna átsamligan⁵ föður ok göfgan, ok vil ek þess yðr biðja, at þér hafit þolinmæði at hlýða þeim hlutum, er mik fýsir at spyrja, en lítillæti at svara með góðfýsi spurðum hlutum.

Faðir. Með því at þú ert einga⁶ son minn, þá líkar mér vel,

1) horfir 2) tign 3) skammssýni 4) þykkjask ok girnask 5) átsaman

6) rettet for einka

at þú komir opt til míns fundar, þviat skylt væri tal okkart um marga hluti; ok vil ek gjarna hlýða þvi, er þú vilt spurt hafa, ok veita andsvör þeim hlutum, er ek em með skynsemd spurðr.

Sour. Ek heyri þat alþýðu vitni, sem ek ætla satt vera um vizku yðra, at varla fái vitrara mann í þessu landi, en þér erut, til allrar speki, þviat til yðarrar orlausnar stunda allir þeir, er vanda-málum eigu at skipta; enda heyri ek ok, at svá væri, þá er þér várut með konungum, at í yðrum munnni þóttu¹ vera öll landráð, svá lögmál ok sæltargerðir ok allskonar speki. Nú með þvi at ek em hæfiligr arfi yðarr til fjárgæzlu, þa vilda ek ok gjarna verða nökkurs² hlut-takari af arfi spektar yðarrar, ok vilda ek at þér lærdit mik, hvert stafrof eða upphaf, er ek mega³ þat nema af yðr, [at ek mega þaðan af lesa allar ritniagar⁴ mannvits yðars, ok svá stiga ek í yður fót-spör; þviat ek vænti, ef yðar missir við, at margir muni⁵ á þat stunda, at þér munit mik lærðan hafa eptir yðrum síðum.

Faðir. þessum ræðum þykki mér bæði gott at hlýða ok [em ek þó fúss at⁶ svara: þviat þat er mér mikil huggan, at ek hefi til þess leift eptir mik stór auðæfi, at réttir son minn skyli⁷ eptir mik njóta⁸; þviat ek munda varla virða sem minn son væri, þóat ek hefða getinn, ef fill væri. En ef þú vilt nema mannvit, þá vil ek sýna þér þann grundvöll, er upphaf er allrar speki, eptir þvi sem einn höfuð-spekingr hefir mælt: þat er upphaf speki at hræðask almáttkan guð. En hann skal þó eigi hræðask sem úviu heldr með ástarhræzlu, svá sem guðs son lærði þann er spurði, hvat væri upphaf boðorða, en guðs son visaði hánnum til þeirrar ritningar, er svá mælti: elskaðu guð af öllu hjarta þínu, ok af öllu afdi þínu, ok af öllum mætti þínum. Nú skal gudi unna umfram hvetvetna, en hræðask guð⁹ hvert sinni, er maðr girnisk rangra hluta, ok láta [þó laust ranga¹⁰ girnd fyrir guðs sakir, þóat maðr hafi dirfd á at halda fyrir manna sakir. Nú með þvi at þú leitar, hvat stafrof eða grundvöllr sé til spektarnáms, þá er þetta eitt satt upphaf ok ekki annat. En sá er þetta nemr ok gætir, þá missir sá¹¹ eigi sanrrar spektar ok allrar gæzku.

Sour. þetta eru víst ástsemdar ráð, sem af yðr er ván, ok er þó gott ok auðnæmli¹² hverjum, er gipta fylgir, en þar munu þó margir hlutir verða fylgja, þeir er til iðrótta heyra¹³, ef maðr skal vitr heita.

1) þótti* 2) nökkut 3) mætta 4) er þaðan af læsa ek aðalritningar
 5) munu 6) udel. 7) skal 8) þó meiri geðfró, at hann leggi sik eptir mannviti ok nýtsemdum *indskyder Udg.* 9) hann 10) sér þó lausa ranglátliga 11) hann 12) auðnæmiligt 13) hæfa

Faðir. Þetta er upphaf allra góðra hluta ok stafrof, en at stafrofi kynmask allar bækr¹, ok er æ því betr, er fleiri iðróttir fylgja þessu²; þvíat af iðróttum verðr maðr fróðr, með hverju athæfi er hann vill síðan lifa, hvárt er [heldr er, at hann³ vill vera konungs maðr eða bóndi eða kaupmaðr.

III. Sonr. Með því at ek em nú á léttasta aldri, þá fýsumk ek at fara landa meðal⁴, þvíat ek treystumk eigi til hirðar leita fyrr en ek hefða sét annarra manna síðu áðr. Nú er þetta fýsi min, nema þér leggit annat ráð til [við mér⁵.

Faðir. Þóat ek hafa heldr konungsmaðr verit en kaupmaðr, þá vil ek þá iðn eigi fyrir þér lasta, fyrir því at til þess veljask opt hinir beztu menn. En þat varðar miklu, hvárt maðr líkisk heldr þeim, er kaupmenn eru réttir, eða þeim er sér gefa kaupmanna nöfn, ok eru þó mangarar eða falsarar, selja ok kaupa rangliga.

Sonr. Þat mundi mér vel gegna at líkjask þeim, er vel væri, fyrir því at þat mun sýnask verr en ván væri til, ef yðarr son líktisk þeim, er eigi væri⁶ vel. En hvers sem mér verðr af⁷ audit, þá fýsir mik þó, at þér gerit mér kunna þeirra manna síðu, er vel þykkja vera í þeirri iðrótt.

Faðir. Sá maðr er kaupmaðr skal vera, þá verðr hann leggja sik í margan lífs háska, stundum í hafi en stundum í heiðnum löndum, en næsta jafnan með úkunnum þjóðum, ok þarf [maðr jafnan leiða at huga, at hann sé þar vel, sem þá er hann staddr⁸. Nú þarf hann í hafi mikinn ofléttleik ok hraustleik.

Nú ef þú ert staddr í kaupstöðum, eða hvar sem þú ert, þá ger þik síðsaman ok léttlátan⁹; þat gerir mann vinsælan við alla góða menn. Ven þú¹⁰ þik árvakran um morna, ok gakk þegar fyrst til kirkju, þar sem þér þykkir bezt fallit at hlýða tíðum, ok hlýð þar öllum dagtíðum ok messu þegar eptir óttusöng, ok bið þá meðan¹¹ fyrir þér með sálmum þínum ok þeim bænum, er þú kant. En at loknum tíðum gakk þú [út ok skygn¹² um kaup þín. En ef úkunnu eru þér kaup í bæ, þá skygn¹³ þú vandliga at, hversu þeir fara með sínum kaupum, er mestir ok beztir kaupmenn eru kallaðir. Þat skaltu ok varask um allan þann varning er þú kaupir¹⁴, at hann sé allr úspiltr ok flærðalaus, ok fyrri rannsakaðr en þú¹⁵ festir kaup þitt

1) bóklitir 2) þessum 3) hann heldr 4) ímilli 5) udel. 6) er 7) því tilf. 8) jafnan þat at hugsa, at hann sé þar vel staddr, sem hann er 9) réttlátan 10) udel. 11) ámeðan 12) at skygna 13) hugsa 14) ok selr tilf. 15) kaupir eða tilf.

til fulls. En öll þau kaup er þu kaupir, þá hafðu jafnan nökkura skilamenn ihjá, þá er vátтар sé, hversu því kaupi var keypt.

Nú skalt þú at kaupum þínum fara¹ alt til dögurðarmáls eða miðs dags², ef svá berr nauðsyn til, en síðan gakk þú til matar þíns. Borð þitt skaltu vel búa með hvítum dúkum ok hreinni fæzlu ok góðum drykk. Get þér vel at borði þínu, ef þú átt þess kosti; en eptir mat þá görðu annattveggja³, at þú sofna litla hrið, eða elligar gakk⁴ nökkura hrið ok skemt þér, ok sésk um, hvat er aðrir góðir kaupmenn hafask at, eða nökkurr nýr varningr sé sá kominn til bæjar, er þér sé nauðsynligr at kaupa. En er þú kemr aptr til herbergis þíns, þá rannsakaðu varning þinn, at hann verði eigi síðan fyrir spellum, er hann kemr þér í hendr; en ef spell eru á, ok skaltu þann varning selja, þá leyndu eigi þann er kaupir: sýn hánum þau spell sem á eru, ok semit síðan kaup ykkart sem þit megut, þá heitir þú eigi svikari. Met ok varning þinn allan í gott verð, ok þó því nær sem þú sér [at taka mun, en eigi or hófi⁵, þá heitir þú eigi mangari.

En þat skaltu vist hugleida, at á hverri stundu er þú mátt þik til tæma, at minnask á nám þitt ok allra mest um lögskrár⁶, þvíat þat er raunar, at allra manna⁷ vit er minna en þeirra, er af bókum taka mannvit, þvíat þeir hafa flest vitni til síns fróðleiks, er bezt eru lærdir. Gör þú þér allar lögskrár kunnar, en meðan er þú vilt kaupmaðr vera, þá þarstu engan rétt þér meir annan kunnan gera en Bjarkeyjar rétt. En ef þér eru lög kunn, þá verðr þú eigi beitr úlögum, ef þú átt málum at skipta við jafnmaka þína⁸, ok kantu at lögum svara öllum málum.

En þóat ek ræða flest um lögmal, þá verðr engi maðr alvitr⁹, nema hann kunnigóða skilning ok hátt á öllum síðum, þar sem maðr¹⁰ verðr staddr; ok ef þú vilt verða fullkominn í fróðleik, þá nemdu allar mállyzkur, en allra helzt latínu ok völsku, þvíat þær tungur ganga víðast, en þó týndu eigi at heldr [þínu máli eða¹¹ tungu.

IV. Sonr. Guð þakki yðr, herra minn! at þér sýnit oss svá ást-samliga frændsemi, at þér sýnit mér alla þá hluti, er mér væri nauðsynligir, ef ek bæra giptu til at nema, eða muna eptir, ef numit yrði. En ef yðr sýnask nökkurir hlutir enn nauðsynligir þessarri¹² ræðu, þá vil ek gjarna með athygli til hlýða.

Faðir. Eru enn þeir hlutir, er varla¹³ má missa í þessarri ræðu, ok má þó vel líka með [skjötri ræðu¹⁴, ef svá sýnisk. Vendu

1) starfa 2) miðdegis 3) annathvart* 4) þú úti* tilf. 5) at taka má ekki or hófi* 6) lögbækr* 7) annarra* 8) jafnoka þíni* 9) til fulls vitr* 10) hann 11) þíni* 12) eptir þessarar*; í þessarri 13) eigi* 14) fám orðnum*

þik jafnan¹ sem vakrastan máttu, ok þó svá, at eigi spilli heilsu þinni. Vendu þik sjaldan hryggvan, þviat hrygt hugskot er jafnan sjúkt; heldr verðu jafnan bliðr ok léttlátr, jafnhugaðr ok eigi mislyndr. Verðu lastvarr sjálfr, ok kenn hverjum manni gott, er þat vill af þér nema, ok þýðsk jafnan ena beztu menn². Gæt þú vandliga tungu þinnar, þviat³ þat er virktaráð, fyrir því at tunga þín má sæma þik, ok tunga þín má dæma þik; ok þóat þú verðir reiðr, þá mæl þú fátt ok eigi bræðimæli, þviat eitt orð má þat mæla i bræði, ef maðr gætir eigi, er síðan vildi hann með gulli keypt hafa, at úmælt væri. Enda veit ek enga þá hefnd, þó göri margir, er maðr fremi⁴ minnr sjálfan sik á, en hann deili illum orðum við annan, þóat haun eigi úsætt [at skipta við hann⁵. Þat skaltu ok vist vita, at engi er einn æðri kraptr eða sterkri, en maðr fái vel hept tungu sína frá munneidum eða illyrðum, eða sögvisi ok öllu⁶ tunguskæði. En ef þér verðr barna auðit, þá láttu ekki þitt barn iðróttalaust [verða upp alit⁷, fyrir því at þá er ván, at maðr fái haldit sik helzt sjálfr til mannvits eða iðróttá, þegar hann tekr sjálfræði, ef hann verðr ávita⁸ i æsku, meðan hann er undir ráðningu⁹.

Enn eru þeir hlutir, er þú skalt svá flýja ok varask sem fjándann sjálfan, þat er drykkja¹⁰ ok tafl, ok portkonur, ok þrætur ok kast um viðlögur¹¹, þviat af þessum grundvöllum timbrask enar mestu höfuðugæfur¹², ok fáir einir munu lengi lastalausir eða glæpa, ef eigi varask þessa hluti.

Nendur vandliga birting lopts ok gang himintungla, dægrafar ok eytaskipan¹³, ok kunn vel at skilja ok marka, hversu þverr eða vex úkyrrleikr sjóa¹⁴; þviat þat er fróðleikr ok þó nauðsynligt at kunna þeim¹⁵, er farmenn skulu vera. Gerðu þik tölvisan¹⁶ vel, [þat þurfu kaupmenn mjök¹⁷.

En ef þú verðr þar staddr, sem umboðsmaðr er konungs eða annars höfðingja þess, er þar hefir landstjórn, sem þá verðr þú staðinn, þá gör þá þér at vinum, ok ef þeir fremja nökkur nauðsynlig útboð af hendi landshöfðingja, þá ver þú greiðr i [útboðum öllum ok¹⁸ framlögum, at eigi haldir þú til þess smám blutum, at þú týnir stórum. Ver þú ok um þat varr, at konungs sakir komi eigi i pung þér, þviat þú veizt eigi, nema sá verði féggjarn er til saka gætir, ok er verra

1) æ* 2) at til návistar* tilf. 3) ok vit at* 4) fremr* 5) við jafningja sinn* 6) öðru* tilf. 7) upp verða lætt; upp færðask* 8) nökkurs áskynja* 9) aga* 10) ofdrykkja 11) köst ok viðlögur 12) úgiptur* 13) ættaskipan* 14) sjóar* 15) þeir 16) talvisan* 17) þess þurfu kaupmenn mjök við* 18) útboða

siðan¹ at biðja en fyrir öndverðu [við at sjá². Sittu ok aldri lengi yfir varningi þínum, ef þú mátt með réttu verði brott koma, þvíat þat er kaupmanna aðal³, at kaupa jafnan ok selja siðan skyndiliga fram á leið.

En ef þú skalt kaupferð þína yfir haf búa, ok áttu skip sjálf, þá bræð vel skip þitt um haustit ok lát standa undir bráði um vetrinn, ef svá má vera. En ef svá siðarliga kemr skip til hlunns, at eigi má um haustit bræða, þá bræð þat at öndverðu vári, ok lát vel þorna siðan. Eigðu ok í góðum skipum jafnan hlut, eða elligar [eigðu ekki⁴. Ger ok skip þitt lýsiligt⁵, þá veljask góðir menn til, ok verðr þá rifskipat. Bú ok jafnan skip þitt at öndverðu sumri, ok far meðan bezt er sumars, ok haf jafnan öruggan reida á skipi þínu, ok ver aldri um haustum lengi í hafi, ef þú mátt sjálf ráða. Gæt vel allra þessa hluta, þá er⁶ ván at hlýði með guðs miskunn. Þat skaltu ok vist⁷ hugleiða, at aldri gangi sá dagr yfir þik, at eigi nemir þú nökkurn hlut þann er þér sé gagn í, ef þú vilt [allvitr heita⁸; ok gersk⁹ eigi þeim líkr, er þat þykki úsæmd vera, at¹⁰ annarr segir eða kemir þeim þá hluti, er þeim væri mikit gagn í, ef þeir næmi¹¹; láttu þér jafnmikla sæmd at nema sem at kenna, ef þú vilt allfróðr heita.

Enn eru þeir hlutir í smáku¹², er hugleiða þarf. Hvert sinni er þú ferr¹³ í haf, þá hafðu¹⁴ tvau hundruð vaðmála eða þrjú með þér á skip¹⁵, þau er til seglbóta sé fallin, ef þarf til at taka, nalar margar ok ærna þræðr eða sviptingar; þóat slíkt sé smáligt at geta, [þó er þat opt at¹⁶ til slíks þarf at taka. Saum þarftu ok mikinn á skip at hafa jafnan með þér, svá stóran sem því skipi hæfir, er þá hefir þú, hvártveggja reksaum ok hnoðsaum. Sóknir góðar ok smíðaröxar¹⁷, skolpa ok nafra, ok öll önnur þau tól, er til skipsmiðar þarf at hafa. Þessa hluti alla er nú hefi ok nefnda, þá skaltu jafnan miunask at hafa á skip með þér, ef¹⁸ þú ferr kaupfarar ok áttu sjálf skipit. En ef þú kemr til kaupstaðar, ok skaltu þar dveljask, þa tak þér þar herbergi, sem þú spyr spakastan húsúanda í bæ ok vinsælastan bæði við bæjarmenn¹⁹ ok konungsmenn. Haf þik vel jafnan at mat ok at klæðum, ef þú átt þess kosti; haf ok aldrigi úspaka menn eða svarfsama í mótuneyti með þér eða í sveit. Verðu sjálf sem spakastr, ok þó svá at eigi þolir þú skemdir [eða stóra brigzla-staði²⁰ fyrir ofbleyði²¹ sakar. En þóat nauðsynligar sakar þröngvi

1) síns 2) síns at gæta 3) ódal 4) eig ekki í 5) ok sýniligt tilf. 6) helzt tilf. 7) vita ok tilf. 8) alvittr vera 9) ver 10) er 11) nema 12) smálka 13) á skip tilf. 14) ein tilf. 15) skipi 16) þá er þat þó opt er 17) smíða ærna* 18) er* 19) borgarmenn* 20) er til stórra brigzla standi 21) bleyði

þik¹ til úspektar, þá gersk þú [eigi bráðr í hefndum fyrr en² þú sér, at vel verði framgengt ok þar komi niðr sem makligt er; en eigi skaltu hlauprífr gerask, ef þú sér at eigi má framkvæmt verða, ok leita þú þinnar sæmdar þóat síðar verði, nema hinn bjóði³ svá, at þú sér vel sæmdr.

En ef fé þitt tekr mikinn vöxt⁴, þá skiptu þvi til félags í aðra staði, þangat sem þú ferr eigi sjálfr, ok ver þú⁵ vandr at félagsmönnum. Jafnan skaltu almáttkan guð ok ena helgu mey Mariu láta eiga nökkut í félagi með þér, ok þann helgan mann er þú [hefir optast á kallat⁶ þér til árnaðarorðs; ok gæt þess fjár vandliga⁷, er helgir menn eigu með þér, ok fær þat jafnan tryggliga til þeirra staða⁸, er þat var til gefit⁹ fyrir öndverðu.

En ef þú átt allmikit fé í kaupferðum, þá skiptu þvi í þrjá hluti¹⁰; legg einn hlut¹¹ í félag við þeim mönnum, er jafnan sitja í kaupstöðum ok sé þar¹² tryggvir ok kunni vel við kaup. En tveim hlutum skiptu í ýmisligar¹³ kaupferðir, þá er sízt ván, at alt verði senn fyrir tjónum, er¹⁴ í mörgum stöðum er fé þitt senn, ok er þá ván helzt, at í nökkurum stöðum haldisk, þóat fjárháskar kunni [iðuliga at¹⁵ berask. En ef þú sér at alhugat¹⁶ tekr fé þitt at vaxa stórum í kaupföllum, þá tak þú af tvá hluti ok legg í góðar jarðir, þviat sá eyrir þykkir optast viss vera, hvárt sem heldr er, at hánun¹⁷ er sjálfum auðit at njóta eða frændum hans. En þá máttu gera hvárt er þér sýnisk við enn þriðja hlut, at hafa í kaupferðum lengr, eða viltu alt í jarðir leggjja. En þóat þú vilir fé þitt lengi hafa í kaupföllum, þá hættu sjálfr at leggjask í höf eða í kaupfarar landa á meðal, þegar er fé þitt er fullvaxta¹⁸, ok þú hefir rannsakat síðu manna sem þér sýnisk; ok mun vandliga allá þá er þú sér, hvárt sem eru góðir eða illir. Mun illa síðu til viðsýndar, en alla góða síðu til nytja sjálfum þér ok öllum þeim, er af þér vilja nema¹⁹.

V. *Sonr.* Þat er víst nauðsynligt hverjum þeim, er forvitnask vill slíka hluti, sem nú hafi þér um rætt, at skilja vel hvat [mest verðr nema²⁰, ok muna vandliga síðan eptir, þat sem hann heyrir. En með þvi at þér gátut litlu fyrr í yðarri ræðu þeirra hluta sumra, er [ek skil²¹ eigi með hverjum hætti fram fara, ok hefi ek þó [leitt at huga²² með mér, þat er um birting lopts²³ ok úkyrrleik sjóar; nú með þvi

1) þér 2) þvi at eins br. í h. at 3) villi berla 4) í kaupferðum* tilf. 5) þó 6) heitr optast á* 7) rækiliga* 8) þess staðar 9) heitit* 10) staði 11) þriðjung* 12) þeir* 13) ýmisliga staði ok* 14) ef* 15) opt at at* 16) alogat 17) manni* 18) fullvaxit 19) ok vel góra* tilf. 20) mælt verðr* 21) mér skilsk* 22) hugleitt ok athugat 23) ok himintungla tilf.

at þér báðut¹ at nema þá hluti, ok kölluðut fróðleik í, ef numit yrði; enda skil ek cigi áðr en ek heyri görr skilat fyrir mér, enda veit ek engan þann vísan meistara, er jafngóðan vilja mun hafa til at læra mik um þá hluti sem sjálfa yðr; fyrir því vil ek með leyfi biðja yðr at þér lengit² með því þessa ræðu, at ek yrða³ nökkut fróðari um þá hluti, hversu þverr eða vex birting lopts eða gangr himintungla, dæggrafar eða eyktaskipan⁴, ok allra helzt um úkyrrleik sævar, hvat er veldr hans mislyndi, at hann sýnisk stundum í svá mikilli bliðu, at manninn girnir til við hann at leika misserum heilum⁵; en því næst sýnir hann svá mikla reiði ok illsku, at hann þrætir til fjár ok til lífs þeirra, er við hann skipta. Nú hugða ek þat, þóat sólin fyldi rásir sínar eptir fyrirsettri skipan, at ekki mundi þat ráða hræring hafsins. Nú ef yðarr [er vili⁶ til at skýra þessa hluti gerr fyrir mér, þá vilda⁷ ek gjarna með athygli til hlýða.

Faðir. Þat má ek vel gera, eptir því sem ek hefi heyrt or fróðra manna munnni, ok mér þykki likast vera eptir því viti sem guð hefir mér gefit. Sól hefir fengit fjölskylt embætti, þvíat hon skal lýsa allan heim ok verma, ok gleðjask ýmsir staðir heimsins við hennar nærkvámu, en svá berr rás hennar til, at hon firrisk þá staði stundum, er hon nálgask stundum. En þá er hon tekr at vitja austrs ættar⁸ með vörnum ok björtum geislum, þá tekr þar fyrst dagr upp at [léttu austanvindi⁹ silfrligar brýnn¹⁰ ok blitt andlit; en því næst verðr hann kórónaðr með gulligum röðli, ok skrýðisk hann þá¹¹ með öllum gleði-búnaði sínum, léttir sorgum ok harmsamligum andvörpum, sýnir blitt andlit grönnum sínum á báðar hendr, ok biðr þá [vera gláða¹² með sér í sínum fagnaði ok léttu vetriligum sorgum; sendir hann ok skínandi geisla í andlit vestanvindi at boða hánnum sína gleði ok fagnað; þat boðar hann ok¹³ vestanvindi, at hann skrýðisk þvilikum búnaði um aptan sem austanvindr hafði um morgin. En at mögnuðum¹⁴ degi ok fyrirskipuðum tíma, þá hrósar landsynningr nýteknum búnaði ok sendir ornanði geisla með bliðu boði í andlit útnyrðingi. En at miðjum degi sýnir sunnanvindr sik efdan vera með¹⁵ yljár auðæfum, sendir varmar vingjafir norðanvindi ok vermír svalt andlit, ok býðr öllum grönnum sínum at miðla við þá af [gnótt síns¹⁶ auðar. En- at hníganda¹⁷ degi þá tekr útsynningr við væggjanda skini ok vörnum geislum með glöðu andliti, sýnir af sinni hendi sætt ok samþykki at

1) buðut* 2) leggit* 3) verða* 4) ætta skipan* 5) saman* 6) vili er 7) vil 8) austrættar 9) með tilf. 10) fra [renna, ok sýnir þar austanvindr silfrliga birting *Udg.* 11) sjálf tilf. 12) gleðjask 13) *mgl.* 14) megnuðum; miðjum 15) *mgl.* 16) gnógt 17) hnignanda

miðrلاغðri reidi, býðr sterkum bylgjum ok bröttum bárum at hógværask með minnanda alli, ok kallar fram gróðrsamar döggrvar¹ til fullrar sættar við sina granna, ok blæss hógværliga með vörnum anda í andlit landnyrðingi ok vermir blástrsvalar² varrar ok þiðir hélukalt enni ok frosnar kinnr. En at aptni upphöfðum þá sýnir vestanvindr skinanda enni yfir bliðu andliti, skryðisk með prýði ok kveldligri fegrð svá sem at³ hátíðligum aptni, boðar austanvindi með sendum geislum, at hann búisk móti komandi hátíðum morgininn eptir.

En at settri sólu þá tekr útnyrðingr at létta fögrum⁴ brúnum, ok bendir með léttri brún öllum grönnum sínum, at hann hefir í sinni gæzlu skinanda röðul; því næst leiðir hann fram skugga yfir andlit jarðar, ok boðar þat öllum, at þá nálgask hvíldarstund eptir dagligt⁵ erfíði. En at miðri nótt þá tekr norðanvindr við rás⁶ sólar, ok leiðir hana um fjalligar auðnir móti þunnbygðum ströndum, ok leiðir fram þykkvan⁷ skugga⁸, ok hylr andlit sitt með skýjuðum⁹ hjálmi, ok boðar öllum, at hann er búinn til varðhalds yfir grönnum sínum með náttligri vöku, til þess at þeir taki örugga hvíld ok hæga eptir dagligan hita; hann blæss ok vægiliga með svölum munni í andlit sunnanvindi, til þess at hann megi betr standask öflugan hita at komanda degi. Hann fægir ok andlit himins eptir brottrekit ský, til þess at komanda ljósi megi sól auðveldliga senda varma geisla í allar ættir með björtu skini. En at komanda morni þá tekr landnyrðingr at opna samanlagðar brár ok rennr¹⁰ til [sýnar bjúgt¹¹ sjáldr, svá sem til skygningar um upprisutíma. En því næst lýkr hann upp vakrliga birtandi sjónir svá sem saddr af svefni eptir tekna hvíld; en eptir þat leiðir hann fram ljósan dag svá sem fagran æskumann ok hæfiligan fyrirrásara¹² í allra tún, ok boðar til viss, at þá kemr þegar eptir hann geislanda hvel ok skinandi sól, ok býðr öllum at vera vel viðbúnum. En því næst rennr upp sól ok skýtr geislum sínum í allar ættir at skynja um samantengt sáttmál, ok gengr síðan eptir fyrirskipuðum veg, svá sem fyrr var sagt.

En at algörvum friði¹³ milli þessarra höfðingja, er nú eru nefndir, þá er vel fært í hvers þeirra veldi, sem [þá vill¹⁴ farit hafa. Þá tekr haf úti at byrgja allan meginstorm, ok görir þar slétta vegu, sem fyrr var úfært fyrir stórum bárum ok þykkum bylgjum, ok veita strandir þá þar í mörgum stöðum¹⁵ hafnir, sem fyrr var öræfi¹⁶. Nú

1) daggir (doggir*) 2) blástrsvalar 3) á 4) silfrligum 5) daglangt 6) umrás 7) þjukkan* 8) með kúpóttu (kúfóttu) baki tilf. 9) skygðum 10) temprar 11) sjónar björt (bjart) 12) fyrirrennara. Sá rennr 13) ok samantengðri sætt tilf. 14) þú vilt 15) göðar tilf. 16) öræfi

meðan þessi fridargerð stendr, þá er þér vel fært ok hverjum annarra þeim, er sitt skip [vilja leiða eða sjálfir¹ fara landa meðal yfir hafs háska; ok væri þat [mönnumum skyldligt², ok þó nauðsynligt, at kunna góða skilning á því, nær háskatimar [væri ok úfærir³, eða nær þeir timar kæmi⁴, er vel er til hættanda alls; þvíat skilningarlaus skepna gætir þessarra tíma þó með náttúru, at eigi sé [skilning til⁵, þvíat mannvitslausir fiskar kunnu at gæta sín í djúpum höfum, meðan hæstir eru stormar um vetrinn⁶; en at hallanda⁷ vetri þá sækja þeir nærmeir⁸ landi, ok samna gleði svá sem eptir liðna sorg. En at fengnum hrognum ok at vaxanda vári, þá gjóta þeir hrognum sínum ok leiða fram fjölda mikinn ungra fiska, ok æxla svá ættir sínar hverr í sínu kyni ok lígund⁹. Er þat mikil ætlan skynlausrar skepnu, at sjá svá vel við [komanda stormi um vetrinn¹⁰, at hann leiðir fram sitt afspringi til þess at öndverðu vári, at hann megi njóta kyrrar vedráttu um sumarit, ok leita sér matar í góðum friði hjá víðum ströndum, ok styrkjask svá [af sumrinu, at þeir hafa yfrit¹¹ afl at komanda vetri, til þess at hirða sik í köldum¹² djúpum milli annarra fiska.

Þessarri sættargerð fagnar jafnvel loptit sem lögrinn, þvíat á vaxanda vári sækja fuglar háleik lopts með fögrum söngum, ok fagna nýgörri sætt milli þessarra höfðingja svá sem komandi hátíð, ok gleðjask þá svá mjök, sem þeir hafi [fengit forðazk¹³ mikinn háska ok váðvænligan¹⁴ í höfðingja deild. því næst göra þeir sér hreiðr á jörðu ok leiða þar or unga fugla, hverr eptir sinni kynfylgju, ok æxla svá ættir sínar ok næra¹⁵ um sumarit, at þeir megi enn sér sjálfir leita atvinnu um vetrinn eptir. Jörðin sjálf fagnar þessarri sættargerð, þvíat þá er sól tekr út at steypa ylsamligum geislum yfir andlit jarðar, þá tekr jörð at þíða frosnar grasrætr; en því næst leiðir hon fram ilmandi grös með smaragligum¹⁶ lit, ok sýnir hon sik fagna ok gleðjask hátíðliga með nýtekinni fegrð græns skruðs, ok býðr hon þó¹⁷ glaðliga næring¹⁸ öllum afsprungum¹⁹ sínum, þeim er hon synjandi ádr [sakar vetrliugar nauðar²⁰. Tré þau er stóðu með frosnum rötum ok drjúpandi²¹ kvistum, þá leiða þau nú fram af sér grasgrönt lauf, ok gleðjask svá eptir liðna sorg vetrliugar nauðar.

Úhreim skepna ok leiðendi sýna mannvit sitt ok skilning í því,

1) vill leiða eða sjálfir 2) mannumum skyldugt 3) eru ok úfríða 4) eru
 5) skilningr 6) vetrum 7) hölludum 8) nær 9) tegund 10) komandi hafstormum 11) á sumrum, at hann hafi ærit 12) nedstum 13) forðazk 14) nálægan 15) leitar hverr við at næra svá sína unga 16) fagriligum (samarligum) 17) þá 18) ok fæzlu tilf. 19) afspring 20) fyrir vetrlagðar þrantir 21) drjúpandi

at þau kunnu at skipta hæfligum tíma til aukningar sinnar ættar ok útgöngu or fylsnum. Svá gæta þau þess tíma, nær þau þurfu at flýja kulda ok [stormsamligar vetrar nauðir¹, ok hirða sik svá² undir steinum eða í stórum hellum eða í djúpum jarðföllum³ til þeirrar stundar, er þau hafa tíma til framgöngu. Villidýr þau er fæðask í fjöllum eða skógum, þá kunnu þau vel at skipta öllum tíma, þvíat þau ganga með getnum burð⁴, meðan vetr er kaldastr, til þess at þau megi sinn getnað fram leiða at nýkomnum grösom ok vörmu sumri. Einn lítill maðkr er maurr heitir, hann má kenna vitrum mönnum⁵ mikla hagspeki, hvárt sem heldr er kaupmaðr eða bóndi⁶, ok jafavel konungum⁷ sem smærrum mönnum. Hann kennir konungum, nær þeir skulu borgir göra eða kastala; hann kennir ok bónda [ok kaupmanni⁸ með sama hætti, hversu ákaflega eða hvern tíma þeir skulu sína sýslu frammi hafa; þvíat sá er rétta skilning hefir ok hyggr hann vandliga at hans athæfi, þá má hann mikit marka⁹ ok draga sér til nytsemdar. Öll önnur kvikendi, hvárt sem eru hrein eða úbrein, þá fagna þessum tíma, ok leita svá sinnar næringar á vörmu sumri með allri viðrsýn¹⁰, at þau megi öruggliga standask allan háska vetrliugar nauðar. Nú [veldr þessi sáttmálasamtenging milli þessarar átta vinda¹¹ allri bliðu lopts eða lands, eða sjóar hræring, með boðorði ok leyniligum smiðvélum þess, er fyrir öndverðu skipaði, at svá skyldi jafnan síðan standa, til þess er hann býðr at briggð skyli¹² á görask. Nú ef þér þykkir nökkut þar vanspurt um, þá máttu nú [með meiri eptirleitan spyrja slíks¹³ er þér sýnisk.

VI. Sour. Með því at mér þykki þat vel ráðit, at¹⁴ ek hefi spurt þessarar hluta, er ek hefi svá fögr svör fyrir fengit, þá mun þat enn eggja mik með orlofi fleiri hluta at spyrja um vöxt sólar eða tungls, eða strauma sjóar eða flæðar, hversu skjótt eða stórum þessir hlutir vaxa eða þverra. Nú með því at ek hefi þá ræðu í munni¹⁵, er helzt byrjar [til farmanna óðals¹⁶, þá þykki mér þat líkt¹⁷, at slíkir hlutir muni þeim vel gegna at verða áskynja til fróðleiks sinnar leiðvísí; ok með því at ek ætla mjök í þeirri iðrótt at starfa, þá vilda ek gjarna, at mér skildisk nökkut af þessum hlutum, er nú hefi ek eplir frétt¹⁸, ef svá má vera.

Faðir. Þessir hlutir er þar hefir þú um rætt, þá eru eigi allir

1) stor(m)samliga (vetrar) reiði 2) þá 3) jarðholun 4) burði 5) manni 6) húsbúandi 7) konunginum 8) eða kaupmönnum 9) af hans starfi tilf. 10) viðsýnd 11) helzt þ. s. m. þ. á. v., þá veldr hon 12) skulu 13) meiri eptirleitan hafa 14) er 15) til eptirfréttar tilf. 16) kaupmönnum at hafa 17) líkligt 18) fregit

jafnskjóttir at vexti eða þurði; þviat straumur fyllir rásir sínar á sjau dögum til vaxtar, ok hálfá stund til átta dags, ok verðr [hvern sjaunda dag¹ flæðr í fjöru stað, fyrir því at hinum sjaunda² hlut vex hann, þegar hann tekr at vaxa, ok með hinum sama hætti þverr hann aðra sjau daga, þegar hann tekr aptr at hverfa ok minka, ok svá miklu seinna sem öllum sjau dögum skal fylgja hálf stund til átta dags. En stundir má ek þér vel kunnar gera, hversu [þær kunnu langar at vera, þviat 24 skulu³ vera á tveim dægum, nótt ok degi, meðan sól veltisk um átta ættir, ok verða svá at réttri tölu, at þat eru þá þrjár stundir dags, er sól veltisk um eina ætt. En tungl fyllir rásir sínar til uppstígningar fimtán daga ok sex stundum minnr, ok með sama hætti þverr þat, til þess er þat er aftalit ok annat kemr; ok berr því þat saman jafnan, at þenna⁴ tíma eru straumar allir sem hvassastir, ok fjörur allar sem mestar; en at hálfvöxnu tungli, þá eru allir straumar sem minstir, ok svá fjörur með þeim hætti; en at fullu tungli þá eru enn straumar sem hvassastir ok fjörur sem mestar; en at hálfþverrandu tungli, þá er hvártveggja sem minst, straumar ok fjörur. En þessa hluti megu kaupmenn varla markat fá fyrir sakir svá skjótrar rásar, þviat tungl stígr svá stórum, annattveggja upp eða niðr, at varla fá menn ættum skipat af rásum þess fyrir þá sök. En [fyrir sól er þat markanda⁵, at hon fyllir seinna rásir sínar, hvártveggja til uppstígningar ok niðrstígningar, ok megu menn vel marka allar ættir af hennar rásum; en hon stígr upp átján tígu daga ok hálfan þriðja dag ok þrjár stundir, ok með sama hætti stígr hon niðr aptr, ok hefir hon þá fylda alla rás sína bæði at [uppstígu ok niðrstígu⁶, þrjú hundruð daga tólfræð⁷ ok fimm daga ok 6 stundir; ok verðr þat þá á hinu fjórða hverju ári þrjú hundruð tólfræð⁷ ok sex dagar⁸, ok heitir þat hlaupár; þviat þá er einum degi fleira í tólf mánuðum en fyrr⁹, ok sammask þar stundir til¹⁰ tveggja dægum, einnar nætr ok eins dags. En at bókmáli verða öll hundruð tíræð¹¹, ok verðr þat þá at [réttri tölu¹² þrjú hundruð tíræð ok 60 daga ok 6 dagar, hvert sinn er hlaupár er, en hlaupára á meðal þá verðr þat eigi meira en fimm dagar ok 6 stundir, ok svá margir dagar at annarri tölu sem nú hefi ek talt.

En þat er þú leitar eptir vexti sólar, hversu hana má markat fá skilvisligast, þá fær þat varla svá glögt sagt, at þat ljúgisk hvergi¹³, ok fyrir því at eigi vex sól í öllum stöðum heimsins jafnskjótt. En

¹) hver sjaunda dags ²) átta ³) langar þær skulu ⁴) þeima ⁵) sól er fyrir því markandi ⁶) uppstígningu ok niðrstígningu ⁷) tólfúg ⁸) dægur ⁹) þess á milli ¹⁰) þessa tilf. ¹¹) kölluð tilf. ¹²) réttu tali ¹³) eigi

eptir því má ek þér vel segja, sem ek hefi fundit í orðum þeirra manna, er inniliga hafa þar um talat, ok þat er helzt haldit fyrir satt, at þeir munu næst réttu um hafa rætt. En ek hafða¹ áðr sagt þér, hversu margar stundir verða í tveim dægum, ok nefnda ek þær fyrir þér, ok markaða ek lengð hveirrar stundar með þeirri tilvisan, at 3 stundir liði², meðan sól gengr um eina ætt. Nú eru aðrar smár stundir, þær er ostensa³ eru kallaðar, ok gera þær 60 eina hina, er fyrr nefnda ek. Nú sýnisk mér sannligast, at svá norðarlíga sem vér erum staddir, at sól vaxi 5 þessar stundir enu smá um dag, ok svá miklu minna en sex, sem tólfstungrinn er or þessarri einni hinni litlu stund; en þat þykki mér sannast um aukning sólar vera, at hon vaxi þrjá hluti af þessum stundum til austrs ok til vestr, ok inn fjórða til hæðar upp á himininn. Nú má þessi merking ljúga suðr ifrá oss, þvíat norðr ifrá oss vex hon skjótara, en suðr seinna en nú höfum vér talt, ok því meiri er munr, er sunnar ferr ok meir undir sólina.

VII. Souv. Með leyfi man ek til forvitnask at rannsaka þessa ræðu nökkuru görr, með því at ek skil eigi til fulls. Nú gátu þér þess at norðr ifrá oss vaxi sól skjótara, þar sem næsta er ekki sumar, ok vetrar megin er svá hátt, at sumar þykkir ekki vera nema skuggi einn, ok margir staðir þeir, er bæði liggir á snjó ok jökull⁴ öllum sumrum svá sem um vetrum, sem annathvært er Ísland eða enn heldr Grænaland. En ek spyr þat sunnan af löndum, at þar sé öngvar vetrar nauðir, ok sól verðr þar jafnheit um vetrum sem hér [er hon um⁵ sumrum, ok vex þar um vetrum alt, þá er sól hefir minna megin, bæði korn ok [allr annarr ávöxtr⁶; en um sumrum má jörð eigi þola hita sólar, ok gefr hvárki korn né gras fyrir bruna sakir, ok er þeim sumarit til jafnmikillar nauðar⁷ fyrir hita sakir, sem oss er vetr fyrir kulda sakir, lönd slik sem er⁸ annathvært Púl eða enn heldr Jórsalaland. Nú með því at þér kváðut sólina skjótara vaxa norðr hingat en suðr þangat, þá má mér þat eigi skiljask, með því at þeir hafa jafnmikit sólar megin um vetrinn sem vér um sumarit, en því meira um sumarit, at þá brenir af allr jarðar ávöxtr fyrir ofhita; ok sýnisk mér þat sannast, at þar sé meiri vöxtr sólar sem meira er megin hennar. Nú ef þér⁹ megit sýna mér þetta, svá at mér skilisk, þá vil ek gjarna til hlýða [með athygli¹⁰.

Faðir. Lítit¹¹ efni vil ek með upphafi í¹² þat mál hafa, er ek vil hér um ræða, ok vita ef þat dragi þik til skilningar, með því

1) hefi 2) liða 3) ostenta 4) á tilf. 5) með oss á 6) allir aðrir jarðar ávextir 7) ánauðar 8) eru 9) vilit ok tilf. 10) ok vel gæta 11) lítit 12) um

at þú lætr svá torveldliga¹ yfir, at svá megi vera. Tak eitt brennanda kerti ok set í eitt hús, þá er ván at þat lýsi um alt húsit innan, ef ekki meinar því, þó at húsit sé allmikil². En ef þú tekr eitt epli ok hengir við logann sjálfan, svá nær at [eplinu verðr³ heitt, þá mun skyggja nálíga allan⁴ helming hússins eða [þaðan af meira⁵. En ef þú hengir eplit við vegginn sjálfan, þá verðr því ekki heitt ok lýsir þá kertit alt húsit innan, ok varla verðr svá mikill skuggi á vegginum, þar sem eplit hangir við, sem hálf er eplit at vexti. Nú skaltu⁶ á því marka, at böllótr er jarðarhringr, ok berr eigi⁷ öllum stöðum jafnær sólu; en þar sem kúfótt⁸ hvel hans kemr næst veg sólar, þá verðr þar miklu heitast, ok eru þau lönd sum úbyggvandi, er [jafnt liggja undir⁹ úsköddum geislum hennar. En þau lönd er hon kemr at með hölluðu skini, þá má þau vel byggva; en þó eru þau sum heitari en sum, þvíat sum liggja nærmeir rás hennar en sum; en kompásuð¹⁰ brekka böllóts hvels gerir þar myrkvasta skuggann, sem sólu er næst, þegar er brekkuhvelit má uppganga fyrir skin¹¹ sólarinnar ok geisla hennar, en þó verðr þar heitast jafnan sem næst berr henni. Nú sanna ek þat með þér, at Púl ok Jóršalaland er heitara en [vár lönd¹²; en þó skaltu þat vita, at eru þeir staðir, er enn eru heldr heitari en hvárgi þessi, er nú er nefndr; þvíat þeir staðir eru ok, er úbyggvandi eru með öllu fyrir hita sakir; en þó hefi ek þat sannspurt, at þar verðr¹³ mikil nótt bæði myrk ok vel löng, þá er sól gengr sem hæst; ok skaltu á því marka, at hon mun þar seinna fara¹⁴ ok svá niðr stíga, sem áðr er meira all hennar ok megin, er hon er nærri, fyrir því at þar er mikil nótt um sumarit, þá er hon gengr hæst, ok mikill dagr um vetrinn, þá er hon gengr sem lægst. Nú vil ek sýna þér þat svá inniliga, at þér skilisk til fulls.

Þat veiztu, at hér er um vetrinn með oss litill dagr ok litill sólargangr, svá at sól hefir eigi meira gang¹⁵ en at hon veltisk um eina ætt, ok þar at einu svá, sem allgott er sólar megin; en í mörgum stöðum er þat, at hana má eigi sjá mikinn hlut vetrarins, allrahelzt á Hálogalandi, er vér höfum eigi at eins fréttir til haft, heldr opt ok iðuliga sét með augum várum ok reynt. Þvíat þat vitu vér til viss¹⁶, at ifrá því er inngengr quarta Idus Novembris ok til þess er kemr quarta Idus Januarii, þá verðr aldriki svá ljóss dagr í Vágum norðr eða um Andarnes á Hálogalandi, at eigi sé¹⁷ stjörnur sýnar¹⁸ á

1) úvænliga 2) vel mikit 3) eplit verði 4) annan 5) þaðan meir; þann meira 6) skal 7) í tilf. 8) hvassast 9) jafngegnt liggja 10) kumpásuð 11) skini 12) norðr ligat í vart land 13) verði 14) vaxa 15) rás 16) sanns 17) eru 18) sénar

himni jafnvel um miðjan dag sem um miðja nótt. En þóat síðan taki svá dagr at lýsa, at eigi megí stjörnur sjá, þá er þat þó í flestum stöðum þeim, sem nú ræddu vér¹ um, at eigi má sól sjá alt til decima Kal. Februarii. En því næst tekr dagr svá skjótt at togna ok sólargangr at vaxa, at þann tíma er inngengr octava Idus Aprilis þá sezkr eigi dagr fyrr en inngengr [quinta decima² Kal. Octobris, ok er öll sú stund, er þar er á millum alt einn dagr, svá at aldri gi sezkr dagr á allri þeirri stundu. Nú máttu þat til viss marka, þóat sólin sé heitari suðr í löndin, sem vit ræddum fyrr um, þá vex hon þar þó smærrum til uppstigningar, er mikil er nótt ok löng ok myrk á miðjum sumrum, ok er aldri gi sá tími á öllum tólf mánuðum, er eigi sezkr dagr. En hér á Hálogalandi, sem nú ræddu vér um, þá er engi dagr um vetrum, ok sér stjörnur um miðja daga, þá er dagr skyldi ljósastr vera; en síðan er dagr tekr at vaxa, þá vex hann svá skjótt, at snemma um várit tekr dagr ljóss at vera um allar nætr, ok heldr³ til þess er mikit⁴ er af hausti.

Nú er þat mark eitt eptir, at þér mun enn glöggvast verða, þvíat þú veizt þat í þessum sömum stöðum á Hálogalandi, er nú höfum vit um rætt, í þann tíma er inngengr octava decima Kal. Junii, þá tekr sól at skína jafnbjart um nætr sem um daga, ok sezkr aldri gi hvártki nótt né dag, ok skinn jafnan með sama hætti bæði at bjartleik ok at öllu öðru, þegar er eigi grandar ský skini hennar, alt til octava Kal. Augusti. Nú veiztu þat, at sól er⁵ mundanga heit á Hálogalandi, ok er þó litla hrið þat á sumrinu, er hon hefir ýrinn⁶ yl, en þó er hon svá nökkuru lengi með skinanda hveli, sem nú höfum vér sagt, ok svá [nökkuru ok⁷ heldr hon ljósum degi, sem nú hefi ek sagt; en þat er hvergi suðr á lönd, þóat at hon sé þar heitari. Nú bera þessir hlutir vitni, at sól er hér firrmeir, þvíat hon er kaldari hér en hizug⁸. En þat berr vitni um vöxt hennar, at því vex hon hér skjótara, at hon skinn hér jafnbjart um nætr sem um daga; en hizug⁸ því smærra vex hon ok seinna, at nótt hefir þar tíma sinn allan bæði at myrkri ok at lengð, jafnvel um sumar sem um vetr.

VIII. Souv. Nú skilsk mér þetta svá vel, at ek má ekki í móti mæla, at miklu vex þar sólin skjótara ok stærrum til uppstigningar, sem næsta er engi dagr um vetr, en svá mikil gnótt at sólunni um sumarit, at hon skinn um nætr sem um daga flestalt sumar; ok sé ek at miklu vex hon hizug⁸ smærrum, sem hon er há um vetrum, ok langr dagr ok mikill sólargangr ok heitr, ok þó löng nótt ok myrk um

1) vit 2) XIV 3) því tilf. 4) nökkut; myrkt 5) ekki meir en tilf. 6) yfrinn (ærium) 7) lengi 8) hizig (hinzig); hinnig

sumarit; ok þurfu kaupmenn þetta mjök at marka ok ætla fyrir [í hvárntveggja¹ mun, í hverjum höfum sem þeir eru staddir, hvárt sem þau eru sunnarliga eða norðarliga, ok sýnisk mér nú svá sem ek þurfa þessa ræðu eigi lengr at forvitnask, fyrir því at ek þykkjumk nú hafa fengit gnóg svör ok sönn. Nú með því at vér mæðumk í athugasamligum ræðum, þá viljum vér nú taka oss hvild í varri ræðu með gamansamligum spurningum nökkura stund; ok vil ek yðr biðja fyrir dæligleika² sakir, þóat ek leita nökkurra spurninga þeirra, er eigi eru svá nauðsynligar, [sem þær er til stórnaudsynja þarf³, at þó veiti þér mér andsvör fyrir, er ek spyr, með því at hugr minn forvitnask⁴ eigi siðr til gamans, heldr⁵ hins er til nauðsynja horfir. Ok vera má, at þat þykki nökkur hvild í langri ræðu, ef nökkur sú spurning kemr í ræðuna, er veki huginn til léttrar skemtanar. Nú vil ek því at eins hafa gamansamligar spurningar í ræðu varri, at yðvart sé⁶ leyfi til.

Faðir. Þess vænti ek, at þú munt enskis þess spyrja, er heimskligt er, með því at þú hefir þess eins spurt, er heldr þykkir viðkvæmiligt vera, ok máttu fyrir því spyrja með leyfi slíks, er þú vilt, þvíat kostr mun vera, at láta þá spurning niðrfalla þegar er vill, ef eigi þykkir viðkvæmiligt vera.

Sonr. Með því at ek skal í leyfi forvitnask til gamansamligrar ræðu, þá þykkjumk ek oflítit⁷ spurt hafa um Írland eða Ísland eða Grænaland ok undr þau öll, er þar eru í, annathvært um eld eða undarlig vötn, eða um kyn fiska eða um skrimsl, þau er þar vafra⁸ í höfum umhverfis, eða ofrgang⁹ ísa bæði í hafi eða á þeim löndum, eða þat er Grænendingar kalla norðrljós, eða hafgerðingar¹⁰ þær sem verða í Grænlands höfum¹¹.

Faðir. Eigi em ek fúsastr at ræða um [undr þau er hér¹² eru norðr með oss, ok veldr því lítill hlutr, þvíat þat er siðr margra manna, at¹³ kalla flestalt logit, þat er þeir hafa eigi augum sét, ok þykki mér þat ilt í ræður at slytja, er ek skal síðan vera kallaðr lygimadr af, þóat ek vita til viss at satt sé, sumt þat er ek hefi augum sét, en þat er sumt, er hvern dag er kostr at spyrja af þeim, er augum hafa sét ok rannsakat, ok vitu til viss at satt er, ok vitu vér þá úlygna vera. En ek mæli fyrir þá sök þessi andyrði, at ein lítill bók, er skömmu hefir komit hingat í land vårt, er kallat er at gōr var á

1) hvártveggja 2) dæleika 3) sem þeir aðrir er til stórra nytsemda horfa
4) nú stundum tilf. 5) en til 6) lof ok tilf. 7) oflítis 8) hvarfla; vaxa 9) um gang 10) hafgerðir; hafgirðingar 11) hafi 12) þessa hluti er hingat 13) tortryggva ok tilf.

Indíalandi ok ræðir um Indíalands undr, ok er svá mælt i bókinni, at hon hafi send verit Emanueli Girkja keisara¹. Nú er þat orð flestra manna, er bókina heyra, at þat megi eigi vera, ok þat sé ekki nema lygi, er þar segir i þeirri bók; en ef görla skal rannsaka i várum löndum, þá eru ekki hér þeir færri hlutir heldr en hizug² eru ritaðir, er undarligir³ munu þykkja eða enn undarligri i várum⁴ löndum þeim, sem ekki eru slikir hlutir sénir eða dæmi til. Nú köllu vér fyrir því þá hluti lygiliga vera, at þeir eru ekki hér sénir, ok eigi fyrr heyrdir heldr en hér⁵ i þessi bók, sem nú ræddu vit um. Nú hefir sú en litla bók verit þó víða borin, [við þat⁶ at hon hafi jafnan verit tortrygd ok lygi vænd, ok þykki mér þó engi sæmd þeim i hafa verit⁷, þóat víða hafi borin verit, með því at æ hefir logit verit kallat þat, er i er ritat, þóat víða hafi síðan borin verit til eyrna gamans ok fyrir skemtanar sakir.

IX. Sömr. Eigi er mér kunnigt hversu víðfleyg er vár ræða vill gerask um vára daga eða eptir, en þó vil ek enn með tilmæli eptir leita þeirri skemtan, at vér talim lengra um þá hluti, er vér ætlum at undarligir muni þykkja i öðrum löndum, ok vér vitum hér til sanns at úlognir eru. Ok ekki [töku vér mikit af⁸ at tortryggva⁹ þá bók, er [kallat er at gör var á Indíalandi¹⁰, þóat mart sé undarligt i sagt, þvíat margir hlutir eru þeir hér með oss, er þar munu undarligir þykkja vera, er oss þykki hér ekki undarligt, ef vár ræða mætti svá langt fljúga, at hon kæmi þangat, sem þess er engi ván. En ef ek skylda yfir einum hverjum hlut undarlíga láta þeim, sem þar [i er mælt¹¹, þá sýnisk mér þat eigi sízt undr, at smáir menn megi temja þá ena stóru¹² flugdrekka, er þar eru i fjöllum eða i eyðimörkum, svá sem bók sú ræðir um, til þess at þeir megi ríða þeim hvert sem þeir vilja, svá sem hestum, jafngrimm kykvendi sem mér eru þau sögd ok eitrfull, ok [engi náttúra til¹³, at maðr megi i nánd vera, enn síðr til þjónunar¹⁴ eða til tanningar.

Faðir. Bæði eru slikir hlutir ok margir aðrir þeir þar i mæltir, er undarligir þykkja, ok láta margir tortryggliga yfir, ok sýnisk mér fyrir því engi nauðsyn at jafna þeim hlutum saman, er þar eru i ritaðir, ok þeim er hér eru með oss, er jafnundarligir munu þykkja þar, sem oss þykkja þessir hér, er nú ræddir þú um; þvíat þat mætti vera, at temja mætti dýrin eða önnur kykvendi, þóat þau væri grimmi eða

1) konungi 2) hinzig; hinn veg 3) jafnundarligir 4) öðrum 5) hafa verit ritadur tilf. 6) þó 7) er segja hana ljúga, né þeim er ritadur tilf. Udg. 8) kunnur vér mjök 9) mistrúa 10) af Indíalandi kalla komna vera 11) segir i bókinni 12) sterku 13) óngva náttúra til hafa 14) þjónar (áþjónar)

torveldlig¹ um at véla. En þat mun þykkja meira undr, er svá er ifrá sagt² um þá menn er þat kunnú, at temja tré eða fjalir til þess, at sá maðr, er hann er eigi fimari³ á fœti en menn aðrir, meðan hann hefir ekki annat á fótum en skúa sína eða elligar bera fœtr sína, en jafnskjótt sem hann bindr fjalar undir fœtr sér, annatvegga sjau álna langar eða átta, þá sigrar hann fugla at flaug eða mjóhunda at rás, þá sem mest megu hlaupa, eða hrein er hleypr hálfu meira en hjörtr; þviat sá er mikill fjöldi manna, er svá kann vel á skiðum, at hann stingr í einni rend⁴ sinni 9 hreina með spjóti sínu ok þaðan af fleiri. Nú mun þessi hlutr þykkja tortryggligr ok úlíkligr ok undarligr á öllum þeim löndum, er eigi vitu menn með hverri vél eða list slíkt má vera, at fjölin má tömd vera til svá mikils fljótleiks, at á fjöllum uppi þá má ekki vætta forðask rás þess manns ok skjótleik, er fjalar hefir á fótum sér, þat sem jörðunni fylgir; en þegar hann lætr fjalarnar af fótum sér, þá⁵ er hann ekki fimari en aðrir menn⁶. En í öðrum stöðum þar sem menn eru ekki slíku vanir, þá mun varla finnask svá fimr maðr, at eigi þykki af hánúum taka allan fimleika, þegar er slík svá tré eru bundin við fœtr hánúum, sem nú höfum vér um rætt. Nú vitum vér þessa hluti til viss, ok eigum kost þegar um vetrum er snjár er, at sjá gnótt þeirra manna, er þessar vélar ok listir kunnú.

Nú gátu vér ok skömmu þeirra hluta, er [allmikil undr mun⁷ þykkja í flestum löndum öðrum, þviat þat er mest ígegn náttúru þeirri, er flest öll lönd hafa um dægraskipti, þviat hér skinn sól jafnhjart ok jafnfagrt með jöfnum yl jafnvel um nætr sem um daga mikinn hluta sumars.

Þat mun ok undarligt þykkja hér í landi á Mœri um mýri þá, er Björkudals⁸ mýrr er kölluð, at hvatki tré er þar er í kastat, ok ligg þat þar þrjá vetr, þá verðr þat at steini, ok hafnar tréit náttúru sinni, þviat þóat þat⁹ sé í eld kastat, þá glóar þat síðan sem steinn, en áðr brann þat sem tré; ok höfum vér marga þá steina séna ok í höndum hafða, er hálfst hefir verit tré, þat sem upp hefir staðit or mýrinni, en hitt steinn er [niðr hefir staðit í mýrina¹⁰. Nú má þat undarligt kalla, þviat sú mýrr er í þeirri mörku, sem allskyns er ærinn¹¹ viðarvöxtr, ok sakar þat ekki, meðan þat er grøent ok í vexti; en þegar er þat er höggvit, ok þat tekr at hrörna¹², ok er þat¹³ þá kastat í mýrina, þá snýsk þat til steins náttúru.

1) torreyfilig 2) sem er tilf. 3) eða fljótari tilf. 4) einni rensl 5) þess á milli 6) ok mun þat mikil undr þykkja, þar sem menn eru eigi slíku vanir, en oss þykkir ekki undarligt þat vera, þviat vér erum slíku vanir tilf. 7) allmikil undr munu 8) Bjarkadals 9) því 10) í mýrinni hefir staðit 11) mikill 12) þorna 13) því

X. *Sonr.* Þessir hlutir eru mér allir kunnir, þvíat þeir eru hér í landi, ok hefi ek alla séna, en hinir hlutir eru mér allir úkunnir, er bæði¹ eru á Íslandi eða Grænalandi eða á Írlandi, þvíat þar hefi ek spurdaga til haft, eða í höfum þeim er þar eru umhverfis.

Faðir. Þóat vit skyldim fleira um þessi lönd ræða, þá eru þau með ýmsum háttum, ok eru þau eigi öll eptir² einum hætti, þvíat þau undr er annattveggja eru á Íslandi eða Grænalandi, þá eru bæði með ofgangi frosts ok jökla, eða elligar af ofgangi elds ok bruna, eða með stórum fiskum ok [mörgum öðrum sæskrimslum³; ok er hvarvetna þat land svá ilt ok snarpt⁴, at þat er nálíga úbyggvanda fyrir þá sök. En Írland er nálíga landa bezt, [þeirra er menn vitu⁵, þó þar vaxi eigi vín á, ok eru þar [þó margir undarligir hlutir, ok þeir sumir er þat land mun kallat helgara en önnur lönd⁶.

Þat líggr á þeirri heims síðu er svá vel [er temprat saman með hita ok kulda⁷, at þar verðr aldriki [ofkalt né ofheitt⁸; þvíat um vetrum öllum fæðisk þar búfé úti⁹, ok nálíga eru þar menn klæðlausir¹⁰ bæði um vetr ok sumar. En þat land er svá heilagt umfram önnur lönd, at þar má ekki eitrvíkendi þrifask, hvárki ormr né padda; ok þóat þat sé flutt þangat af öðrum löndum, þá deyr þat þegar, er þat [kemr á bera¹¹ jörð eða stein. Ok þóat nökkut sé tekit or því landi, annattveggja¹² tré eða jörð¹³ eða sandr, ok flutt í þau lönd, er eitrvíkendi eru í, ok er þeim sandi eða moldu sáit í [hring um¹⁴ þau¹⁵, þar sem þau liggja, þá komask þau aldriki síðan út um þann hring, ok þar liggja þau öll dauð í. Svá ok [þóat þú takir¹⁶ tré þat, er or þessu landi er, sem nú ræddum vér um, ok dragir í hring um þau, svá at þú [skeðir jörðunni¹⁷ með trénu, þá liggja þau öll dauð í þessum hring. Þat er ok mælt um Írland, at jafnmikit¹⁸ eyland sem þat er, þá vitu [menn þat varla, er jafnmargr sé heilagr maðr í sem þar¹⁹. Þat er ok mælt, at sú þjóð er þat land byggvir, er bæði grimm í sér ok þó drápgjörn ok mjök úsiðug; en svá drápgjarnir sem þeir eru, ok svá margir sem helgir eru í þeirra landi, þá hafa þeir engan drepit af þeim; ok allir þeir helgir menn sem þar eru,

1) annattveggja 2) með 3) kynmörgum öðrum hafskr. 4) snault 6) þat er menn vitu; svá menn viti 6) fra [margir hlutir, þeir er undarligir munu þykkja, ok þeir hlutir sumir, at þat land mun kallat vera helgara en önnur lönd af þeim hlutum, er þar þykkja undarligir í 7) temprask saman hiti ok kuldi 8) ofrhitu, at meini um sumar. ok ekki ofkuldi at meini um vetr 9) bæði sauðir ok naut tilf. 10) iðjulusir 11) kennir 12) annathvart 13) mold 14) kringum 15) eitrvíkendi 16) ef þú tekr 17) skerir jörðina 18) jafnlitit Udg. 19) vér varla jafmarga helga menn sem þar

þá hafa allir sótt dauðir orðit; þvíat þeir hafa heilhugaðir¹ verit við alla góða menn ok helga, þóat þeir hafi verit grimmir sín á millum.

Vatn eitt er ok þat í því landi, er undarligt er sagt í frá náttúru þess; þat vatn er kallað á þeirra tungu Logechag². Þat vatn er vel mikit at vexti; en sú er náttúra þess vatns, ef þú tekr tré þat, er sumir kalla beinvið³, en sumir hulfr, en á latínu er kallað acrifolium, ok setr þú þat í vatnit, svá at sumt stendr niðr í jörðina, en sumt í vatninu, en sumt upp or vatninu, þá verðr þat at jární, er niðr stendr í jörðina, en þat at steini er í vatninu er; en þat tré sem upp stendr or vatninu, sem áðr var þat. En þóat þú takir annarskonar tré en þetta⁴, þá hafnar þat ekki sinni náttúru, þóat þú setir þat í þetta vatn.

Þar eru enn keldur tvær í fjalli því, er Blandina⁵ heitir, ok er þat nálíga eitt eyðifjall; en þær keldur hafa undarliga náttúru. Önnur sú kelda er þar er í því fjalli, hefir þá náttúru, ef þú tekr annattveggja⁶ hvítan sauð, eða naut, eða hross, eða mann þann, er [hár hefir hvítt⁷, ok þvær þú einhvernum þessarra hluta í vatninu, þá verðr þegar kolsvartr⁸. En þat er náttúra annarrar keldu þeirrar, er þar er, ef maðr þvær sér í, hvat lit sem áðr hafði hann, hvárt sem hann var rauðr eða hvitr eða svartr, þá verðr hann síðan snæhvitr af hærnum, svá sem hann sé elligamall⁹ maðr.

Þat vatn er þar enn í því landi, er þeir kalla á sína tungu Loycha¹⁰; en í því vatni er hólmi einn lítill, svá sem flotahólmi sé, þvíat hann flýtr umhverfis vatnit innan, ok kemr hann hér ok hvar at landi, stundum svá nær at maðr má stíga á hólmann, ok verðr þat optast á dróttinsdögum¹¹. En sú er náttúra at hólma þessum, ef sá maðr stígr í þann hólma, er sjúkr er, hvatki sólt sem hann hefir, ok neytir hann þeirra grasa, er þar vaxa, þá verðr hann þegar heill; þat fylgir ok þeirri náttúru, at aldri kemsk¹² fleiri senn í en einn, þóat margir vili, þvíat sá hólmi flýtr þegar frá landi, er einn maðr [er í¹³. Sjá náttúra er ok með þessum hólma, at hann flýtr sjau¹⁴ vetr staðfast¹⁵ í þessu vatni; en þegar er sjau¹⁴ vetr eru liðnir, þá flýtr hann til lands í einhverjum stað, ok græf þar við annat land, svá sem hann¹⁶ hefði jafnan þar við verit. En meðan sá tími er, þá heyrisk mönnum sem dynr¹⁷ komi líkr reiðiþrumu¹⁸, en eptir liðna þrumu, þá sjá menn slíkan hólma í vatninu sem áðr, með sama vexti ok með samri

1) heiljartaðir 2) logheechag*; logecag 3) beinviði 4) til freistni tilf.
 5) blaðma ell. blaðina* 6) annathvart 7) hvithærðr er 8) þat þegar kolsvartr* 9) afgangall 10) Loghica* 11) dróttinsdegi 12) kemr*; koma
 13) kemr í*; er í koninn 14) sex* 15) samfast*; samfasta 16) þat* 17) dyn (dunr, gnýr) mikill* 18) reiðiþrumum*; reiðarþrumu

náttúru; ok ferr svá hverja sjau vetr eptir aðra, at æ sem annarr grøer við meginland, þá kemr annarr hólmi í, ok veit þó engi hvaðan kemr.

Þá er þar enn ey ein lítil í því landi, er þeir kalla á sína tungu Inhisgluer¹. Þar er mjök mikil manna byggð í þeirri ey, en² þar er ein kirkja í, þviat svá nökkuru³ mikit fólk er í þeirri ey, sem vera mun ein kirkjusókn. En þóat menn andisk þar, þá eru þeir eigi í jörð grafnir, heldr eru þeir reistir umhverfis kirkjuna við kirkjugarðinn, ok standa upp sem kykvir⁴ menn með þornudum⁵ öllum limum ok úsköddu hári ok nöglum, ok fúna aldri, ok [aldri setjask þar fuglar á⁶; ok má þar hvern fram á leið kenna, sá er eptir lifir, sinn [föður, eða⁷ föðurföður, eða allar sínar kynkvíslir þær sem hann er frá kominn.

Þá er þar enn eitt mikit vatn, þat er heitir Logri⁸; en þar liggur ein lítil ey í því vatni, ok eru hreinlifismenn þar í, þeir er kalla má hvárt er vill munka⁹ eða eremita, [en þó¹⁰ eru þeir með svá miklum fjölda, at þar er [full eyin¹¹ af, en stundum eru þeir færri¹². En þat er sagt ifrá ey þeirri, at hon er heilsöm ok ekki sóttul, ok seinna eldask menn þar en í öðrum stöðum [í landinu¹³. En þegar er menn eldask svá mjök eða sýkjask, at þeir sjá endadag sinn ætlaðan af guði, þá verðr þá or at flytja [í einhveru stað¹⁴ til lands, þar sem hann [skal andask¹⁵, þviat engi má liflátinn verða í eyinni af sóttum, en sýkjask má maðr [ok gremjask í ey þessarri, en eigi má önd hans skiljask við líkama¹⁶, fyrr en hann er or fluttr eyinni.

Þá er ok þar enn eitt mikit vatn, er þeir kalla á sína tungu Logherne. Í því vatni er þesskonar mikill fiskafjöldi, er menn kalla laxa; [en sá fiskr gengr svá nógr um alt land þeirra, at þeir hafa ærinn til sins borðs. Eyjar eru ok þar margar í vatni því, en ein er sú þar, er þeir kalla á sína tungu Kertinagh¹⁷. Sú ey væri hæfilig at byggva fyrir mikilleika sakar, ef menn þyrði at byggva hana. En þat er mælt um þá ey, at djöflar hafi jafnmikit veldi yfir helmingi eyjar þeirrar, sem í sjálfu helviti; ok þeim sinnum er freistnir menn hafa þat gört til raunar, þá hafa þeir svá síðan frá sagt, at jafnmargar¹⁸ þrautir ok þínslir hafa þeir þar þolt¹⁹, sem sagt er ifrá, at sálur þola í helviti. En í öðrum helmingi eyjarinnar, þá er kirkja ok kirk-

¹) .i. hisglum; hisglum ²) ok* ³) nökkur* (nökkut) ⁴) kvikir* ⁵) þornandum* ⁶) aldri sezk þar fugl á*; eigi falla fuglar á; eigi falla þeir ok eigi falla fuglar á ⁷) mgl.* ⁸) Legri ⁹) kanonka* ¹⁰) ok* ¹¹) full convent*; fult alt ¹²) fleiri* ¹³) á landinu* (meginlandi) ¹⁴) eyinni* ¹⁵) má deyja* ¹⁶) þar í en eigi deyja* ¹⁷) Kertanag; kert-mach; kiartenag ¹⁸) jafnmiklar ¹⁹) þolat

jugarðr um, ok er þó nú hvártveggja¹ helmingr auðr; en svá er frá sagt, at yfir þeim helmingi eyjarinnar, sem kirkjan stendr í, þá hafa djöflar eigi þar vald yfir.

Þat gerðisk enn á því landi, er mjök undarligt mun þykkja, at menn veiddu í skógi eitt þat kykvendi, er engi maðr kunnir frá at segja, hvárt heldr var maðr eða annat dýr, þvíat menn féngu ekki² mál af því, ok eigi urðu menn varir við, at þat skildi manna mál. En þat var þó vaxit at [öllum hlutum³ svá sem maðr, bæði hendir ok fœtr á ok manns audlit, en hári var vaxinn allr líkamr⁴ sem annarra dýra, en at endilöngu baki þá var vaxit sem manstæði [á hrossi með stóru hári ok síðu⁵, ok féll [báða vega⁶ hryggjar, [svá at dragnar á jörðu⁷, þegar þat gengr bjúgt. Þat⁸ vænti ek nú, at ek hafa flestra hluta þeirra getit, er þar eru orðuir af sjálfri landsins náttúru, svá at menn þykkjask víst vita sannendi af.

XI. Sonr. Því⁹ þykki mér vel ráðit, at ek hafa forvitnask til slíkra hluta, þvíat margir munu svá úfróðir vera, at [eigi munu hafa heyr¹⁰ slíka hluti fyrr, ok mun þó nú hvártveggja undarligt þykkja, ok þó fróðleikr í flestum er¹¹ heyra. En með því at mér heyrisk svá í orðum yðrum, at ein mundi þeir hlutir nökkurir eptir vera, er undarligir væri, hvárt sem þat væri víst¹² af landsins náttúru eða með einum hverjum öðrum hætti, þeim sem umræðu þætti verðir vera; þá viljum vér heldr tilmæli veita, at eigi liggi sá hlutr eptir, er yðr þykki umræðiligir vera, með því at vér höfum til tekit þessarrar ræðu.

Faðir. Eru þeir ok enn aðrir sumir hlutir, er undarligir munu þykkja, ok eru þeir eigi af landsins náttúru, heldr af jartegnum heilagra manna, ok vitum til viss at [satt er¹³. Sumir hlutir eru ok, þeir er vér vitum eigi víst, hvárt sannir eru eða eigi, annat en af umræðu manna, ok [þat er almæli¹⁴ þar í landinu; en þessa hluti vitum vér víst sanna vera.

Í vatni því sama er vér nefndum fyrr ok Loghri heitir, þá liggur ey ein litil, er kölluð er Iniselodran¹⁵. Þar var einn heilagur maðr, sá hét Diernicius, ok hafði hann sér þar kirkju, þá er hann sat at. En í þá kirkju eða þann kirkjugarð, er hann varðveitti, þá má¹⁶ ekki kvennkykvendi¹⁷ þar í koma, ok kunnu þau öll við því at sjá, hvártveggja fuglar ok aðrar skepnur, þau sem mannvitslaus eru, þá kunnu

1) hvártveggi 2) eigi 3) öllu 4) þess utan *tílf.* 5) ok þar á fax sem á hrossi 6) báðum megin 7) ofan svá sítt, at slæddi jörð 8) þess 9) Nú 10) þeir munu hafa heyr⁹ 11) at 12) *udel.* 13) sannir eru 14) er þó þat almælt 15) Inhosodran; Inhisolodran; Inhisdedran 16) mátti 17) kvikendi

þetta at varask svá sem menn, ok freistar ekki kykvendi þar [í at ganga þenna¹ kirkjugarð, þat er kvennkent er, ok engu hlýðir þóat freisti.

[Þar var ok enn í því landi heilagr maðr einn sá er Kevinus hét í bæ þeim er Glumelaga heitir, ok var hann í þann tíma sem einsetumaðr væri, ok gerðisk þessi atburðr í hans tíma, er nú viljum vér frá segja. Þat gerðisk svá til at hann hafði einn ungan mann hjá sér, frænda sinn, þann sem þjónaði hánum, ok unni hann þeim sveini mikit. Sveinn sá² tók at sýkjask fyrir hánum, ok [varð sótt hans svá þung ok mikil, at hann var banvænn³. Þat var í þann tíma um várit í Marcio mánaði, er sóttir manns⁴ verða sem hættastar. En þá gerðisk svá til, at sveinn beiddisk af Kevinu frænda sinum, at hann skyldi gefa hánum epli, ok sagði at sótt hans mundi þá [verða léttari⁵, ef hann féngi þat [er hann beiddisk. En til þess var þá ekki likt í þann tíma, at þá mundi epli fá, þvíat þá hit fyrsta tók brum at þrútna um várit á öllum aldinviði til laufs. En fyrir því at hinn helgi Kevinus harmaði sjúkleik frænda síns mjök, ok þat annat, at hann mátti þat eigi fá hánum er hann beiddisk; þá féll hann til bænar ok bað þess guð, at hann sendi hánum nökkura þá hluti, er frændi hans tæki huggan af því, sem hann girntisk⁶. En at lokinni bæn þá gékk hann út ok sásk um, en skamt frá húsi hans þá stóð pill einn mikill at vexti; hann leit upp í kvistu pilsins, svá sem væntandi miskunnar [ok þaðan⁷ nökkurrar hugganar. Því næst sá hann at vaxin váru epli á pili þeim, svá sem vera mundi á apaldri í tíma sinn réttan, ok tók hann þar af þá þrjú epli ok færði sveininum. Sem sveinninn hafði etit⁸ af þeim eplum, þá tók sótt hans at léttask, ok varð hann heill sóttar þeirrar. En pill sá hefir jafnan síðan haldit þeirri gjöf, er guð gaf hánum þá, þvíat hann berr á hverju ári epli svá sem apaldr, ok heita þau jafnan síðan hins helga Kevinus epli, ok [fara þau um alt Írland síðan með þessum hætti, at menn eta þar af, ef þeir verða sjúkir, ok þykkjask [þeir menn fró á finna⁹, at þau eru góð við öllum sjúkleikum manna, en ekki eru þau girnilig til áts fyrir sætleiks sakar, ef menn hefði þau eigi meir fyrir lækningar sakar. Margir hlutir hafa ok þar þeir orðit, er helgir menn hafa skjótliga gört með sínum krapti, ok svá munu enn undarligir þykkja. En vér höfum

¹) inn at ganga í kirkjuna eða þann ²) fra [þá hét Keipenus einn heilagr maðr, en hann var nálíga einsetumaðr; frændi hans var þjónostusveinn hans, ok unni hann sveininum mikit; en hann ³) þyngðisk sótt hans svá, at hánum þótti hann líkligr til dauða ⁴) manna ⁵) léttari ⁶) fra [en þat var ekki auðfengt í þann tíma. En hinn helgi Keipenus téll til jarðar, ok gerði bæn sína til guðs, at hann skyldi senda hánum nökkura huggan um þetta mál ⁷) þaðan eða ⁸) bergt ⁹) fróðliga vita

nú¹ þá eina hluti rædda, er með þeim heilagleik² vāru gōrvir, at þeir standa enn í dag til vitnisburðar, ok jafnundarligir þykkja enn í dag, sem þá hinn fyrsta dag er [þat varð³. En þeir aðrir hlutir, er menn halda víst fyrir satt, ok fyrir sanna hluti eru hafðir, þá megum vér nú ok þá vel sýna.

Þar er ok enn í því landi sá staðr einn, er Themar⁴ er kallaðr, ok var sá staðr forðum svā sem hann væri höfuðsæti ok konungsborg, en hann er þó nú auðr, fyrir því at menn þora eigi at byggva hann. En þessi atburðr gerðisk til þess, at staðrinn varð auðr, at alt fólkit, er í var landinu, trúði því, at sá konungr er þar sæti á⁵ þeim stað, skyldi jafnan dæma rétta dóma ok engan annan. En þóat þeir væri heiðnir annars kostar, ok hefði eigi rétta trú til guðs, þá höfðu þeir þó þenna átrúnað svā staðfastan, at þeir hugðu þat hvetvetna réttðæmt vera, er sá konungr dæmdi, ok aldri hugðu þeir at rangr dómr mundi [dæmask af⁶ því konungs sæti. En þar sem hæð þótti vera borgarinnar, þá átti konungr þar kastala fagran ok vel gōrvan; í þeim kastala átti konungr⁷ fagra höll ok mikla, þá sem hann var vanr at sitja í yfir dómum manna. En [at sinni⁸ gerðisk svā til, at [þau mál kómu⁹ fyrir konung ok í hans dóm, er annan [veg áttu hlut¹⁰ í vinir hans ok kunnir menn, ok vildi hann¹¹ þeirra máli fulltingja um alla hluti; en annan veg áttu hlut í málinu þeir menn, er hán um var illa við, ok hann var þeirra mikill úvin; ok gerðisk þá svā til, at konungr hallaði meir dómi eptir vilja sínum en eptir réttendum. En fyrir því at þaðan kom¹² rangdæmi, sem öll alþýða hugði at koma munði réttðæmi, þá sneri um sæti því sakar átrúnadar fólksins, ok snerisk sá kastali um ok höllin með öllum sínum gröndvöllum, ok svā jörðin með, ok snerisk þat upp á jörðunni, er ádr vissi niðr, en hús öll ok hallir snerusk niðr í jörðina, ok hefir svā verit jafnan síðan. En [fyrir því at svā mikill undarligleikr varð, þá¹³ þora síðan eigi menn þann stað at byggva, ok engi konungr þorir þar síðan sitt sæti at hafa, ok er þar þó hinn fegrsti staðr, er menn vitu á [þeirri jörðu¹⁴. Þat er ok mælt, ef menn vildi þann stað byggva, at engi mundi sá dagr yfir [koma, er þeir mundu eigi hvern dag sjá nýtt¹⁵ undr.

Þá er þar enn einn sá hlutr í því landi undarliggr, er mönnum mun þykkja mjök útrúliggr; en þat segja þó þeir menn, er landit byggva, at hann er víst sannr, ok varð þat sakar reiði eins heilags manns. Svā er sagt, at þá er hinn helgi Patricius boðaði kristni í landi því,

1) um 2) hagleik 3) þeir urðu 4) Them* 5) at 6) verða á 7) hann

8) eitt sinn 9) þat mál kom 10) hlut áttu 11) konungr 12) kómu*

13) af þeirri furðu 14) jörðu 15) ganga, er þeir mundu eigi sjá nökkurný

Þá var þat eitt kyn, er miklu var hánum gagnstaðligara en annat fólk, er í var landinu, ok leitudu þeir menn við at gera hánum margskyns háðung bæði móti guði ok þeim helgum manni. En þá er hann bauð þeim kristni svá sem öðrum mönnum, ok hann kom á þeirra fund, ok þar sem þeir höfðu þing sín, þá tóku þeir þat til ráðs, at ýla at hánum svá sem vargar. En þá er hann sá, at hann mundi sínu erendi litlu fram koma við þetta fólk, þá varð hann mjök reiðr, ok bað þess guð, at hann skyldi hefna þeim¹ með nökkurum þeim bardaga, er þær kynkvísir mætti jafnan síðan taka (i) minning móti sinni úhlýðni. En þær kynkvísir féngu síðan mikla hefnd ok makliga, ok þó mjök undarliga, þvíat svá er frá sagt, at allir þeir menn, er af þeim ættum koma, þá eru þeir² jafnan vargar nökkura stund, ok renna í skógum, ok hafa slíka fæzlu sem vargar, ok eru því verri, at þeir hafa manns vit til allra véla sinna, en [slíka ágirnd ok gráða³ til manna sem til annarra kykvenda. En svá er sagt, at sumir fá þetta hvern sjaunda vetr, ok eru menn þess á millum, en sumir hafa þetta svá lengi, at þeir hafa 7 vetr um samt, ok fá aldri síðan optar.

Þá er enn einn sá hlutr er undarlig mun þykkja um menn þá, er geltir⁴ eru kallaðir. En þessi er sök til, ef menn verða at galti⁵, at þar sem lið kemr saman, ok skipat með tvennum fylkingum, ok öpa hváirtveggja heróp ákaflega, þá kann þat at henda blauða menn ok æskufulla, þá sem eigi hafa fyrr í her⁶ komit, at þeir láta vit sitt af þeirri ógn ok hræzlu, er þeir fá þar, ok hlaupa síðan í skóga frá öðrum mönnum, ok fæðask þar sem dýr, ok svá forðask þeir manna fund sem villidýr. En svá er sagt frá fólki þessu, ef þat lifir í skógum 20 vetr með þessum hætti, þá vaxa fjaðrar á líkómum þeirra svá sem á fuglum, þær er hylja má líkam þeirra með fyrir frosti ok kulda, en engar þær stórfjaðrar, er þeir megi flaug af taka sem fuglar. En svá er mikill sagðr fljótleikr þeirra, at eigi fá aðrir menn nálgazk fund þeirra, ok eigi mjóhundar heldr en menn, þvíat þat fólk má nálíga jafnskjótt fara hit efra í trjám sem apynjur eða ikornar.

Þar er ok enn einn sá hlutr er heldr mun undarlig þykkja, er gerðisk í borg þeirri er Cloena heitir. Í þeirri borg er kirkja sú, er vígð er í minning þess heilags manns er Kiranus heitir. En þar gerðisk svá til einn sunnudag, er fólk var at kirkju⁷ ok hlýddi messu, þá kom þar sigandi or lopti ofan eitt akkeri, svá sem þat⁸ væri or skipi kastat, þvíat þar var strengr við, ok kræktisk akkeris fleinninn í bogann á kirkjudurunum; en fólkit alt gekk út or kirkjunni ok

¹) á þeim ²) þat* ³) slíkan gróða ⁴) gelt* ⁵) gjalti ⁶) hernað ⁷)
tíðum ⁸) því

undraði, ok sá í lopt upp eptir strenginum¹. Þeir sá skip fljóta fyrir strenginum ok menn á, ok því næst sá þeir or því skipi mann einn fyrir borð hlaupa ok kafask² niðr til akkerisins, ok vildi leysa þat. Hans atferð sýndisk þeim eptir því vera, bæði handa læti ok fóta, sem þess manns er í sjó svimr³. En er hann kom niðr til akkerisins, þá leitaði hann við at leysa þat, en því næst hljópu menn til [ok vildu⁴ taka manninn. En kirkja sú er akkerit stóð fast í, þá er⁵ þar byskupsstóll einn. Byskupinn var við staddr þenna atburð, ok fyrirbauð hann mönnum at halda þeim manni, þvíat byskup sagði, at hann mundi bana hafa, sem hann væri í vatni haldinn. En þegar er hann varð lauss, þá skundaði hann ferð sinni upp apr til skipsins; en þegar hann kom upp, þá hjoggu þeir strenginn, ok fóru síðan leiðar sinnar or augliti manna. En akkerit hefir þar síðan legit til vitnisburðar í þeirri kirkju.

Flestra allra hluta þeirra ætla⁶ ek at ver hafim nú getit, er helzt eru nauðsynligir at geta or þessu landi. En þó er sá einn hlutr enn eptir, er geta má, ef sýnisk, fyrir gamans sakir ok skemtunar. Gamansmaðr einn var í landi því [mjök löngu⁷, ok þó⁸ var hann kristinn, ok var sá maðr kallaðr Klefsan⁹ at nafni. Þat var mælt um þann mann, at engi maðr mundi sá vera, er hann sæi, at hann mundi eigi [hlæja gera¹⁰ með sinum gamansamligum orðum ok þó lygiligum; ok þóat maðr væri hryggir í hug sínum, þá er þat sagt, at maðr mundi eigi hlátrs bindask, ef hann heyrði þessa manns ræðu. En hann fékk sótt ok dó, ok var síðan grafiun í kirkjugarði sem aðrir menn; hann lá lengi í jörðu, svá at alt var hold fúit af beinum hans, ok svá mörg bein fúin með. Þá gerðisk svá til, at menn grófu likami manna í þeim sama kirkjugarði, ok grófu svá nær þar sem Klefsan var grafiun, at þeir grófu upp haus hans heilan, ok settu síðan upp á stein einn hávan í kirkjugarðinum, ok stendr hann þar jafnan síðan. En hverr sá maðr er þar kemr ok þann haus litr, ok sér í þann stað, er munnr hans var ok tunga, þá blær hann þegar, ok svá þóat hann sé í hrygg¹¹ skapi, áðr en hann sjái¹² þetta höfuð; ok hlægja¹³ nú dauð bein hans litlu færri menn, en þá er hann var kvikr. Eigi veit ek fleiri hluti á því landi vera, þeir er mér þykkja til þess fallnir vera at hafa til lengðar slíkrar ræðu.

XII. Sonr. Nú með því at vér höfum rætt um þá hluti, er undarligir þykkja á Írlandi, þá viljum vér nú ræða um þá hluti ok þau undr, er eru á Íslandi eða í Íslands hafi¹².

¹) strengnum ²) kafaði ³) svimar ⁴) at ⁵) var ⁶) trúi ⁷) fyrir mjök löngu
⁸) mgl. ⁹) Klefsan ¹⁰) hlægja ¹¹) þungu ¹²) se* ¹³) lægia* ¹⁴) höfum

Faðir. Í Íslands höfum þykki mér fátt þat vera, er minningar sé vert eða umræðu, fyrir utan hvali þá, er þar eru í höfum, ok eru þeir mjök með ýmsum hætti eða vexti, ok verða þeir hvalir er hnýðingar heita, er með mestum fjölda eru, 20 álna langir, [verða þeir ok sumir svá fjöldinn af þeim smár, at eigi eru lengri en 10 álna, ok þar á millum hverr eptir sínum vexti¹. En þessir fiskar hafa hvárki tönna né tálkn, ok ekki eru þeir [hættir hvárki við skip né menn², heldr forðask þeir veiðimanna fund, ok verða þó veiddir iðuliga ok reknir á land hundruðum saman, ok er þat mikil fæzla mönnum, þar sem þeir verða margir veiddir. En þá eru önnur smá hvalakyn, svá sem er hnisa, [er eigi verðr lengri en 5 álna, eða leiptr, er eigi verðr lengri en 7 álna³.

Þat er enn eitt hvalakyn, er menn kalla vögnhvali⁴, ok verða eigi lengri en 12 álna, ok eru þeir tentir eptir sínum vexti, svá mjök sem hundar, ok þvilikir í ágirnd⁵ sinni við aðra hvali sem hundar við dýr; þviat þeir samnask flokkum saman ok renna at stórum hvölum, ok þar sem mikill hvalr er einn⁶ staddr, þá bíta þeir hann ok mæða⁷ til þess, er hann hefir bana. Kann ok þat vera at hann drepr iðuliga mikinn fjölda af þeim í stórum höggum í vörn sinni, áðr en [hann verðr dauðr⁸.

Þat eru enn tvenn hvalakyn, þau er annat heitir andhvalir, en annat svínhvalir, ok verða þeir ekki stærri en 5 álna ok 20, þeir sem stærstir⁹ verða; ok eru þeir fiskar eigi ætir, þviat þat smjör er rennr af þeim hvölum, þá megu menn eigi melta með sér, ok ekki annat kvikendi er þess neytir, þviat þat rennr í gegnum [hann ok jafnvel í gegnum tréit, ok þó mun illa halda, ef nökkura hrið stendr, at horn sé¹⁰. Þá eru þau enn sum hvalakyn, er litillar umræðu er vert, er bæði eru hrafuhvalir ok hvítingar; ok eru þeir fyrir því hvítingar kallaðir, at þeir eru snjóhvítir at lit, en flestöll önnur hvalakyn eru svört, fyrir utan þat, er flekkar eru á sumum¹¹, svá sem [annat-hvart er¹² á skjaldhvölum, eða á geirhvölum, eða á barðhvölum¹³. Þessi öll hvalakyn, er nú hefi ek nefnt, þá eru þau vel æt ok svá mörg önnur.

Þá heitir enn hvalakyn eitt fiskreki, ok stendr mönnum nálíga mest gagn af; þviat hann rekr til lands or höfum utan bæði sild ok

1) verða þeir ok svá smár, at sumir verða 10 álna, ok hvarfar þar í millum

2) ólmir við skip 3) ok verði eigi lengri en 5 álna, en lengstar verða 7

álna 4) vagnir; vögnhvali 5) grimd 6) einnsaman 7) meiða 8)

þeir nái at hánum 9) kunnu at tilf. 10) fra [hvetvetna 11) hvítir

tilf. 12) verðr 13) hafrhval

aðra allskyns fiska, svá sem hann sé skipaðr eða sendr til þess af guði, ok þat sé hans skyldarembætti æ meðan fiskimenn gæta með spekt sinnar veiði; ok hefir hann þó nökkut svá undarliga náttúru, þviat hann kann at þyrma nálíga bæði mönnum ok skipum; en ef þeir verða úsáttir ok berjask, svá at blóði verði¹ spilt, þá er sem þessi hvalr viti þat, ok ferr þá millum lands ok fiska, ok rekr görvalla brott ok út í haf frá þeim, svá sem hann hafði áðr rekit til þeirra; en þessi hvalr er eigi meiri at vexti en 30 álna, eða 40 þeir sem stærstir verða; ok er mönnum vel ætr, ef lofat væri at veiða hann, en mönnum er því eigi lofat at [veiða hann eða nökkut meingera², at hann gerir mönnum jafnan mikit gagn.

Enn er þat ok eitt hvalakyn, er barðhvalir³ heita, ok hafa þeir hvalir tennr eigi stærri en gera má mjök stór knífshepti⁴ af eða tafl. Ekki eru þeir ólmir né grimmir, heldr eru þeir hógværir, ok firrask⁵ sem þeir megu fund veidimanna, ok því nær at vexti sem þeir, er nú rædda ek næsta um; en einn hvalr hefir svá margar tenn í höfði, at hann hefir nökkura sjautigu, af þessu kyni enu sama.

Þá heitir enn hvalakyn eitt sléttibaka⁶, ok er ekki horn á baki, ok svá miklir nökkut at vexti sem hinir, er nú gátum vér. En þeir menn hræðask hana mjök, er um sjó fara, þviat hennar náttúra er sú, at leika mjök við skip.

Þat er enn eitt hvalakyn, er heitir hafrkitti, ok er þat með undarligri náttúru, þviat þeir hafa í holi sínu netju ok mör, svá sem búfé, ok verða þeir hvalir eigi stærri en 30 álna, þeir er lengstir verða⁷.

Þá eru þau enn hvalakyn, er ólm eru ok grimm við menn, ok leita hvervetna við at týna mönnum, þar sem þeir megu við koma: heitir annarr hrosshvalr, en annarr rauðkembigr. Þessir eru fullir af ágirnd ok illsku; aldri verða þeir saddir af manndrápum, þviat þeir fara um öll höf innan, ok leita ef þeir megu skip finna; þá hlaupa þeir upp, til þess at þeir megi þeim þá skjótara niðr sökkva ok týna með þeim hætti. Þessir fiskar eru mönnum eigi ætir, heldr gagnstaðligir, svá sem skipaðir úvinir mannlígu kyni; en ekki verða þeir stærri en 30 álna eða 40, þeir er lengstir verða.

Þá er enn þat hvalakyn, er náhvalr er kallaðr, ok megu menn eigi eta fyrir sótta sakir, þviat menn fá sótt af ok deyja, ef þeir eta hann. En sá hvalr er eigi mikill at vexti, eigi verðr hann lengri en

1) verðr 2) granda hánum 3) búrhvalir 4) knífshepti 5) varask 6) sléttibaka 7) ok eru vel ætir tilf. Udg.

20 álna; at engu er hann ólmr, heldr forðask hann veiðimanna fund. En hann hefir tenn í höfði, allar smár fyrir utan eina¹, ok stendr sú í efra gömi í öndverðu höfði hans; hon er fögr ok vel vaxin, ok svá rétt sem laukr²; hon er 7 álna löng, sú er lengst kann at verða, ok snúin öll, svá sem hon sé með tólum ger; hon stendr rétt fram or höfði hánum, þá er hann ferr leiðar sinnar; en svá hvöss sem hon er ok rétt, þá verðr hánum engi vörn at henni³, heldr er hann svá virkr at henni ok kær, at hann lætr þar ekki vætta við⁴ koma. Eigi veit ek þau fleiri hvalakyn, er mönnum sé eigi æt en þessi 5, sem nú hefi ek upptalt; þau tvenn er fyrst nefnda ek, þat er svinhvalr ok andhvalr, ok þessi þrenn er síðar nefnda ek, þat var hrosshvalr ok rauðkemingr ok náhvalr.

Nú eru þau kyn hvala útöld, er enn eru stærri at vexti, ok eru þau öll mönnum æt, er ek skal nú skýra fyrir yðr. Sumir ok af þessum eru lættir við líf manna, en sumir eru spakir ok hógværir. Skeljung kalla menn eitt kyn af þeim, ok er sá fiskr mikill vexti ok ólmr við skip. Þat er hans náttúra at ljósta skip med sundfjöðrum sínum, elligar at hann lætr fljótask ok leggsk fyrir skip, þar sem menn sigla; en þó at menn beiti⁵ frá hánum, þá ferr hann þó jafnan fyrir, ok er engi annarr kostur en sigla á hann; en ef skip sigla á hann, þá kastar hann skipum, ok týnir öllu því á er. Sá fiskr verðr 70 álna langr eða 80, þeir er stærstir verða, ok eru þeir fiskar vel ætir.

Þá er þat enn eitt hvalakyn, er norðhvalir heita, ok er sá fiskr 80 álna langr eða 90, þeir er stærstir verða, ok jafndigr sem hann er langr; þvíat reip þat er dregit er jafnlangt hánum, þá tekr þat um hann þar sem hann er digrastr; hann hefir ok svá mikit höfuð, at þat er enn mesti þriðjungr af hánum. En þessi fiskr lifir hreinliga, þvíat þat segia menn, at hann hafi öngva fæzlu aðra en myrkva⁶ ok regn, ok þat eitt er fellr or lopti ofan á haf, ok þó at hann sé veiddr, ok innýfli hans opnuð, þá finnsk ekki slíkt⁷ í hans maga sem annarra fiska þeirra, er fæzlu hafa, þvíat hans magi er hreinu ok tómr. Ekki má hann vel munn sinn opna, þvíat tálkn þau, er vaxin eru í munnni hánum rísa um þveran munn hans, þegar hann lýkr hánum mjök upp, ok hefir hann iðuliga af því bana, at hann má eigi munn sínum aptr koma. Ekki er hann mjök ólmr við skip; öngvar hefir hann ok tennr, ok er feitr fiskr ok vel ætr.

Þá er enn eitt hvalakyn, er reyðr er kallat, ok er sá [fiskr allra

1) tónn mikla tilf. 2) kerti 3) eða vígi tilf. 4) nær 5) sigli beint 6) myrkr 7) úklárt

beztr átu¹. Hann er hógværr fiskr ok eigi hættr við skip, þóat hann fari nær. En sá fiskr er mikill ok langr at vexti; svá segja menn, at þann hafi menn mestan veiddan, er hann var 13 tigu álna langr, þat er 30 álua ok hundrað tírætt; ok verðr hann opt veiddr af veiðimönnum fyrir hógværi sinnar sakir ok spektar; ok er hann betri átum ok betr þesjaðr en nökkurr fiskr annarr þeirra, er nú höfum vér um rætt, ok er hann þó vel feitr talinn; hefir hann ok öngvar tennr. Þat er ok mælt, ef maðr mætti ná aukningu fræs hans, svá at þat vissi til sanns, at af hánum væri ok eigi af öðrum hvölum, þá væri þat öruggast til allra lækninga, bæði [við augum ok líkþrá ok við riðu², ok við höfuðverk ok á mót öllum sóttum, þeim er menn fá; en þó er annarra hvala auki³ góðr til lækningar, þó eigi sé svá góðr sem þessi er. Nú hefi ek flestöll hvalakyn talit fyrir þér, er menn veiða.

Einn fiskr er enn útaldr, er mér vex heldr í augu frá at segja fyrir vaxtar hans sakir, þviat þat mun flestum mönnum útrúligt þykkja; þar kunnu ok fæstir frá hánum nökkut at segja görla, þviat hann er [flestum sjaldsénn, þviat hann er sjaldan⁴ við land eða í ván við veiðarmenn, ok ætla ek ekki þesskyns fisk margan⁵ í höfum; vér köllum hann optast á vára tungu hafgufu. Eigi kann ek skilvisliga frá lengð hans at segja með álna tali, þviat þeim sinnum er hann hefir birzk fyrir mönnum, þá hefir hann landi sýnzkr líkari en fiski; [hvarki spyr ek, at hann hafi veiddr verit né dauðr fundinn⁶; ok þat þykki mér líkt, at þeir sé eigi fleiri en tveir í⁷ höfum, ok öngvan ætla ek þá auka geta sín ámilli, þviat ek ætla þá hina sömu jafnan vera, ok eigi mundi öðrum fiskum hlýða, at þeir væri svá margir sem aðrir hvalir fyrir mikilleika sakir þeirra, ok svá mikillar atvinnu er þeir þurfu. En sú er náttúra sögd [þeirra fiska⁸, at þegar er hann skal eta, þá gefr hann ropa mikinn upp or hálsi sér, ok fylgir þeim ropa mikil⁹ áta, svá at allskyns fiskar, þeir er í nánd verða staddir, þá samnask til, bæði smáir ok stórir, ok hyggjask sér skulu þar matar afla ok góðrar atvinnu; en þessi hinn mikli fiskr lætr standa munn sinn opinn meðan, ok er þat hlið eigi minna en sund mikit eða fjörðr, ok kunnu fiskar eigi at varask þat at renna þar í með fjölda sínum. En þegar er kvíðr hans er fullr ok munnr, þá lýkr hann saman munn sinn, ok hefir þá alla veidda ok inni byrgða, er áðr girntusk þangat at leita sér til matfanga.

1) fiska beztr átum 2) til augna ok móti líkþrá ok riðu (innriðu) 3) mjök margra tilf. 4) sjaldnast 5) allfjölgan vera 6) hvergi hefi ek spurt hann veiddan eða dauðan fundinn 7) it mesta í öllum 8) þess fisks 9) gjör mikit ok

Nú höfum vér flesta hluti talda ok sagða, þá er helzt mun þykkja undarligir í Íslands höfum, ok heldr þó suma hluti hér talda, er í öðrum stöðum er meiri gnótt, en þar sem þeir eru nú nefndir.

XIII. Sonr. Nú með því at vér höfum getit flestra fiska þeirra, er þar hvarfla¹ í höfum, þá sem nökkurrar minningar eru verðir ok² umræðu, þá fýsumk vér at ræða um þá hluti, er á landinu eru helzt minningar verðir. Hvat ælti þér um þann mikla eldsgang, er þar er ofrmikill á því landi, hvárt hann mun vera af nökkurri landsins náttúru, eða kann þat at vera, at hann sé af andligum hlutum? Eða hvat ætli þér um þá hina ógurliku³ landskjálfta, er þar kunnu at verða, eða þau hin undarligu vötn eða ísa, er þar þekja öll lönd hit efra?

Faðir. Þat þykki mér vera mega um ísa, þá er á Íslandi eru, at þat land gjaldi návistar þeirrar, er þat liggir nær Grænalandi, ok er þess ván, at þaðan standi mikill kuldi, með því at þat er umfram öll lönd ísum þakit. En nú með því at Ísland tekr þaðan mikinn kulda, ok hefir þó lítinn verma af sólinni, þá hefir þat fyrir því svá mikla gnótt ísa yfir fjallgörðum sínum. En um ofrgang elds þess, er þar er, þá veit ek síðr hvat ek skal þar um ræða, þvíat þar er undarlig náttúra [um hann⁴. Ek hefi spurt í Sikiley, at þar er mikill eldsofrgangr, hann brennir bæði tré ok jörð; ok er mér svá sagt, at í Dialogo hafi hinn helgi Gregorius svá mælt, at píslarstaðir sé í Sikiley, í þeim eldi er þar er; en menn draga þó meiri likendi til þess, í þessum eldi er á Íslandi er, at þar sé vist píslarstaðir; fyrir því at sá eldr, er í Sikiley er, þá dregr hann til sín⁵ kvika hluti, þar sem hann brennir jörð ok tré. Þvíat tréit er kvikt, þat vex ok gefr grøent lauf, ok svá hrörnar þat ok þornar, þegar þat tekr at deyja; en fyrir því má þat kvikt kalla, meðan þat [er grøent⁶, at þat deyr þegar er þat hrörnar. Jörðina má ok vist kvika kalla; hon gefr stundum mikinn ávöxt, en þegar sá er niðr fallinn⁷, þá gefr hon nýjan ávöxt; svá ok öll likamlig skepna, sú er af jörðu grøer, ok má hana því vist kvika kalla. En hvarntveggja þann hlut, tréit ok jörðina, þá brennir Sikileyjar eldr, ok dregr til sinnar næringar. En sá eldr er á Íslandi er, þá brennir eigi tréit, þóat í sé kastat, ok eigi jörðina, en steina ok hart berg þá⁸ dregr hann til sinnar næringar, ok kveikisk þar af, svá sem annarr eldr af þurru viði; ok er aldri svá harðr steinn né berg, at [hann bræði⁹ eigi sem vax, ok brenni síðan sem feitt oleum; en þóat þú skjóttir trénu í eldinn, þá sviðnar þat at eins ok vill

1) vafra; váfa 2) í 3) undarligu 4) með hánun 5) sinnar næringar
6) grøer 7) ok hrörnar (hrörnaðr) tilf. 8) þat 9) sá eldr bræðir

eigi brenna. Nú með því at þessi eldr vill eigi við annat fæðask en við dauða skepnu¹, en hann hafnar allri skepnu, er annarr eldr fæðisk við, þá má þat víst kalla, at sá eldr er dauðr, [ok er hann til þess líkastr, at hann sé helvitis eldr, þvíat þar eru allir hlutir dauðir².

Svá [virðask mér ok vötn þau sum, er þar eru, um dauðleik sinn at sumri náttúru sem eldr sá, er vér ræddum um³; þvíat þar eru þær keldur, er æ ok æ vella ákaflega bæði vetr ok sumar. Nú er stundum svá [mikill ákafi á velli þeirra⁴, at þær spýja langt í lopt upp vatni or sér⁵; en hvat sem meun leggja þar ihjá keldunum, í þeim tíma er þær spýja, hvárt sem þat er klæði eða tré, eða [hvatki hlut sem vatn þat kann á at koma⁶ í niðrfalli sínu⁷, þá verðr þat at steini, ok þykki mér þau likendi mest til draga, at vatnit mun dautt vera, at þat dregr til dauðrar náttúru hvetvetna þat, sem þat vætir með sinu ádrifti; þvíat steinninn hefir dauða náttúru. En með því at sá eldr væri eigi dauðr, ok yrði hann með einnihverri landsins náttúru, þá mætti⁸ þetta líkast vera um vöxt landsins, at grundvöllr þess mun vaxinn með mörgum æðum⁹ ok tímum smugum eða stórum holum. En síðan kunnu þeir atburðir at verða, annathvárt af¹⁰ vindum eða af allri gnýjanda gjálfrs, at þessar æðar¹¹ eða holur verði fullar af vindum svá mjök, at þær þoli eigi umbrot vindsins, ok kunnu þaðan af at koma landskjálftar þeir inir miklu, er á því landi verða. Nú ef þetta mætti vera með nökkurum likendum eða hætti, þá mætti þat vera af því hinu sterka umbroti, er [veðrit hefir¹² í grundvöllum landsins¹³, at þaðan mætti eldr sá hinn mikli kveikjask ok koma, er brestr¹⁴ upp í ýmsum stöðum landsins¹⁵.

Nú skal þetta eigi hafa fyrir sannfræði, at svá sé, sem nú höfum vér umrætt, nema heldr þat, at draga slíka hluti saman til likenda, er vænligast þykkir til vera; fyrir því at þat sjám¹⁶ vér, at af allri kemr eldr allr; þar sem saman kemr högg harðs steins ok harðs járnns, þá kemr þar eldr af því járnri ok allri, er þau berjask. Trjám máttu ok til þess saman riða, at þar fáisk eldr af því erfiði, er þau hafa; þat verðr ok iðuliga, at tveir vindar¹⁷ risa upp í senn, hvárr í móti

1) þvíat vér vitum at dauð skepna er steinn ok berg *tílf.* 2) þvíat þeir hlutir eru allir dauðir, er hann kveikisk við 3) sýnisk mér at um vötn þau, er þar eru, þá eru þau með samri náttúru um dauðleik 4) mikil ákefð þeirra velli 5) því enu heita *tílf.* 6) hvat lít þat er, ef þat vatn kemr á 7) er keldan hefir ádr uppspýit fyrir ofrþita sakir *tílf. Udg.* 8) þætti mér 9) hæðum 10) smugligum *tílf.* 11) smugur 12) verðr 13) sem nú hefi ek um rætt *tílf.* 14) brennr 15) ok veldr vatnit því, at jörðin brennr eigi, eu eldrian, at hon sökkr eigi *tílf. Udg.* 16) vitum 17) eldar

öðrum, ok ef þeir mætask í lopti, þá verðr þat mikit högg, svá at þat högg gefr mikinn eld af sér, ok dreifisk hann víða um lopt. Þat kann ok stundum vera¹, at sá eldr dreifisk til jarðar, ok gerir þar mikinn skaða, ok brennir þar hús ok stundum skóga, ok skip í hafi. En allir þessir eldar, er nú hefi ek talda, hvárt sem þeir koma af jární eða vinda umbroti í lopti, eða af einhverju því ofrefli, er eld má gefa, þá brenna þeir þó tré ok skóga ok jörð. En sá eldr er fyrr ræddum vér um, ok upp kemr á Íslandi, þá hafnar hann öllum þessum hlutum, svá sem fyrr sögðum vér ífrá. Nú draga þau líkendi heldr grun á hans náttúru, at hann mun heldr koma af dauðligum hlutum ok öðru efni, en þessir eldar er nú ræddum vit² um. Ok ef þat er með þeim [hætti, sem nú höfum vit grun á³, þá er þat líkligt, at þeir hinir stóru landskjálftar, er þar verða á því landi, þá verða þeir af ofrgangi elds þess, er um brýzk í grundvöllum landsins.

XIV. Sonr. Enn girnumk ek með leyfi nökkurs at spyrja um þenna eld lengra. Þér gátut fyrr í yðarri ræðu, at Gregorius hefði ritat í Dialogo, at í Sikiley væri píslarstaðir, en mér þykki meiri líkendi, at á Íslandi muni vera píslarstaðir. En þar sem þér rædit um, at svá mikil gnótt verðr eldsins í grundvöllum landsins, at landskjálftar verði af [umbroti eldsins⁴, enda er eldrinn svá heitr⁵ við stein eða berg, at hann bræðir⁶ þat sem vax ok nærisk við þat eina⁷, þá hugða ek, at hann mundi brátt bræða⁸ alla grundvöllu undan landinu ok svá öll bergin. Nú þóat [yðr þykki barnlig spurning mín⁹ um slíka hluti, vilda ek þess yðr biðja, at þér svarit líkendliga¹⁰, þvíat margs mun ek þess spyrja, at heldr mun æsku at kenna en vizku.

Faðir. Eigi efumk ek í því, at píslarstaðir eru á Íslandi í fleirum stöðum, en í eldinum einum, ok fyrir því at eigi er minni ofrgangr jökla ok frosts á því landi heldr en eldsins. Þar eru ok þær keldur ok vellandi vötn, svá sem fyrr sögðum vér ífrá. Þar eru ok isköld vötn, þau er falla undan jökklum, svá stórum, at berg ok jörð er hjá ligg, þá skjálfa fyrir þær sakir, at vatnit fellr svá stritt ok með svá stórum forsum, at bergin skjálfa fyrir ofreflis sakir ok stríðleiks, ok eigi megu menn til ganga at forvitnask á þá árbakka, nema löng reip hafi ok sé borin á þá menn, er til vilja forvitnask at sjá, ok siti hinir fjarri, er gæta reipsins, svá at þeir eigi kost at draga þá þegar aptr til sín, [þegar stríðleikr vatnsins ærir¹¹ þá. Nú ætla ek þat vist,

1) veita 2) vér 3) vexti sem nú höllndum vér grunum til 4) umbrotum hans 5) hætr 6) brennir 7) síðan tilf. 8) brenna 9) ek spyrja heimskliga með hugarreikan 10) líknliga 11) er styrkleikr vatnsins hrærir(!)

at hvervetna þar sem svá mikil ákefð verðr í¹ slíkum ógnarhlutum, at þar eru vist píslarstaðir; ok sýnir guð mönnum fyrir því svá mikla ógurliga hluti opinberliga á jörðu, at menn skuli því meir við sjá² ok ætla með sér, at þó væri miklar píslirnar³ til at hyggja, [at þat skyldi maðrinn⁴ þola síðan er hann er framfarinn, sem nú sér hann meðan hann [lifir á jörðu⁵; en heldr þat, at hann skal þat ætla með sér, at miklu munu þeir hlutir stærri er úsýniligir eru, ok hánnum eru eigi lofadir at sjá. En þessir hlutir eru til vitnisburðar, at þat er eigi logit, er oss er sagt, at þeir menn eigu kvala vánir, er fram fara af þessum heimi, ok hér vilja eigi [við sjá⁶, meðan þeir lifa, fyrir sakir illra verka ok ranglætis. En þat mætti margir hyggja fáfróðir menn, at þat væri ekki annat en lygð, ok enskis vert, nema mælt fyrir ógnar sakir, ef eigi væri [slíkir vitnisburðir ihjá⁷, sem nú höfum vit um rætt. En nú má engi dyljask við, sá er sjá má fyrir augum sér, fyrir því at slíkir hlutir eru oss sagðir frá píslum helvítis, sem nú má sjá í [þeirri ey, er Ísland heitir⁸; þviat þar er gnótt elds ofrgangs ok ofressi frosts ok jökla, vellandi vötn ok stríðleikr ískaldra vatna.

En þeir hlutir er þú ræddir áðr um eldinn, at hann mundi bræða eða brenna grundvöllu landsins eða fjöllin, svá at alt landit mundi af því tynask, þá má þat eigi vera fyrir þann tíma, er guð hefir fyrir ætlat; þviat skepnan ok alt annat ræðr sér eigi sjálf, heldr verða allir hlutir eptir því at fara, er guðlig forsjá hefir fyrir öndverðu skipat; ok mun þér skilnara⁹ vera, ef ek sýni þér [nökkur þau dæmi¹⁰, er slíka hluti megi eptir marka.

Þá er höfðingi dauðaus vildi freista Jobs, þá átti hann þó eigi [framar veldi¹¹ en hann bað lofs¹² til¹³; ok er hann hafði lof fengit, þá átti hann þó eigi kost framar sinn vilja at drýgja, en hánnum var lof til gefit; þviat gjarna mundi hann hafa viljat drepa hann í fyrstu, ef hánnum væri þat lofat. En hánnum var þar til leyfi gefit, at taká fé hans, ok hann tók þat alt í fyrstunni, þviat hánnum var eigi lofat at týna hánnum sjálfum. En þá er hann girntisk optar at biðja leyfis til meiri freistni við Job, heldr en fyrr hafði hann, þá var hánnum lofat at drýgja vilja sinn á líkama Jobs ok öllum þeim [varnaði, er hánnum¹⁴ varðaði¹⁵; en þat leyfi fékk hann eigi, at skilja önd hans frá líkama¹⁶, fyrr en sá tími kæmi, er sá hafði fyrir ætlat, er allan kost útti á [hans

1) at 2) varask 3) ógnir 4) þóat hann skyldi 5) er í þvísa holdi
6) viðvarask 7) slík vitni til 8) Sikiley ok Íslandi 9) skiljanligra
10) nökkurar dæmisögur 11) völd (vald) fyrr 12) leyfis 13) þóat
hann vildi freista hans tilf. 14) hlutum er Job (hann) 15) utan önd hans
tilf. 16) líkam

dómi ok lífdögum¹. En þegar er Sathanas² hafði leyfi til þess fengit at drýgja vilja sinn á hánum, þá sýndi hann brátt hversu góðviljaðr hann var um þá hluti er hann átti kost á; þvíat svá er ritat at Sathanas tók frá Job [alla gnótt³ fjár ok 7 sonu hans ok 3 dætr, ok laust síðan allan líkam hans með líkþrá ógurligri millum hvirfils ok ilja.

Nú er sú grein á því, er oss hæfir vel at gæta, at höfðingi lífsins á vald á öllum hlutum, ok er hann sjálfr góðviljaðr; en höfðingi dauðans er illviljaðr ok á enskis kost, nema þess eins, at hann þiggr leyfi áðr af þeim, er öllum hlutum ræðr, en þat er allsvaldandi guð. Má sjándinn fyrir því eigi gera mönnum skaða, svá at þeir⁴ týnisk með dauðligum eldi⁵, þeim er hann kveikir ok [gætir síðan vakrliga⁶ með ógurligum jarðskjálftum eða grimmeik einhverjum eða illsku þeirri, er hann gírnisk; at hann fær eigi leyfi til meira en slíkra hluta, sem þá hefir hann frammi, ok helzt birtask eptir því líkum dæmum, sem nú sagða ek þér um Job, ok bæði eru ærin ok nóg því lík, ef þess þætti nauðsyn vera at leiða svá mörg dæmi i eina ræðu.

XV. Sour. Þess betr þætti mér, er ek mætta fleiri dæmi af yðrum munni heyra, þau er mik leiði til fróðleiks. En þessi dæmi er nú hafi þér um rætt, þá leiða mik til fullrar skilningar um þat, at þar sem Sathanas átti eigi kost at drýgja vilja sinn á einum manni um þat fram sem hánum var lofat, þá er þat víst, at síðr mun hann eiga vald á mörgum þúsundum manna, at drýgja vilja sinn á þeim um þat fram, er hánum er leyfi til gefit, hvárki fyrir sjálfan sik né einhvern sinn embættismann. Nú með því at vér skulum enn fram á leið á þessarri gamanræðu halda, er nú höfum vit⁷ umrætt, þá vil ek forvitnask, ef yðr sýnisk nökkurir hlutir fleiri i þessarri ey, þeir er minningar sé verðir til umræðu, ok undarligir munu þykkja.

Faðir. Flestra hluta höfum vér þeirra getit i þessarri ey, er helzt eru umræðu verðir. En þó eru enn þeir hlutir sumir, er geta má ef vill. Á því landi er málmr sá mikill, er járn skal af gera, ok kalla menn þann málm rauða eptir mállýzku sinni, ok svá kalla menn hér með oss. En sá málmr hefir verit ærinn einn dag fundinn, ok menn hafa ætlat at búa annan dag ferð sína þangat, ok blása þar ok gera járn af, þá hefir sá rauði horfit svá i brott, at engi maðr veit hvar [hann kom niðr⁸, ok er þat kallat á [því landi⁹ rauða-undr. Þá er sá enn annarr hlutr, er mönnum þykkir undarligir vera. Svá er sagt, at keldur sé þær á Íslandi, er menn¹⁰ kalla ölkeldur, ok er því svá

1) ok dómsorði ræðr um 2) Satan 3) alt of 4) alt 5) eldum 6) gerir síðan úslökkviliga 7) vér 8) kominn er 9) á þeirra tungu 10)

kallat, at vatn er þar er í, er líkara þefjat¹ munngáti en vatni; ok þóat menn drekki þar af, þá fyllask menn eigi af því vatni, svá sem af öðru vatni, heldr sjatnar þat vel, ok rennr í hörund² sem munngát. Fleiri eru keldur á því landi en einn, er ölkeldur eru kallaðar; en þó er sú ein, er bezt er ok frægust af öllum, ok liggr sú í dal þeim, er heitir Hitárdalr. Svá er sagt [af þeirri keldu eða vatni því er þar er í, at þat er dámat allíkt munngáti, ok til gnógs at drekka³; ok þat er mælt, at þat fái á mann svá nökkut⁴, ef þat er mjök drukkít. En ef menn gera húss um kelduna, þá hverfr hon brott or húsinu, ok brestr upp fyrir utan húsit⁵. Svá er ok sagt, at menn megi⁶ þar af drekka við kelduna, slíkt hverr vill, en ef þeir fýsask brott at hafa með sér, þá dofnar þat skjótt, ok er þat þá eigi betra en annat vatn, eða þaðan af verra. Nú gátum vér fyrir því svá margra hluta ok smárna, at slíkir hlutir þykkja undarligir þar vera. Eigi má ek hug minum á koma fleiri þá hluti, er þar eru áminningar verðir í því landi.

XVI. Sonr. Nú með því at vér höfum gamauræðu [upphafða ok rétt⁷ um undr þau, er á Íslandi eru ok í Íslands höfum, þá lúkum vér henni með því, at vér höfum⁸ minning þeirra hluta, er í Grœnlands höfum eru, eða á landi sjálfu, ok þau undr er þar eru.

Faðir. Þat er mælt um Grœnlands höf, at þar sé skrimsl í, ok ætla ek þau þó eigi opt fyrir augum verða⁹, en fyrir því kunnu menn þó frá at segja, at menn munu sét hafa ok varir við orðit. Svá er sagt um þat skrimsl, er menn kalla hafstramba¹⁰, at þat sé í Grœnlands hafi. Þat skrimsl er mikit vexti ok at hæð, ok hefir stadit [upp rétt¹¹ or hafinu. Þat hefir svá sýnz, sem þat hafi haft manns¹² herðar, háls ok höfuð, angu ok munn, ok nef ok höku; en upp ífrá augum ok brúnum þá hefir verit því líkast, sem maðr hafi haft á höfði hvassan hjálm¹³. Axlir hefir þat haft svá sem maðr, en engar hendr, ok svá hefir þat sýnz sem þegar hafi þat svengzk¹⁴ frá öxlum ofan, ok æ því mjórra er þat hefir neðarmeir verit sét. En þat hefir engi sét, hversu hinn neðri endir er skapaðr á því, hvárt heldr er, at sporrðr hefir á verit sem á fiski, eða hefir hvast niðr verit sem hæll. En líkamr þess hefir þvílíkr verit at ásyn sem jökull¹⁵. Engi hefir þat svá glögt sét, hvárt heldr hefir á verit hreistr sem á fiski, eða húð sem á manni. Jafnan þegar þetta skrimsl hefir sét verit, þá hafa menn

1) at þef 2) hold 3) frá þeirri keldu, at þat vatn er þar er í, er gott at drekka, ok þefjat allíkt munngáti 4) nökkut svá 5) í einhverjum stað tilf. 6) megu 7) í munni at ræða 8) heyrnum 9) bera 10) hafstramb 11) rétt upp 12) andlit tilf. 13) eða kumbil tilf. Udg. 14) sveigzk 15) maðr hafi sét á jökul

ok vitat [vísan storm í hafi eptir¹. Þat hafa menn ok markat, hversu þat hefir horft eða fallit síðan á sjó, þá er þat hefir steypzk; en ef þat hefir horft at skipi ok þangat steypzk, þá hafa menn vist vitat sér manntjón á því skipi; en ef þat hefir horft frá skipi ok þangat steypzk, þá hafa [menn verit í góðri vilnan², at þeir mundi halda mönnum, þóat þeir hitti í stóran sæ ok storma mikla.

Þat hefir ok enn sét verit þar eitt skrimsl, er [menn kalla margýgi³. Þess vöxtr hefir svá sýnzkt sem þat hafi kvennmanni líkt verit upp ífrá lindastað, þvíat þat skrimsl hefir haft á brjósti sér stóra spena svá sem kona, langar hendr ok sitt hár ok vaxit svá at öllum hlutum um háls ok um höfuð sem maðr. Hendr hafa mönnum sýnzkt miklar á því skrimsl ok eigi með sundrslitnum⁴ fingrum, heldr með þvílíkri fit sem tengjask saman á fitfuglum. Niðr ífrá lindastað hefir þat skrimsl sýnzkt líkt fiski bæði með hreistri ok með sporði ok sundfjöðrum. Þetta skrimsl hefir svá verit sem hit fyrra, at sjaldan hefir þat sýnzkt nema fyrir stórum stormum. Þetta hefir verit athæfi þessa skrimsl, at þat hefir opt kafzk⁵ ok jafnan svá upp⁶ komit, at þat hefir haft fiska í höndum sér, ok ef þat hefir horft at skipi ok leikit sér við fiska eða kastat fiskum at [skipinu, þá hafa⁷ menn verit hræddir um þat, at þeir mundu⁸ fá stór manntjón. Þat skrimsl hefir ok sýnzkt mikit ok hræðiligt⁹ í andliti með [hvössu enni ok breiðum augum¹⁰, mjök mynt, ok með hrokknum kinnum. En ef skrimsl þat etr sjálft fiska eða kastar á haf frá skipi, þá hafa menn verit í góðri ván um, at þeir mundi halda mönnum, þóat þeir féngi stóra storma.

Nú er þat enn eitt undr í Grænalandi hafi, er ek em eigi fróðastr um, með hverjum hætti er þat er, þat kalla menn hafgerðingar¹¹; en þat er því líkast sem allr hafstormr ok bárur allar, þær sem í því hafi eru, samnisk saman í þrjá staði, ok gerask af því þrjár bárur; þær þrjár gerða¹² alt haf, svá at menn vitu hvergi hlið á vera, ok eru þær stórum fjöllum hærrí, líkar bröttum gnípum, ok vitu menn fá dæmi til, at þeir menn hafi or höfum komizkt, er þar hafa í verit staddir, þá er þessi atburðr hefir orðit. En því munu sögur vera af görvar, at guð mun æ nökkura þaðan hafa frjálsat¹³, þá sem þar hafa verit staddir, ok mun þeirra ræða síðan dreifzkt hafa ok fluzkt manna í millum, hvárt sem nú er svá frá sagt sem þeir hafa helzt um rætt, eða er nökkut þeirra ræða aukin eða vönuð¹⁴, ok munu vér fyrir því varliga um

1) vísa storma eptir koma 2) menn góða ván á 3) margýgr er kölluð 4) sundrskiptum 5) kafat; kafs leitat 6) or kafi 7) þeim mönnum er á skipi eru, þá hafa þeir 8) mundi 9) reiðuligt 10) hvössum augum ok breiðu enni 11) hafgerðinga; hafgirdingar; hafgerðina 12) girða 13) frelst 14) vanat*

þá hluti ræða, at vér höfum fá þá hitta nýliga, er þaðan hafi¹ komizk, ok oss [kynni þessi tíðendi² at segja.

En í því sama hafi þá eru þó mörg fleiri undr, þóat þau megi eigi með skrimslum telja; þvíat þegar er or [sækir hinum mesta háleik hafsins³, þá er svá mikil gnótt⁴ ísa í hafinu, at ek vita eigi dæmi til þvilikra annarstaðar í öllum heiminum. Þeir ísar eru sumir svá flátir, sem þeir hafi frosit á hafinu sjálfu, annathvært fjögurra álna þykkvir eða fimm, ok liggja svá langt undan landi, at þat verðr annathvært fjögurra daga ferð⁵ eða fleiri, er menn fara [at ísum⁶. En þeir ísar liggja meir í landnorðr eða til norðrs fyrir⁷ landinu, heldr en til suðrs eða útsuðrs eða vestrs; ok fyrir því skal um landit sigla, hvern er landinu vill ná, til útsuðrs ok⁸ vestrs, til þess er hann er umkominn⁹ alla þessa ísa¹⁰ ván, ok sigla þaðan ok til landsins. En íduliga hefir menn þat hent, at þeir hafa ofsnumma landsins leitit, ok hafa þeir fyrir því í þessa ísa komit¹¹; ok sumir þeir er þar hafa í komit, þá hafa týnzk, en sumir hafa ok or komizk, ok höfum vér nökkura sét af þeim ok heyrtr þeirra ræður ok frásögur¹². En þat hafa allir til ráðs tekit, þeir sem í [þessa ísavök¹³ hafa komit, at þeir hafa tekit smábáta¹⁴ ok dregit á ísa upp með sér, ok hafa svá leitit landsins, en hafskip ok allr [anuarr fjárlutr¹⁵, þá hefir þar eptir dvalzk ok týnzk; en sumir hafa ok úti búit síðan á ísum, ádr en þeir hafi landi náð, fjóra daga eða fimm, ok sumir enn lengr.

Ísar þessir eru undarligir at náttúru; þeir liggja stundum svá kyrrir sem ván er at með sundrslitnum vökum eða stórum fjörðum, en stundum er svá mikil ferð þeirra ok áköf, at þeir fara eigi seinna en þat skip, er gott byrleiði¹⁶ hefir, ok fara þeir eigi sjaldnar móti vedri en fyrir, þegar sem þeir taka ferðina. Þar eru enn ok sumir þeir ísar í því hafi, er með öðrum vexti eru, er¹⁷ Grænendingar kalla falljökla¹⁸. Þeirra vöxtr er eptir því sem hátt fjall standi upp or hafinu, ok blandask eyvitar¹⁹ við aðra ísa, [nema sér einum saman heldr hann²⁰.

Í því hafi eru ok hvalakyn mörg, þau sem vér höfum fyrr um rætt. Svá er ok sagt, at þar sé ok öll selakyn í því hafi, ok fylgja þeir mjök ísum þessum, svá sem þar sé ekki þrot æriñnar átu. En þessi eru þau kyn sela, er þar eru: Eitt kyn af þeim er þat, er

1) hafa 2) kunnu skilvíslega frá 3) kemr mesta hafi 4) mikill gnótr* 5) leið 6) til lands tilf. 7) frá 8) eða 9) umkomit* 10) mgl.* 11) rata 12) frásagnir 13) ísaválit 14) sína báta 15) farmrinn 16) byrskreiði; góðan byr 17) ok 18) falljaka; fjalljökla *Udg.* 19) þeir eigi (eyfít) 20) en standa sér einir saman

náselar¹ heita, ok verða þeir ekki lengri en fjögurra álna langir. Þá er þat annat selakyn, er erkuselar² heita, ok verða þeir fimm álna langir, eða sex þeir er lengstir verða. Þá er þat hit þriðja selakyn, er flettuselar³ eru kallaðir, ok verða þeir þvílíkir at lengð, sem þeir er áðr ræddum vér um. Þá er þat hit fjórða selakyn enn, er granselar heita, ok verða þeir sumir sex álna eða sjau, þeir er lengstir verða. Þá eru enn sum smærri þar selakyn, ok er þat kallat af þeim eitt kyn opnuselar⁴, ok eru þeir fyrir því svá kallaðir, at þeir synja⁵ eigi á grúfu sem aðrir selar, heldr synja þeir opnir eða elligar á hlið, ok verða þeir ekki stærri en fjögurra álna. Þá er þat enn eitt selakyn enn smæst, er skemmingr heitir, ok eru þeir eigi lengri at vexti en tveggja álna, ok er þat með undarligri náttúru, þvíat svá er frá sagt, at hann ferr undir þá ísa, er flatir eru, ok annathvart eru fjögurra álna þykkvir eða fimm, ok blása (upp) ígegnum þá, svá at þeir hafa stórar vakir þar sem þeir vilja.

Nú er þat enn eitt kyn eptir, er Grœnlendingar [kalla í tölu⁶ með hvölu^m, ok virðisk mér svá, at þá megi heldr telja með selum⁷, er rostungr heitir, ok verða þeir at vexti fjórtán álna eða fimtán, þeir sem lengstir verða. Vöxtr þess fisks er allr sem sels, bæði háir ok höfuð ok húð ok fitjar aprt, ok sundhreifar frammi svá sem á sel; eigi er hann ok⁸ ætr á föstudögum heldr en aðrir selar. En þat bregðr af vexti hans frá öðrum selum, at hann hefir tennr tvær stórar ok langar umfram aðrar smátennr, ok standa þær í efra gómi í öndverðu höfði, [nálíga hálfarr annarrar álnar langar, þær sem lengstar verða⁹. Húð hans er góð ok þykk til reipa, ok rista menn þar af sterkar álar, svá at vel draga sex tigr manna eitt reip eða fleiri, ok geta þó eigi slitit. Þessi selakyn er nú höfum vér um rætt, þá eru fiskar kallaðir, þvíat þeir fœðask í sjó ok lifa við aðra fiska, ok eru þeir mönnum vel ætir, ok þó eigi sem hvalar¹⁰, þvíat hvalar eru ætir á föstudögum sem aðrir fiskar, en þessir fiskar eru eigi ætir, nema þá er kjöt skal eta. En eigi veit ek fleiri hluti í Grœnlands hafi sjálfu, þá er mér þykki [getu verðir eða frásagnar, nema þat sem nú höfum vér rætt¹¹.

XVII. Souv. Þessir hlutir munu öllum þykkja undarligir þeim sem heyra, bæði um skrimsl þau er töld hafa verit í hafi því (ok fiska). Svá skilsk mér ok, at þetta haf mun vera stormsamara en hvert annarra, ok þykkir mér því þat undarligt, at þat er þakt með ísum um vetrum ok sumrum umfram öll önnur höf þau sem eru¹²; ok þykkir

1) nóselar; no(rð)selar* 2) örkselar 3) flettiselar 4) vöðluselar 5) svima
6) telja 7) en með hvalakyni tilf. 8) vel 9) mgl.* 10) hvalir 11) minningar vert eða umræðu 12) í veröldu tilf.

mér undarligt, hví menn girnask þangat svá mjök at fara, er svá mikill lifsháski liggur við, eða hvat menn sækja til þess lands, þat sem til nytsemda horfir eða gæzku. Svá vil ek ok þess með leyfi spyrja, við hvat sá lýðr lifir, er þat land byggvir, eða hversu landinu er farit, hvárt þat er isum þakt sem hafit, eða er þat þitt, þóat hafit sé frosit, eða er nökkut sáð á landinu sem á öðrum löndum. Svá forvitnar mik ok þat, hvárt þér ætlit at þat sé meginland eða eyland, eða eru þar dýr nökkur á því landi, eða slikir hlutir sem á öðrum löndum eru¹.

Faðir. Þar er þik² forvitnar um þat, hvat menn sækja þingat til lands þess, eða hví menn fara þangat í svá mikinn lifsháska, þá dregr þar til þreföld náttúra mannsins. Einn hlutr er kapp ok frægð, þvíat þat er [mannsins náttúra³ at fara þangat, sem mikils er háska ván, ok gera sik af því frægan. En annarr hlutr er forvitni, þvíat þat er ok [mannsins náttúra⁴ at forvitna ok sjá þá hluti, er hánum eru sagðir, ok vita hvárt svá er, sem hánum var sagt eða eigi. Hinn þriði hlutr er fjárföng. þvíat hvervetna leita menn eptir fénu, þar sem þeir spyrja, at féföngin eru. Þóat mikill háski sé annan veg við. En á Grænalandi er svá sem þú mátt [vánu nær⁵ vita, at alt þat sem þangat kemr af öðrum löndum, þá er þar dýrt, þvíat þat land liggur svá í fjarska við önnur lönd, at þangat fara sjaldan menn. En hvetvetna þat sem þeir [skulu landinu með hjálpa⁶, þá verða þeir þat alt at kaupa af öðrum löndum, bæði járn⁷ ok svá við allan þann sem þeir skulu hús af gera. En⁷ þenna fjárhlut fletja menn þaðan móti sínum varningi: bukka⁸ vöru ok nauta vöru ok sela húdir, ok reip þau er fyrr ræddum vér um, er [menn rista af fiskum þeim er rostungr er kallaðr, ok svarðreip heita, ok tennr þeirra⁹.

En þar sem þú ræddir um þat, hvárt þar væri nökkut sáð eða ekki, þá ætla ek þat land litit af því fram fletjask, en þó eru þeir menn þar er helzt eru ágætastir ok rikastir kallaðir, at þeir leita við fyrir freistni sakir at sá¹⁰; en þat er þó mestr fjöldi á því landi, er eigi veit hvat brauð er ok aldrigi sá enn brauð¹¹. En er þú leitaðir um mikilleika landsins, eða hvárt þat er eyland eða meginland, þá ætla ek fá vita mikilleika landsins, en allir geta þess, at þat sé meginland ok áfast við önnur meginlönd¹²; þvíat þat er ásynt, at þar er fjöldi þeirra dýra, er menn vitu at á meginlöndum fæðask, en litt í eylöndum. Þar er heri margr ok vargar, ok [mikill fjöldi¹³ hreindýra, ok þykkjask

1) þar sem meginland er *tílf*. 2) þú* 3) margra manna háttir 4) margra manna skaplyndi 5) vánir 6) þurfu nauðsynligast 7) ok tjöru *tílf*. 8) skinn ok *tílf*. 9) svörðr er ristinn af rostungi, ok þær tenn er af þeim fiski eru 10) litla akra *tílf*. *Udg.* 11) korn 12) lönd 13) mikil gnótt

menn vita, at þessi dýr fæðask ekki á eyldöndum nema menn flyti [í, þat þykkjask menn ok vist vita, at engi maðr hefir flutt þau á Grœnaland, nema þau hafa sjálf runnit af öðrum meginlöndum¹. Björn er þar ok á því landi, ok er hvítr, ok ætla menn at hann fæðisk á því landi, þvíat hann hefir alt aðra náttúru en svartir birnir, er í skógum ganga; þeir veiða at sér hross ok naut ok annat bú², ok fæðask við þat, en hinn hvíti björninn, er á Grœnalandi er, þá ferr hann mest í hafi út á ísum, ok veiðir þar at sér bæði sela ok hvala³, ok lifir við þat; svá er hann ok vel fær til sunds alls sem selar eða hvalar.

En þar sem þú spurðir hvárt landit væri þitt eða eigi, eða væri þat ísum: þakt sem hafit, þá skaltu þat vist vita, at þat er litill hlutr á⁴ landinu er þitt er, en alt annat þá er ísum þakt, ok vitu menn því eigi hvárt landit er mikit eða litit, at allir [fjallgarðarnir ok allir dalarnir⁵ eru ísum⁶ þaktir, svá at hvergi finnr hlið á. En þat mun þó raunar vera, at vera munu þau hlið, annattveggja í dölum þeim er liggja millum fjallanna, eða með ströndum, er dýrin megu gegnum⁷ hitta, þvíat eigi mætti dýrin elligar renna af öðrum löndum, nema þau finni hlið á ísum ok landit þitt. En opt hafa menn freistat at ganga upp á landit á þau fjöll er hæst eru í ýmisum stöðum at sjásk um, ok vildu vita, ef þeir fynni nökkut er þitt væri á landinu ok byggvanda, ok hafa menn hvergi þat funnit, nema þar sem nú [búa menn⁸, ok er þat⁹ litit fram með ströndunni sjálfri.

Marmari er þar mikill á því landi, þar sem bygt er, með ýmisum lit, bæði rauðr ok blár¹⁰ ok grœnfáinn. Valr¹¹ er þar ok mikill ok margr í því landi, sá er í öðrum löndum þætti mikil gersemi í vera: hvítir valir, ok er hann gnógari þar en á engu¹² landi öðru, ok kunnu landsmenn sjálfir þó sér ekki [af at nýta¹³.

XVIII. Sonr. Þér gátut þess ok fyrr í yðarri ræðu, at ekki sáð er á því landi, ok vil ek nú þess spyrja, við hvat þat fólk lifir, er á því landi er, eða hversu [mikit þat fólk er, eða hvat matvistum þat hefir, eða hvárt þat hefir tekit við kristni¹⁴ eða eigi.

Faðir. Fátt er fólk á því landi, þvíat litit er þitt, svá at byggvanda er, en þat fólk er kristit, ok kirkjur hafa þeir ok kennimenn. En ef þat lægi nær öðrum löndum, þá mundi þat vera kallaðr þriðjungr af einum byskups dómi¹⁵, en þó hafa þeir sér nú byskup, þvíat eigi [hlýðir annat¹⁶, sakar svá mikillar fjarvistar sem þeir eru við

1) þau, en þess er hér engi ván 2) búfé 3) hvali 4) af 5) fjalldalir
6) jökklum 7) gagnum* 8) er bygt 9) einkum tilf. 10) bláfáinn 11)
fugl 12) nökkuru 13) í nyt at færa 14) mannmart á landinu er, eða
hvárt þat er kristit 15) dæmi 16) má annat hlýða

[aðra menn¹. En þar er þú leitar eftir því, við hvat er þeir lifa á því landi, [með því at þeir hafa ekki sáð; en² við fleira lifa menn en við brauð eitt. Svá er sagt, at á Grœnalandi eru grös góð, ok eru þar bú góð ok stór, þviat menn hafa þar mart nauta ok sauða, ok er þar smjörgerð³ mikil ok osta; lifa menn við þat mjök, ok svá við kjöt ok við allskonar veiði, bæði við hreina hold ok hvala ok sela, ok bjarnar hold, ok fæðask menn við þat þar á landi.

XIX. *Sour.* Enn þykkir mér nökkut vanspurt vera um þetta land. Hvat ætlit ér at valdi, hvi þat land [hafi meiri ísa fjölda en ekki annarra⁴, eða hafit þat sem þar er um, ok þó skilsk mér þat af, at hafit sé bæði djúpt ok þó mjök salt, ok svá iðuliga gjálfrsamt, ok hugða ek at þat mundi eigi auðveldliga⁵ frjósa, þviat hvervetna þar sem hafit er djúpt ok þó saltr særinu, þá kunnu varla at frjósa, en þó allra sízt þá er hrœring hafsins fylgir ok grjálfrljött⁶ verðr. En mér heyrisk svá um þetta haf, er nú ræddum vér um, ok svá landit, þá verðr aldriigi millum [at eigi er ísum þakt hvártveggja landit ok hafit⁷, nema þat kunní at verða stundum hér ok hvar, at hlið verðr á ísum fyrir hrœring gjálfrsins⁸, en eigi fyrir ylja sakir.

Nú með því at þar er æ jafnan frostit⁹ bæði vetr ok sumar, þá vil ek nú þess [biðja, at þér skýrit¹⁰, hversu veðráttá er á því landi, hvárt þar verða nökkurir yfir eða fögr sólskin sem í öðrum löndum, eða er þar jafnan ill veðráttá, ok fyrir því svá mikil gnótt¹¹ ísa ok frosts, ok vil ek at þér [lýsit fyrir mér þenna¹² spurning, ok svá um þat sem ek hefi fyrrmeir spurt í okkarri ræðu, ok um þat er Grœnlendingar kalla norðrljós; ok vilda ek nú at þér leystit þenna spurdaða fyrir mér, ok um þat, hvat þér ætlit, í hverjum hlut heimsins er þetta land liggir, hvárt þat liggir á einnihverri¹³ utanverðri heimsins síðu, eða liggir þat nökkut inn í landaklofa sem önnur stór lönd, með því at þér segit at þat er áfast við önnur meginlönd.

Faðir. Þessa hluti sem nú hefir þú spurða, þá má ek þik eigi sannfróðan¹⁴ góra til fulls, fyrir því at ek hefi engan þann funnit, er kannat hafi allar kringlur¹⁵ heimsins eða hans vöxt, eða rannsakat hafi allar heimsins síður eða landa skipan eða þau endimörk¹⁶, sem

1) önnur lönd eða þjóðir 2) þó þar sé ekki sáð, þá eru þau enn fleiri lönd, er eigi eru sáð á, ok lifa menn á því landi, þviat 3) smjöræði 4) hefir meir ísa en hvert annat í veröldu 5) öruggliga 6) gjálfrsamt 7) hvárki á hafinu né landinu at eigi sé ísum þakt 8) hafsins 9) frostit* 10) spyrja 11) mikill gnótt* 12) leysit (glósi) fyrir mér þessa 13) einhverri 14) um tilf. 15) alla kringlu 16) endimerki (eyðimerki)

þar eru í skipuð; ok ef ek hefða nökkurn þann funnit, er þessa hluti hefði sétt ok rannsakat, þá mætta ek þik nú hér samfróðan um göra, en þat má ek í ljós láta við þik, hvat getur¹ manna eru, þeirra sem helzt hafa ætlat eptir líkligleikum².

En þeir menn sem helzt hafa ritat um heimsins vöxt eptir tilvísan Ysidori eða annarra fróðra manna, þá hafa þat mælt, at í hinnum³ eru þeir⁴ meginvegir sem úbyggvanda er undir; er einn svá heitr, at ekki má undir búa fyrir hita sakir ok bruna, ok hvetvetna brennr er undir verðr, ok þykkir mér þat líkast, at sá mun vera [meginrásar vegr⁵ sólarinnar, ok ætla ek allan þann veg skipaðan vera með logandum geislum hennar, ok má eigi fyrir því þar undir búa, engi sá er vel tempraðan bólstað vill hafa. Svá hafa þeir ok mælt um þá tvá vegu er [í hinni⁶ liggja, at þar er úbyggvanda undir, at þeir sé svá kaldir, at fyrir þá sök sé eigi hægra undir þeim at búa fyrir kulda sakir en hinnug er fyrir ofrhita sakir; þvíat þar hefir kybrinn⁷ svá mikit afl undir sik dregit, at vatnit hafnar náttúru sinni, þvíat þat snýsk í jökul, ok svá öll löndin þekjask með ísum, ok svá höf, ef undir þeim veg liggja, ok skilsk mér þá þat, at fimt sé vegirnir í hinnum⁸: tveir þeir er byggvanda er undir, en þrír [hinir, er úbyggvanda er undir⁹.

Nú er þar alt byggvanda undir þeim vegum, er millum eru kuldans ok brunans, ok er þat líkt at því sé landaskipti á, at sum sé heitari en sum, ok liggi þau nærmeir brunaveginum er heitari eru. En þau lönd sem köld eru, svá sem lönd vár, þá liggja þau þeim veg nærmeir, er kaldr er, ok frost má við koma sínu afli at svala. En eptir hugþokka mínum at ætla, þá þykkir mér þat líkast, at hinn heiti vegrinn liggr¹⁰ or austri ok í vestr, með bjúgum hring brennanda vegar, [umkringðum öllum jarðar böllum¹¹. En þat er þá líkast móti því, at þeir hinir köldu vegirnir liggja á hinum yztum síðum heimsins til norðrs ok suðrs. Ok ef ek hefi þetta ætlat¹² eptir rétttri skipan, þá [er þat eigi úlíkt¹³, at Grœnaland liggi undir þeim kalda veginum, fyrir því at þat vitni bera flestir Grœnalandi, þeir sem þar hafa verit, at kuldinn hefir þar fengit yfrit afl sitt, ok svá berr hvervetna vitni á sér landit ok hafit, [at þar er algangsi¹⁴ orðit frostit ok megin afl kuldans, þvíat þat er bæði frosit um vetrum ok sumrum, ok hvártveggja¹⁵ ísum þakt.

Þat mæla menn ok vist, at Grœnaland liggi á yztu síðu heimsins

1) fróðra tilf. 2) líkendum 3) heiminum 4) þrír 5) meginvegr rásar

6) hinnveg 7) kuldinn 8) heiminum 9) sé úbyggvandi 10) liggi

11) belli; fra [umkringjandi allan jarðarböll *Udg.* 12) skilit 13) væri

líkligt heldr 14) gnógt 15) fra [þviat hvártveggja er

til norðrs, ok ætla ek ekki land út or kringlu heimsins frá Grœnalandi, nema hafit mikla, þat er umhverfis rennr heiminn; ok þat mæla menn, þeir sem fróðir eru, at þat sund skerisk ihjá¹ Grœnalandi, er hit tóma haf steypisk inn i landaklofa, ok síðan skiptisk þat með fjörðum ok hafsbotnum allra landa millum, þar sem þat nær² at renna inn i kringlu heimsins.

En þar er þú spurðir eptir því, hvárt sól skinn³ á Grœnalandi, eða [verði þat nökkut sinni at þar sé fögr veðr⁴, sem i öðrum löndum, þá skaltu þat vist vita, at þar eru fögr sólskin, ok heldr er þat land veðrgott kallat⁵. En þar skiptisk stórum sólargangr, þvíat þegar sem vetr er, þá er þar nálíga alt ein nótt, en þegar er sumar er⁶, þá er nálíga sem alt sé einn dagr; ok meðan er sól gengr⁷ hæst, þá hefir hon ærit afl til [skins ok⁸ hjartleiks, en litit afl til yljar ok hita; en hefir hon þó svá mikit all, at þar sem jörðin er þíð, þá vermir hon svá landit, at jörðin gefr af sér góð grös ok vel ilmandi, ok má fólkit fyrir því vel byggva landit, þar sem þat er þitt, en þat er afar⁹ litit.

En sá¹⁰ hlutr er þú hefir opt eptir spurt, hvat vera mun þat er Grœnlendingar kalla norðrljós, þá em ek eigi um þann hlut fróðastr, ok hefi ek þá menn funnit iðulíga, er langar stundir hafa á Grœnalandi verit, ok þykkjask þeir þar eigi sannfróðir um vera, hvat þat er. En þó er svá um þann hlut sem um flesta aðra, þá sem menn [vitu eigi til sanns¹¹, at vitrir menn færa i ætlan ok i getur, ok geta slíks um, sem þeim [þykki þá vera vænlígst ok sannlígst¹². En þessi veðr náttúra ok skipan á norðrljósi, at þat er æ þess ljósara, er sjálf er nótt myrkvari, ok sýnisk þat jafnan um nætr, en aldrigi um daga, ok optast i niðmyrkrum, en sjaldan i tunglskini; en þat er svá tilskýnum¹³, sem maðr sjái [mikinn loga langa leið af miklum eldi¹⁴. Þar skýtr af i lopt upp at sjá hvössum oddum, misjöfnum at hæð ok mjök úkyrrum, ok verða ýmisir hærri, ok bragðar¹⁵ þetta ljós [alt tilskýnum¹⁶ svá sem svipandi¹⁷ logi. En meðan þessir geislar eru hæstir ok hjartastir, þá stendr þar svá mikit ljós af¹⁸, at þeir menn er úti verða staddir, þá megu þeir vel fara leiðar sinnar, svá ok at veiðiskap¹⁹, ef þeir þurfu; svá ok ef menn sitja i húsum sínum, [þeim

1) inn hjá 2) nár 3) skíni 4) þar yrði nökkur sólskin 6) um hásumars skeið tilf. Udg. 6) kemr 7) sem tilf. 8) sins 9) einkum 10) einn tilf. 11) ífa um 12) þykkir líkast vera, at satt sé 13) á at líta í ásýn 14) langan veg til loga mikils 15) bragar 16) til at sjá 17) lifandi; skipandi 18) þessum elðsvim ok leiptr tilf. Udg. 19) veiði sinni

er skjáir eru á¹, þá er svá ljóst inni, at hverr maðr kennir annan, svá sem inni er staddr; en svá er þetta ljós brigðiligt², at þat þykkir stundum vera dökkvara, svá sem þar gjósi upp svartr reykr á millum eða þjukkr mjörkvi³, ok er þá því líkast at [ljósit kvefisk þá⁴ í þeim reyk, sem þat sé búit at slokna; ok sem þat kvóf⁵ tekr at þynna⁶, þá tekr þat ljós annat sinni at⁷ birtask, ok þat kann at verða stundum at mönnum sýnisk svá, sem þar skjóti af stórum gneistum, svá sem af sindranda jární því er nýtekit verðr or afli. En þá er nóttin líðr ok dagr nálgask, þá tekr þetta ljós at lægjask, ok er þá sem [hverfi alt í þann tíma⁸ er dagr birtisk.

En þeir menn, er í ætlan⁹ eða í umræðu hafa slíka hluti fært, þá eru þeir þrir hlutir er menn hafa í getur fært, at einhverr [mundi vera af þeim¹⁰. Menn segja sumir, at eldr kringi umhverfis höfin ok öll vötn þau sem hit ytra renna um höll jarðarinnar. En með því at Grænaland liggir á hinni yztu síðu heimsins til norðrs, þá kalla þeir þat mega vera, at þat ljós skini af þeim eldi, er umhverfis er kringðr hin yztu höfin¹¹. Þetta hafa ok sumir í ræður¹² fært, at í þann tíma er rás sólarinnar verðr undir belli¹³ jarðarinnar um nóttina, at nökkurir skimar megi af hennar geislum bera upp á himininn, með því at þeir kalla Grænaland svá utarlíga liggja at á þessi heimsins síðu, at brekkuhvelit jarðarinnar má þar minka, þat er fyrir berr skin sólarinnar. En þeir eru sumir er þetta ætla, ok þat þykki ok eigi úlíkast vera, at ísarnir ok frostit dragi svá mikit afl undir sik, at af þeim [geisli þessi skimi¹⁴. Eigi veit ek þá hluti fleiri, er í getur sé fært um þetta mál, en þessa þrjá hluti, er nú ræddum vér um, ok engan dæmum vér sannan af þeim, en þessi þykki mér eigi úlíkastr, er síðast ræddum vér um. Eigi veit ek ok fleiri þá hluti á Grænalandi, er mér þykkja áminninga¹⁵ verðir í umræðu, en þessa er nú höfum vér um talat ok hér eru ritaðir eptir ætlan hoskra manna.

XX. *Sonr.* Þeir hlutir eru hér allir um ræddir, er mér þykki undarligir vera, ok þó mikill fróðleikr¹⁶, at maðr má fara út or heiminum ok sjá sjálfr þau endimerki, er guð hefir skipat¹⁷ með svá miklum torfærum, sem nú hafi þér frá sagt, en enn þykki mér lítit vansurt

1) ok er skér yfir*; þeim er skjár eru fyrir 2) brigðult 3) þykkir myrkvi
 4) ljós vili kefjask (kæfask) 6) kóf; kaf; þann myrkva 6) ok af at
 hrinda tilf. 7) skírnask ok tilf. 8) hverfr þegar 9) glósun 10) muni
 sannr af vera 11) er hit ytra renna (skína) um hvel (höll) jarðarinnar
 tilf. 12) getur 13) belú 14) skini þessi geisli; en *Papircodex tilf.*:
 þá þeir berjask sundr ok saman í þeim miklu Dumbshöfum 15) minningar
 16) mikil údendi 17) skapat.

um þetta sama mál, eptir því sem þér gátut í [hinu fyrra orði¹. Þér sögðut svá at þessum þrem gátum, at yðr þótti þat líkast vera, at þetta ljós mundi skina² af frosti ok jöklum³, en í fyrra orði létut þér þat fylgja, þá er þér sögðut, hversu þetta ljós var tilsýnum, at þar skaut upp endr ok sinnum⁴ þoku ok mjörkva⁵ líkum⁶ svörtum reyk í því ljósi, ok þykkir mér þat undarligt vera, ef kuldinn er þar svá algangsa⁷, at af hánum stendr⁸ þetta ljós, líkt eldligum geislum, hvaðan reykr sá kemr er stundum þykkir skjá⁹ ok skyggva fyrir ljósit, svá at þat þykkir nálíga kvafla við; þvíat mér þykkir þat líkt, at heldr verðr reykrinn af ylinum en af frostinu. Þá er enn sá annarr hlutr, er mér þykkir ok undarliggr vera, er þér gátut enn fyrr í yðarri ræðu, at þér töldut heldr Grænaland vera veðrgott, enda er þat þó fullt af jöklum ok frosti; þá má ek þat varla skilt fá, hversu þat land má veðrgott vera.

Faðir. Þat er þú spurðir um reyk þann, er stundum sýnisk fylgja norðrljósi, ok lézt þat fylgja, at þér þótti þat líkt, at reykrinn kæmi heldr af yl en kulda, þá sanna ek þat með þér. En þú mátt þat vita, at hvarvetna þar sem jörðin er þið undir jöklinum, þá varðveitir hon æ nökkurn verma í undirdjúpum sínum; svá ok hafit undir isunum, þá varðveitir þat ok nökkurn yl í djúpum sínum. En ef jörðin væri án allan verma eða yl, þá væri hon öll í einum þela frá ofanverðu ok niðr til hinna neztu grundvalla; svá ok höfin, ef þau hefði engan [hlut verma¹⁰ í sér, þá væri þat alt einn jökull frá ofanverðu ok til grunns. [Verða munu ok hvártveggja¹¹ stórar rifur á þeim jöklum er á landinu liggja, eða svá ok¹² vakir á þeim isum er í hafinu liggja. En hvarvetna þar sem jörð verðr ber, sú er þið er, hvárt sem heldr er, at hon berask þar sem engi liggr jökull yfir henni, eða berask hon undir ginandi rifum jökulsins, svá ok hafit þar sem þat berask undir sundrslitnum vökum íssins, þá gefr hvártveggja þaðan¹³ ropa af undirdjúpum sínum, ok kann vera at þat dupl¹⁴ samnisk saman, ok sýnisk þat líkt reyki eða mjörkva¹⁵, ok taki sú þoka fyrir at draga norðrljósit þeim sinnum, er [því þykki líkt vera sem þat kvæfi¹⁶ reykr eða mjörkvi¹⁷.

En þar er þú ræddir um veðrleik landsins, at þér þótti þat undarligt, hvi þat land var veðrgott kallað, þá vil ek þat segja þér,

1) fyrri ræðu yðvarri 2) skima; gljá upp; brá ok gljá 3) sjálfum tilf 4) stundum 5) myrkva 6) líkan* 7) ágangsamr; gagnsær 8) gljár (gljár); glóar 9) skýra 10) verma lukt 11) En nú ætlum vér at verða munu á hvárutveggja 12) stórar tilf. 13) þiðan 14) kóf; kaf 15) myrkva 16) kefi 17) fra [þat sýnisk reykligt vera

hveru því landi er farit. Þeim sinnum er þar kann illviðri at verða, þá verðr þat þar með meiri ákefð en í flestum stöðum öðrum, hvártveggja um hvassleik veðra ok um ákefð frosts ok snjóa¹. En optast halda² þar illviðri litla hríð, ok er langt í millum at þau koma, ok er þá góð veðráttu millum þess, þóat landit sé kalt, ok [verðr þvi náttúra jökulsins³ at hann verpr af sér jafnan köldum gust, þeim sem elum hrindr brott af hans andliti, ok heldr hann optast beru höfði⁴ yfir sér. En jafnan gjalda hans þó nálægir grannar, þviat öll önnur lönd, þau er í nánd hánun liggja, þá taka mikil illviðri af hánun, ok koma þau [öll þá á⁵, er hann hrindr af sjálfum sér með köldum blæstri. Nú ef þér skilsk þetta, þá þykki mér eigi fleiri svör hér til koma, en nú hefir þú heyrt hér af þessu.

XXI. Sonr. Þessir hlutir skiljask mér allir vel, ok þykki mér víst sannligt, at svá muni vera; en þó eru enn þeir hlutir, er þér gátut litlu fyrr í yðarri ræðu, er ek vil enn með yðru leyfi til forvitnask. Þér sögðut svá, at báðar síður heimsins væri kaldar, jafnvel hinn syðri sem hinn nörðri; en ek heyri þat alla menn segja, þá sem sunnan af löndum koma, at þau sé æ þess heitari, er maðr ferr sunnar; svá ok allir þeir vindar er or suðrættum koma, þá eru þeir bæði blautari⁶ ok hlærri en aðrir vindar. Svá gera þeir vindar ok iðuliga um vetrum [góðan þey⁷, þóat aðrir vindar sé svá kaldir, at frost standi af ok ísa leggi. En þá er varmt er sumar, þá er þó æ jafnan sunnanviandr hlærri en aðrir vindar. Nú ef yðr leiðisk eigi spurning mín ok þætta ek eigi ofmargs spyrja, þá vilda ek enn biðja yðr, at þér veittit svör þessarri spurning.

Faðir. Þá er ek sagða yðr, at á hinnum váru skipaðir þrír vegir torfæriligir, einn brennandi en tveir kaldir, þá gat ek þess, at hinn heiti vegr beygisk or austri ok í vestr. En ef ek hef þat sagt með rétttri skipan, þá ætla ek víst, at jafnköld [sé at þvi í⁸ syðri síðunni sem í nörðri; en þó ætla ek öll þau lönd, er liggja nær hinum heita veginum, hvárt sem þau liggja fyrir sunnan hann eða norðan, þá ætla ek öll þau heit vera, en hin ætla ek köld vera löndin, er sjarri liggja á hvárritveggja síðunni. En þar er þú gæzt þess, at allir menn segja löndin æ þvi heitari, er sunnar ferr, þá ætla ek þat þvi valda, at þú munt engan þann funnit hafa, er jafnlangt hafi suðr á lönd farit frá þeim⁹ heita veginum, sem þessi lönd liggja norðr í frá, er nú höfum vér um rætt. En þar sem þú ræddir um þat, at vindarnir þeir sem or suðrættum koma eru varmari en aðrir, þá er þat likt at

1) hríða 2) haldask 3) veldr þ. n. j. af þvi 4) heidi 5) el á þá; öll á þá
6) blíðari 7) stóra þeyi ok miklar hlákur 8) lönd sé á þeirri 9) hinum

hann verði varmr til vár at koma, þóat hann blési¹ af sunnanverðri fros-
inni heimsins síðu, þviat hann blæss gegnum boginn² hringbrennanda
veggar, ok kemr hann því varmr norðr í gegnum hann, þóat hann blási
kaldan³ sunnan til. Ok ef menn byggi jafnær hinum kalda veginum
á syðri síðu, sem Grænendingar búa á hinni nörðri, þá ætla ek vist,
at jafnvarmr kæmi norðanvindr til þeirra sem sunnanvindr til vár;
þviat svá eigu þeir norðr at líta til miðs dags ok allrar sólar rásar,
sem vér eigum suðr at líta, er fyrir norðan búum sólina.

Þat sem fyrr höfum vit um rætt, at um vetrum er hér sólargangr
lítill, en svá mikil gnótt um sumarit, at nálíga er alt sem einn dagr
sé, nú skaltu á því marka, at vegr sólarinnar er einkum breiðr, ok
er eigi rás hennar svá mjó eða bein, sem hon renni jafnan á einum
streng. En þegar hon tekr hinar yztu [renslur á skáðum⁴ veg til
suðrs, þá hafa þeir sumar ok nógan sólargang, er búa á yztum síðum
heimsins til suðrs, en vér höfum þá vetr ok eklu⁵ sólargangs. En
þegar sem sól tekr hina yztu renslu til norðrs, þá höfum vér yfrinn
sólargang, en þeir hafa þá kaldan vetr; ok ferr svá jafnan, at hon
stígr þá upp til norðrs, er hon stígr niðr til suðrs, en þar⁶ hon stígr
niðr til norðrs, þá tekr hon at vaxa til [hinnar syðri síðu⁷.

Þat skaltu ok vita, at svá ferr dægraskipti sem sólargangr; þviat⁸
sumum stöðum er þá miðr dagr, er sumum stöðum er mið nótt; en
sumum stöðum rennr þá dagr upp ok lýsir, er sumum stöðum [tekr
at rökkva ok náttu⁹; þviat jafnan fylgir dagr sólinni ok ljós, en
skugginn flýr sólina ok sækir þó eptir henni æ sem hon liðr undan,
ok er þar jafnan nóttin sem skugginn er, en þar jafnan [dagr sem
ljósi¹⁰ er. En nú ef þessir hlutir skiljask þér allir vel, er vit höfum
nú um rætt þessar stundir, hvárttveggja um dægrafar eða sólargang,
eða allir aðrir þeir hlutir er vit höfum þar um rætt, þá máttu vera
fyrir því fullgóðr farmaðr, at fáir munu um slíka hluti fleira spurt
hafa en þú.

XXII. *Sonr.* Vist þætti mér nú fróðleikr í vera, ef ek mættu
alla hluti þá muna, er þér hafit mér nú kunniga gerva. Svá þykkjumk
ek nú þat sinna í yðarri ræðu, at yðr þykkir yfrit margra hluta ek
hafa spurt í þessarri ræðu. En ef yðr leiðisk eigi spurning mín, þá
er sú enn ein lítill spurning, er ek vilda til forvitnask með yðru leyfi,
ok mér þykkir horfa til farmanna iðróttar.

Þér gátut þess mjök löngu í yðarri ræðu, at þat byrjaði þeim

1) blási 2) bjúgan 3) kaldr 4) skáðum; fra [reglur á sínum 5) ekki
6) þegar 7) suðrættar 8) í tilf. 9) rökkr ok kveldar; húmar mikit ok
náttar 10) ljóss dagr sem sólin

mönnum er farmenn vilja vera, at vera árbúnir um várum, ok sjá við því at vera um haustum lengi í hafi, en á tíma kváðut þér eigi, nær yðr þætti fyrst til hättanda vera um¹ várum at fara yfir höf lauda á millum, eða svá ok, nær yðr þætti síðast til hättanda yfir höf at fara um¹ haustum. Þess gátut þér, með hverjum atburð höfn tóku at lægja² storma sína, en um þat ræddut þér ekki, með hverjum hætti þau taka at úkyrrask; ok vil ek enn gjarnsamliga biðja, at yðr leiðisk eigi at leysa þessa spurning fyrir mér, þvíat mér virðisk, at berask mætti svá at, at þætti eitthvert sinn nauðsynligt at vita, ok þó fróðligt at kunna.

Faðir. Þeir hlutir er þar ræðir þú nú um, þá er varla sem með einum hætti, þvíat höf eru eigi öll jöfn, [höf eru³ eigi öll jafnstór. [Smá höf eru skipuð⁴ með litlum torfærum, ok megu menn til hætta flesta alla tíma yfir þau at fara; þvíat þar er fyrir litlu at sjá, eins dægrs byr eða tveggja, þeim mönnum er veðrkænir eru. Þvíat þau eru mörg lönd, er gott er til hafna í, þegar er menn koma⁵ til lands. En hvervetna þar sem svá er tilvaxit⁶, at menn megu biða byrjar í góðri höfn, eða elligar sé góðra hafna [fyrir ván⁷, þegar maðr kemr fram, enda hafit svá litit, at eigi þarf lengri forsjá fyrir at hafa en eins dags ferð eða tveggja, þá má yfir slík höf hætta næsta í hvern⁸ tíma er sýnisk. En þeim⁹ er leið er skipuð með torfærum meirum, annathvært með löngu hafi rastafullu, eða elligar sé þeirra landa ván fyrir stafni, er háskasamligar hafnir¹⁰ eru í, annathvært fyrir skerja sakar eða boða eða grunna eða stórra sanda, þá er hvervetna þar sem svá er tilvaxit¹¹, at mikla forsjá þarf fyrir at hafa, ok eigi má þar síðarlíga til hætta at fara yfir slík höf landa meðal¹².

En þar er þú leitaðir eptir tíma, þá þykki mér þat sannligast, at varla sé síðar til hättanda yfir höf at fara en í þann tíma, er inn-
gengr öndverðr October; þvíat þá þegar taka höf mjök at úkyrrask, ok vex þeirra stormr¹³ jafnan síðan því meir, er síðar er á hausti ok nærmeir sækir vetri. En í þann tíma er inngengr septima decima kal. Novembris, þá tekr austanvindr at úgledjask ok þykkisk vera

1) á 2) stóra tilf. 3) svá eru þau 4) Sum höf eru smá ok skipuð; Sum eru smá, en sum eru stór, sum með miklum torfærum, en sum 5) yfir haf tilf. 6) tilvarit 7) ván fyrir stafni 8) hverjum 9) í þeim stöðum 10) ok hafnleysur tilf. 11) tilvarit 12) *En Papircodex tilföier her:* Ísland er mjök fjarri öðrum löndum, ok eigi áfast við neitt land, ok er þangat mikit hafsmegin, ok ekki öllum tímum þangat sigl-
anda; en hér á millum landa er minna vert at sigla, sem er á milli Danmerkr ok Englands, eða Noregs eða Saxlands, eða Írlands eða Svíarikis
13) straumur

afþignaðr eptir brauttekinn höfuðbúnað gulligrar kórónu. Því næst setr hann á höfuð sér skýþaktan hött¹, andvarpar af þjósti miklum svá sem syrgjandi eptir nýfengnum skaða. En þá er landsynningr lítr úfagnað granna síns, þá hryggisk hann með tvefaldri sorg. Sú er hans önnur sorg, at hann hræðisk slíkt rán sem austanvindr hefir fengit; en önnur er sú, at hann hryggisk af harmi góðs granna síns ok ágæts, hann æsisk af harmi reiðs hugar ok yglir brúnum undir [fólgnum skrúfi², ok blæss þjótsamliga³ hreytandi slefu. En þá er sunnanvindr lítr reiði násettra granna, þá skrýðisk hann með skýjadrí loðkápu, ok hirðir svá fyrir þeim sinn auð ok ylsamligar fêhirzlur, ok blæss harðliga svá sem með óttasamligri vörn. En þá er útsynningr verðr varr, at vinátta kólnar eptir rofnar sættir, þá klökkur hann af harmi hugar með stórum regnelum, yglir augu yfir tárdöggu⁴ skeggi, belgir hvápta undir þykkskýjudum hjálmi, blæss af æði⁵ með köldum regnskúrum, leiðir fram harla þykkvar bylgyr ok brjóstmiklar báruv með skipgjörnum áföllum, ok býðr öllum hafstormum at æsask með kappsamligri reiði.

En þá er vestanvindr sér þat, at hánun kemr af austri hryggligr blástr ok harmsamlig andvörp, þar sem hann var áðr vaur þaðan við at taka skinandi geislum með hátíðligum vingjöfum, þá skilr hann þat görla, at sættir eru sundrslitnar ok uppsagt allri friðargerð, ok hryggisk hann með mikilli kvíðu sakar úfriðar, ok ferr hann í svartan úgleðikyrtíl⁶, ok dregr þar yfir sik gráskýjaða kápu, ok kastar ákafliga öndu með harmsamligri kvíðu⁷, sitr með snerkjanda nefi ok frottandi⁸ vörnum. En þá er bráðlyndr útnyrðingr sér þenna hryggleik granna sinna ok lítr skaða sjálfs síns um kveldligar fegrðir, þær er hann var vaur áðr at hafa, þá sýnir hann skjótt lunderni með stríðri reiði, yglir heldr hvassliga brýnn, hreytir harðliga með skrapanda⁹ hagli, ok leiðir fram glumrandi reidiþrumur með ógurligum eldingum, ok sýnir af sinni hendi ógurliga reiði án allrar vægðar. En þá er norðanvindr¹⁰ saknar þeirrar bliðu, er hann fékk af sunnanvindi, ok mildligra vingjafa, þá leitir hann at sínum fjárhirzlum¹¹ ok hrósar þá þeim auð, er hann hefir gnógastan til, ok leiðir fram dökkvan skíma með glæanda¹² frosti, setr á höfuð sér ískaldan hjálm yfir jökluðu skeggi, blæss stríðliga at¹³ haglsfullum skýfjöllum. En kaldr landnyrðingr sitr reiduliga með snjódrífnu skeggi ok gustar kaldliga vindþrotnum¹⁴ nösnum, eitlar

¹) hatt ²) flöknu skýi; flöknum skrúfi (kúfi) ³) þjóðsýniliga með ⁴) tárdögguðu ⁵) mikilli tilf. ⁶) úgleðiskyrtíl ⁷) ok þjósti tilf. ⁸) frostandi; þrútnandi ⁹) krapanda ¹⁰) kemr ok tilf. ¹¹) fêhirzlum
¹²) gljanda; glýjanda ¹³) af ¹⁴) vindþrotnum

augum undir hrimfrosnum brúnum, snerkir kinnr undir kaldskýjuðu enni, hvetr hvápta með ískaldri tungu, blæss af þjósti með [smogligu rennidrifi¹.

En at sundrslitnum friði millum þessarra átta höfðingja ok alæstum vindum með stormsamligri ákesð, þá görir mönnum úfært yfir höf at fara landa á millum með mörgum torfærum: dagr skemmisk, en nótt myrkvisk, haf úkyrrisk, báru styrkjask, en [ádrykkir kólna², regn stærisk, en stormr kveikisk³, boðar vaxa, en strandir synja góðra hafna, menn dæsask⁴, en skipfarmi kasta(r), ok týnisk íduliga mikill manna fjöldi sakar ofmikillar tilhættni; sálur eru lagðar undir háskasamliga dóma fyrir vangæzlu sakar ok skjótligs dauða. Nú er fyrir því öllum vitrum mönnum viðrsjanda, at verða síðarlíga í höfum staddir, þvíat við mörgum háskum er at sjá ok eigi við einum, ef maðr hættir of mjök undir slíka tíma. Nú er fyrir því þat betr tilætlat at fara meðan bezt er sumars, at þat er ván verr ef illa hlýðir, meðan vel er fyrir séð ok vitrlíga; en þat er víst betr en ván er at, ef þat ferr vel, er heimsklíga er til ráðit eða ætlat fyrir öndverðu, þóat þat hlýði stundum. Þat kalla ek vitrlígra til ætlat, at maðr siti, meðan svá mikilla háska er ván, ok neyti með góðu hófi ok róligri hvíld um vetrinn þess, sem hann aflar með starfi um sumarit, heldr en hann egni⁵ til þess með sínu sjálfræði, at hann týni allri þeirri aflan á lítilli hrið⁶, er hann starfadi⁷ til um sumarit. En allra mest er fyrir sjálfum sér at sjá, þvíat hann aflar aldri síðan, ef svá illa berr til, at hann fylgir tjóni sjálfr.

XXIII. Sour. Nú er þetta vel ráðit, at ek jök mína spurning í næstu ræðu, þvíat ek hef bæði fengit af yðr síðan fróðlig svör ok þó nýtsamlig öllum þeim, er vit hafa til at skilja ok sér í nyt færa þessa hluti, er nú hafit þér um rætt. Fyrir því vil ek biðja yðr enn, at þér talit með nökkurum orðum um þat, hversu snemma um várit yðr þykki tilhættanda vera í höf at fara landa á millum með ákvednum tíma, eptir því sem ek beiddumk í hinni fyrri spurningu.

Faðir. Flestöll höf fyrir utan hin stærstu höf, er mönnum vel tilhættanda yfir at fara í þann tíma, er öndverðr Aprilis gengr inn; þvíat í þann tíma er inngengr septima decima kal. Aprilis, þá tognar dagr, sól vex, en nótt skenumisk, norðanvindr fægir vægilíga andlit himins með svalri ok léttri veðrblöku⁸, ok sópar brott alla illviðris bakka⁹ ruglanda skýs, ok beiðisk nýrrar sættargerðar með bliðri eptirleitan, ok setjask þá [á nýja leik¹⁰ grið allra vinda á millum, þvíat

¹) snjóligu hrimdrifi ²) áföll frjósa ³) stormar aukask ⁴) dasask ⁵) efni

⁶) stundu ⁷) mæðilíga tilf. ⁸) vindblöku ⁹) klakka ¹⁰) nýjaleik²

Þá girnask þeir allir at taka hvíld eptir móðliga reiði ok erfiðligan blástr, ok samtengisk þá annat sinni ný sætt þeirra á meðal, eptir því sem fyrr var sagt, þá er um þeirra sættargerð var rætt; létta regnskúrir, bærur lægjask, áföll minna, ok dvinar¹ allr þroti þjótanda hafs, ok létta allir stormar, kemr ró eptir hvíldarlaust rót².

Nú hefi ek gört sem þú beiddisk ok sýnt þér hvártveggja tíma með ákvæðum, bæði um haustum ok um várum, nær mér sýndisk ráðuligast at fara yfir hafs háska. Svá hefi ek ok þá tíma þér kunna görva, er mér þykkja heldr til hvílda fallnir en fara. Markat hefi ek ok með nökkurum orðum fyrir þér birting lopts eða þau endimerki, er skipuð eru í hinnum, hvártveggja þau er torfærilig eru, ok svá hin er fær eru³. Ok ef þú mant alla hluti þessa inniliga, er nú hefi ek rædda fyrir þér, þá muntu eigi taldr vera með úfróðum farmönnum, ef þú vilt þessarrar iðróttar freista. Nú er ráð at festa hluti alla vel i hug þér fyrst, er nú hefir þú heyrða, en síðan er kostr at spyrja fleira ef sýnisk.

1) svenar*; svinar; sjatnar 2) hvíldarlaus rott*; rólaust erfiði; rólausa reiði ok erfiði 3) ok undir má búa tilf.

XXIV. *Sour.* Á hinum næsta fundi, er ek var á tali við yðr, herra! þá heyrða ek af yðrum munni spakliga ræðu ok nytsamliga, hverjum er nema vill, til þeirrar iðróttar sem sú ræða var um gör, ok hefi ek síðan þá ræðu hugleidda, ok vænti ek, at ek muna¹ mjök hugfest hafa til minnis flesta alla þá hluti, er þar² var umtalat, hverja gæfu sem ek ber til fram á leið at fylgja; en ek munda þó þess þurfa, sem hvern annarra³, at fyigja vel öllu því, er maðr verðr góðs áskynja; [eru ok vænni þeir⁴ til er hugleidda en hinir er gleyma. En hverja gæfu ok auðnu sem ek ber til at fylgja, þá fýsir mik þó⁵ at nema, meðan þess er kostr. Nú með því at þeir hlutir eru enn í hug mér, er mik fýsir at spyrja, þá vil ek fyrri leyfis biðja [til ræðu, en ek byrja⁶ þá hluti, er mik forvitnar, en síðan vænta andsvara, er ek hefi mína ræðu flutta.

Faðir. Þat er næst ræddum vit um kaupmanna líf eða atferðir, þá ætla ek, at vit mintumk⁷ þeirra hluta flestra, er þar var mest nauðsyn um at ræða, ok þess vænti ek, at sá maðr mun eigi illa heitinn í atferð sinni, er þat varðveitir vel í alla staði, er þá var⁸ rætt. En ef þik forvitnar ok fýsir [enn nökkut frammar þar um at spyrja⁹, þá vil ek bliðliga svara, ef ek kann; ok þóat þú vilir byrja aðra ræðu, þá vil ek gjarna svara, ef ek hefi fróðleik til, ok skaltu í leyfi spyrja slíks, er [þik fýsir¹⁰, en slíkt verði¹¹ til andsvara af minni hendi, sem guð gefr efni til.

Sour. Þá ræðu er næst heyrða ek yðr segja um kaupmanna iðrótt¹², þá var hon með glöggvara¹³ fróðleik framflutt í svörum en í spurning¹⁴, ok vil ek nú láta þá ræðu hvilask. Nú með því at ek ætla þeirrar iðróttar at freista með yðru leyfi, þá kann þat at vera¹⁵, at mjök langt verði millum okkarra funda; en ef ek em yðr fjarri, þá er engi ván, at ek eiga kost yðars ráðs at leita, þóat ek vilda, ef hugr girnisk [nökkurs annars ráðs ok iðróttar en vera kaupmaðr¹⁶. En þóat vit finnimk heilir at guðs vilja, þá sýnisk mér þó vel ráðit, at ek spyrja þeirra hluta, er [forvitni mín beiðisk¹⁷, meðan ek

1) mun 2) þá 3) annarr 4) enda eru þeir vænni 5) mjök tilf. 6) en ek vil ræðu byrja um 7) munum hafa getit 8) um tilf. 9) þó nökkut þar um at ræða fleira 10) þú vilt 11) verðr 12) iðróttir 13) nægra 14) spurningum 15) veita 16) nökkut annarrar iðróttar heldr en kaupmanna iðróttir 17) mik forvitnar

á¹ vísan kost til orlausnar. En fyrir því er allra skyldast at nema úkunna hluti, meðan er þess er kostur, at eigi er víst, [hvárt þá er² kostur at spyrja³, er vist þætti nauðsyn at forvitnask. Nú ef svá kann at⁴ berask, at mér [verðr kunnigr kaupmanna siðr eða úkunura landa heimanför⁵, ok fýsir mik til konungs at fara ok sjá þar meira ágæti í síðum en í kaupförum sá ek, þá vilda ek gjarna⁶ heima nema af yðr þá síðu, sem í konungs föruneysi væri nytsamligastir⁷ at kunna, þóat eigi sé vist, at ek þurfa þar til at taka. Nú ef yðr sýnsk eigi slik forvitni þarflausa⁸, þá vilda ek at þér gerðit mik fróðan af⁹ þeim síðum, er nu hefi ek um rætt.

Faðir. Eigi má þat þarflausu⁸ kalla, at forvitnask¹⁰ þá síðu, er með konungi [eru ok hafa þarf¹¹, fyrir því at þar er upphaf allra góðra síða ok kurteisi¹², ef eptir því ferr sem skyldi, ok fornt er upphaf til. En þó er varla sem einfaldr sé síðr með konungi, þvíat þar eru margfaldar þjónostur ok embætti, ok eru þeir flestir allir í¹³ minni síðargæzlu, er minni eru í þjónostu. Ok þeir er ágætir eru í þjónostu, þá skilr þá enn mikit um síðu eða atferðir, ok er því verr, at optast verða þeir færri, er varðveita hina beztu síðu, heldr en hinir er meðalsíðarmenn eru eða varla svá. Nú veit ek eigi hvárra síðu er þik forvitnar, þeirra er beztir síðarmenn eru eða hinna er fleiri verða saman.

XXV. Sonr. Þat mundi mér vel gegna, ok hverjum þeim er forvitnask vill úkunna hluti, hvárt sem þat er um síðarnám eða annan fróðleik, at hverr nemi þat er bezt [væri ok nytsamligast¹⁴, þvíat þeir eru færri meistaranir, er þat kunnir at kenna, ok alt er þat ok tornæmara, en hitt er fánýtt er eða með öllu [engu nýtt¹⁵. Nú með því at ek heyri þat, at á hvárutveggja mun grein vera, á þjónostu manna ok svá á síðum í [hird konungs¹⁶, þá vil ek nú þess biðja, at þér gerit mér [kunna alla¹⁷ þá skipan, er þar er, ok skýrit fyrir mér hver grein á þjónostu¹⁸ er, eða hvat hverri þjónostu fylgir; svá ok [um síðu, hverir þeir¹⁹ eru, er yðr sýnsk góðir ok vist nauðsynligir at nema þeim, er konungi vill með sæmd þjóna, eða svá ok hverir vist eru viðrsjáandi ok hafnandi, ef maðr vill [síðarsamr vera²⁰. Ok leita ek því svá vandliga eptir þessarri ræðu, at ek hefi sét marga þá menn koma or konungs föruneysi, er ek hefi görla at hugt þeirra

1) sé svá 2) at þá sé 3) úkunura hluta tilf. 4) at at 5) taka at kynnsk kaupmanna siðir eða allra úkunura landa 6) hér tilf. 7) nauðsynligir 8) þarfleysa (-leysu) 9) at 10) um tilf. 11) þarf at hafa 12) hævesku 13) með 14) bæri ok n. væri 15) únýtt 16) konunga hirdum 17) kunnigt 18) þjónostum 19) eigi síðr, hverir síðir þar 20) síðarmaðr heita

siðum, ok hafa mér sýnzki þeir flestir allir því [nær kurteisir¹, eða varla svá, sem hinir, er aldri kómu til hirðar. Nú veit ek eigi, hvárt er heldr er, at ek kann enga² skyn á hvat kurteisi³ er, eða er svá sem mér hefir sýnzki.

Faðir. Ef þér verðr þess audit at koma til hirðar, þá þarftu þat at varask, er þá hendir, er siðlausir koma til hirðar ok hævesklausir koma frá hirð, ef þú vilt bæði heita siðgóðr ok hæveskr. En með því at þú hefir eptir leitat, hver grein á er þjónostum eða siðum í konungs hirð, þá skal þat nú skýra fyrir þér, ok svá hvat þeim veldr, er úhæveskir koma þaðan ok illa siðaðir. Því er líkt, ef skynlauss maðr ferr til hirðar, sem úfróðr maðr fari til Jórsala eða skilningarlauss komi í skóla góðan. Ef úfróðr maðr ferr til Jórsala, þá trúir hann sjálfr, at hann sé fróðr, ok segir ífrá⁴ sinni ferð, ok þat flest⁵, er fróðum manni þykki enskis vert nema gabbs⁶ ok háðs. Svá gerir ok hinn skilningarlaus, ef hann kemr frá skóla, þá hyggsk hann þegar vera góðr klerkr, at verðr feginn ok görir af mikit spott⁷, ef hann finnr⁸ þann, er ekki kann með öllu; en ef hann finnr nökkurn þann, er klerkr er, þá veit hann sjálfr ekki. Svá verðr⁹ ok ef úsnotrir menn koma¹⁰ til konungs hirðar, þá [sækja þeir¹¹ þegar sína maka¹², ok nema¹³ þat af þeim, er þeim¹⁴ er auðnæmast, ok hann var áðr orðinn mest áskynja, en þat er ekki nema skammsýni ok heimska. En ef¹⁵ hann kemr frá hirð, þá verðr hann slíka kurteisi ok siðu at sýna öðrum, sem hann nam þar¹⁶. En þó göra þat margir, þeir er af úkunnum stöðum koma, hvárt sem heldr eru af öðrum löndum¹⁷ eða hirðum, ok finna þeir [þá, er áðr hafa heima fyrir verit¹⁸, at bera mörg tíðendi, ok hyggjask¹⁹ þegar vera sannfróðir bæði um siðu ok tíðendi, er þeir sjá úkunna þjóðir eða önnur lönd, ok allra mest hendir þat skammsýna menn. Nú varask þú, at [eigi hendi þik slík úfræði²⁰, ef þú vilt vera [vel siðaðr²¹. En þar er þú leitaðir eptir, hver grein er væri á [þjónostum manna²² í konungs hirð, þá er þat skýrandi, ok svá hvat hverri þjónostu fylgir.

Allir þeir menn er handgengnir eru konungi, þá eru húskarlar²³; en siðan greinisk tign ok vald með þeim, svá sem þeir kunnu til at þjóna, ok konungr vill hverjum gefit hafa. Nú eru þeir einir húskarlar,

1) næst hæveskir 2) eigi 3) hæveska 4) mart frá 5) alt 6) eins tilf. 7) skaup 8) nökkurn tilf. 9) ferr 10) usnotr maðr kemr 11) sækir hann 12) jafnmaka 13) nemr 14) hánum 15) þá er 16) áðr 17) eða herferum tilf. 18) hina, er heima hafa fyrir setit 19) þeir tilf. 20) slík dæmi hendi þik eigi 21) siðugr 22) þjónostumönnum 23) haus eða innau hirðar tilf. *Udg.*

er innan hirðar eru jafnan með konungi, ok eru þó eigi málamenn, ok eigi skulu þeir þar eta eða¹ drekka, sem hirð konungs matask². Þeir skulu ok þjóna í konungs garði alt þat er ræðismaðr krefr þá til, [hvárt sem hann krefr³ þá til ferða eða til annars verknaðar í konungs garði.

XXVI. Sonr. Þess vil ek biðja yðr, herra! at eigi virði þér [þetta mér til bráðskeytis eða⁴ þess, at ek vilja stöðva ræðu yðra, þóat ek spyrja með nökkurum orðum um þessarra manna þjónustu.

Faðir. Meðan vit erum í þessarri ræðu, spyr slíks sem þér sýnisk, heldr en þik iðri eptir, ok gangir þú fyrir því úviss þess, er þik forvitnar, at vanspurt sé af þinni hendi.

Sonr. Með því at þessir menn, er nú hafi þér um rætt, lifa með starfi ok verknaði í konungs garði, ok lifa þar hæveskulausir, svá sem í heraði, hvern snúð sjá þeir sinn⁵ í því, at vera heldr með konungi en vinna fyrir frændum sínum eða fedrum í heraði, eða fara kaupföllum⁶ ok alla sér svá heldr fjár.

Faðir. Þar eru mörg tilgöng⁷, at slíkir menn eru með konungi heldr en í heruðum eða kaupföllum. Þeir eru sumir, er fyrir því vilja heldr vera með konungi en í heruðum, þóat þeir vinni þar slík verk eða meiri, at þeir eru svá fátækir at fé, at eigi er kaupfarar kostur fyrir fátæktar sakar, ok eigu þeir þó margar góðar kynkvíslir; en ef þeir vinna í heruðum, þá eru þar margir félmeiri, er eigi eru meiri at kyni eða varla svá. En ef þeir eigu nökkuru at skipta, þá taka hinir auðgu traust af fé sínu, ok hægja þeim er félausir eru, svá at þeir megu eigi réttu ná í þeirra vidrskiptum, ok þykki þeim betra at vinna í trausti með konungi en traustlausir í heraði. En sumum ganga til vígiferði⁸ eða önnur vandræði, ok þurfu þeir fyrir vandræða sakar leita sér trausts af konungs alli. Þeir eru ok sumir, at þat þykkir skemtan at vera jafnan í fjölda⁹, ok þó jafnan mikit traust, hvat sem til handa kann at berask. Ok ef þeir koma í herað, þar sem þeir þóttu áðr traustlausir vera, þá þykkja þeir síðan vera hvers manns jafnumakar fyrir trausts sakar, er þeir verða konungs menn; ok ef þeir verða drepnir í einvígum, þá tekr konung¹⁰ 40 marka í þegn-gildi fyrir þá sem fyrir aðra þegna sina, ok mörk gulls umfram í húskarls gjöld, ef einhverr verðr drepinn af hans húskörlum.

Vit þú ok þat, at margir koma þeir til hirðar or heraði, er þar [þykki mönnum lítil tilkæmd at vera¹¹; en þat verðr þó iðuliga, at

1) né 2) eða drekkur í hans hiisi tilf. 3) þóat hann krefi 4) mér bráðskeyti til ganga eða til 5) þann sér 6) kaupferðir 7) rök 8) vígiferli 9) mannfjölda 10) fyrst tilf. 11) þykkja lítills verðir

þeir fá mikil metorð af konungi sakar þjónostu sinnar, ef þeir kunnu til at gæta, er heima váru lítills virðir í heraði. En þeir sem mikils þóttu verðir heima með kotkörllum, bæði fyrir fjár sakar ok frænda ok fóstbræðra, þá verða þeir opt eigi meira virðir í hirðum með konungi en heima í heraði, eða stundum varla svá; ok fá þeir opt minni metorð með konungi, er féricir koma til hans, en hinir er fátækir koma. En þeir er með litlum fjárhlut koma til konungs eða með öllu engan, ok eigu ekki annars kost, en hafa slíkt sem konungr vill þá miskunnat hafa, þá [hefr hann¹ svá hátt bæði at ríki ok fjárhlutum, at þeir eru yfir² frændum sínum, þar sem þeir þóttu áðr eigi vera jafnmakar frænda sinna, en þeir kæmi til konungs; ok veldr því annattveggja hvatleikr þeirra í orrostum ok góðir siðir í hirð, eða eru hánum tryggvir um alla hluti, ok rækja vizku ok ástsemd við hann, ok hjálpar hann þeim viðr ok hefr hátt, er hann sér, at við hann vilja sanna ástsemd hafa ok með sannri vináttu vilja hánum þjóna. Nú valda slíkir hlutir því, at konungr hefr opt ok iðuliga þá hátt af sinni miskunn³, er fátækir eru, ok hætta fyrir því margir á at fara til konungs, at þess vænta allir, at þeir muni þaðan sæmd ok mikil metorð fá ok sæmiliga uppreist.

XXVII. Sour. Nú þykkjumk ek hafa fengit gnóg svör ok sön, svá at mér þykkir úkynligt, at þessir menn, er nú hafit þér um rætt, vili heldr vera konungsmenn en í heruðum, þóat þar verði með jafnþungu starfi eða þyngra en með bóndum. Ok vil ek nú þess biðja, at þér sýnit mér enn fleiri þær þjónostur, er með konungi eru, svá at mér sé ekki þat úkunnigt af þeim, ef svá má vera.

Faðir. Þat má vel vera, með því at þik forvitnar slíkra hluta, þá skal ek sýna þér þat sem ek veit þar af. Enn eru þeir húskarlar konungs innan hirðar með konungi, er auknefni eigu með húskarla nafni, ok heita þeir gestir, ok fá þeir þat nafn af fjölskyldri sýslu, þvíat þeir gista [margra manna hibýli, ok þó eigi allra með⁴ vináttu; en þessir menn eru þó málamenn konungs ok taka hálfan hirðmanna mála. En þessi sýsla fylgir þessarra manna þjónostu, at þeir eru skyldir at halda njósnir um alt ríki konungs, ok verða varir, ef hann á nökkura úvini í ríki sínu; en ef úvinir verða funnir, þá skulu gestir fyrirkoma þeim, ef þeir megu því á leið koma; ok ef konungr vísar gestum at úvinum sínum, ok verða þeir drepnir, er at er visat, þá eigu gestir fyrir starf sitt fjárhluti þeirra, þá er þeir flytja þat sinni brott með sér, fyrir utan gull, þat á konungr, ok svá alt þat annat, er

1) hefir hann optsinnum hafit þá 2) fyrir 3) mildi 4) marga menn, ok þó suma eina með allri

gestir féngu eigi brott haft með sér. Ok hvar sem konungr verðr varr við úvini sína, þá er þat skyldarsýsla gesta at [liggja á¹ úvinum konungs, ok hreinsa svá [riki hans². En þeim sinnum sem þeir eru innan hirðar staddir með konungi, þá halda þeir ok allskyns vörðu yfir konungi, sem hverr annarra borðfastra manna í konungs garði, fyrir utan höfuðvörð, hann halda þeir eigi, ok eigi skulu þeir í því húsi yfir borð stiga til matar eða drykkjar, er konungr sitr³ eða hirð, nema um jól ok páskir, þá skulu þeir eta ok drekka í konungs höll með hirð hans, en eigi þess á millum. En ef einhverr verðr drepinn af þeima mönnum í einvigi, þá tekr konungr slíkt eptir þessa menn, bæði í þegngildi ok svá í húskarls gjöld, sem eptir hina, er fyrr var frá sagt.

Þá eru þeir einu einir húskarlar konungs, er eigi eru borðfastir með hánnum, ok sjaldan at eins koma til hirðar, ok enga hluti þiggja þeir af konungi nema hald ok traust til réttmælis⁴ við aðra menn, ok eru þeir þó konungs menn. Slíkt⁵ tekr ok konungr, húskarls gjöld með þegngildi, eptir þessa menn, ef þeir verða drepnir, sem eptir þá sína húskarla, er borðfastir eru með hánnum. En þessir menn verða hans menn af allskyns iðróttum, sumir bændr, en sumir kaupmenn⁶, ok sumir leikmenn. En þessa þjónustu eru þeir skyldir konungi at veita umfram aðra þegna hans, at hvarvetna þar sem konungs sýslumenn koma eptir hans boði at flytja konungs mál eða sýslu, ok verða⁷ þessir húskarlar fyrir staddir, er nú höfum vér um rætt, þá eru þeir skyldir til at fylla sýslumanna flokk, ok vinna þeim slíkt förumeyti sem þeir eru til færir um öll konungs mál, en þeim á ok heimholt⁸ at vera traust af konungs mönnum til allra réttmæla⁹, þar sem þeir eigu málum at skipta; [svá ok ef þeir verða drepnir, þá eyksk slíku rétt konungs á þessum mönnum, sem á þeim er fyrr ræddum vér um¹⁰.

Þá eru þeir einu einir húskarlar konungs, er hafa fé af konungi í veizlur, sumir tólf aura, en sumir tvær merkr, en sumir þrjár merkr ok sumir meira, æ svá sem konungr sér all ok traust af þeim verða. Þessir menn eru ekki borðfastir innan hirðar með konungi, heldr eru þeir í heruðum svá sem stjórnarmenn, þvíat þeir eru sumir lendra manna synir, en sumir eru svá ríkir bændr, at þeir þykkja vera lendra manna igildi¹¹. Þessir konungs húskarlar eru slíkt skyldir konungi at þjóna, sem þeir er fyrr var um rætt, ok því meira, at þeir eru til meira færir, ok þeir hafa ok meiri sæmd¹² af konungi; ok svá nökkuru¹¹ eyksk rétt konungs af þessum mönnum, ef þeim verðr

1) leggja at 2) land hans ok ríki 3) sjálfir í tilf. 4) réttinda 5) slíkt
6) lausa menn 7) verði 8) heimilt 9) réttra mála 10) mgl.* 11)
ok stjórna þeir opt miklu tilf. 12) veizlur ok sæmdir 13) nökkur*

misþyrmt, sem fyrr var sagt. Nú¹ allir þessir konungsmenn, er vér höfum nú um rætt, ok eigi eru borðfastir með hánum, þá má þó konungr krefja af þeim slikrar þjónustu, sem hánum sýnisk hverr þessarra vera til fallinn. Þeir verða sumir krafðir til at stýra langskipum í her úti með konungi, en sumir verða görvir í sendifarar landa á millum til útlenzkra konunga eða annarra höfðingja; sumir verða ok sendir landa meðal í kaupfarar með fé konungs eða með skipum hans. Nú eru þeir skyldir þessarra hluta ok svá allra annarra þeirra sem konungs nauðsynjar [bera til².

Nú hefi ek sagt þér frá nökkurum svá konungs þjónostumönnum, ok mátt þú ætla með þér, hverir þér þykki likastir af þeim, er nú eru upptaldir, at vita allmiklit af hævesku eða þeim síðum, er í konungs hirð skyldi vera at réttu, ok eru þó allir þessir konungsmenn, ok máttu af sliku marka, at eigi má hverr maðr vita þegar alla konungliga síðu eða tign, er hann sér konung eða hans menn, fyrir því at sá maðr skal bæði vera síðnæmr ok þó vitr, er hann er eina tólf mánaði í konungs hirð, ok væri hann hvern dag innan hirðar með konungi, [er hann skal þó vera vel síðaðr úhæveskr³ á tólf mánaða fresti. Nú skaltu þat vita til sanns, at þeir eru fleiri með konungi, er þar eru mikinn hlut æfi sinnar, ok eigu kost hvern dag at sjá góða síðu, ok verða þó aldri hvárki vel síðaðir né kurteisir.

XXVIII. Sonr. Ef svá er mál með vexti, at nökkurir síðir eru svá tornæmir í konungs hirð, at bæði þarf við næmleik ok langa athygli, þá er þat víst, at þessir menn, er nú hafi þér um rætt, megu eigi vera mjök vísir af, hvat hæveska er eða góðir síðir í konungs húsi, þóat þessir sé konungsmenn, með því at þeir koma sjaldan at eins í þau konungs herbergi, er helzt munu vera góðir síðir í hafðir. En þá eru enn þeir hlutir, er mik forvitnar um þessarra manna þjónostu, er nú ræddut þér næstum um: hvat snúð sjá þeir menn sér í konungs þjónostu, er bæði eigu yfrit fé ok kyn, at skylda sik til konungs þjónostu með húskarls nafni einu saman? Hví hafa þeir eigi þær nafnbætr at heita hirðmenn eða elligar véla heima um sína kosti sem aðrir bændr göra?

Faðir. Þessa þykki mér eigi fróðligast spurt vera af þinni hendi; en þó með því at þú þykkisk eigi yfrit fróðr um þat vera, þá kalla ek betra spurt en úviss vera, ok þarf fyrir því at andsvara, at spurt er. En þar ganga margir hlutir til, sem fyrr var sagt, at menn vilja vera konungsmenn heldr en heita kotkarlar at eins at nafni. Nú er þetta fyrst til andsvara, at konungrinn á alt ríkit, ok svá alt fólkit,

¹) En ²) krefja ³) ef h. sk. þá vel síðaðr ok hæveskr

er í er ríkinu, ok eru [allir þeir menn, er í hans ríki eru, skyldir hánnum til þjónustu¹, þegar hans nauðsynjar krefja; ok á konungr kost at krefja hvern bónda, er hánnum sýnisk til vera fallinn, annattveggja í sendifarar til útlenzkra höfðingja, ef nökkurir eru til færir fyrir mannvits sakir; svá ok ef konungr krefr bændr til skipstjórnar í her úti með sér, þá verðr hverr at fara, er til verðr nefndr, þóat hann sé eigi handgenginn at öðru, en þegn hans. [Ok þóat konungr krefi einhvern klerk² eða byskup or ríki sínu í sendifarar til annarra konunga eða páva, ef svá vill hann, þá verðr sá at fara, er kvaddr er, nema hann vili sæta fjándskap af konungi ok vera rekinn or ríki hans³.

Nú með því at allir menn eru [skyldir með konung⁴ til þjónustu, þeir sem í eru ríki hans, hví mun þá eigi hverjum vitrum manni þykkja mikill munr undir því vera, at hann sé í fullu konungs trausti ok hans vináttu, hvat sem til handa kann at berask við aðra menn um viðrskipti, ok vera yfirmadr fóstbræðra sinna ok stjórna til hlýðni við konung sinn, ef þeir vilja eigi ádr hlýðnir vera, heldr en heita kotkarl ok vera æ undir annars stjórn, ok [þá nálíga skyldr⁵ sem ádr. Ok skalt þú þat vist vita, at eigi er þat nafn fyrirlitanda, svá sem svívirðingarnafn, at heita húskarlar konungs, heldr er þat mikit sæmdarnafn hverjum er þat nafn fær; þvíat bæði lendirmenn ok hirðmenn, ef þeir [letjask at⁶ herförum, ok vilja heldr elska bú í herudum fyrir nökkurs þungleiks sakir, þá vilja þeir þó eigi missa húskarlars nafns at heldr fyrir sæmdar sakar ok trausts. Nú með því at þér þykki nökkurs vanspurt eða vansvarat um þetta mál, þá megum vit enn auka þessa ræðu, ef þér sýnisk.

XXIX. *Sonr.* Þessa máls er nálíga yfrit spurt með eptirleitan, en þat er nú svá skýrt fyrir mér með góðum ok gnógum svörum, at mér sýnisk sem eigi megí maðr missa konungs trausts, ef hann vill með öruggleik um sitt mál búa, með því at allr er fjöldinn mislyndr ok újafngjarn hverr við annan, nema þeir einir eigi, er bæði þiggja af guði mannvit ok sannsýni, en þat eru einkamenn en eigi alþýða. Nú með því at enn er nökkut vanrætt um konungs þjónustu eða síðu, þá fýsir mik enn framar yðarrar ræða til þess, at ek mega eigi vera úfróðr um þá hluti, er mik forvitnar.

Faðir. Um þá konungs húskarla er nú at ræða, er helzt verða

1) menn hánnum lýðskyldir allir í hans ríki 2) eða ábóta tilf. 3) fra [Mjök styrkja ok ríki hans klerkar ok kennimenn, allra helzt byskupar ok ábótar to yngre Membraner 4) konungi lýð-(hlýð-)skyldir 6) þó nálíga jafnskyldr (lýðskyldr) 6) létta

áskynja, hvat góðir siðir eru í konungs fōruneyti, ef þeir vilja hug á leggja; en þeir verða þó hváirtveggja, ok þeir þó færri optast, er fleiri skyldu. En þessir konungsmenn, er nú skulum vit um ræða, þá hafa þau¹ aukanofn með húskarla nafni, at þeir heita hirðmenn. En þat nafn verðr sumum rétt gefit, en mörgum er þat aukanafn. En þeir er þat skipuðu fyrir öndverðu, þá settu þat á góðan grundvöll, fyrir því at hirðmaðr þýðisk svá sem hirzlumaðr ok gæzlu, ok skulu þeir er þetta nafn vilja með réttu eignask, vera réttir hirzlumenn ok gæzlumenn konungs ok alls konungdómsins. Þeir skulu gæta jafngirndar endimarka milli allra manna í ríkinu, þar sem þeir verða nær staddir málum manna; þeir skulu ok gæta hæveski ok góðrar atferðar ok allra nýtra siða; þvíat þeir eru jafnan næstir konungi um alla hluti, þeir gæta lífs konungs ok hans líkams bæði um nætr ok um daga, þeir eru ok jafnan með konungi at áti ok at drykkju, á málstefnum ok öllum góðum samvistum, svá sem nábornir frændr.

Þessir menn eigu með réttu at heita herrar at [nafni af² öllum mönnum³ þeim, er lægri nöfn bera en þeir bera sjálfir; þvíat þeir eru svá sem landstjórnarmenn, ef þeir halda þeim siðum, sem byrjar nafni þeirra. Þessir eigu at vera valdir af öllum mönnum, eigi at eins af kyngöfugum ættum eða festerkum, heldr eigu þeir sjálfir, er til þess nafns verða kosnir, at vera algörvir at öllum hlutum, hvárttveggja at kyni, fé ok hjartaprýði ok hæveski, ok þó hinir siðsömustu. Þeir eigu ok at gæta allskyns ráðvendi umfram aðra menn, svá at þeir kunni á því góða skilning, hverir hlutir elskandi eru fyrir sæmdar sakar ok góðrar meðferðar, eða hverir hlutir hatandi eru fyrir úsæmdar sakar eða skemdar, fyrir því at hvar sem þeir koma þá líta allra manna augu til þeirra siða ok meðferðar, ok allir hneigja sín eyru til þeirra orða, ok vænta þess allir, sem vera ætti, at þeir munu svá miklu framar vera en aðrir menn um siðu sína ok meðferðir, sem þeir verða meiri návistarmenn konungs at þjónostu eða yfirlæti en aðrir menn. Ok ef þessir menn vilja eignask þau⁴ nöfn, sem þeim eru gefin með húskarla nöfnum, þá verða þeir at flýja allan þorparaskap ok alla úhævesku, ok verða þeir frá mörgu at halda sik umfram aðra menn, því er skammsýnilig girnd mun beiðask; þvíat margir hlutir verða hæveskum mönnum til skemdar bæði í orðum ok í verkum, ef þeir gæta eigi vel tungu sinnar ok meðferðar, er þorpurum verðr engi skömm í, þóat hann hafi frammi.

Svá kann ok optliga til at bera, at hæveskir sendimenn af öðrum löndum komi til konungs fundar ok hans hirðar, ok hyggja þar því görr

1) þeir 2) *ngl.** 3) af *tilf.** 4) hirðmanna

at hans þjónostu ok hæveski hans ok hans hirðar ok öllum síðum í hans hirð, er þeir eru sjálfir hæveskari. Ok ef¹ þeir koma heim aprt til síns lands, þá segja þeir slíka síðu ok öll önnur tíðendi, sem þeir sá eða heyrðu með þeim konungi, er þá váru þeir tilsendir. En öll þau tíðendi, er til annarra landa koma ok flytjask um höfðingja, ok verða þau með sönnu flutt, þá er þat optast, at þau snúask annathvært til háðs ok gabbs eða til sæmdar. Þat kann ok optliga til handa at bera, at konungar þurfu sjálfir at finnask, ok tala um skipan ok setning þá, er vera á landa þeirra á meðal, ok verðr þat jafnan hinna beztu manna samfundr, þar sem konungar eigu stefnur sínar; þá koma með þeim til stefnu höfðingjar þeirra, erkibyskupar, jarlar ok ljóðbyskupar², lendirmenn ok hirðmenn eða riddarar, ok verðr þá vandliga at hugt³ hævesku eða síðum allra þeirra, er þar koma saman, hinna ríku fyrst, ok því næst allra annarra, þvíat þar skygnir hverr um annars athafi. Ok ef funninn verðr einhverr konunganna úhæveskr, eða einhverr höfðingja annarra, þá verðr sá þegar fyrir spotti ok háði, ok svá baldinn sem einhverr þorpari. Ok þóat hirð einshvers konungs verði fundin úhævesk eða eigi vel síðug, eða allra helzt ef þjónosta hans verðr eigi hæveskliga eða með fögrum síðum framflutt í hans herbergi, þá verðr dæmdr úhæveskr konungr sjálfr, ok kalla svá allir, ef hann væri hæveskr sjálfr eða vel síðugr, at þá mundu allir síðask af hánum. En svá kann þó til at bera, at hæveskr höfðingi hljóti mikla skömm fyrir úhævesks manns sakar ok úsíðugs, ok væri fyrir því mikit undir, at þeir kynni góða skilning á öllu, hvárt vel bæri eða illa, er þess girnask at vera nágönglir⁴ konungi með fögru nafni ok sæmiligu; þvíat sá á eigi mikillar sæmdar ván af konungi síðan, er hann verðr hánum at úsæmd, þar sem margir koma sæmlarmenn saman, ok hánum þótti mikit undir at halda sinni sæmd; en þat er í öllum stöðum, þvíat konungr á hvergi úsæmd at bera; ok hagar þá síðleysa ok úgaumgæfi eigi vel fyrir manni, at hann láti með svívirðing ok fjándskap sæmiligt nafn sitt, gott yfirlæti ok fagra þjónostu, þóat hann haldi lífi sínu eða limum; en verða má hann konungi sínum svá mjök at úsæmd, at hánum sé heimill hæðiligr dauði fyrir, ok svá mörgum frændum hans. Nú eru slíkar greinir bæði á þjónostum ok nöfnum í konungs hirð, sem nú hefir þú heyrtr. En ef þér þykkir nökkut vanspurt þar um, þá máttu nú fleira spyrja, ef þér sýnisk.

XXX. *Sonr.* Mér virðisk svá sem nú megi eigi án vera, at þessarri ræðu sé meir framhaldit, ok vil ek nú víkja minni ræðu eða spurning til einshvers upphafs þess, er mér verði enn ljósara fyrir

1) er 2) ljóðb. 3) at hugat 4) nærgönglir.

augum, hversu maðr skal fyrir konungs andlit koma, ef hann vill sér sæmdar leita, eða hversu hann megi sik svá halda síðan, at hann öðlisk þessa hluti alla, er nú hafit er um rætt. Nú berr svá til, at mik fýsi þess at fara til konungs, ok vil ek hánum þjóna; með því at faðir minn ok frændr hafa konungum þjónat [fyrir mér¹, ok hafa aflat sér sæmdar ok góðs yfirlætis af konungi með þjónostu sinni, þá er líkligt at ek mun slíks girnask sem frændr minir höfðusk at fyrir mér. Nú með því at slíks er ván, þá vil ek þess yðr biðja, at þér vísit mér nú svá til, hvert upphaf ek skal hafa at mínu máli, þá er ek vil til konungs fundar leita, svá skilvísiliga, sem nú fylgði þér mér sjálfir til fundar við konung. Vísit mér á hvárttveggja um látgæði² mitt eða um klæðabúnað eða orðaskipan³, ok alt annat athæfi þat, er vel beri fyrir konungs augliti. Nú hefi ek spurt at sinni sem mér sýnisk, en þóat eigi sé svá fróðliga spurt sem þurfti, þá verði þér nú göra svá sem fyrri⁴, at ætla hvárttveggja, spurningina af minni hendi en svörin af yðarri hendi⁵.

Faðir. Ekki er þessa máls svá úfróðliga spurt, at eigi má vel svara, þvíat slíkar⁶ spurningar þurfti margir menn, ef þeir vilja sín mál flytja láta við rikismenn; ok [leita færri svá vandliga eptir sínum⁷ málum sem þurfti. Nú vil ek því lýsa fyrir þér um þessa hluti, er þú hefir spurt, sem mér sýnisk sannligast ok fróðligast. Nú kemr þú þar sem konungr er fyrir staddr, með þeim erendum er⁸ þú vilt þýðask hann, þá skaltu spyrjask um vandliga, hverir þeir menn eru með konungi, er optast eru vanir at flytja mál manna fyrir konungi, svá at hánum líki bezt þeirra ræða. En þegar er þú verðr sannfróðr, hverir þeir eru, þá skaltu [þá fyrst þýðask⁹ ok gera þér at vinum, en því næst sýna þeim þitt erendi, ok biðja þá þitt mál fram flytja. En ef þeir taka við þínu máli, þá kunnu þeir bezt tíma ok stundar at leita til konungs fundar ok viðræðu, er optast eru á tali við hann. En ef þat verðr um þann tíma, er konungr sitr yfir¹⁰ borðum, at þú skalt þá þíns máls¹¹ leita, þá haf þú á því góða njósn, at konungr sé þá í bliðu skapi ok í góðum hug. En ef þú verðr þess varr, at hugr hans sé [nökkut úbliðr¹², eða [er hann¹³ reiðr um nökkut mál, eða hefir hann nökkur skyldarmál þau at ræða, er þú ætlar eigi þitt mál ræða mega fyrir þá sök, þá lát þú hvilask þann dag þína ræðu, ok leita ef þú megir finna hann í betra tíma¹⁴ annan dag. En ef þú verðr þess varr, at konungr er í bliðu skapi, ok hann hefir engi nauð-

¹) fyrrmeir ²) látgæði ³) orðalag ⁴) fyrr ⁵) ok uppfreðing tilf. ⁶) slíkrar ⁷) leitat væri sv. v. e. slíkum ⁸) at ⁹) fyrst þýðask þá at
¹⁰) undir ¹¹) frama ¹²) styggr ¹³) hann sé ¹⁴) skapi

synjamál um at véla, þau er eigi megir þú flytja þitt erendi [fyrir þá sök¹, þá bið þú þó þess at, er hann er nálíga mettr.

En klæðabúnaði þínum skaltu áðr hafa svá háttat, at þú sér klæddr öllum góðum gangvera², þeim sem þú hefir vildastan³ til, ver⁴ hosaðr ok skúaðr; eigi skaltu ok kyrtillauss vera; [þvilika yfirhöfn ok⁵, sem þú hefir vildasta til. Vel þér þau klæði jafnan til hosna, er brúnuð⁶ sé at lit; þat þykki ok eigi illa bera, at maðr hafi svart skinn til hosna, en ekki önnur klæði nema skarlat sé. Kyrtil máttu ok hafa með brúnuðum⁷ lit, eða með grænum eða rauðum⁸, ok þó⁹ góð klæði ok sæmilig. En línklaði þin þá skaltu láta gera af góðu lérepti ok þó lítil efni í; ger stutta skyrtu þína ok öll línklaði létt vel. Ætla jafnan góðum mun styttri skyrtu þína en kyrtil, þvíat engi maðr hæfeskur má sik prúðan fá gört af hör eða hampi. Skegg þitt ok hár skaltu láta virðuliga göra, aðr en þú gengr fyrir konung, eptir þeim síðum er þá eru í hirð, er þú leitar til hirðar. En er ek var innan hirðar, þá var þat síðr í hirð, at hár var skorit styttra en eyrnablöð¹⁰, ok kembt svá síðan umhverfis, sem hvert hár vildi bezt falla, ok var síðan [skorinn stuttr toppr yfir¹¹ brúnum. En um skegg var þat síðr þá at göra¹² stutt skegg ok snöggvan kamp, ok var síðan rakat jaðarskegg á þýðversku¹³; ok er eigi víst, at síðar komi sá síðr, er fegri sé eða betr sómi í herliði at hafa.

En nú berr svá at, at þú þykkisk búinn vera til konungs fundar, hvárttveggja at klæðabúnaði ok öðrum hlutum, ok kemr þú í góðan tíma, ok fær þú leyfi til inngöngu af durverði¹⁴, þá verðr þú svá at háttá þarkomu þinni, at þér fylgi nökkurr líðligr þjónostumaðr. En þóat þit fäit báðir leyfi til inngöngu, þá láttu hann eigi fylgja þér lengra en innan dura. eða innar at stallara stóli hit lengsta, ok lát hann gæta skikkju þinnar¹⁵; en þú gakk skikkjulauss inn fyrir konung, ok haf áðr kembt hár þitt slétt ok strokit skegg þitt vel. Hvárki skaltu hafa hött né húfu né kveif á höfði, heldr skaltu úhuldu hári ok berum höndum fyrir rikismenn ganga, með blíðu andliti ok hreinsuðum öllum líkama ok limum; þá menn skaltu ok hafa í göngu¹⁶ með þér, er þitt mál skulu framflytja. Ven þik at bera höfuð þitt rétt, ok svá allan líkam þinn þá ven þú vel réttan, þegar þú gengr; ven þik gangprúðan vel, ok þó eigi einkar seint at ganga.

1) *mgl.** 2) gangvara 3) beztan 4) vel 5) haf ok þv. y. 6) brún
7) brúnum 8) ef þér sýnisk þat betr fallit tilf. 9) eru þau 10) eyrnablöð (-blað) 11) skorit stutt fyrir 12) bera 13) þýversku 14) durvörðum hans 15) ok þó þit fäit eigi báðir leyfi til inngöngu, þá geym þú yfirhöfna þína þó úti tilf. 16) inngöngu

En er þú kemr fyrir konung, þá skaltu hneigja hánum litillátliga, ok heilsa hánum með þessum orðum: „Guð gefi yðr¹ góðan dag, herra konungr!“ En ef konungr sitr yfir borði, þá er þú kemr fyrir hann, þá láttu þik eigi þat henda, er margan hendir skamvisan², at þú styðisk við konungs borð, enn síðr [leggsk þú á sem³ úsidug fól góra; heldr nem þú staðar svá fjarri borði, at alla þá þjónostu, er til konungs borðs byrjar, megi vel flytja at ærnu rúmi meðal borðs ok þín. En ef eigi eru borð fyrir konungi, þá gakk þú svá nærri konungs sæti, at ærit sé rúm til allrar þjónostu millum þín ok fótskemla þeirra, er fyrir eru konungs sæti. Hendr þínar skaltu svá láta liggja, er þú stendr nærri konungi, at hin hægri greip spennni um hinn vinstra úlflið, ok lát síðan hendr þínar í tómi rekjask niðr fyrir þik, sem þeim er hægast. Því næst skulu þeir menn flytja erendi⁴ þitt fyrir konungi, er til þess eru ætlaðir. En ef þú berr svá gæfu til, at þat má þegar [fremjask eptir þínum vilja⁵, þá skaltu ganga til handa konungi, ok því næst í löguneyti við hirð hans, eptir þeirri siðvenju sem þeir kenna þér, er þitt mál flytja. En ef konungr heitr þér ok nefnir þér stefnudag, nær þat skal lúkask, þá verðr þar til at standa⁶. En ef konungr skýtr því máli á frest, ok mælir svá, sem eigi er minst ván, at „mér er þessi maðr eigi kunnr, hvárki at sýn né siðum, ok kann ek því máli eigi svá bráðliga at andsvara, fyrr en ek sé⁷ görr spekt hans ok aðrar meðferðir“, þá er því máli lokit at sinni; en þú verðr at leita þíns máls at tómi ef þér sýnisk, ok vita ef þú hittir eitthvert sinn í [þann tíma⁸, at vild þín megi framganga. En þá hrið er þú vilt til konungs⁹ stunda, þá þarftu vist þess við, at þýðask hina beztu menn ok hina vitrustu, ok [verða þeim í nánd optast kendr¹⁰, er konungi eru kærastir, ok tak þó alla neyzlu, þá er þú þarft, af sjálfs þíns kostnaði, meðan þú ert lengst í þeirri raun, nema þér verði nökkuru sinni boðit af konungs hendi til hans borða. Ok láttu þó þik eigi þat henda, sem margan úfróðan hendir, at þú girnisk því meira annars kostnaðar, sem þú sér, at þér verðr optar til boðit, at eigi beri svá til, at ráðvandir menn virði þér til [sinku ok offramsækni¹¹, ok verði þeir þá úvinir þínir, er áðr eru félagar þínir ok vinir. Nú verðu lastvarr ok athugall um slíka hluti, at þeir eigi berisk þér til handa fyrir gáleysis þíns sakir.

XXXI. *Sonr.* Nú vil ek enn spyrja með leyfi fárra orða í þessarri ræðu. Hví sætir þat, er þér ræddut, at þat skal þykkja vel

1) þér 2) skamsýnan 3) leggisk þú áfram svá sem 4) mál 5) framflytjask eptir þínni vild 6) biða 7) veit 8) þann (betra) lið (úð?) 9) þess 10) ver þeim næst 11) sinkni eða framsækni

bera fyrir rikismönnum, at maðr sé berr ok skikkjulauss, þegar hann gengr til tals við þá? En ef maðr gerði svá í heraði, þá mundi svá alþýða mæla, at sá maðr væri fól, er svá hlýpi yfirhafnarlauss sen skiptingr.

Faðir. Þat sagða ek þér litlu fyrr í okkarri ræðu, at því ganga margir menn úfróðir um, hvat er vel berr í konungs húsi, at þat þykkir mart heimskligt með kotkörlum, er hæfeskligt þykkir með konungi eða með öðrum rikismönnum. Nú skaltu þat víst vita, at eigi berr þat þar at eins vel, at vera yfirhafnarlauss, sem maðr kemr fyrsta sinni fyrir konung; heldr skaltu þat vita víst, at þat er í fleirum stöðum fyrir konungs andliti, at jafnvel samir at bera yfirhöfn, sem at þarnask¹. En með því at þú spurðir, hver skynsemd væri til þess, at þat væri hæfeskka at vera heldr skikkjulauss fyrir rikismönnum, heldr en bera yfirhöfn, þá kæmi þó ærin svör í móti, at því væri svarat, at þat er hvervetna siðr, þar sem hæfeskir menn ganga fyrir rikismanna auglit, at þeir eru skikkjulausir, ok er þar hverr kallaðr þorp-ari, er eigi kann þann sið.

En þessir hlutir eru enn fleiri til andsvara: ef maðr gengr svá fyrir höfðingja, at hann sveipar sik í skikkju sinni, þá sýnir hann þat, at hann þykkisk vera jafn hinum, er fyrir sitr, þvíat hann er búinn allri algörvi svá sem höfðingjar, ok þykkisk hann engum þurfa at þjóna. En ef hann leggur af sér yfirhöfn sína, þá sýnir hann þat, at hann er búinn til þjónustu nökkurrar, ef sá vill þekkjask, er til þess er fallinn, at þiggja þjónustu heldr en þjóna². Svá eru enn þessi³ dæmi, þau er opt þarf at varask, at konungar eigu marga öfundarmenn; en ef úvinr hans er djarfr ok áræðinn, þá má hann vel með huldum lífsháska ok váða ganga fyrir⁴ konung, ef hán um er lofat skikkju at bera. En hann má eigi auðveldliga því framkoma, ef hann er skikkjulauss. Ok er því víst, at sá var vitr, er þat skipaði fyrsta sinni til hævesku, at maðr skyldi skikkjulauss ganga fyrir rikismenn, ok allra helzt fyrir konung⁵; þvíat sá siðr hefir síðan góðan vörð gefit móti leyndum flærðum, þeim er vel mætti undir skikkju fela, ef hon væri borin. Sá siðr hefir ok síðan gört alla menn jafnlugaða ok samsátta, at allir menn hafa um þat einn rétt, ok verðr engi meir tortrygðr eða rannsakaðr en annarr, síðan þat snerisk til síðar.

XXXII. Sonr. Svá sem mér þótti þessi siðr undarligr, fyrr en ek heyrða þessa ræðu, þá virðisk mér nú sem hann sé vitrliga til funniun, svá at eigi meggi hans án vera, ok þurfu þér fyrir því enn

1) færnum stöðum fyrir konungs auglitu, er jafnvel sómir at bera yfirhöfn sína sem hermaðr 2) at veita 3) þess 4) yfir 5) konungi*

fram á leið at tina¹ fyrir mér ok sýna öll þau mál ok athæfi, er hafa þarf fyrir konungi eða öðrum ríkismönnum.

Faðir. Þat skalt þú ok vandliga leiða at huga, meðan þú stendr fyrir konungi, at þú ræðir ekki við aðra menn meðan, svá at þú gefir eigi góðan gaum at öllu því sem konungr talar, at eigi berisk þér svá til handa, ef hann talar nökkut til þín, at þú þurfir annat sinni at spyrja, hvat hann mælir, þvíat þat þykki jafnan illa bera, at maðr sé svá gálauss, at [tviklippa skal² orð at hánun, áðr en hann heyri; en miklu þykki þat þó verst bera ok heimskligast fyrir [rikum mönnum³. En allopt kann þó svá til át bera, meðan maðr er staddr fyrir [rikum mönnum⁴, at aðrir menn þyrpask at manni, ok spyrja mann þá margs meðan, ok má þar ganga til stundum skamsýni þeirra, er þat gera, stundum má ok þat til ganga, at þeim er þat gerir þætti eigi þá verr, at nökkut væri þat, er at mætti finna fyrir þeim, er sitt mál þarf at flytja.

Nú ef þér kann þat til handa bera, at þú verðr svá staddr fyrir konungi, at einhverr vill meðan slásk á nökkurn spurdaga við þik eða nökkurar aðrar ræður, þá [skalt þú hafa blið orð í munni⁵ ok svara þó á þessa leið: „Bið litla hrið, góðr maðr⁶! [meðan ek hlýði stund eina ræðu konungsins⁷, en ek vil síðan gjarna við þik ræða slíkt, er þér þykki sjálfum gott.“ En þóat hann hafi nökkur orð um síðan fleiri, þá ræð þú þó ekki at því sinni fleira við hann, fyrr en konungr hefir lokit sinni ræðu. Nú kann svá til at bera, at konungr mælir til þín nökkur orð, þá skalt þú þat varask vandliga í andsvörum þínum, at eigi margfaldir þú engi⁸ þau atkvæði er til þín horfa, þóat þú margfaldir, svá sem til byrjar, öll þau atkvæði, er til konungs horfa⁹. En enn heldr skaltu þat varask, sem fól kann stundum at henda, at eigi margfaldir þú þau atkvæði, er til þín horfa, en þú einfaldir þau, er til konungsins horfa. En ef svá kann til at verða, at konungr mælir til þín nökkur orð, þau er þú nemir¹⁰ eigi, ok þarftu annat sinni eptir at fréttá¹¹, þá skalt þú hvárki segja „há“ né¹² „hvat,“ heldr skalt þú ekki meira um hafa, en kveða svá at orði: „herra!“ En ef þú vilt heldr spyrja með fleirum orðum: „Herra minn! látit yðr eigi fyrir þykkja, [at ek spyrja¹³, hvat þér mæltut til mín, þvíat ek nam eigi görla.“ Ok lát þik þó sem fæstum sinnum þat henda, at konungr þurfi optar en um sinn orð at herma fyrir þér, áðr en þú nemir.

XXXIII. Sonr. Hver skynsemd er til þess, at þá er betr, at

1) tjá 2) tviklifa þarf hvert 3) ríkismönnum 4) konungi eða ríkismönnum

5) gef hánun blið orð í móti 6) *mgl.** 7) svá at ek heyra litla stund konungs ræðu 8) *mgl.* 9) horfir* 10) skilir 11) spyrja hvat hann segir

12) hú eða tilf. 13) þóat ek spyrja í annat sinn

öll atkvæði sé margfölduð, þau er mæla skal til rikismanna, heldr en einfölduð? En ef maðr biðr bænar sinnar til guðs, er öllum er fremri ok hærrí, þá eru einfölduð í hverri bæn öll þau atkvæði, er til hans horfa, ok kveðr svá at orði hverr, er sína bæn flytr við guð: „þú dróttinn minn allsvaldandi guð! heyrðu bæn mína, ok miskunna mik¹ betr en ek sjá² verðr.“ En engan mann heyrir ek svá taka til orðs: „þér dróttinn minn! heyrir bæn mína, ok gōrit betr við mik fyrir sakar miskunnar yðarrar en ek sjá² verðr.“ Nú veit ek [eigi, at allfróðlig sé³ spurning mín, en þó með því at þér hafit lofat mér at spyrja slíks, sem mik forvitnar, þá vænti ek þó góðrar orlausnar sem fyrr, þóat ek spyrja bernskliga.

Faðir. Vist vil ek þat gjarna alt fyrir þér skýra, er ek em til færri; en eigi veit ek, hví þú⁴ forvitnar þetta mál svá görsamliga við mik, at fyrir þat skal skynsemd veita, hversu atkvæðum er skipat í helgum bœnum, þvíat lærifeðr várir mundu þar kunna betr svara um þá hluti, er til guðdómsins er⁵, en ek. En með því at hver spurning lítr jafnan til svara, þá vil ek skýra þetta mál fyrir þér með skjótri ræðu, svá sem mér sýnisk vænlíkast, ok vil ek því fyrst svara, er mér þykki ágætast vera. Nú atla ek fyrir því svá skipat atkvæðum í helgum bœnum, at heldr sé einfaldat en margfaldat ákall guðlíg nafns, at allir þeir, er á guð trúa, skili þat til fulls, at vér trúum á einn guð sannan, en eigi á marga falsguda, sem heidnir menn trúðu forðum á sjau guda; kölluðu svá, at einn guð stýrði himnaríki, en annarr himintunglum, hinn þriði þessum heimi ok ávöxtum jarðar, hinn fjórði höfum ok vötnum, en hinn fimti vindum ok lopti, hinn setti mannviti ok málspeki, en hinn sjaundi helviti ok dauda. Nú skulum vér fyrir því gōfgra einn guð, þann er allar skepnur þjóna, ok biðja til hans með einföldu atkvæði, at eigi þýðisk flærðsamir gudar til várra ákalla, fyrir þat at vér [margfaldim atkvæði, at fleiri væri guð en einn, í ákalli⁶ guðlíg nafns. Þessir hlutir ganga ok til, at skamsýnir⁷ menn mætti þat hyggja, at fleiri væri guð en einn, ef með margfölduðu atkvæði væri á hans nafn kallat; ok er þat réttliga tilskipat ok vitrliga, at einföld trú ok heilög hafi ekki rúm eða⁸ villustig at ganga af rétttri þjóðgötu. Nú ef þér skilsk eigi til fulls þessi ræða, þá megum vit enn fleira til finna; en ef þessi ræða má þik leida til fullrar skilningar, þá megum vit vel vikja okkarri ræðu til andsvara um þá hluti aðra, er þú spurðir.

XXXIV. *Sonr.* Þessir hlutir skiljask mér vel, ok þykki mér vera bæði sannlígir ok þó nauðsynlígir, at fyrir því skal heldr ein-

1) mér 2) em 3) at eigi er allfr. 4) þik 5) heyrir; horfir 6) margföldum atkvæði ákalls 7) úskýnsamir 8) á

faldask en margfaldask öll atkvæði til guðs, at hvárki megi rétt¹ trú spillask fyrir margfalt atkvæði, ok eigi megi slægir úvinir undirþýðask þat ákall, er einföld trú ok rétt vísar þeim ífrá. En ek vil nú, at þér skýrit þat fyrir mér, er ek spurða um veraldar rikismenn, hvi öll atkvæði þætti betr til þeirra margfölduð en einfölduð.

Faðir. Þar er þó ærnu fyrir svarat, at fyrir þá sök þykki betr vera mælt til rikismanna með margföldu atkvæði heldr en einföldu, at hæveskir menn hafa þat funnit fyrir öndverðu, ok hefir þat síðan snúizk til siðvenju með öllum vitrum mönnum ok hæveskum, þeim til sæmdar, sem við er mælt ok til þess [er kominn² at þiggja sæmdar atkvæði. En þetta efni funnu þeir til, er frá öndverðu skipuðu þessum atkvæðum, at rikismenn eru eigi sem einhverr annarra, sá er fyrir sér einum berr áhyggju ok sínu hyski, ok á fyrir fá menn svör at veita; en höfðingjar bera áhyggju fyrir öllum þeim, er undir þeim eru at þjónostu eða at veldi; ok hafa þeir eigi eins manns svör í munni, heldr eigu þeir fyrir marga svör at veita. Ok ef góðr höfðingi fellr ífrá, þá er eigi sem eins manns missi, heldr er þat mikil missa³ öllum þeim, er af hánnum tóku upphald eða sæmdir, ok er sem allir verði minni fyrir sér síðan, er þeir missa höfðingja sins⁴, en þeir váru meðan hann lifði, nema því at eins, at sá komi annarr í stað, er þeim sé jafnvel viljaðr sem hinn, er frá féll. Nú með því at höfðingjar halda upp⁵ með mörgum hvártveggja sæmdum ok andsvörum ok margfaldri áhyggju, þá er þat vel tilleggjanda þeim til sæmdar, at kenna þá með margföldu atkvæði í allri ræðu, [frá því⁶ er til þeirra þarf at ræða, er smærri eru ok minni fyrir sér. En þessir hlutir eru þeir enn, er þá váru til funnir eða hugleiddir, er þetta var fyrsta sinni til síðar tekit, at konungar eða aðrir rikismenn, þá eru eigi einir saman í ráðagerð sinni, heldr hafa þeir með sér marga aðra vitra menn ok göfga, ok mun þá svá sýnask, ef til höfðingja verðr mælt með margföldu atkvæði, at þá sé eigi til konungs eins mælt, heldr til allra þeirra, er í ráðagerð eru með hánnum, ok hans eru ráðgjafar.

Ek gat þess ok nökkul í hinu fyrra orði, at þú skalt við því sjá, at þú margfaldir⁷ önnur þau atkvæði, er til þín horfa, at eigi virðir þú þik jafnan hinum, er þú ræðir við, ok meiri er en þú. En þóat þú ræðir við jafnmaka þinn eða [minna mann en þú sér⁸, þá berr þér ekki sjálfum at virða þik með margfölduðu atkvæði. Þat skalt þú ok varask, ef þú ert staddr fyrir rikismönnum, at þú verðir eigi simálugr í þinni ræðu, þvíat rikir menn ok allir vitrir menn reidask við simælgi⁹,

¹) vár ²) eru komnir ³) mikill missir ⁴) sinn ⁵) múgnum tilf. ⁶) þá; þeirri ⁷) eigi tilf. ⁸) þér minna mann ⁹) simæli

ok þykkja leið vera ok enskis verð nema heimsku. Svá ok ef þú skalt nökkura ræðu fram flytja, hvárt sem heldr varðar sjálfum þér¹ eða öðrum mönnum, þá flyt skilvísliga, ok þó með skjótri ræðu ok sem fæstum orðum; þvíat svá mikill málaföldi kemr jafnan fyrir konung ok aðra rikismenn um margfaldar nauðsynjar manna, at eigi megu þeir, ok eigi² fá þeir lunderni til, at með drjúgri eða langri ræðu sé talat um hit sama mál. [Er ok³ þat sannast, ef maðr er snjallr ok tungu- hvass⁴, þá er hánnum auðvelt at flytja sína ræðu með skjótu máli ok fám orðum, svá at hinum skilisk vel, er svara skal. En ef maðr er engi mælskumaðr eða heldr úsnjallr at máli, þá er ok [þess betr⁵, er hann hefir skemra erendi í munni; þvíat gera má hann nökkur skil á fám orðum, ok leyna svá úsnild sinni fyrir þeim, er [eigi er kunn- igt⁶; en ef hann görir langmælt⁷, þá mun hann þykkja því úsnjallari, sem hann talar lengra.

Nú eru slíkir hlutir ok aðrir [því um líkir⁸, þeir er manni væri nauðsynligir at verða vel áskynja ok nema heima, fyrr en hann gangi mjök fyrir stórhöfðingja í ræðu við þá, ef hann vill snotr heita. Ok máttu á slíku marka, hversu síðugir eða margvitrir þeir eigu at vera í sinni meðferð ok hævesku, er jafnan skulu vera nær konungi í öllum sœmiligum samvistum, þar sem vitrum mönnum sýnisk svá sem maðr sé eigi vel fær at ganga fyrir konungs andlit, til þess at ræða við hann, nema hann kunnir vel alla þessa hluti, er nú höfum vér um rætt, nema hann sé með öllu þorpari, ok skyli hvárki telja hann né virða með [hæveskari mönnum en⁹ þorpurum réttum. En þó skaltu þat vita, at margir verða þeir með konungi staddir marga vetr, er af þessum hlutum vitu annattveggja litit eða alls ekki; ok jafnvel hendir þá þat, er hirðmanna nöfn bera ok nærgönglir skulu vera konungi, sem hina er smærri nöfn bera ok vásjaldan¹⁰ sjá konung; ok muntu um slíka rætt hafa, sem nú töluðum vit um, þá er þú svaraðir svá fyrr í okkarri ræðu, at þér þóltu þeir ekki betr síðaðir eða hæveskari, er frá hirðum kómu, eða varla svá, sem hinir er ekki höfðu komit til hirðar; ok svaraða ek þér þá sönnu¹¹ móti, at hverr sá er vel vill vera í sinni meðferð, þá þarf at varask slíka fáfræði, sem þeir hafa, er eigi vitu, hvat skömm er, eða hvat sœmd er eða hæveska, ok eigi nema góðra manna ok hæveskra meðferðir, þóat þeir sé¹² hvern dag fyrir augum sér.

XXXV. *Sour.* Þat er víst, at ek mun þá funnit hafa, þóat

1) konungi 2) fyrir engan mun 3) Enda er 4) tungumjúkr 5) því betra
6) hon er úkunig 7) langt mál 8) þvilikir eða fleiri 9) hæveskum
mönnum utan með 10) ná sjaldan at 11) sönnu 12) líti

þeir hafi frá hirðum komit, er annathvært leyndu slikum síðum, þóat þeir kynni, sem nú hafi þér um rætt, eða elligar hefir svá verit sem ek sagða, at þeir hafa ekki orðit áskynja slikra hluta. En þat er þó ekki undarligt, at þeir er fáfróðir eru heima ok úspuralir¹, at þeir viti af slikum hlutum fátt eða ekki. En þat er undarligra, er þér ræddut um hrið, at þeir sé margir með konungi lengi, ok hánum nágönglir at þjónostu, ok verða þó eigi áskynja, hvat hæveski er eða hvat hirðsiðir eru; ok vil ek fyrir því þess spyrja yðr, hvat því veldr, er þér buðut mér at varask þeirra fáfræði, eða hví konungr mun hafa þá nágöngla sér í þjónostu, er eigi vilja lifa með fögrum síðum, ef hann er sjálfr hæveskr ok siðgóðr, þvíat ek hugða, ef konungr væri siðgóðr ok hæveskr, at allir mundu siðask af hánum, ok hann mundi ekki mjök elska úsiðuga menn².

Faðir. Þat kann til bera, at sá bóndi, er vanr er góðu brauði ok hreinni fæzlu, þurfi nökkut sinni at blanda [agnar ok sáðir³ við brauð bæði sjálfs sins eða hjóna sinna, til þess at þá sé drjúgari fæzla en áðr, ok verðr þá nauðigr at taka með sömum þökkum slika fæzlu sem þá fær hann, sem fyrr tók hann góða fæzlu ok hreina; ok veldr slikum atburðum þröngvar nauðsynjar⁴, þat er úáran. En árgalli verðr með mörgum háttum, þat er stundum, at úáran verðr á korni, ok gefr þó jörð gras ok hálm, en stundum gefr hon hvárki. Þat er ok stundum, at jörð gefr yfrinn ávöxt ok góðan, ok megu menn þó eigi njóta, þvíat úáran⁵ er í lopti, ok spilla veðr öllum ávöxtum í þann tíma, er hirða skyldi; en stundum spillir skjadaðak, þóat ýrnir sé ávextir ok góð veðrátta. Svá kann ok stundum verða, at allir ávextir jarðar standi með hinum bezta blóma árgallalausir, ok sé þó mikit úáran í búi manns ok kvikfénaði eða í hafi eða í vötnum, eða [allskyns veiði⁶. Svá kann ok stundum at verða, ef eigi vill vel, at allir þessir árgallar berask í senn til handa, ok verðr þá með mönnum jafnýðrar sáðar eða dýrri en hreint korn, meðan ár er. Þessir allir árgallar er nú eru taldir, munu virðask mikil þröngsl hverju landi því, er þeir kunnu til at koma, ok nálíga mun vera kallat lands auðn, ef allir koma í senn ok standa þrjá vetr.

Nú er sá enn útaldr árgalli, er miklu er þyngri einn en allir þessir, er nú höfum vér talda, ef úáran kann at koma í fólkit sjálfst, er byggvir landit, eða enn heldr, ef árgalli kemr í síðu þeirra ok mannvit eða meðferðir, er gæta skulu stjórnar landsins; fyrir því at mart liggr til ráðs at hjálpa því landi, er úáran er⁷ á, ef á þeim

¹) úspuralir ²) ok kynduga tilf. *Udg.* ³) sáðum ⁴) nauðir ⁵) vatn

⁶) veiðistöðum ⁷) kemr

löndum er gott, er ihjá liggja, ok véla vitrir menn um. En ef úáran verðr á fólkinu eða á síðum landsins, þá standa þar miklu stærstir skaðar af; þvíat þá má eigi kaupa af öðrum löndum með fé hvárki síðu né mannvit, ef þat týnisk eða spillisk, er áðr var í landinu. En þóat úáran komi á bæ bónda, [þann er áðr hefir verit góðr¹, ok hann hefir lengi átt eða hans frændr fyrir hánum, þá mun hann eigi svá mikla leiðu göra sér eða reidi [á bæ sínum², at hann mun³ þegar segja hann sér afhendan, ok hirða eigi hvat af verðr; heldr mun hann þat til ráðs taka, at hirða jafnvirkiliga gras ok agnar, eða enn betr en áðr hirti hann gott korn ok hreint, ok næra svá sín hibili⁴, sem hann má, þar til sem guð vill, at betr verði. Með sama hætti verðr ok konungr at gera, ef hann verðr fyrir þeirri nauðsyn, at árgalli kemr í síðu landsins eða mannvit, þá fær hann eigi afhent sér sagt ríki sitt, ok verðr heldr fyrir nauðsynja sakir láta jafnvel yfir fávitrum, sem þá var látit yfir spekingum, meðan ríki stóð með [beztum tíma⁵ ok síðum. Verðr at refsa sumt, sumt at biðja⁶, en sumt at læra með kenningum [ok næra⁷ alla vega sem má, þar til er guð vill at betr verði.

XXXVI. *Sonr.* Þetta skilsk mér nú vel, at marga vega megu nauðsynjar mönnum til handa bera, jafnvel rikum sem úrikum, svá konungum sem kotkórlum. Nú með því at sakar dælleika ok leyfis þess, er þér hafit mér gefit til spurningar í ræðu okkarri, þá vilda ek enn, at þér skiladit þessa ræðu görsamligra fyrir mér, áðr en vit takim aðra. Hvat sýnisk yðr um þat, hversu þess berr til, at svá stórir árgallar kunnu at koma á mannvit manna, ok alt týnisk í senn, mannvit ok síðir landsins? Eða hvárt sú⁸ tjón kemr af fólkinu, er byggvir ríki⁹, eða af konungi ok því fólki, er stjórna skal ríkinu með hánum?

Faðir. Þat er nú spyr þú, þá kemr af ýmisum hlutum ok atburðum ok skadasamligum, en sjaldan ætla ek þó, at þesskyns háskar komi með upphafi af alþýðu þeirri, er vinur land eða byggvir, ef þeir væri ráðsnotrir, er gæta skyldu, ok væri konungr sjálfr vitr. En ef guð vill senda þann bardaga á eitthvert land fyrir synda sakar fólksins, at síðir skulu spillask eða mannvit, þá skipar hann því skjótt, þegar hann vill, með ýmisum atburðum. En þessi eru allmörg dæmi, at¹⁰ orðit hafa í ýmisum stöðum, þar sem eigi vildi vel, at sá einhverr höfðingi, er bæði hefir verit vitr ok auðigr, ok hefir haft mikla sæmd með konungi, setit hjá ráðagerðum hans ok átt mikinn hlut í land-

1) þó áðr hafi góðr verit 2) leggja á bæ sinn 3) muni 4) hýbýli 5) blóma sínum 6) til tilf. 7) nær 8) þat 9) landit 10) er

stjórnnum með hánun, sá maðr hefir við þat frá fallit sínum hibilum¹, at hann hefir eptir sik átt fjóra sonu eða fimm, ok alla í mikilli æsku ok bernsku; þá verðr þegar mikill skaði konungi ok öllu ríkinu: þá hefir konungr mist góðs vinar, margra hollræða², mikils hlífðarvápnis; en auðr hans er því næst skiptir í fimm staði, ok ruglat or stað allri hans³ athöfn, ok smættisk þá með því hans hyski, at hverr sona hans hefir hinn fimta hlut á⁴ því allri, er hann tók af fé sinu, meðan er hann lifði; en fyrir bernsku sakar enn minna af mannviti hans eða athæfi. En þá verðr enn meiri munr, ef hann á engan son eptir sik, er hann fellr ífrá, ok þo jafnmargar dætr sem nú hefi ek sonu talda; en þá verðr enn mestr munr, ef hvárki er eptir synir né dætr, ok kann svá til at bera, at auðr hans skiptisk smátt milli [fjarborinna kvísla⁵ hans, ef engir lifa allnánir⁶.

Nú ef slikir atburðir kunnu verða margir senn í einu konungs ríki, þá mun brátt forðask⁷ afl ráðagerðar með konungi, þóat hann sé vel vits eigandi sjálfr. En ef svá berr til, sem enn eru dæmi til jafnvel þessarra hluta, at konungr sjálfr kann svá fráfalla, at hann eigi eptir sik ungan son, ok tekr sá [til ríkis⁸ í bernsku sinni eptir föður sinn, enda þá ungir ráðgjafarnir, er í stað þeirra ellimannanna koma ok spekinganna, er fyrr höfðu verit, ok kunnu þessir hlutir allir senn til at verða, er nú höfum vér rætt, þá er ofmikil ván, at árgalla geri á allri stjórn landsins, ok bregðisk nökkut siðr landsins, ef stjórnin spillisk.

En nú eru eptir þeir einir atburðir; er miklu eru sýnstir til þess úárans, er mestir standa höfuðglæpir af, ok er því verr, at eigi eru siðr dæmi til þeirra atburða en þessarra, sem nú eru taldir. Ef svá berr til, at konungr hefir ríki stjórnat ok fellr við þat ífrá ríki, at hann á eptir sik þrjá sonu eða fjóra, ok þeir allir æskufullir ok kapps, er⁹ af þeim kynkvíslum eru komnir, er fyrr stjórnudu landráðum með konungi, ok hvárttveggja váru kyngóðir ok þó fésterkir¹⁰; nú ef svá illa berr einhverju ríki til með þessum atburðum, er nú eru taldir, at mörg eru konunga efni, enda verðr svá ilt ráð tekit, at öll verða senn skrydd konungligri tign eða nafni; þá má þat ríki kalla hömlubarða¹¹ eða auðnaróðal, ok má þat þá nálíga virðask sem týnt ríki, þvíat þat er þá sáit með hinu mesta úárans fræi¹² ok úfriðar korni. Þvíat þeir smákonungar, er þá hafa sundrslitit ríki, þá slíta þeir þegar

1) hýbýlum 2) heilræða 3) eign ok tilf. 4) af 5) fjarkomiinna kynkvísla 6) fra [fjormeninga, ef engir lifa skyldari 7) förlask; eyðask 8) ríki 9) ván er at, ok tilf. Udg. 10) er ráðgjafar skulu vera tilf. Udg. 11) hömlubarða 12) fræ²

i jafnmarga staði ástundan fólksins, þess er byggvir landit, bæði hins ríka ok hins úríka, ok dregr þá hverr þessarra höfðingja undir sik vini sem við má komask. Því næst hyggv hverr þeirra at sínu ríki ok fjölmenni eða auðæfum, ok svá leiða þeir at huga hvat sá hafði, er næstr var þeim, ok þykkisk þá hverr þeirra oflitit hafa. Þá taka ok vinir hvers¹ þeirra at minnask á ok um at tala, hversu mikit sá konungr mátti atfærask, er fyrr stjórnaði ríki, hvárttveggja um fé eða fjölmenni, eða aðrar stórar athafnir, þær er hann hafðisk at, ok er næsta í hverri áminning, sem hverr eggji sinn höfðingja, at hann mátti meira undir sik koma, en þá hefir hann. En eptir þat tekr hverr þessarra höfðingja at draga til sinnar fehirzlu þann auð, er minst er ríkisbót² í, þat er öfund; ok því næst verða samanlesnar smár sakar ok gör af mikil reiði, ok tekr þá frændsemi at spillask, ok er þar þá ætlaðr úþurftamaðr, sem fyrr var kallaðr vin ok frændi, ok býr því næst hverr um grun við annan. En þegar sœðask taka grunir ok kvittir, þá þykkir úsidarmönnum árvænt, ok bera þeir þá út plóga sína. Því næst rennr upp úfirðar ávöxtr, vex ágirnd ok újafnaðr, dirfask menn í manndrápum ok ágjarnligum ránum eða stuldum.

En ef svá berr at, at einnhverr þessarra höfðingja vill refsa [greinda úsiðu³ í sínu ríki, þá verðr flýit undir hendr öðrum höfðingja, ok kallask þeir koma sakalausir undir harða reiði síns höfðingja, er fyrir úsiðar sakar flýðu heiman. Því næst veitir sá viðtöku, er til verðr flýit, meir fyrir⁴ kapps sakar en mildi: þviat hann vill leita við at gera sér nökkura vini í annars ríki, þá er hánum yrði traust í, en hinum yrði gagnstæðligir, ef þeir kunnu nökkut úsáttir at verða. En þeir er flýit hafa fyrir úsiðar sakir ok lögbrota, þá taka þeir [ok fjándskapask⁵ þann höfðingja, er þeir váru fyrr undir höndum, bera úvináttu millim hans ok þess, er þá eru þeir tilkomnir, alla þá er þeir megu; vinna ok hefndir brottferðar sinnar aptr í hans ríki með manndrápum, með ránum eða stuldum, svá sem þeir væri sakalausir, en hann hefði valdit öllum sökum. En því næst taka úsiðir at margfaldask; þviat guð hefnir svá reiði sinnar, at þar sem saman koma fjögur endimerki í ríki þessarra höfðingja, þá setr hann þar niðr hverfanda hvel, þat er veltisk um á úróar⁶ axlir⁷. Eptir þat týnir hverr frændsemi við annan ok görisk sífjaspjall⁸, ok þyrma menn engum leytum⁹, þviat hvervetna þess er eitt fólk er skipt í marga staði með höfðingja ástundan, enda verða þeir sundrþykkir, þá dirfisk þegar alþýðan eptir

¹) þess* ²) getubót ³) *mgl.** ⁴) fjándskapar ok *tílf.* ⁵) at f. við (ú)
⁶) orvar*; úróa ⁷) (öxli?); ankanua-(aukannar-)lult um jörðina *tílf.*
⁸) sómaspjall ⁹) lutum

sínum girndum, ok brígða¹ þá alugat öllum síðum landsins; þviat þá görir sjálfir hverr sér síð eptir sinni hugarlund, ok hræðisk engi maðr refsing, þegar höfðingjar sundrþykkjask ok smættask².

En þegar er hverr litr á sjálfs síns list ok slægð, þá verða ofgangsi³ allskyns úgæfur í því landi, aukask manndráp ok sakir; þá verða konur sumar hernæmdar⁴ ok nauðgar teknar, en sumar véltar með brögðum ok legorðum⁵, ok börn görask með hórdómum ok löglausum hjúskap; sumir taka frændkonur eða sifkonur sínar, en sumir gleþja manna konur frá bóndum sínum, ok drýggjask með slikum atburðum allskyns hórdómar, ok smættask allar ættir, þær sem getnar verða með slikri úráðvendi. Þá verða ok framdar allskyns aðrar úgæfur: bændr ok alþýða gerask þá ríkisdjarfir ok úhlýðnir; sjá illa við sökum⁶, ok bæta fár, þóat margar verði görvar; eiga samveldisþing; lita á múga sinn ok höfðatal, ok kjósa þeir þann kost til sín, er helzt gegnir vandræðum, þviat þeir binda alla í eitt félag, spaka menn ok síðsama, ok úsiðarmenn ok fól, ok færa⁷ undan sökum heimiska menn, ok þá er újafngjarnir eru, þóat þeir geri hvern dag til, ok gera annathvært, at sverja með þeim ranga eða úsær vitni, eða elligar halda með kappi ok sleitu á þingum sínum, svá at sakafullir svara engu konungsmönnum, þeim er gæta skulu landstjórnar undir konungi. Þviat heimskr múgr virðir svá fyrir sér, at konungr sé þeim skipaðr gagnstaðligr, ok þykkisk heimskr maðr í því vera vel sæmðr, ok metr sik mikils fyrir úsnotra manna augum, ef hann má nökkura stund sik⁸ í því halda, ok vera fyrir utan konungs ríki eða lögligar setningar. Ok ef í nökkurum stað eigu þeir sjálfir málum at skipta sín á millum, þá treysta fól⁹ hinn heimiska, svá at hann skal rikastr vera í þeirra viðrskipti, en hinn réttláti ok hinn spaki verðr afsviptr sínum hlut. Ok ef hinn ágjarni ok hinn úspaki verðr drepinn fyrir sína ágirnd, þá virða svá heimskir frændr, þeir er eptir lifa, at þeim sé í því görr mikill skaði ok ættarskarð. Ok ef nökkurr hefir sá verit drepinn fyrr or þeirri ætt, er bæði hefir verit spakr ok vitr, ok mörgum hefir hans vit ok spekt at gagni orðit, ok ef sá hefir með fé verit aptr bætr frændum, þá skal þvilikra bóta beiðask fyrir hinn heimiska, sem fyrr váru teknar fyrir hinn vitra, eða elligar skal hefna með manndrápi.

En þegar guð sér slíka misdæming görva með úráði ok rangri ásýn, þá snýr hann þeim újafnaði aptr á sjálfa þá, er ranga ok újafna dóma hefja upp fyrir öndverðu; þviat þegar er hinn heimski ok hinn

1) bregðr 2) smækkask 3) algangs 4) herfengnar 5) ljúgyrðum 6) sættum* 7) draga 8) sér 9) á tilf.

ágjarni sér þat, at hann er vel virðr, betr en hinn vitri með spekt sína, ok er heimskra hans ok ágirnd snúit hánnum til sœmdar ok upphafs, þá görir hann svá sem náttúra er til ok siðvenja allra heimskra manna, at falla því meir fram viðr ok koma [því víðara¹ niðr með sinni ágirnd. En þegar er þat leggsk til frægðar ok sœmdar af alþýðu, er illa er ok allir ætti at hata, þá nemr annarr ok hinn þriði ok því næst hverr eptir öðrum, til þess er þat leggsk undir almenniliga siðvenju, at sá einn þykkir vel vera, er ágjarn er ok nökkut má með röngu af annars sœmd² draga til síns hlutar. Því næst býr hverr við annan með ágirnd, ok snýsk sú illska upp³ á sjálfa þá, er með skamsýniligri illsku hófu þau rangendi upp fyrir öndverðu; þviat hverr býr um siðir í annars höfði, annathvært með áverka eða öðrum úfagnaði⁴, ok falla svá niðr allar fornar ok lögligar setningar. En þó beiðask allir þess, at konungar ok stórhöfðingjar skuli þyrma lögum mjök með vægð, en engi af alþýðunni vill hafa lög við annan, ok vill hverr langt yfirstiga þat, sem fyrir öndverðu var til kominn. En þegar er allar lögligar setningar eru niðrfallnar ok réttar refsingar, en úlög ok illskur koma í stað, ok þat verðr algangsi⁵, svá at guði leiðisk, þá leitar hann þeirrar hefndar, er til allra taki, svá sem afgerðirnar tóku. Þá kastar hann hatri ok fjándskap niðr milli þeirra höfðingja, er fyrir þat ríki eru settir. Þar kann ok úáran at fylgja, ef eigi vill vel, ok taka þeir at þræta sín á milli, ok finnr hverr sök í annars ríki, til þess er þeir deila með manndrápum ok orrostum.

En þegar þat tekr at fylgjask ok dreifask yfir alla þá, er ríkit byggva, úáran ok manndrápin ok orrostur, þá er þat ríki komit at auðn ok þrotum, ef sú æfi stendr nökkura stund, ok ef nökkut hefir gætt verit eða haldit af lögum eða dugandi siðum um þær stundir⁶, er fyrr váru taldar, þá tynisk nú görsamliga, þegar slik æfi kemr, sem nú ræddum vér um, þviat í orrostum tynask hinir beztu menninir⁷, ok þeir sem kynbezti eru. En úáran ok rán ok allskyns úfriðr, sá er þá kann at verða, taka fjárlutina frá þeim, er fyrr áttu ok með réttu höfðu fengit, ok hefir sá, er heldr má af öðrum grípa með ráni ok stuld. Ok þegar slik æfi kemr yfir eitthvert land, þá hefir þat týnt hvártveggja góðum siðum ok dugandi mönnum, fé ok frelsi ok allri gæzku, svá lengi sem guð vill, at sá bardagi standi; en hann görir þat eptir sinni miskunn, þviat hann á kost at frjálsa þat land, þegar hánnum þykkir fólkit yfrit bart fyrir sínar syndir. Nú mátt þú ætla, ef þat land frjálsisk með guðs miskunn, ok kann síðan at koma

1) í því fleiri staði 2) sjóð 3) apr 4) úfagnaði 5) algangs 6) mundir 7) ok hinir viljastu tilf.

undir einvaldskonung, hversu siðgott fólk eða nytsamligt ríki þat mun þá vera hinar næstu stundir eptir slíkan úróa, sem nú var um rætt, þar sem fyrr var skipt ríkinu ok öllu fólkinu undir blandaðan siða-fjölda ok ástundan margra höfðingja, ok leitaði við þat hverr, at nema ok mót öðrum snúa vélar ok svik, údygggleik ok allskyns illskur.

XXXVII. *Sonr.* Þetta er vist auðsýnt, at ef þessir allir¹ atburðir koma í eitthvert ríki, þá tynisk þat at vísu, ef nökkura hrið stendr sú æfi; en þó munu vist dæmi til vera slíkra atburða, ok er þess vís ván, at mikít ilt ok margföld úgæfa mun af standa, áðr en lúkisk, hvervetna er slíkir atburðir kunnu at verða. Þat er mér nú ok sýnt, ef með slíkri úgæfu tynask siðir eða lög í einhverju ríki, sem nú hafi þér rætt, þóat guð vili frjálsa þat um siðir af úfriði ok bardaga, ok snúi því undir einn höfðingja eptir slíka úró, þá mun þó fólkit alt, þat sem þá lifir eptir, úhæveskt ok siðlaust, ok mun vist þurfa, svá sem þér sögðut fyrr, hvárttveggja góðra kenninga, ok þó stundum mjök harðra refsinga; ok þó mun sá er tekr við því ríki, þurfa langa stund ok mikinn kragt ok harðendi², áðr en þat ríki komi aprt í sama stað, er fyrr var, þóat hann sé³ vitr sjálfr, ef þat hafði ok nökkura dugandi siðu, áðr en slíkr úfriðr kæmi.

Nú með því at ek hefi til þeirrar ræðu helzt forvitnask, er ríki má mest spjall af taka, ok þat mun únytsamt verða bæði fyrir siðartjón ok manntjón ok fjártjón, ef slíkir atburðir kunnu verða, enda hefi ek þar nú gnóg andsvör fyrir fengit, hversu slíkir hlutir megu at berask, ef úgæfa vill til handa snúask; svá er mér ok þat ljóst orðit fyrir augum, hversu stórir skaðar eða spjall megu verða af slíkum atburðum, ok þykki mér nú sú ræða helzti löng orðin, er úhugnaðr⁴ má hverjum manni at vera, þeim er siðarmaðr vill heita, ok þess má hverr guð biðja, at eigi verði slík æfi á hans dögum, hvárt sem hann er ríkr eða úríkr; af því vil ek nú þess biðja, sem ek hóf upp fyrir öndverðu, at þér sýnit mér þá siðu, er yðr sýnisk at mér beri vel, ef ek staðfestumk í konungs þjónostu, hver æfi sem þá kann til handa at bera; þó vilda ek þess guð biðja, meðan mitt líf væri, at þá væri friðr ok ró ok góð æfi.

Faðir. Úkunnigt er þat öllum, hversu guð vill því til skipta, hvern tíma hverjum manni er auðit uppi at vera. En ef maðr vill vist konungs maðr vera ok herr þat í þær stundir, er útímar ok úgæfur vilja vera fyrir sakar margra höfðingja eða nökkurs úfriðar, þá varðaði lánum þat miklu, at hann tæki þann at þýðask, er lögligast væri til ríkis kominn ok þeirra siða vildi helzt gæta, er réttir konungar ok siðsamir

¹) úgæfu tilf. ²) harðhendi ³) mjök tilf. ⁴) úfagnaðr; úhagnaðr

höfðu áðr fyrir hánum sjálfir haldit. Þá á hann sít ván háskasamligra svara fyrir sína fylgd, hvárt sem hann þarf til at taka annars heims eða þessa. En þar er þú spurðir þess, hverja síðu er þú skyldir hafa, er þú yrðir bundinn í konungs þjónustu, þá má þat nú vel skýra fyrir þér.

Þat skalt þú hafa upphaf at síðum þínum, at þú lát aldri hug þinn utan guðs aga eða hræzlu, ok elska hann umfram alla hluti, því næst elskaðu alla ráðvendi. Ven þik at vera jafngjarnan, réttlátan ok höfsaman í öllum hlutum. Lát þér jafnan í hug koma þinn endadag, ok ver sem glæpvarastr. Minnsk þess, at margr lifir sá litla hrið, er lengi lifir athæfi hans eptir hann, ok varðar þat miklu, [hvers minnask er eptir hann¹. Þviat sumir verða frægir af góðum verkum, ok lifa þau jafnan eptir hann, ok er jafnan hans sœmd lifandi, þóat hann sé sjálf dauðr. Sumir verða frægir af illum hlutum, ok bera þeir jafnan lifandi skömm, þóat þeir sé sjálfir dauðir, þegar getit verðr þeirra athæfis, ok svá frændr þeirra ok allr afspringr, sá er af þeim kemr eptir þeirra daga, þá bera þessa skömm. En sá er mestr fjöldi, er svá fellr niðr sem búfé, at hvárki verðr getit at illu né góðu, ok skalt þú þat víst vita, at þat er eigi at réttu mannsins óðal; þviat öll skepna önnur var sköpuð manningum til viðrvisar ok skemtanar, en maðrinn var bæði skapaðr til veraldliga gersima ok svá til annars heims gersima, ef hann vill öðlask þat sem hann er til skapaðr. Ok skyldi því hverr [við þat leita², meðan hann lifði, at leifa þá nökkura hluti eptir sik, er hans væri. at góðu getit, þegar hann felli ifrá; en allra helst er þat skylt konungum ok öðrum stórhöfðingjum ok öllum þeim, er þá þýðask ok í þeirra embætti bindask; fyrir því at maðr verðr eigi virðr síðan sem kotkarl, heldr er hann virðr sem landstjórnarmaðr eða einnhverr höfðingi, ok svá á hann at vera, ef hann vill þeim síðum fylgja, er hánum ok hans nafni hæfir.

Sé³ við því, at görask tvislægr í vináttu höfðingja milli, þviat þat gera einarðarlausir menn, ok er engi sá öruggur um sína dáðsemi⁴, er þat gerir. Elska höfðingja þinn vel fyrir utan allar flærðir, meðan þú vilt hánum þjónat hafa, ok drag aldri þýðu eða samræði til hans úvina, ef þú vilt dáðrakk⁵ vera. Guð einn skalt þú elska umfram höfðingja þinn, en engan mann. En þessir hlutir eru þeir, er þú skalt framarliga varask, at þú verðir eigi við kendr: eiðar úsærir ok lygvitni⁶, pútnahús eða samsætisdrykkjur, fyrir utan í konungs húsi⁷ eða at samkundum réttum, tenningskast um silfr, mútugirni ok alla

¹) hver minning eptir hann er ²) þat kostgæfa ³) Sjá ⁴) ráðgirni ⁵) alltryggr ⁶) ljúgvitni ⁷) eða í sjálfs þins húsi tilf.

aðra ranga fégirni; þvíat þessir hlutir eru hverjum konungsmanni mikil skömm þessa heims, en hann hlýtr af salutjón annars heims, ef hann verðr í þessum hlutum tekinn. Hvar sem þú ert staddr, þá ger þik aldriki drukkinn, þvíat iðuliga má svá at berask, at þú sér þá kallaðr til mála manna ok til yfirsjónar, eða elligar þurfir þú [um þin vandamál at væla¹; ok ef slikir hlutir kunnu manni meðan til handa at bera, er hann er drukkinn, þá er hann til enskis fær; ok læfir fyrir því hverjum manni við ofdrykkju at sjá, allra helzt konungsmönnum, ok þeim er sidarmenn vilja heita, þvíat þeir verða optast til kallaðir yfir mál manna at sjá eða til annarra nauðsynja; enda skulu þeir hverjum manni góð dæmi gera², ef nökkurr vildi eptir þeirra sidum nema at lifa.

Þessi vanyfli³ skalt þú ok hafa at þinum hag ok athæfi ok eigi gleyma, ef þú ert konungsmaðr. Þú skalt opt vera kendr í nánd höfðingja þinum. Snemma um morna skalt þú hánum til kirkju fylgja, ef hann fylgir því athæfi, er hann á með réttu at hafa, ok hlýða athugasamliga tíðum þinum, meðan þú ert at kirkju staddr, biðja þér miskunnar við guð með áhyggju. En þegar er konungr gengr frá kirkju, þá fylg þú hánum ok ver svá nökkur⁴ nær hánum staddr, at þú sér í hans augliti, at hann megi kost eiga at krefja þik til einnahverra hluta, ef hann vill þik til hafa kallat; en eigi skalt þú svá nærgöngull gerask hánum, at hánum virðisk sem þröngð⁵ sé at þinni návist, ef hann vill annattveggja tala við þá menn, er hann heimtir á mál við sik, eða einhverja þá hluti frammi hafa, er hann vill at leyndarmál sé. Enga hluti skalt þú þá forvitna við höfðingja þinn, er þú sér, at hann vill at leyniligir sé, nema hann kalli þik til vitorðs með sér. En ef þeir hlutir görask nökkurir, er höfðingi þinn hefir þik at trúnaðarmanni, ok hann vill at leyndir sé, þá hirð þú þá vandliga með vitrligri⁶ haldinyrði, ok [gersk eigi uppskár⁷ um þá hluti, er undir þinum trúnaði eru fólgnir.

Því skalt þú ok venja þik, at þú vitja árla um morna konungs herbergis, áðr en hann sé uppstaðinn, ok ver þú þó þveginn ok vaskaðr ok búinn allri atgervi, ok bið hans í nánd herbergi, þar til er hann vill hafa uppstaðit. Gakk því at eins inn í herbergi konungs, at hann láti kalla þik. En [í hverjum stað sem konungr lætr þik til sín kalla⁸, þá gakk þú yfirhafnarlauss til hans. En ef þat er svá árla um morna, at þú hefir hann eigi fyrr funnit, þá bjóð hánum góðan dag með þeim

¹) við vin þinn vandamál at ræða ²) gefa ³) þenna vanda ⁴) nökkuru
⁵) þröng ⁶) vitrligu ⁷) ger eigi uppskatt ⁸) hvern tíma er konungr lætr kalla á þik

orðum, er ek hefi þér fyrr sagt, en þú gakk þó hánum eigi nærri en hann hafi yfrit rúm at tala við þá, er næstir hánum eru, ok nem þá¹ staðar fyrir hánum. En ef hann heintir þik nærri sér ok vill tala við þik leyniliga, þá [sezsk þú² á kné fyrir hánum svá nærri, at þú megir vel hlýða hans einmælum, ok þá³ skikkjulauss. En ef hann biðr þik sitja, þá mátt þú leggja yfir þik skikkju þína, ef þú vilt, ok sitja þar sem hann býðr þér.

Nú berr svá at, at konungr gengr at skemta sér, hvárt sem þat er í kaupstað eða í heraði, eða hvar sem hann er staddr, ok fylgir þú hánum ok þínir lögumautar, hvárt sem þér erut vápnadir eða vápnlausir, þá er svá fegrst fylgd yður, at þér gangit jafnmargir á hváratveggja hlið hánum, ok þó hvárgir með böllóttum⁴ flokki. Efnit⁵ svá til, at hann verði í miðju yðru föruneyti staddr, þar sem þér gangit, ok þér verðit jafnmargir á hváratveggja hlið hánum eða fram ífrá hánum sem á bak; en engi yðarr gangi svá nær hánum, at hann hafi eigi yfrit rúm at tala við þá menn, er hann vill til sín hafa kallat, hvárt sem hann vill tala við þá [í hæð eða í leynd⁶. En þóat hann kalli engan mann á tal við sik, þá látit hann ganga millum yðar, svá at hann hafi jafnan mikit rúm alla vega um sik. En ef konungr riðr at skemta sér ok fylgir þú hánum ok þínir lögumautar, þá háttit hina sömu lund⁷ reid yðarri, sem ek hefi áðr sagt um göngu yðra, ok því þá sjarmeir, at engi saurr stökkvi af yðrum hestum ok á konunginn, þóat þér riðit mjök hart.

Nú kallar konungr á þik með ákveðnu nafni, þá varask þú þat, at þú kveðir hvárki hú né há eða hvat á móti, tak heldr svá til orðs: „Já, herra, ek heyri gjarna.“ Varask þú þat ok vandliga, at þú hlaupir eigi snemma í át eða drykkju um morna [með þeim mönnum, er gjómenn eru eða úsiðarmenn⁸. Bið síðsamliga konungs borða, ok gakk til borða með konungi hverju sinni, er þú ert inuan hirðar staddr. En þá er konungr gengr til borðs með hirð sína, þá eigu allir hirðmenn hans at fylgja góðum síðum ok fagri skipan, at eigi hlaupi hverr fyrir annan fram sem síðlausir menn, heldr á þá hverr at vita sína rétta göngu ok samsætismann, ok hafa þá hina sömu skipan í göngu sinni, sem þeir eigu síðan at hafa í [sætum sínum⁹. Ganga tveir ok tveir saman sessar eða samsætismenn laugar at taka, hvárt sem laugar verða gefnar úti eða inni, ok ganga svá síðan til borða hverr eptir sinni skipan, svá sem hann veit sitt rúm skipat fyrir öndverðu. Svá

1) þar 2) styð þik 3) þó 4) böllóttum 5) Ædlit 6) hátt eða leyniliga 7) leið 8) er gjómenn eða úsiðarmenn göra; með gjámönnum; með úsiðarmönnum 9) setu sinni

eigu hirðmenn hljóðir at vera yfir borðum, at ekki orð heyri þeir, er á tvær hendr þeim sitja, er við talask; svá tali hverr lágt við sinn sessa, at engi heyri nema þeir er við ræðask, þá er bæði gótt hljóð ok góðir siðir í konungs húsi. En þat spillir eigi síðum þínum, at þú neytir matar þíns vel ok skjótt eptir þinni nauðsyn¹, ok svá drykkjar² yfir borðum³. En við því skalt þú jafnan sjá, at gera þik drukkinn. Því skalt þú augum jafnan leiða til konungs sætis, at sjá hvat fram ferr um hans þjónustu, ok ver varr um þat jafnan, er þú sér at konungr hefir [drykk á⁴ munn, þá et þú eigi meðan hann neytir drykkjar síns; ok þóat þú halir drykk í hendi, þá set þú niðr ker þitt ok neyt eigi þíns drykkjar. Slika hina sömu tign skalt þú veita dróttningu, sem þú veitir konungi í öllum stöðum, eptir því sem nú hefi ek sagt. En ef konungr hefir yfir borði með sér þann gest, er slika tign á at þiggja, annattveggja konung eða jarl, eða erki-byskup eða ljóðbyskup, þá skalt þú gæta hins sama siðar, er áðr hefi ek sagt þér. En ef mikill er fjöldi ríkra manna yfir borði með konungi, þá þarftu eigi, nema þú vilir, fleirum mönnum þenna sið at veita um drykk þinn, nema konungi ok dróttningu, nema því at eins at konungr sé nökkurr annarr yfir⁵ borði með hánum.

Nú berr svá til, at konungs hirð sitr í konungs herbergi, ok er eigi borð frammi, ok koma inngangandi þeir höfðingjar er konungr vill sjálfr með tigu fagna, þá eigu allir menn eigi siðr at rísa upp í móti þeim, en í móti sínum höfðingja, ok fagna þeim bliðliga, eptir því sem þeir vitu, at konungs er vili til. En þessa tign á hverr lögunautr öðrum at veita, ef sá kemr inn farandi, er áðr hefir úti verit, ok gengr þar til sætis síns, sem hann á gang réttan ok skipan, þá eigu þeir tveir upp at rísa móti hánun, er næstir hánun sitja á sína hönd hvárr, ok fagna hánun bliðliga ok biðja hann vel kominn með sér. Hvárt sem konungsmenn eru staddir í samsæti, eða eru þeir í fylgd með konungi, eða ganga þeir allir saman til sinnar skemtanar, þar sem þeir verða mjök fyrir augum annarra manna, þá eigu þeir jafnan heldr at vera í hljóðara lagi ok siðprúðir⁶ í látæði sinu, fagryrðir, ok sjá við öllu saurmæli. Slika hluti alla sem nú hefi ek þér sagða, þá eigu allir konungsmenn at hafa ok fylgja, ef þeir vilja siðprúðir⁶ heita. En hversu sem aðrir gera, þá gættu þó þessa vel, er nú hefi ek sagt, ok kenn hverjum holliga, þeim er af þér vill nema.

Nú berr svá at, at lögunautar þínir vilja til skemtanar ok drykkju ganga frá konungs herbergi, [þú tekr ok⁷ leyfi af kon-

1) þörf 2) drykks 3) mat þínum 4) drykkju at 5) at 6) siðvandir

7) ok taka þeir

ungi til skemtanargöngu, þá skalt þú þessa skemtan elska, sem nú vil ek þér kunna gera. Ef þú ert staddr þar sem hestum má riða, ok átt þú þér sjálfr hest, þá stig þú á hest þinn með þungum vápnum, ok tem þik til, hversu þú megir þess sitja á hesti þínum, er bæði sé fegrst ok fastast. Ven fót þinn at þrýsta fast ístöðum¹ með réttum leggjum, ok lát hæl þinn nökkut svá siga lægra en tær, nema því at eins, at þú þurfir framan at varaskálaga², ok ven þik þó fast at sitja með þrýstundum leggjum. Hyl vel brjóst þitt ok alla limu þína með loknum skildi. Ven þú hina vinstri hönd vel at gæta beizls ok mundriða, en hina hægri hönd ven þú at [hæfa vel glefju álagi með fulltingjanda³ brjóstafli. Ven þú hest þinn góðan um at kasta á hlaupanda skrefi⁴, ok haf hann hvártveggja vel at holdum ok hreinan⁵, skúa þú hann vel ok fastliga með sterkjum ok fögrum öllum hestbúnaði.

En ef þú ert staddr í kaupstað eða einumhverjum þeim stað, er eigi má hesta nýta til skemtanar, þá skalt þú þessa skemtan elska, at ganga til herbergis þíns ok búa þik þungum vápnum; leita þér ok þess féлага, er með þér vili leik fremja, ok þú veizt at vel er til þess lærðr at berjask undan⁶ skildi eða buklara, hvárt sem heldr er [útlenzkr eða hérleznkr⁷. Tak þú ok jafnan til þessa leiks þung vápn, annattveggja brynju eða þungan⁸ panzara ok haf í hendi þér annattveggja þungan skjöld eða buklara ok þungt sverð. Í þeim leik skalt þú við leita at nema hæfilig högg ok nauðsynlig ok haldkæmlig⁹ ok góð viðrslög. Kenn þér ok at hylja þik vel með þínum skildi, ok þat at þú mættir þessa hluti vel varazk fá, ef þú átt við úvin þínu at skipta. Ef þér þykkir nökkut undir at vera vel lærðr af þessarri iðrótt, þá haf þenna leik tysvar um dag, ef þú mátt við komask¹⁰; en engan dag lát þú svá allan út ganga, at þú leikir eigi þenna leik einu sinni, nema heilagt sé, þvíat þessi iðrótt er sæmilig at kunna hverjum konungsmanni, ok þó nauðsynlig, ef til þarf at taka. Ef þú verðr móðr af þessum leik, ok fýsir þik at drekka, þá drekk þú smám ok tíðum, svá at þik þyrsti eigi; en sé við því, at þú drekkir þik brúnskarpan¹¹ í þessum leik, en enn siðr drukkinn.

En ef mann fýsir ýmisra¹² leika eða skemtan frammi at hafa, þá eru þeir leikar, er maðr má vel úti fremja, ef kánnum sýnisk þat skemtanarsamligra. Þar til skalt þú gera þér eitt skapt, ok heldr þyngra en spjótskapt, ok reis síðan mark bakka millim, svá sem skottein, þar

1) ístignum; á ístigin 2) álög 3) halda fast þitt gladel (gladiel) í lagi með fylgjanda 4) skrifi* 5) ok fagaðan tilf. 6) undir 7) útlendr eða innlendr 8) þykkvan 9) haldkvæmlig 10) því viðkoma 11) brún-snarpan 12) ýmisliga

við mátt þú nema, hversu langt eða beint þú mátt spjóti skotit fá, svá at skot þitt verði haldkæmt. Þat er ok góð iðrótt ok þó skemtan at ganga með boga sinn í skotbakka með öðrum mönnum. Sú skemtan er ok góð ok haldkæm, ef maðr venr sik at kasta af slöngu hvártveggja langt ok þó beint, bæði af stafslöngu ok handslöngu, eða vápnsteini vel at kasta. En forðum var sá siðr, at allir þeir menn, er fullkómnr vildu vera í þesskyns iðróttum, at vera vel lærðir til vápna ok riddaraskaps¹, þá vöndu þeir báðar hendr jafnkringar í öllu vápnaskipti til at grípa, ok við þat leitaðu, ef þú þykkisk þat finna, at þú hefir² til þess náttúru; þvíat þeir eru bezt at sér görvir í þeirri iðrótt ok hættastir sínum úvinum, er svá eru lærðir.

Ger þér sem leiðust öll manndráp, ok ver skjarr³ við, fyrir utan réttar refsingar eða almenniligar orrostur. En í almenniligri orrostu eptir réttu boði höfðingja þins, þá skalt þú eigi meir skirrask manndráp heldr en eithvert verk þat annarra⁴, er þú veizt at gott verk er ok rétt. Sýn þik í orrostu djarfán ok úfælinn; veg þá með hæfiligum höggum ok haldkæmum, eptir því sem fyrr hafðir þú numit, svá sem af góðu skapi ok þó [drjúgligri reiði⁵. Eigi skaltu berjask með ljúgandi höggum eða þarflausum lögum, eða með skjálgum skotum, svá sem felmtandi maðr. Gá þú þess, at þú kunnir at varask annars vígkæni. Gerstu í öllum orrostum [góðr þrautar⁶, en eigi áhleypinn, ok allra sizt hælinn. Hygg þú jafnan at því, at aðrir megi bera þér gott vitni, en ekki hæl þú sjálfr verkum þínum, at eigi berisk svá til, at eptir liðnar stundir verði á þik hefnda leitat eptir fráfall þeirra manna, er mikill þótti skaði at vera, ok sé á þér hefnt sakar tilteyngingar sjálfs þins orða.

Ef þú ert staddr í orrostu á landi, ok skal á fæti berjask, ok ert⁷ staddr í belli [svinfylktrar fylkingar⁸, þá varðar þat miklu, at vel verði gætt í öndverðri vápnasamankvámu, at eigi [taki hliðask eða rof á gerask bundinni⁹ skjaldborg; ok þarftu þat at varask, at þú bindir aldrigi þína hina fremri skjaldarrönd undir skildi annars. Þat skalt þú ok víst varask, at aldrigi látir þú spjót þitt í fylkingu laust, nema þú hafir tvau, þvíat betra er eitt spjót í fylkingu á velli¹⁰ en tvau sverð til bardaga. En ef á skipum er barzk, þá vel þú þér tvau spjót, þau er þú skjóttir eigi frá þér, annat þat sem langsképt sé, svá at vel taki skipa meðal, en annat þat sem skamsképt sé, ok þú megir vel neyta, er þú leitar til uppgöngu. Misjöfn skotvápn skal

¹) riddaraskapar ²) hafir ³) skirr ⁴) annat ⁵) drengiligri reiði; drengiliga reiðr ⁶) þrautgóðr; þrautargóðr ⁷) verðir þú ⁸) svinfylkingar ⁹) hliðisk eða rofisk (hróflisk) bundin ¹⁰) landi

á skipum hafa, hvárttveggja þunga pálstafi ok [létt fleygigaflök¹. Leitaðu með þungum pálstafi í skjöld annars, en síðan ef skjöld berr af hánnum, þá leitaðu á sjálfan hann [léttu fleygigaflaki², ef þú mátt eigi lagi ná á hann með langskeptu spjóti. Svá skal á skipi berjask sem á landi með góðu gefnagedi³ ok með hæfiligum öllum höggum, en hvergi skalt þú eyða vápnum þínum með [hégómligu brottvarpi⁴.

Margskyns vörn má þau vel neyta á skipi, er maðr kemr⁵ eigi við á landi at hafa, nema því at eins, at hann sé í borg eða í kastala. Á skipi eru góðir langorfljár⁶ ok langskaptar skeggetar, slagbrandar ok stafslöngur, skeptiflettur⁷ ok allskyns annat vörngjót; lásbogar ok handbogar eru þar góðir ok allskyns önnur skotvörn; en kol⁸ ok brennusteinn er höfuðvörn allra þeirra, er nú hefi ek nefnt. Blýsteypdir hersporar ok góðir atgeirar eru ok góð vörn á skipi. Húnkastali er ok góðr at nýta með öllum þessum vörnum ok mörgum öðrum, ok húndreginn fjörmynt⁹ slagbrandr með stálhörðum fleinum. Róðrgöltr er góðr í skipaorrostu með járnudum múla. En því þurfu menn sik áðr vel at læra til slíkra hluta, fyrr en þeir þurfi til at taka, þvíat eigi vitu þeir stund eða tíma, nær þeir þurfu hvers vörns at neyta¹⁰. En gá þú þess, at þú samna sem flestum vörnum, meðan þú þarft þeirra eigi, þvíat þat er sæmd at eiga jafnan góð vörn, ok góð felihrzla í nauðsynjum, ef til þarf at taka. En þann umbúnað þarf á skipi at hafa til varnar: viggýrðla vel ok vigæsa rauliga, leggja hátt viður¹¹ ok [gera undir viður fjögur gagnskeytilig¹² hlið svá mikil, at einn maðr eða báðir tveir megi rúnliga hlaupa með öllum vörnum sínum gögnum; en gera með bryggjum utan tvá vega slétt stræti til ástígs hjá viðum. Þenna umbúnað þarf at renna vel ok fastliga, at eigi skjoplisk, þóat skjöttliga sé áhlaupit. Breiðir skildir eru á skipi góðir til hlífðar ok allskyns brynjur, en þó eru panzarar höfuðvörn til hlífðar á skipum, görvir af blautum léreptum ok vel svörtuðum¹³; góðir hjálmur ok langandi stálhúfur. Mörg vörn eru þau enn önnur, er nýta má á skipi, ok þykki mér eigi nauðsyn af fleirum at telja en nú hefi ek upnefnt.

XXXVIII. *Sonr.* Með því at vér höfum þá ræðu í munni, er helzt lærir þat, hversu maðr skal við sókn eða vörn búask móti úvinum sínum, þá sýnisk mér svá sem enn þurfi nökkut at ræða um þat, hversu

1) létufleyg gafflök 2) létufleygu gafflaki 3) gunna geði; gegnu geði 4) hégóma ok úvizku 5) kemsk 6) langorfljár 7) flettiskeptur 8) jarðkol 9) fermynt; frammynt 10) En hægt er at láta vörn hvilask, þá er eigi þarf at neyta tilf. 11) viður 12) hafa undir viðum gagnsmeygilig 13) sortuðum; smátkaðum; sterkum

á landi skal berjask, annattveggja á hestum¹ eða borgir at verja eða til at sækja, ok ef yðr sýnisk þar nökkut um at ræða, þá vil ek gjarna til hlýða.

Faðir. Sá maðr er á hesti skal berjask, þá verðr hann þess vel gæta, er fyrr höfum vér sagt, at vera vel lærðr til allrar vígkæni á hesti. En þenna umbúnað þarf hann um hest sinn at búa: hann þarf at vera vel skúaðr ok ramliga; svá þarf hann ok um söðul sinn at búa ramliga, at hann sé sterkr ok hábogaðr ok búinn með sterkum gjörðum ok öllu öðru söðulreiði, ok [örugggr suzingull² yfir miðjan söðul, ok svá brjóstgjörð fyrir framan. Hest þarf svá at búa, bæði fyrir framan söðul ok aptan, at ekki sé hann lætt³ fyrir vápnum, hvárki fyrir spjótum eða höggum eða öðrum vápnaburð; þarf hann ok kovertúr⁴ gott at hafa, gört sem panzari⁵, af blautum léreptum ok vel svörtuðum⁶, þviat þat er gott við öllum vápnum til varnar, með hverjum hætti sem þat er utan skrytt, ok síðan þar yfir góða hestbrynju. Með þessum umbúnaði þarf vel hest at hylja bæði um höfuð ok um lend ok brjóst ok um kvið, ok allan hest, svá at eigi megi maðr með falsamligum vápnum at hestinum komask⁷, þóat maðrinn sé á fæti. Með sterku beizli þarf hestr búinn at vera, þat sem örugt sé til halds, bæði upp at halda með, ef þarf, ok svá um at kasta, ef þess þarf hann við. En utan yfir beizli ok um alt höfuð hestsins ok um háls framan til söðuls, þá skal vera grima gör á panzara lund af stirðu⁸ lérepti, svá at engi maðr megi at komask at taka beizl hans eða hest hans með engarri⁹ list.

En þenna umbúnað þarf maðrinn sjálfr at hafa: góðar hosur ok linar, görvar af blautu lérepti ok vel svörtuðu, ok taki þær alt til brókabeltis; en utan yfir þær góðar brynhosur svá hávar, at maðr megi gyrða þær um sik tvífoldum sveip; en utan yfir þat þá þarf hann at hafa góðar brynbrækr, görvar með lérepti, at þeim hætti sem fyrr hefi ek sagt; en þar um utan þarf hann at hafa góðar knébjargir, görvar með þykku járnri ok með stálhörðum nöddum. En upp ifrá þarf hann at hafa næst sér blautan panzara, þann er eigi taki lengra en á mitt lær, en þar næst þarf hann at hafa góða brjóstbjörg, görva af góðu járnri, þá er taki millim geirvartna ok brókabeltis, en yfir þat góða brynju, en yfir brynju góðan panzara, görvan með sama hætti sem áðr var sagt, ok þó ermalausum¹⁰. Tvau sverð þarf hann at hafa, annat þat er hann er gyrðr með, en annat þat er hangir við söðulboga, ok góðan

¹) eða fæti tilf. ²) örugg skíðing gyrð; örugg sitzing (öruggan sitzling); örugt umkast ³) berr ⁴) opertorium ⁵) panzara* ⁶) svörtum ⁷) koma ⁸) stríðu (styrku) ⁹) nökkurri (neinni) ¹⁰) ermalausau

brynknif. Hjalm góðan þarf hann á höfði at hafa görvan af góðu stáli ok búinn með allri andlitsbjörg, en góðan skjöld ok þykkvan á hálsi, ok þó búinn með greligum¹ skjaldarfelli, en síðan góða glafju² ok hvassa af góðu stáli ok vel skepta. Eigi þykki mér þurfa fleira um at ræða þeirra manna umbúnað, er á hesti skulu berjask. Þó eru fleiri vápn, er nýta má á hesti, ef vill, sem annathvært er hornbogi eða lásbogi veykr³, svá at maðr megi vel uppdraga, þóat hann á hesti siti, ok enn eru fleiri vápn, ef hafa vill.

XXXIX. *Souf.* Með því at yðr sýnisk svá, sem þér hafit nefut flestöll þau vápn, er viðrkæmilig eru at hafa á skipum eða á hestum í orrostum, þá vil ek nú þess beiðask, at þér ræðit nökkurum orðum um þau vápn, er yðr sýnisk at hafa til þess at sækja kastala með eða verja.

Fadir. Öll þessi vápn er nú höfum vér áðr um rætt, er hvártveggja er haft á skipum eða á hestum, þá má nýta bæði til þess at sækja kastala með ok svá verja, ok þó enn mörg önnur vápn. Sá er kastala skal sækja með þeim vápnum, er nú eru töld, þá þarf hann ok vist at hafa valslöngur með, sumar sterkar valslöngur til þess at slöngva stóru grjóti á steinvegg, ok freista steinveggjar, ef ofan mætti fella með stórum áköstum; en linar valslöngur til þess at slöngva yfir steinvegg ok brjóta ofan lús⁴, er í eru kastala. En ef með sterkum valslöngum fær eigi steinvegg ofan brotit eða sundrskelfðan, þá má þess freista at leita til þessarar vélar veðr með járnudu enni, þvíat hans höggum⁵ standask fáir steinveggir. En með því at steinveggir vill eigi við þessa vél sundr skjálfa eða ofan brotna, þá má grafsvín til þessar vélar leiða, ef vill. Kastali sá er á hjólum er görr, hann er góðr at vinna annan kastala með, ok er hann með þeim hætti görr, at hann sé hærri görr en hinn, er hann á viðr, þóat eigi sé meiri munr en sjau álva; en hann er æ þeim mun betri at vinna annan kastala með, sem hann er hærri sjálfr görr. Stegar⁶ þeir sem á hvelum standa, ok bæði má draga frá ok til, ok þildir neðan vel ok góð handrif⁷ tveim vegim⁸, þeir eru ok góðir til þessarar vélar. En þat er þó skjótast at segja af þessari list, at öll kyn vápna má til þess vel nýta at vinna kastala; en þat er vitanda hverjum er í þessu vill hlut eiga, at hann kunni vel at vita, nær er hann þarf hvert vápn ok í hvern tíma at hafa.

En þeir er kastala skulu verja, þá megu þeir ok flestöll þau vápn

1) grelligum; góðum; geðligum *Udg.* 2) góða kesju; góðan gladel ok hvassan
3) veikr 4) eða skip eða meíða fólk *tílf.* 5) högg 6) stugar 7) handrið;
handreip 8) tveim megin: tvá vega

nýta, er nú eru töld, ok mörg önnur, bæði valslöngur smár ok stórar, handslöngur ok stafslöngur. Lásbogar eru þeim ok einkum góð vápn ok allir aðrir handbogar ok öll önnur kyn skotvápna, spjót ok pálstafir, hvárttveggja þung ok létt. En á móti valslöngum eða grafsvíni eða þeirri vél, er menn kalla veðr, þá er gott at styrkja alt steinvirki innan með stórum eikiviði; en ef ærin er jörð til eða leir, þá er þat bazi at hafa. Þat gera menn ok þeir er kastala vilja verja, at gera flaka¹ með stórum eikivöndum ok hylja alla steinveggi með þeim þriföldum eða fimföldum, ok þó skulu þeir flakar² vera vel varðir með góðu leiri ok seigu. Þat hafa menn ok gört móti árasum veðrs at fylla sekki stóra með heyi³ eða með ögnum, ok látit síga fyrir andlit veðrs með léttum járnrekendum, þar sem hann vill at⁴ steinveggi koma. Þat kann ok vera, at svá mikil áskot⁵ verði ok komi í kastala, at eigi megi menn í vígskörðum vera; þá er gott at gera hengivígskörð af léttum flökum⁶, ok þurfu þau at vera tveim álnum hærri en kastala vígskörð sjálf, ok þrimr álnum síðari; svá þurfu þau ok fjarri hanga, at menn megi vel vega með öllum vápnum niðr millim kastala ok vígskarða sjálfra ok hengivígskarða. En þau skulu hanga á léttum⁷ ásum þeim, sem þegar megi þau til sín draga, er vill, ok svá út aptr hengja.

Ígulköttr er ok gott vápn þeim, er kastala skal verja, görr af stórum trjám ok þungum, byrstr með eikitinduduð baki, ok skal binda utan við vígskörð, ok láta falla á fólk, ef nærri verðr gengit kastala. Slagbrandar görvir af löngum ráum⁸ ok þungum, hvasstentir með harðri eik, reistir á enda nær vígskörðum, svá at þá megi þegar á menn fella, er nær er gengit kastala. [Brynklungr er ok gott vápn, görr⁹ af góðu járnri með stálhörðum þornum ok bjúgum; ok skal agnór¹⁰ vera á hverjum þorni; en hann þarf svá at gera, at festr sú er hánnum er næst, ok menn megu ná á upp sem lengst, þá skal gör vera með tindudum járnrekendum, at hvarki megi höggvit fá né haldit á; en upp frá þá má hafa slíkt reip, sem fallit þykki, [þegar örugt er til styrkjar¹¹; en til þess er hann góðr at kasta niðr manna millim, ok vita ef hann mætti nökkurn mann veitit fá, hvárt sem heldr verðr einn eða fleiri, ok draga síðan upp til sín. Hleypihvel er ok gott vápn þeim, er kastala skal verja, ok skal gört vera af tveim kvernsteinum, en öxull skal millim vera, görr af seigri eik, síðan skal leggja út yfir vígskörð rás-höll borð, ok skulu þessi hjól þar á hlaupa ok svá út á fólk.

1) fleka 2) flekar 3) hey* 4) á 5) áskaut*; ákost 6) flekum 7) læstum 8) ráóm*; trjám 9) brynklumbur (hleypiklumbr) eru ok góð vápn görvar 10) agnúi 11) fyrir traustleika sakir

Skotvagn er ok gott vápn, hann skal gera sem annan vagn, hvárt sem heldr vill á fjórum hvelum eða tveim; en hann skal svá búa, at hlass hans megi vera, hvárt sem vill, af heitu grjótí eða köldu. Svá skal ok búa hann, at tvær festar megi á hánum hafa, sína með hvárrí síðu, ramlígar ok sterkar, þær er örugt haldí hánum, þegar hann hefir yfrit langt rúm¹; en hann skal renna á ráshöllum borðum, ok skal þó svá til ætla, at hvel hans missi eigi borðsins. En þegar er festarnar taka² at hepta rás hans, þá skýtr hann af sér hlassi sínu ok út á fólkit. Því betra er ok hlass hans, er misjafnara grjót er í borit, sumt stórt en sumt smátt. Þat gera ok þeir menn, er vitrir eru ok kastala skulu verja, at þat grjót er þeir vilja slöngva at fylkingum [eða skjöldum³, þá gera þeir af leiri, ok láta innan í smágrjót hart, bæði flettugrjót⁴ ok aðra harða steina, ok brenna síðan leirit svá hart um utan, at þat þoli vel flaug, meðan því er⁵ kastat; en hvar sem þat kemr niðr, þá springr þat alt í sundr, ok verðr því þá eigi aprt slöngt⁵. En til þess skal hafa harða steina ok stóra, at brjóta [veggi stóra⁶ niðr. Svá ok er þú kastar or steinkastala ok at tré-kastala þeim sem móti þér er, eða at öxultrjáum þeim, sem undir hvelum eru gör, eða undir kastala, eða undir stegum⁷ eða grafsvinum eða einnihverri annarri þeirri vél, er á hjólum er gör, þá er þess betr, er þar er stærra grjót ok harðara til haft.

Vellanda vatn ok heitt gler eða heitt blý þat er ok gott vápn í kastala. En ef grafsvin eða einhver önnur vél er dregin at kastala, svá at eigi má þeim heitt vatn granda, ok er þó lægra en kastala veggir, þá er gott at gera til vápns þar á móti ása, þá er vel eru skúaðir neðan með jární, en síðan gera til bæði hvöss ok stór glóandi plóggjárn ok skjóta síðan öllu saman niðr í trévirkit, svá at plóggjárn standi eptir, en ásar sé upphafðir. Þar skal ok fylgja bik ok brennu-steinn, eða elligar veld tjara.

Tæligrafir⁸ eru ok góð vápn, er görvar eru umhverfis kastala, ok þess betr er þær eru görvar djúpari ok mjörri, ok meiri fjöldi er at, þar sem menn draga á hjólum nökkurar véli⁹ til kastala. Svá skulu tæligrafir⁸ allar görvar vera, at þær skulu hafa marga glyggi¹⁰ ok smá ok alla skaraða¹¹ þó, svá at eigi megi á jörðu sjá; en síðan skulu þær fyldar vera með þeim viði, er eldfimastr¹² er, annattveggja með [tyrvi eða öðrum eldfimum viði¹³. En þá er menn

1) runnit 2) tekr⁸ 3) út á fólkit eða at skjaldborgum 4) flatt grjót 5) þvíat þat brotnar í niðrkomu sinni tilf. 6) steinveggi 7) stigum 8) tæligrafir 9) vélar 10) glugga; hlykki 11) þakta 12) eldnæmastr 13) tjöruvið eða furu, þvíat þesskyns viðr er eldnæmastr

berjask um nætr til kastala annatveggja or tréköstulum eða or stegum, eða einnihverri þeirri list, er á hjólum stendr, þá skal stela mönnum or kastalanum, at þeir mætti [eldi komit í tæligrafir¹.

Nú berr svá at, at grjóti verðr slöngt svá ákafliga yfir vígskörð², at menn megu eigi úti vera eða kastala verja, þá er gott at reisa upp góða stólpa af digri eik, ok síðan þar yfir leggja stórar syllr ok ramligar, ok eptir þat þilja hit efra með góðum eikiviði, ok bera síðan á þat þili mikla jörð, svá at eigi sé úþykkra³ en þriggja álna eða fjögurra, ok láta þar grjót á falla. Svá hit sama skal ok gera mót trékastala þeim, sem mót steinkastala vill berjask, at gera stólpa góða ok trausta, góðum mun hærri en trékastali sé. En allra þeirra lista er nú höfum vér um rætt, þá er þó höfuðvápn bjúgr skjaldjötunn ryptandi⁴ með eldligum⁵ loga. En með því lúkum vér vápn at telja til varnar or kastala, at þar má öll kyn vápna nýta, þeirra er skjóta skal eða kasta, eða höggva með eða leggja, ok allar þær kynkvísir vápna, er annathvært má með hlifask eða sækja.

XL. Sour. Með því at yðr sýnisk ærit um vápn rætt vera, hvárttveggja um sóknir eða varnir, eða hversu gör skulu vera eða vaxin, eða i hvern tíma hvers vápns skal neyta, enda skiljask mér ok vel þessir hlutir eptir yðarri tilvisan, þá vil ek enn þess [spyrja ok forvitna, ef nökkurir hlutir eru þeir, er yðr þykki þurfa um at ræða, þeir sem til þeirra síða horfi, at þarf at hafa með rikismönnum eða i konunga hirðum⁶.

Faðir. Enn eru þeir hlutir mjök margir, er eigi má missa um at ræða ok athuga leiða, ef maðr skal með konungum eða öðrum rikismönnum staddr vera, ok þar sæmdarmaðr heita. Þat er þrifalt atkvæði, er nálaga er þó sem alt sé eitt raunar, er maðr þarf vandliga at gæta, þat er mannvit ok siðgæði ok hæveska. En þat er hæveska at vera bliðr ok léttlátr⁷, ok þjónostufullr ok fagrýrðr⁸; kunna at vera góðr félagi i samsæti ok i viðræðu við aðra menn; kunna á því góða skilning, ef maðr talar við konur, hvárt sem eru ungar eða meir aldri orpnar, rikar eða nökkut úrikari, at þau orð kunni hann til þeirra at mæla, er þeirra tigund⁹ hæfi, ok þeim sami vel at heyra, ok manni sami vel at mæla. Svá ok ef maðr talar við karlmenn, hvárt sem eru ungir eða gamlir, rikir eða úrikir, þá hæfir ok vel at kunna hæsiliga orðum at skipa, hver orð er hverjum þeirra samir at þiggja. En ef þat skal gamanyrði heita, þá gegnir þat, at þau sé hvárttveggja

¹) leggja eld i tálgrafir ²) steinvegg ok i kastala ³) þynnra ⁴) röptandi
⁵) eitrligum ⁶) biðja ok spyrja, at þér glósit mér enn gerr um síðu i konungs hirð ok með rikismönnum. ⁷) litillátr ⁸) fagrörðr ⁹) tign

fögr ok sæmilig. Þat er ok hæveska, at hann kunní grein orða sinna, hvar hann skal margfalda eða hvar hann skal einfalda til þeirra manna, er hann mælir við, eða hversu hann skal haga klæðum sinum, bæði at lit ok öðrum hlutum, svá ok nær maðr þarf at standa eða sitja, eða nær réttr standa eða [nær á kné¹. Þat er ok hæveska at kunna vita, nær er hann þarf hendr sínar niðr fyrir sik at rakna láta, ok kyrrar hafa, eða nær er hann má sínar hendr hræra til einnarhvevrrar þjónostu, annathvært sjálfum sér eða öðrum at veita, eða hvert hann skal andliti sínu snúa ok brjósti, eða hversu hann skal snúa baki eða herðum². Svá ok at kunna góða skilning á því, nær hann má skikkju sína í frelsi bera eða hött eða kveif, ef hann hefir, eða nær hann skal þarnask³. Svá ok er hann sitr yfir bordi, nær hann þarf augum at leiða fyrir hævesku sakar ríkra manna matarneyzlu, eða nær hann má síns matar eða drykkjar vel neyta, svá at þat þykki vel bera, ok viðrkæmiliga. Þat er ok hæveska at halda sik frá spotti öllu ok háðungargabbi, ok kunna vel at skilja, hvat þorparaskapr er, ok flýja hann allan vandliga.

En þat er siðgæði at görask samþykkir öðrum mönnum ok eigi einlyndr, hæflátr í öllu gefnagæði⁴ sínu; gangþrúðr ef hann gengr, gæta vel lima sinna, hvert sem hann gengr, at hverr þeirra fari réttr vel ok þó eptir sinni náttúru. Þat er ok siðgæði, ef maðr gengr í kaupstöðum milli úkunnra manna, at vera fálátr ok eigi marggyrðr, flýja gjó⁵ ok alla hégomliga drykkju⁶, refsar rán ok stuldi, ok allar aðrar heimsligar⁷ úspektir. Þat er ok siðgæði, at sjá vel við munneidum ok hölbænum⁸ eða gaudrifi⁹ ok öllu öðru tunguskæði. Svá sjá ok við því, at vera orðvarpsmaðr fyrir heimska menn ok úráðvanda, en enn siðr veita þeim fylgd til sinnar fólsku, ok vera heldr hatandi alla úráðvendi. Þat er ok siðgæði at flýja tafl ok teningakast, portkvenna hús eða eða úsæra, lygivitni eða aðra [gjó eða saurlifi¹⁰. Þat er ok siðgæði at hafa sik hreinliga hvárttveggja at mat ok klæðum, vera rakkr¹¹ at húsum, ef hann á, eða skipum, eða hestum eða vápnum; vera ok forsjáll, en eigi áhleyppinn, ok þó hugrakkr í nauðsynjum; vera eigi áburðarsamr eða yfirgjarn eða öfundsjúkr; flýja dramb ok allan ofinetnað. En þat er höfuð allrar siðgæði at elska guð ok heilaga kirkju, hlýða tíðum vandliga, vera iðinn á helgum bænum, ok biðja sér miskunnar ok öllu kristnu fólki.

Þessir allir hlutir, er nú höfum vér talda, hvárttveggja um hævesku ok siðgæði, þá má engi eignask, nema hann hafi mannvit með, ok

1) á kné at falla 2) hliðum 3) þarfnask 4) jafngæði 5) gjá 6) hluti ok ofdrykkju 7) heimskligar 8) hölvunum; forbænum 9) goðrifi; guðræfi; *Nogle Papircodices*: gandrifi 10) gjá eða sauryrði 11) rækinn

eigu þessir hlutir mannviti at fylgja: orðhegi¹ ok snild ok skilning allra síða, kunna vel at marka, hvat góðir síðir eru, eða hvat síðir eru kallaðir eptir atkvæði heimskra manna, ok eru þó úsíðir. Þat er ok mannvit, ef maðr er staddr á fjöldafundi manna á þingum eða á stefnum, ok heyrir hann þar orð manna ok erendi, at kunna á því góða skilning, hver orð eða erendi eru þau þar mælt, er tekin eru af mannvits grundvelli, eða hvat mælt er af skjótu tunguvarpi eða skamsýniligu varraskrapi. Þat er ok mannvit, at kunna skilja vandliga, ef dómarr falla á mál manna, hversu þat var mælt, at eigi verði með orðum aukit eða vanat, ef maðr þarf annat sinni með sjálfum sér at sanna. Þat er ok mannvit, at halda alla hluti með athugasamligu minni, þá sem mæltir verða eða görvir manna millim. Þat er ok mannvit at kunna vel lög ok kunna á því góðar skilningar, hvat lög eru rétt, eða hvat lög eru kölluð ok er þó ekki nema lögkrókar ok sleitur. Þat er ok mannvit, ef maðr vill beiðask einnahverra hluta, at kunna skilning á því, hverra hluta hann beiðisk, þeirra er viðrkæmiligir sé ok hinum er vel veitanda; svá ok ef hann er sjálfr nökkurra hluta beiðinn, at kunna þat vel at sjá, hverir hlutir er hánú er vel veitandi, eða hverir viðrsjándi, at hann játti eigi þeim hlutum fyrir sik eða fyrir hina, er eptir hann koma, er hánú sé síðan heldr til svivirðingar snúit heldr en til upphafs. Svá er ok þat mannvit at gersask eigi fasthendr á þeim hlutum, er hánú er vel veitandi, at eigi snúisk hánú sín festi eða sinka til svivirðingar.

Hóf alt ok sannsýni er ok mikit mannvit. Fróðleikr allr ok skilning öll ok góð forsjó, sú er hafa þarf til hævesku eða síða, landsbyggingar eða lagagæzlu eða landsgæzlu, þat er ok mikit mannvit; ok þarft þú fyrir því vandliga þessa hluti at nema, ef þú vilt sæmdarmaðr heita með konungum eða öðrum stórhöfðingjum, at þeir menn eru vel látnir allir með ríkismönnum, er þessa hluti kunnu; þeir megu ok lifa sér til mikillar sæmdar ok mörgum öðrum til gagns, er þessa hluti kunnu vel. En mannvit er með mörgum háttum, þvíat þat stendr á margkvísluðum rótum, ok vex af mannvits rótum hinn sterkasti stólpi, er vera má, ok kvíslask síðan með stórum greinum ok margfölduðum limum ok með misjöfnum kvísta-fjölda; eru sumir smáir, en sumir stærri, ok skiptask svá síðan manna í millum, hljóta sumir smærri, en sumir stærri, ok er sá auðr svá sem hann er elskaðr til. Sá er mjök vill elska þenna auð ok örliga veita, þá hlýtr hann mikit af, þvíat þessi auðæfi hafa þá náttúru, at þau dragask þeim mest til handa, er mest elskar þau, ok þeirra neytir með mestum örleik; ok ef menn kunnu at sjá ok meta þessi auðæfi

¹) orðhægi

eptir réttendum, þá myndi svá sýnask hvártveggja gull ok silfr, sem þat væri ryðr¹ eða mold eða aska hjá þessum auðæfum; ok sá er eignask vill þessi auðæfi þá skal hann þat upphaf at hafa, at hræðask almáttkan guð ok elska hann umfram hvetvetna.

XLI. Sour. Þetta er víst vel ráðit, at þessi spurning var aukin, fyrir því at þar er nú bæði nákvæm svör fengin ok haldkæm, ok mun hvern mann, er nökkura skilning hefir fengit, þessi ræða draga til meiri nærkæmi um sína skilning, en fyrr hafði hann, ok eru þeir fleiri, er smá vöndu hljóta af mannvits kvistum heldr en stórar greinir; sumir hljóta hina smæstu kvisti, en sumir ekki nema lauf eitt, en fáir eru þeir er með öllu hljóta ekki. Því vil ek enn biðja fram á leið, at þér mættit enn læra mik til þess hagleiks, at ek kynna þá kvistu helzt til min venda ok at velja, er mér væri til nytsemdar, ok svá öðrum.

Faðir. Þessir hlutir er nú hefi ek sýnda þér, vaxa helzt af mannvits greinum, ok kvískask síðan með mörgum góðum limum ok kvistum út ifrá. En þessir eru þeir limir, er haldkæmir eru: sannsýni öll ok hóf alt, kunna þat vel at sjá með mundangshófi, hvat maðr á hverjum at gjalda. Ef þú ert einumhverjum reiðr fyrir nökkurskonar fjánskap eða sakar, þá rannsaka vandliga í hugþokka þínum, fyrr en þú leitir hefnda, hversu mikil sök er eða hversu mikillar hefndar sú sök er verð. Ver um þat varr, ef þú heyrir af annarra manna orðum þær sakar, er þik angrar² mjök, at þú leitir fyrri eptir með vitrligri athygli, hvárt sakir eru sannar eða loagnar; en ef þær sannask ok kemr til þín hefndir fyrir at vinna, þá hefu með hófi ok sannsýni, en eigi með illgjarnligri ákefð. Heyrir þú ok nökkur þau tíðendi sögð, er þér þykkja skadasamlig³ um sjálfan þik eða þinn varnað, annat-hvárt um fjártjón eða mannatjón, þá skalt þú ok þat með hófi bera ok góðu gjafnagedi⁴. Láttu þér því þykkja minstan skaða um fjártjón, at þú skalt þat láta þér í hug koma, at þó [er synd at þjóna fénu eða elska mjök, at⁵ þat elski manninn á mót ok snúisk vel til handa hánnum; en þá er víst synd í ok þó sorg, at elska mjök féit, ef þat vill frá snúask manninum, ok enga elsku móti leggja. Lát þér þat ok í hug koma, at allir koma félausir í heiminn, svá skiljask ok allir við heiminn, at engum fylgir féit or heiminum; þó skalt þú þess gá, at engu týnir þú fyrir vanræktar sakir eða vangæzlu. Ger þik aldrigi svá úgláðan eptir fenginn skaða, at þú látir þik eigi jafnmjök [hugga góða ván⁶.

En ef þú verðr fyrir manntjónum, þá ber þú ok þann skaða með

¹) ryð ²) angra ³) skadaævnligr. ⁴) gefnagedi (-gæði) ⁵) at þat sé eigi synd at elska féit ok þjóna því höfliga, þá er þó synd at elska þat mjök ok vera þræll þess, þó tilf. *Udg.* ⁶) huggóðan.

góðu¹ hófi ok ger þat í hug þér, at hverr drýgir í því mannliga náttúru, at hann deyr or heiminum; þvíat engi er til þess skapaðr, at jafnan skuli lifa í heiminum. Lát þik meir þat úgleðja, ef þinn kunningi deyr við þat, at hann hefir eigi vel lifat í heiminum, eða með nökkurri skömm frá skilzlk, en allra helzt, ef þú hræðisk hánun nökkurn sáluháska, þá eru slikir hlutir harmandi heldr en sá, at hann drýgi mannliga náttúru í dauða sínum. En ef hann lifir sómasamliga, meðan hann var í veröldinni, ok deyr hann við þat, at hann gerði góða forsjá fyrir sál sinni, þá skalt þú huggask við góðan orðskvið², er eptir hann lifir, en allra helzt við góðan fagnað, er þú væntir hánun af guði annars heims. Sömu lund skalt þú stýra hug þínum með hófi ok góðu gjafnageði³, ef þeir hlutir bera þér til handa, er þinn hug vekir til fagnaðar ok gleði, ok þér þykkja [góðir vera⁴, annat-hvart um þeirra manna fráfall, er þér var sjánskapr á, eða um einahverja þá hluti aðra, er þér þykkir fagnaðr á⁵ vera. En ef þat kann at henda, at þú spyrr þeirra manna líflát, er þér var áðr sjánskapr á, ok þú vildir vist öfundarverk á vinna, ef þú ættir kost á, þá skalt þú meir gleðjask við þat, er guð hefir þik frelstan af þrefaldri⁶ synd, en þú skalt gleðjask við dauða hans, er frá er fallinn, ok skalt þú því fagna, at guð hefir frjálsat hendr þínar af syndligu⁷ verki því, er þú hafðir ætlat at gera, en hug þinn af langri reiði ok öfund, er þú hafðir við hann, meðan hann lifði.

Svá ok ef þú þiggr af konungi eða einumhverjum öðrum ríkismanni sæmd ok metnað, þá varðar þat miklu, at þú kunnir þat með mundangshófi at þiggja, ok lát þik þat eigi henda, sem margan hendir úsnotran; þvíat þat hendir margan þann, sem eigi er vitr, ef hann fær eitthvert upphaf af ríkismönnum, at hann hefir sik svá hátt með sínu drambi ok ágirnd, at hánun þykki engi jafnmaki sinn vera; en slíkt upphaf verðr hverjum til niðrfalls, er þat görir; þvíat þat er náttúra guðs at lægja ofmiklit dramb með helgu litillætti, ok á hverr þess vísa ván, er ágjarnliga gengr fram með ofmiklu drambi, þá hefir hann jafnan guð móti sér. Nú ef þér verðr þess auðit, at þú fær upphaf af konungi eða af öðrum ríkismönnum, þá lát þú þér þat í hug koma, at þat er guðs ráð ok hans freistni, þvíat hann hefir sér í hendi hug ok hjarta stórhöfðingja, at skjóta þeim í hug þá menn upp at hefja með sæmd ok metorði, ef hann vill, ok er þat hverjum skyldarembætti móti því, at vera hjálpsmaðr þeirra, er minna megu en hann. Ger þat í hug þér, ef guð hefir þik upp til nökkurrar sæmdar, at þat skal

¹) gefna-(jafnaðar-)geði ok *tílf*. ²) orðstír ³) gefna-(jafnaðar-)geði; geði

⁴) geði í vera ⁵) at ⁶) tvefaldri ⁷) syndugu

allra manna gagn vera, þeirra er minna megu en þú, fyrir utan þá menn er hata síðu ok ráðvendi; þeirra á þat mein at vera, ef dugandi maðr fær afl ok styrk. En ef guð gefr þér mannvit ok góða skilning, ok verðr þér þess audit þar með, at þú verðr með nökkurri sœmd upphaðr af rikismönnum, þá eru þessir hlutir þeir, er þú þarft mjök at varask, drambsamligan metnað ok mútugjarnliga fésnikni¹ eða gleymsamligar² úræktir um nauðsyn annarra manna, þeirra er minna megu en þú. Lát þér jafnan fyrir augum vera til viðrýnar úfarar þeirra, er háðuliga féllu fyrir sakar ofnikils dramb. Lát þér ok í hug koma til góðrar vagnar þeirra meðferðir, er jafnan féngu sœmdir fyrir staðfastligt réttlæti ok litillæti.

XLII. Sour. Þetta skilsk mér vel, at guð görir því menn misjafna hvárttveggja at ríki ok mannviti, at hann vill svá freista, með hverju hófi hverr kann þess at gæta, er hann gefr, hvárttveggja um áburðarsamligan³ metnað við sjálfan sik ok um hófsamligan örleik við þá, er hans þurfu ok eigi hafa slikar gjafir af guði fengit. Ok fyrir því vil ek þess biðja yðr, at þér sýnit mér með nökkurum dæmun, hvárttveggja þá er sœmdir hafa hlotit af sannsýni ok litillæti, eða hina er skadasamliga hluti hafa hlotit af drambsamligri yfirgirnd.

Faðir. Svá mikill er fjöldi dæma þeirra, at vér þurfum með mikilli lengð vára ræðu at auka, ef vér skulum allra þeirra minnask at hvárritveggja tölu, er vér vitum dæmi til, at slikir atburðir hafa til handa komit, ok munum vér fyrir því færra geta, ok þó nökkurra af hvárumtveggja, þvíat þat er meiri skyndir langrar ræðu. Þessi eru þau dæmi, er foru eru ok góð á at minnask. Þá er Joseph var seldr út á Egiptaland⁴, þá keypti hann einn ríkr höfðingi; en síðan hann hafði keyptan hann, þá fann hann þat á hánum, at hann var vitr maðr, ok hóf hann Joseph til sœmdar umfram alla aðra sína þjónostumenn, hvárttveggja þá er auðgir⁵ váru fyrir hánum, ok þóat frjálsir frændr væri, ok seldi hánum í hendr til gæzlu fjárluti sína ok auðæfi, hús ok hibíli⁶ ok allan sinn varnað. En fyrir því at Joseph var friðr maðr at álitu ok hófsamr í meðferð sinni ok litillætti, en vitr í orðlagi, þá tók hann elsku ek vingan af öllum þeim, er kunnu hann ok undir þeim höfðingja váru, er hans herra var.

Kona þess hins ríka manns elskaði Joseph umfram mundangshóf, þvíat hon vildi hóra bónda sinn með illri girnd sakar ástar þeirrar, er hon hafði við Joseph, ok eigi skamdisk⁷ hon þess, með djarfligri girnd at sýna hánum þat er henni var í skapi. En þá er hann fann vilja

1) fésnikju; fésinkni; sinku 2) gleymsamligar 3) ábyrgðarsamligra 4) Egipta⁵ 5) ánaudgir 6) hýbýli 7) skammaðisk

hennar, þá svaraði hann¹ þessa leið: „Vit megum eigi vera jafnkomin saman, þvíat þú ert lafdi mín, en ek em þræll þinn; ok er þér þat ofmikil skömm at leggjask undir mik, en mér er þat ofmikil dirfð ok dramb at veita þér þá úsæmd, en allra verst er sakar údyggleiks þess, er ek hefi við herra minn, ef ek skal svá gjalda hánun sína gæzku sem svikafullr þræll, þvíat hann hefir mér í hendr selt auð sinn ok allan ríkdóm til gæzlu svá sem trygggr höfðingi, ok má ek eigi svíkja lánardröttin minn með niðsamligri² skömm, nema ek vilja sanna orðskvið þann, sem mælt er, at ilt er at eiga þræl at³ einka vin.“ En þegar er kona þessi sá þat, at Joseph var góðr maðr ok vildi trygggr vera, þá þótti henni skömm, at hann skyldi vita údyggleik hennar, ok vildi hon þá gjarna fyrirkoma hánun, ef hon mætti, með fjándskap en eigi sannsýni. Hon sagði bónda sínum, at Joseph beiddi hana úsæmdar, ok kvað hon þat vera ofdramb einum þræli at mæla slíka dirfð við lafdi sína. Henni var trúat sem góðri konu, ok var Joseph kastaðr í dýblissu með digrum fjöðrum ok þungum járnrekendum, ok var þat ætlat, at hann skyldi svá lif sitt enda, at rotna þar kvíkr fyrir ofdramb sitt ok útryggleik. En því at guð elskar jafnan réttendi ok lítillæti, ok hann sá tryggleik Josephs ok vissi hann saklausan, þá skipaði hann svá til, at Josephi varð gagn at þeirri forðæming, er hann varð saklauss fyrir; þvíat guð frelsti hann með því or þeirri dýblissu, at hann var hafðr til miklu meira ríkis síðan en áðr, ok skaut guð því í hug Pharao konungi, at Josephr var görr höfðingi ok dómari yfir öllu Egiptalandi næst konunginum sjálfum, ok hélt hann þeirri sæmd síðan æ til ellidaga sinna, ok meðan hann lifði.

Þessi atburðr gerðisk enn í öðrum stað þvilíkr nökkuru síðar, at einn ágætr konungr, sá er réð fyrir mörgum ríkjum, hann var nefndr með þreföldu nafni, ok völdi⁴ því grein tungna þeirra, er hann var konungr yfir; var hann í einum stað kallaðr Artaserxes, en í öðrum stað var hann kallaðr Scirus; ok svá segja sumir menn, at guð mælti þar vel til hans fyrir munn [propheta síns⁵: Christo meo Sciro, 'cujus apprehendi dexteram, ut subjjciam ante faciem ejus gentes et dorsa regum vertam etc.; en sumir segja, at þat var annarr Scirus, er sú ritning er um gör, ok dæmum vér því ekki lengra um þat, at vér vitum eigi til viss, hvárt þat er ritat um þenna Scirum eða annan. En í hinum þriðja stað var þessi konungr kallaðr Assverus. En fyrir því at hann var ríkr sjálfr ok ágætr, þá átti hann ok ríka konu, þá er dróttning hans var, ok hét sú Vastes. En meðan konungr hafði farit langa herför at viðlenda ríki sitt, þá hafði hann skipat Vastes

1) á tilf. 2) niðingligri 3) fyrir 4) olli 5) spámanns

dróttning fyrir at gæta þess hluta ríkis, er helzt var höfuðsæti hans í. Ok þá er hann var heim aptr til hennar kominn með fengnum ríkdómi, þá gerði hann mikla veizlu til fagnaðar öllum höfðingjum sínum, þeim sem hánum höfðu fylgt í þessarri herför; en Vastes dróttning gerði aðra veizlu sínum höfðingjum, þeim sem heima höfðu verit til ríkisgæzlu með henni. Þá lét konungurinn svá umbjóða¹, at Vastes dróttning skyldi ganga til fundar hans í höll hans ok bera alla fegrð dróttningar skruðs² með allri tign, ok fagna svá heimkvámu hans, ok sœma í því veizlu hans. En Vastes dróttning neikvæddi boðorði konungs, ok kvazk eigi mega ganga frá sinni veizlu, þar sem hon hafði til sín kallat marga góða höfðingja. En þá er konungurinn sá ofmetnað hennar ok dramb, þá skildi hann þat, at hon mat sik eigi minna af kyrrsæti sínu ok ríkis gæzlu, þess³ er hann hafði henni í hendr fengit, heldr en hon mat konunginn af háskasamligu starfi, því er hann hafði, meðan hann gerðisk viðlendr. Fyrir þetta hennar ofdramb varð konungur svá reiðr, at hann sagði Vastes af dróttningardómi ok öllu því ríki, er hon hafði, en hann tók eina hertekna mey af Israels fólki, sú er þar var þá í ánaud í hans ríki, þóat hon væri komin af göfgum frændum, þar sem hon var borin; en sú hét Ester at nafni. Þessa hina sömu setti konungurinn í sæti Vastes, ok gaf henni alt þat ríki, er áðr hafði Vastes, ok skipaði þá [at vera Ester⁴ dróttning yfir öllu ríki sínu.

Enn gerðisk fám dögum síðar annarr atburðr með þeim sama konungi. Aman hét einn ríkr höfðingi ok ágætr, sá er var með Assvero konungi. Konungurinn mat hann svá mikils, at öll þjóð skyldi hánum hlýða, ok til hans hniga svá sem konungi sjálfum. En Mardocheus hét einn, sá er hertekinn var af Israels fólki, hann var föðurbróðir Ester dróttningar, en fyrir því at hann sá sik bæði fátækan ok ánaudgan, þá þorði hann eigi þat at birta, at hann var svá skyldr dróttningu, ok ekki þorði dróttningin ok meira yfirlæti hánum at veita en einumhverjum öðrum úkunnum þjónostumanni⁵. Þá gerðisk svá til einnhvern dag, at Aman höfðingi var kominn til konungs fundar, ok þá er hann fór heim aptr, þá bar veg hans þar í nánd, sem Mardocheus sat. En Mardocheus var áhyggjufullr um ánaud, þá er hann var í staddr ok Israels fólk alt, þat sem hertekit var or Israels landi; en fyrir sakar þessarrar áhyggju, þá gáði hann eigi, at Aman fór svá nær hánum, ok stóð hann fyrir því eigi upp at lúta hánum. En Aman varð við þat svá reiðr, at einn útlenzkr þræll vildi eigi lúta hánum, at hann lét þegar reisa kross⁶ einn hávan heima í garði sínum, er

¹) umbúa; bjóða ²) skrauts ok skryðask ³) þeirri ⁴) Ester at vera; at Ester skyldi vera ⁵) manni ⁶) gálga

hann kom heim, ok ætlaði þar at festa Mardocheum á þann kross¹. Hann lét ok skrá um alt konungsríkit, at hverr maðr skyldi slíkan rétt gefa Israels fólki sem vildi, sá ræna þá er þat vildi, en sá í lánauð ok þrældóm taka², er þat vildi, en sá drepa, er þat vildi.

En þá er Mardocheus varð varr við þessi tíðendi, þá þröngði hann³ nauðsyn til meiri dirfðar við dróttningina, ok kom hann til fundar við hana ok féll til fóta henni, ok sagði þessi tíðendi með miklum harmi hugar. Sem dróttningin heyrði, at alt þat fólk var fyrirdæmt, er hon var af komin, þá bað hon sér⁴ til guðs með öllu hjarta; því næst gékk hon til konungs fundar búin með öllu hátiðligu dróttningar skruði ok féll til fóta hánum litillátliga. En þá er dróttningin var þangat komin, ok konungr sá, at hon var þar komin með svá mikit litillæti ok fölnanda andliti, þá skildi hann, at hon hafði svá mikit stórmæli til hans fundar, at hon þurfti at taka dirfð af hans bliðu til framflutningar sinna nauðsynja, ok tók hann í hönd henni ok reisti hana upp, ok setti hana í sæti hjá sér með bliðum orðum, ok bað hana birta fyrir sér skilvisliga alla þessa atburði um sitt erendi. Ester dróttning gerði sem konungrinn bauð, ok sýndi hánum allan þenna atburð, eptir því sem til hafði görzk, ok bað hann síðan skipa eptir konungligri miskunn meir, heldr en eptir hóflausri reiði Amans. En þá er konungrinn sá hóflausa yfirgirnd ok dramsamliga reiði Amans, þá lét hann festa sjálfan Aman á þann kross⁵, er hann hafði áðr ætlat Mardocheum á, ok bauð um alt sitt ríki, at Israels fólk skyldi búa í fullu frelsi, eptir því sem setning var heilagra laga Israels fólks; en hann gaf allan ríkdóm Mardocheo, þann sem Aman hafði hafðan áðr.

Nú skaltu á slíku marka, at guð vill með skyldu heimta hóf ok sannsýni, litillæti ok réttlæti ok trygggleik af þeim, sem hann hefr til sæmdar; fyrir því at Joseph fékk, sem fyrr sögðum vér, ágæta sæmd ok mikit upphaf fyrir sinn trygggleik ok litillæti, þar sem hann var með verðaurum keyptr þræll til úkunnra þjóða, ok hóf guð hann síðan með konungsins skipan, at vera lávarðr ok hinn hæsti dómari næstr konunginum sjálfum yfir öllu Egiptalandi. Þar má ok marka, hversu þat er mjök móti guði gört, at hefja sik sjálfr upp með dramsamlígu metnaði, þar sem Vastes dróttning týndi dróttningardómi sínum ok öllu ríki sínu á einum degi fyrir ofmetnaðar sakir, en í hennar sæti var [síðan tekin fémar⁶ af úkunnum þjóðum; eða svá ok þar sem Aman týndi á einum degi öllum sínum ríkdómi fyrir sakar úhófs ok ofmetnaðar, en í ríki hans var settr einn útlenzkr þjónn hertekinn. Nú ef þér verðr

1) at festa þar á M. 2) nauð ok þrælkan hneppa 3) hánum 4) miskunnar tilf. 5) gálga 6) sett hertekin mæð

sæmdar auðit af stórhöfðingjum, þá varask þú slíka atburði af þessum dæmum, sem nú hefir þú heyrt, þviat mörg eru þvilik til, ok drag þér til nytja þau dæmi, er fyrr sagða ek þér um Joseph.

Nú eru enn ein þau dæmi, er löngu urðu síðan um daga Constantinus¹ keisara, þviat guð hafði hann skipaðan höfðingja yfir öllum heimi, ok snerisk hann til réttlætis ok kristni, þegar hann fékk skilning heilagrar trúar. Hann hafði gefit Elenu dróttning mæðr sinni ríki fyrir austan haf í Gyðinga veldi; en með því at hon hafði stjórn ok forsjó þar, þá skildisk henni þat, at engi mundi önnur vera trú rétt til guðs, nema sú er Gyðingar höfðu. En þá er bréf fóru þeirra á millim, keisarans sonar hennar ok dróttningarinnar, þá tók þeim þat kunnigt at gerask, at grein var á trú þeirri, er hvárt þeirra hafði til guðs. Þá bauð keisarinn svá, at dróttningin skyldi koma austan um haf með sínum lærðum mönnum ok spekingum ok mörgum öðrum höfðingjum, ok skyldi fundr þeirra vera í Rómaborg, ok láta þar rannsaka sannendi heilagrar trúar. En þá er dróttningin kom þar með því líði, þá hafði konungrinn saman samnat² mörgum byskupum með Silvestro páva ok mörgum spekingum, hvárttveggja kristnum ok heiðnum. En at settri stefnu ok skipuðu þingi millim keisarans ok dróttningarinnar, þá þóttusk þau bæði þat finna, at þar mundi verða [kappsamlig þræta³ milli kristinna byskupa ok lærðra manna Gyðinga ok annarra spekinga þeirra, sem dróttninginni fylgðu austan, með því at hváirtveggja mundu framdraga athugasamlig dæmi af sínum bókum móti öðrum til sannenda ok staðfestu sins fróðleiks ok heilagrar trúar; þá sá þau þat til víst⁴, at þess mátti eigi missa á þeirri stefnu, at réttlátir dómarar væri skipaðir yfir, þeir er með hófi ok sannsýni dæmði öll þau mál, er þar yrði framborin af hvárratveggja hendi.

En fyrir því at keisarinn var gæzlumaðr heilagrar kristni með pávanum ok kristnum byskupum, en dróttningin hlífiskjöldr⁵ Gyðinga trúar, þá sýndisk þeim báðum, at þat væri eigi fallit at leiða þau í þá freistni, at þau væri dómarar yfir þessarri þrætu; ok létu þau fyrir því rannsaka með allri eptirleitun millim allra spekinga, ef nökkurir mætti þeir finnask í þeirra fjölda, er svá öruggir væri at mannviti, eða at réttlæti eða sannsýni, at allir þeir sem þar váru komnir mætti trúa þeim til réttðæmis um þessa þrætu. En þá er allr fjöldi var rannsakaðr, þá funnusk eigi fleiri þeir menn en tveir, er menn þorðu sér til dómara at kjósa yfir þessum stórmælum; en þeir menn váru báðir heiðnir, ok váru hvárki bundnir í kristinna manna lög né í Gyð-

¹) Constantini ²) sankat ³) hin mesta deila ⁴) til viss ⁵) hlífiskjöldr; hlíf ok skjöldr

inga trú. Annarr þeirra hét Craton, hann var spekingr mikill ok vel lærðr til alls mannvits, vin var hann ríkra manna, ok fal sik vel þeim á hendi, en aldri elskaði hann meir jarðlig auðæfi, en hann þurfti til klæða ok sinnar fæzlu; en þóat ríkismenn gæfi hánnum meira en hann þurfti, þá gaf hann þat alt fram á leið þeim, sem þurftigir váru, [ok afgækk hans neyzlu¹. Þat var ok hans náttúra, at hann var fálátr ok sannmæltr, ok eigi vissu menn, at í hans munni væri lygi funnin, ok sýndisk svá öllum, at makligleikr mannvits ok góðrar náttúru, er hann hafði, mætti vel kjósa hann til at vera dómari yfir slíku stórmæli. En annarr sá er til dómara var kosinn, var kallaðr Zenophilus at nafni; hann var einn ríkr hertogi ok ágætr; en þar sem hann hafði ríkisgæzlu, þá vissi engi maðr dæmi til, at hann hefði hallat réttum dómi. Hann var mikill snildarmaðr at mælsku ok vel lærðr til alls mannvits, bliðr maðr í viðræðu ok litillátr, þóat hann væri ríkr, ok eigi máttu menn muna, at lygi væri í hans munni funnin. En at kosnum þessum dómurum af allra manna hendi, þá settisk þing kristinna manna ok Gyðinga, ok dæmdu þeir um allar þeirra þrætur, svá sem þeir váru til kosnir, ok váru þar svá funnir sem fyrr, at þeir hölluðu hvergi réttum dómi.

En ek sagða þér fyrir því þessi dæmi, at þú skildir hvártveggja litillæti keisarans ok réttlæti ok svá dróttningarinnar, þar sem þau váru höfðingjar yfir öllum heiminum, enda létu sér þó sama at sitja undir hlýðni kosinna dómara, þeirra er miklu váru minni fyrir sér bæði at valdi ok at ríki, ok at öllum öðrum hlutum, en þau váru sjálf. Svá skaltu ok þat skilja, hversu mikla sœmd þessir menn hlutu af mannviti sínu ok réttlæti, þar sem þeir váru báðir heiðnir ok váru þó [yfir öllum heimi² um skilning heilagrar trúar ok nauðsynjar alls heimsins, ok mátt þú nú þat þekkja, sem fyrr sagða ek þér í okkarri ræðu, at þat skiptir miklu máli, hvat hverr maðr leifir til dæma eptir sik. Joseph var³ fyrir burð várs herra Jesu Krists, ok keyptr með verðaurum á Egiptaland⁴ svá sem útlenzkr þræll, en tryggleikr hans ok litillæti líkaði svá vel guði, at hann var næst konunginum yfirmaðr allra þeirra, er þá váru bornir í því landi ok þar áttu fé ok frændr, hvárt sem váru ríkir eða úríkir. Mörgum hundruðum vetra var Joseph sjálfr dauðr, ok er þó enn lifandi sœmd hans ok hvern dag getit millim allra vitra manna um allan heim. Vastes dróttning var löngu dauð fyrir burð guðs, eða Aman höfðingi, ok er enn sú skömm lifandi, er þau féngu fyrir heimsku sína ok ofmetnað. Í dag berr enn Ester

¹⁾ er af g. h. neyzlu; ok hann beiddu ²⁾ yfirdómarar ³⁾ löngu tilf. ⁴⁾ Egiptalandi

dróttning lifandi sæmd, þá er hon fékk fyrir sitt litillæti, þar sem hon var hertekin ambátt til Indíalands, ok var þó síðan dróttning yfir mörgum ríkjum ok stórum, ok sett í þat sæti, er Vastes dróttning var or rekin.

En þóat þessi dæmi, er síðar gátum vér um Constantinum keisara ok Elenu dróttning móður hans, væri eptir burð guðs, þá var þat þó svá löngu, at engi maðr má þat fyrir elli sakar muna, ok bera þeir¹ enn í dag skinaudi sæmd. Craton ok Zenophilus þóat þeir sé sjálfir dauðir, þá eru þeir þó virðir fyrir réttlæti sitt ok mannvit, þar sem þeir váru báðir heiðnir menn, ok váru þeir þó kosnir til dómara nálíga millim allra þeirra manna, er í váru heiminum, ok var þeim trúat af allra manna hendi, bæði kristinna manna ok Gyðinga, at dæma um þau lög, er hvárgi þeirra hélt sjálf, ok lágu þó alls heims nauðsynjar viðr². Nú skalt þú á slíku marka, at guð sjálf hefir í hendi þann hjálmurvöl³, er hann hneigir ok víkr með hjörtum stórhöfðingja, ok hrærir alla stjórn hugar þeirra eptir sínum vilja, þegar hann vill; þvíat Pharao konungr hóf Joseph til höfðingjaskaps⁴ yfir höfuð öllum ríkismönnum, þeim er áðr váru í hans ríki; en Assverus rak brott Vastes af dróttningardómi sínum, er þar var áðr bæði rík ok stórborin, ok setti í stað Ester dróttning⁵. Hann krossfesti ok Aman ágætan höfðingja, ok gaf síðan alt hans ríki Mardocheo, er áðr hafði verit hertekinn þræll af úkunnu landi. En Constantinus keisari skipaði Cratonem ok Zenophilum í dómarsæti, tveim heiðnum mönnum, ok trúði þeim at dæma um sannendi ok um skilning heilagrar trúar. Nú skaltu þat vist vita, at allir þessir atburðir urðu með guðs forsjá ok leynilígu hans boðordum; en því eru þessir hlutir skráðir fram á leið manna milli til minnis, at allir skyldu nema ok sér í nyt færa öll góð dæmi, en varask hin dálígu dæmi. Nú ef þér verðr auðit at verða konungsmáðr, þá mun þú þessi dæmi, er nú eru þér sögð, þvíat mikill fjöldi er annarra slíkra dæma, þóat vér hafim eigi getit í þessarri ræðu; en þó þýzk þú sjálf öll þau, er þú sér at þér megi at nytjum verða.

XLIII. Sour. Guð launi yðr, herra minn! at þér vilit gefa yðr til þess stund ok tóm með mikilli þolinmæði, at svara svá nyt-samlíga öllum spurningum mínum, þvíat þessar ræður munu mik leiða til meiri nærkæmi um minn athuga en fyrr hafða ek; þat kann ok at vera, at þeir verði enn nökkurir fram á leið at skynja þessa fróðleiks ræðu, er héðan af megi enn hvárttveggja nema, mannvit ok góðar

¹) þau ²) ok dæmdu þó rétt tilf. ³) hjálmunvöl ⁴) höfðingjaskapar

⁵) úrika ok hertekna tilf.

skilningar eða aðra dugandi síðu. En ek girnumk enn fram á leið at spyrja fleiri hluta þeirra, er ek hefi mér í hug til minnar forvitni; ok vil ek þess biðja yðr, at þér látit yðr enn eigi leiðask mik at læra fram á leið, fyrir því at yðart leyfi dirfir mik enn til þeirra dælleika við yðr, at láta ekki þat eptir liggja, er hugr minn forvitnar¹. En ek þykkjumk þat sjá, at [svá horfir þessi ræða til, at enn munu þeir margir hlutir eptir vera, er þeim manni mun nauðsyn at vita ok verða vel áskynja, er² sæmdarmaðr vill með konungum vera, eða öðrum stórhöfðingjum, ok stunda ek enn til þeirrar ræðu fram á leið.

En ek vil þó nú enn at sinnsökum³ forvitnask um stærri menn heldr, en þá er þjóna skulu undir þeim er ríkir eru; þvíat mér skilsk þat, at þeir eru skyldir til, er þjónostumenn eru, at gæta hvárstveggja, hinna beztu síða eða fróðleiks, eða mannvits ok allrar ráðvendi; þá mun allmikil skylda [á þykkja⁴ um hina, er höfðingjarnir skulu yfir vera, ok allir aðrir skulu til þjóna, at þeir sé bæði fróðir ok vitrir, ok allskylt mun þeim at elska aðra ráðvendi, þar sem þeir eigu kost⁵ á öllum öðrum til refsingar, þeim sem eigi eru ráðvandar. Fyrir því vil ek nú þess spyrja með yðru leyfi, hverja síðu konungrinn sjálfr skal hafa, þá er hán um beri vel í sínum konungdómi? Segit mér svá skilvísiliga, at ek mega skilja, hvat hans er skyldarembætti eða athæfi snimma um morna, eða hverir hlutir síðan eigu at fylgja hans athæfi á öllum deginum, þvíat hann er svá mjök miklaðr ok tignaðr á jörðu, at allir skulu svá lúta ok hniga til hans sem til guðs. Hann hefir ok svá mikit veldi, at hann ræðr hvers lífdögum, þess er í hans ríki er, svá sem hann vill, lætr þann drepa, er hann vill, en þann lifa, er hann vill. En þat hefi ek sét, ef maðr verðr manns bani, at allir ráðvandar menn hafa hann síðan í stygggleik, svá sem heiðinn mann, ok er þat kallat mikil synd at drepa mann, ok tekr sá er þat görir stórar skriptir ok mikit meinlæti, áðr en kristnir menn vili hann aprt taka í sína samneyzlu. En þér gátut fyrr í yðarri ræðu, at ek skylda skirrask öll manndráp, ok létu þér þat fylgja, at öll þau manndráp, er með konungs boði væri eða í orrostum, þá skylda ek þau ekki meir skirrask en eitthvert þat annat verk, er gott væri. Nú ef konungrinn hefir svá mikit vald af guði fengit, at þau eru öll syndalaus manndráp, er eptir hans boði eru gör, þá hugða ek þat, at hann mundi eiga allvittr at vera ok forsjáll ok réttlátr í öllu sínu athæfi, ok þarf ek fyrir því, at þér skýrit inniliga fyrir mér þessa hluti, sem nú hefi ek spurða,

1) forvitnask 2) þessi ræða má margan mann fróðan gera, þann sem vel verðr áskynja, ok 3) sinni 4) at hyggja 5) vald

ef yðr sýnisk svá, at þat sé eigi til heimskliga spurt, eða mér sé eigi ofmikil dirfð í at forvitnask um athæfi svá stórra manna.

Faðir. Ekki er þessarra hluta svá heimskliga spurt, at eigi má jafnvel um þat ræða, hvat iðrótt konungrinn á at hafa í sínum konungdómi eða meðferðum sem aðrir menn. En þat er hans vist skyldarembætti at nema mannvit ok fróðleik, ok á hann vist at vera margfróðr um öll dæmi, þau er verit hafa, at hann megi þaðan skilning af taka til allrar stjórnar, þeirrar er hann þarf at hafa í sínum konungdómi. En þat¹ er þú gæzt þess, at hann er tignaðr ok miklaðr á jörðu, ok allir lúta til hans sem til guðs, þá eru þau þar tilgöng, at konungrinn merkir guðliga tign; þvíat hann berr nafn sjálfs guðs, ok sitr hann í hinu hæsta dómsæti á jörðu, ok er þat svá at virða, sem maðr tigni guð sjálfan, þá er hann tignar konung fyrir nafns þess sakar, er hann hefir af guði. Ok sýndi guðs son þessi² dæmi, þá er hann var sjálfr á jörðu, at allir eigu konung at tigna ok alla hlýðni at veita; þvíat hann bauð svá Petri postola sínum, at hann skyldi draga fiska af undirdjúpum vatna, ok opna þess fisks munn, er fyrstan tæki hann, ok kvæð hann þar mundi penning undir liggja, ok bað hann þann penning keisara í skatt gjalda fyrir þá báða. Nú skal [í þessu merkja³, at hvern maðr á jörðu er til þess skyldr at sæma ok tigna konungligt nafn, þat sem jarðligr maðr heldr af guði; þvíat sjálfr guðs son lét sér sama at tigna svá mjök konungligt nafn, at hann gerði sjálfan sik skattgildan, konungdóminum til sæmdar, ok þann lærisvein sinn, er hann skipaði at vera höfðingja yfir öllum postolum sínum ok allri kennimannligri tign.

XLIV. Sour. Hér er nökkurr sá hlutr, er ek þarf nú sem fyrr yðarrar orlausnar við, þvíat mér verðr þetta eigi ljóst fyrir augum. Þér gátut þess er mér þykki líkligt, at konungrinn hefir⁴ heldr háleitt nafn at tign ok sæmd af guði sjálfum, en þat má mér eigi ljóst fyrir augum verða, því guð sjálfr gerði sik skattgildan jarðligum konungi, þar sem ek hygg, at hann mundi vera yfir öllum öðrum konungum, þvíat hann ræðr bæði himnesku ríki ok jarðligu.

Faðir. Í því skalt þú þat marka, at guð tignaði sjálfr jarðligan konungdóm, at þá er hann steig af hinni hæstu hæð himins ok til jarðríkis, þá virði hann sik hér svá kominn vera með mönnum, sem gest, ok vildi hann ekki af jarðligum konungdómi taka, þóat hann ætti kosti, ok fyldi hann þau orð, er David hafði mælt: „Dróttinn ræðr himnaríki, en hann hefir at sönnu gefit sonum manna jarðligt⁵ ríki.“ Nú vildi guð heldr sæma jarðligan konung ok konungdóm,

¹) þá ²) til þess ³) á slíku marka ⁴) mgl. ⁵) ok ráðuligt tilf.

meðan hann var á jarðriki, en með nökkurum frádrætti hafa¹; þvíat guð vildi ekki þat frá jarðligu ríki taka, er hann hafði áðr jarðligum höfðingjum gefit at stjórna, ok sýndi guð sik í fullri hlýðni við keisarann. Svá skaltu ok þat marka, at þar sem guð bauð Petri postola sínum at rannsaka þann fyrsta fisk, er hann upp drægi, ok taka þar penning or muuni hans, ok eigi vildi guð at hann rannsakaði annan fisk eða hinn þriðja, nema heldr hinn fyrsta, at hverr maðr skal í öllum hlutum fyrst sæma konung ok konungliga tign, þvíat guð sjálfr kallar konung vera krist sinn, ok hverr konungr er fulla konungs tign berr, þá heitir hann með réttu krístr dróttins. Svá mælti ok postoli guðs í læringum sínum, þá er hann lærði fólk til réttrar trúar: „Hræðizk þér guð ok tignit konung yðarn,“ nálíga sem hann kvæði svá at orði, at sá hræðisk eigi guð, er eigi veitir konungi fulla tign.

Nú á því konungr hverr, sem þú gæzt, vist at vera vitr ok margfróðr ok þó góðviljaðr, at hánum hæfir sjálfum at kunna á því góða skilning, at hann er þó sjálfr þjónu guðs, þóat hann sé svá mjök miklaðr ok tignaðr í háleitri guðs þjónustu, at allir líníga til hans svá sem til guðs; þvíat allir þjóna guði [í því, ok² helgu nafni er hann berr, en eigi sjálfum hánum. Fyrir því er þat upphaf í konungs náttúru, at allir³ bera af hánum ógn mikla ok hræzlu, svá at engi er fyrir utan aga, er hann heyrir nefndan: en hann á sjálfr sik at sýna léttilátan⁴ ok bliðan öllum góðum mönnum, at engi hafi svá mikla ógn af hánum, at hann bleyðisk⁵ at bera öll nauðsynjamál sin fram fyrir konung fyrir hans grimleiks⁶ sakar.

Þetta á um nætr at vera hans skyldar reiða eða sýsla, þegar hann er [saddr af svefni⁷, at bera áhyggju fyrir öllu ríki sínu, hversu hann skal þess⁸ skipa eða síða, er⁹ guði megi helzt líka sú hans áhyggja, er hann berr þar fyrir, ok svá ok hversu hánum sjálfum megi ríkit verða nytsamlíkast til allrar hlýðni við sik; henda glöggþekkliga¹⁰ þat hóf, hversu stríðliga hann skal hinum ríka aptr halda, at hann verði eigi ofægjarn við hinn fátæka, svá ok með mundangshófi fram at draga hinn fátæka, at hann görisk eigi ofðjarfr við hinn ríka, ok þarf hann þat sannyndasamlíga¹¹ at skipa ok skygna, at hverr sé mundangmaðr í þeirri tígund, sem hann er í skipaðr. Þat þarf hann ok vandliga at hugleiða við sjálfan sik, ef hann þarf refsingar við þá, er eigi vilja því una¹², er guð hefir þá til skipaða, at hann sé í sinni refsing hvergi svá blauðr, at fyrir ofmikillar bleyði hans sakar skyli

¹) at smáttka ²) ok því ³) eigu at tilf. ⁴) lítillátan ⁵) blýgisk ⁶) ríkleiks
⁷) fullsvefta ⁸) þat ⁹) svá at ¹⁰) glöggliga ¹¹) skynsamliga
¹²) hlíta

hverjum dælt þykkja at brjóta þat, er standa á eptir rétttri skipan. Eigi sé hann ok svá stríðr í sínum refsingum, at guði virðisk svá eða sannsýnum mönnum, at hann refsir meir fyrir grimleiks sakar en réttýnda. Nú þarf konungrinn fyrir því þessa hluti ok marga aðra hugleiða um nætr, þegar hann er fullsæfti¹, at þá koma færri hlutir á úvaran hann um daginn þann tíma, er lands nauðsynjar verða fyrir hann bornar.

XLV. Sour. Hér þykki mér at því koma, sem fyrr gátut þér í yðarri ræðu, at hvártveggja mun við þurfa mikit hóf ok þó sannsýni, ef konungrinn skal á því hitta mundangshóf, at hann sé hvárki í refsingum ofstríðr né ofblauðr; ok vil ek nú þess spyrja, ef þau eru nökkur dæmi, [er hann megi síðvendi taka af þeim² til þessa hófs, með því ok at þér gátut þess, at konungrinn hverr ætti allfróðr at vera um öll þau dæmi, er til væri.

Fadir. Þess get ek enn sem þá, at engi maðr ætti at vera margfróðari eða vitrari um alla hluti en konungr, þvíat þat er sjálfs hans nauðsyn mikil ok svá alls fólksins, er undir hánnum er. En sá sem allfróðr er um dæmin, þá munu allfáir þeir hlutir mannum til handa bera, er hann má eigi dæmi til finna. En þessi dæmi váru árla skipuð, er hverr konungr á sér opt fyrir augum at hafa, ok þaðan af þau mörk henda³, hversu hann skal sinu ríki stjórna.

Þá er guð hafði skapaðan allan heim ok skryddan hann hvártveggja með grösum ok öðru blómi, svá ok með kykvendum eða fuglum, þá skipaði hann tveim mönnum til, karlmanni ok konu, at gæta allra þessarra hluta, ok leiddi hann þau bæði Adam ok Evu yfir hæð⁴ Paradisar, ok sýndi þeim alla fugla ok öll kykvendi, blómstr ok alla fegrð [í Paradísi⁵. Þá mælti guð við Adam ok Evu: „þessa hluti alla, er nú sé⁶ þit, þá gef ek ykk til viðrlifis ok forræða, ef þit vilit halda lög þau, sem nú set ek vár á milli; en þessi eru lög þau, er þit skulut vandliga gæta, ef þit vilit þeim gjöfum halda, er nú hefi ek gefit ykk: Tré þat hit fagra, er þit sét⁶, at stendr í miðri Paradísi með girniligum eplum, þat heitir vísendatré, en aldin þat er tré þat berr, þá heita þau fróðleiks epli; á því tré skulut þit ekki taka ok ekki neyta af þeim eplum, er þat berr, þvíat þit munut deyja, þegar þit etit af því; en alt annat þat sem nú sé⁶ þit, þá skulu þit í leyfi neyta eptir ykkrum girndum.“ Til þessa sáttmáls váru kallaðar fjórar systur, guðligar meyjar, þær er heyra skyldu setning þessarar laga, ok vita alt skilorð þessa sáttmáls; ein þeirra hét sannendi, önnur fríðsemi, hin

1) fullsvefta 2) at hann megi af þeim marka ok taka vísindi 3) at taka

4) hæðir 5) Paradisar 6) sjáit

þriðja réttvísi, hin fjórða miskunn; ok mælti guð svá við þessar meyar: „Yðr byð ek um at skygna, at Adamr brjóti eigi lög þau, er nú eru sett okkar á milli, fylgit hánnum vel ok gætit hans æ vel, meðan hann heldr þessa hluti, er nú eru mæltir; en ef hann brýtr, þá skulut þér i dómi sitja mót hánnum með feðr yðrum, með því at þér erut dætr dómarans sjálfs.“

At lokinni ræðu hvarf guð af augliti Adams, en Adamr gékk at skygna um alla fegrð Paradísar. En með því at ormr er öllum kykvendum slægri ok mjúklátari, þá kom hann á þeirri stundu til Evu, konu Adams, með meylligu andliti, ok mælti við hana mikilli bliðu: „Sæll er bóndi þinn ok svá sjálf þú, með því at guð hefir gefit alla hluti undir ykkart vald, ok eigu nú öll kykvendi at hlýða ykkru boði, með því at Adamr er várr lávarðr, en þú ert vár lafdi. Ok vil ek nú þess spyrja þik, hvárt guð hefir nökkurn hlut undan tekit ykkrum forræðum, þann er á jörðu er, eða skulu þit alla hluti neyta, sem þit vilit fyrir utan alla viðrsýn.“ Eva svaraði: „Alla hluti þá er guð skapaði á jörðu gaf hann í okkur forræði, nema tré þat, er stendr i miðri Paradisu, þat bað¹ hann okkr eigi neyta, ok sagði hann, at vit mundim deyja, ef vit ætim þar af.“ Enn mælti ormrinn við Evu: „Óhó! lafdi min, hann vildi eigi, at þit værit svá fróð, at þit vissit bæði gott ok ilt, þvíat hann sjálfr veit alla skilning millim illra hluta ok góðra, en þit vitit ekki nema góða hluti eina, en þegar þit etit fróðleiks epli, þá munu² þit vera guði lik, ok vera eigi úfróðari um illa hluti en góða.“ En þegar ormrinn hvarf ífrá augliti Evu, þá kallaði hon Adam bónda sinn til sín, ok sagði hánnum alla þessa ræðu; því næst tók hon tvau fróðleiks epli, ok át annat sjálf, en annat fékk hon Adami. En þegar er þau höfðu þessi epli etit, þá óx fróðleikr þeirra til illra hluta, svá sem ormrinn hafði sagt, ok tóku þau þá um at skygna³ vöxt allra kykvenda, svá fugla ok trjá, ok svá um þat, hversu sjálf þau váru sköpuð. Þá mælti Adamr: „Skamliga stöndum vit nökkvið hjún, þvíat limi okkra hylr ekki; hylr öll kykvendi hár eða hali, en fugla hylja fjaðrar, en tré⁴ hylja kvistir ok lauf, en vit tvau ein stöndum með skamnöktum limum.“ Því næst tóku þau sér breitt lauf af viði⁵, ok huldu limi sina, þá sem þau skömdusk⁶ mest at berir væri. Þá kom friðsemi framgangandi ok mælti við Adam ok Evu: „Nú hafi þit brotit lög ok sáttmál við guð, ok vil ek eigi halda ykk frælsi lengr i opinberri viðáttu, sem fyrr höfðu þit; en ek mun halda ykk frælsi i leyniligu fylsni, þar til er dómr fellr á mál ykkart, ok til þess vil ek ykk frælsi halda, at þit skulut eiga kost at hafa

¹) bauð ²) mundi* ³) hyggja ⁴) trio* ⁵) þeim* tilf. ⁶) skömmudusk

svör fyrir ykkur; en þit gefit gaum at því sjálf, at svör ykkur verði ykkur haldkæm ok heldr til fulltings en úliðs.“ Sannendi gékk fram ok mælti við Adam: „Hygg þú at því, ef ræða þarf mál þitt, at þú ljúg ekki, þá em ek í vitnisburð með þér; seg svá frá öllum hlutum, sem verit hafa; þvíat þegar er þú lýgr nökkut, þá em ek í vitnisburð móti þér.“ Réttvísí gékk fram ok mælti: „Þat er mitt skyldarembætti at skygna um þat, at þú verðr eigi dæmdr með röngum dómi; en því gagnstaðligrí verð ek þér, sem þú verðr meir við lygi kendr ok ranglæti.“ Miskunn gékk fram ok mælti við Adam: „Líkn ok hjálp mun ek veita þínu máli, ef þú heldr vel alla þessa hluti, er systir mínar hafa lærðan þik.“ En er Adamr var hræddr orðinn, þá fór hann at fela sik millim trjá, at hann skyldi eigi nökkviðr sénn verða.

En at miðs dags tíma gékk guð at sjá yfir fegrð Paradísar ok gæzlu Adams; en með því at hann sá eigi Adam staddan á sléttri viðáttu, þá kallaði hann Adam til sín, ok spurði hvar hann var? Adamr svaraði. „Því fal ek mik, dróttinn, at ek skömdumk at vera nökkviðr í þínu augliti.“ Guð svaraði hánun: „Hvadan af kunnir þú nú heldr at skammask þess, at þú vart nökkviðr en fyrrmeir í okkarri ræðu, nema þú hefir brotit lög ok etit af fróðleiks eplum þeim, sem ek hafða bannat at neyta.“ Adamr svaraði svá sem verjandi sína sök: „Kona þessi er þú gaft mér, hon eggjaði mik þess úráðs; hefða ek einn saman vélt um mitt ráð, ok hefðir þú eigi þessa konu mér gefna til ráðagerðar með mér, þá munda ek haldit hafa skipat lögmál ok eigi brotit þin boðorð.“ Þá mælti guð við Evu: „Fyrir hví kendir þú bónda þínum þetta úráð, at hann skyldi lögbrot gera?“ Eva svaraði sem verjandi sína sök: „Ormr þessi hinn orðslægi réð mér þetta úráð, hefði hann eigi verit skapaðr eða til mins fundar komit, þá munda ek eigi þetta úráð tekit hafa.“ Þá mælti guð: „Með því at lögbrot eru nú gör, þá vil ek nú, at þær meyjar er ek setta til gæzlu um okkart sáttmál sé í dómi með oss.“ Þá svaraði sannendi: „Þat er mitt skyldarembætti at sýna sök Adams, með því at hann leyndi með lygi því, er mest var sök til [ok lögbrot¹ af hans hendi. En þessi var sök mest til af ykkarri hendi, at eplin váru fögr ok girnilig ok sæt at bergja, en þit girntusk mjök at vera fróðari en ykkur var lofat, ok drýgðu þit í þessu stuld, er þit hugðusk leyniliga taka, en ágjarnligt rán, þar sem þit tókut fyrir leyfi, en metnaðarsamligt dramb, þar sem þit vildut guði lík vera í fróðleik ykkrum um þat fram, sem ykkur var lofat.“ Þá mælti guð við friðsemi, at hon skyldi með nökkurum orðum dæma um þetta mál; en friðsemi svaraði á þessa leið: „Með því at þú settir

¹) lögbrota

mik til þess, at varðveita Adami frelsi til handa, meðan úgör váru lögprot, þá vil ek enn til þjóðask at varðveita hánnum til handa því minna frelsi, at hann kunni eigi þess at gæta, er áðr hafði hann mikit fengit.“ Þá mælti guð við réttvísi, at hon skyldi dæma; en hon svaraði á þessa leið: „Með því at Adamr kunni eigi at gæta frelsis þess, er friðsemi gætti til handa hánnum, þá hafi hann nú fyrir þat vesöld ok nauð. En fyrir því at hann forvitnaði fróðleik til illra hluta, þá þoli hann nú ilt móti góðu. En fyrir því at hann vildi líkja sik guði í fróðleik sínum umfram leyfi, ok kendi guði völd um sín lögprot með lygiligri sakarvörn, þá þoli hann fyrir þat þann dauða, er hánnum var heitinn, áðr en hann gerði lögprot.“ Þá mælti guð við miskunn, at hon skyldi nökkut dæma um þetta lögprot. Miskunn svaraði með þessum orðum: „Með því at þat er mín náttúra, at leita nökkurrar líknar ok vægðar í öllum blutum, þá vil ek þess beiðask, at eigi sé Adamr með líknarlausum dauða¹ týndr; nú með því at hann má iðrask úráðs, meðan hann lifir, þá eigi hann ván hjálpar ok líknar í dauða sínum, æ meðan hann örvilnask eigi.“

Þá var um þat rætt, ef hann ætti sonu, hvárt þeir skyldu gjalda hans lögbrotu, eða skyldu þeir njóta þeirra gjafa ok óðala, er Adamr var útlægr frá rekinn ok guð hafði hánnum gefit fyrir öndverðu. Réttvísi svaraði: „Hversu megu synir hans, þeir er getnir verða í útleigð, njóta þeirra gjafa, er hann var útlægr frá rekinn fyrir lögprot sín? fylgi synir hans hánnum til dauða. En með því at hann skal eiga ván líknar ok miskunnar ok aptrkvámu til þeirra óðala, er nú glatar hann, þá sé synir hans með hánnum aptr kallaðir með nýju sáttmáli.“ En þá er dómr var fallinn á mál Adams, ok allar þessar systr tóku at samþykkjask með bliðu sáttmáli, svá at miskunn ok sannendi lögðusk í faðma, en réttvísi ok friðsemi kystusk með bliðum hálsföngum.

Nú skal konungrinn hverr sem einn hafa þessi dæmi opt fyrir augum, hversu guð tók hér at stilla [reiði sinni² fyrir brotit lögmál við karl ok konu, eða hverja dómara hann hafði með sér, at refsing hans væri eigi ofstrið fyrir líknarleysis sakar³. Nú dæmir konungrinn ok rétt öllum mönnum, þegar hann dæmir rétt karli ok konu; en með því skal hann jafnan ihuga sína dóma, þá er til refsinga horfa, at hann hafi þessar systr með sér ok göri þær sáttar, svá at þær kyssisk ok faðmisk; ok verða þá allir hans dómar hvárki ofstriðir né ofveikir. Þat þarf konungrinn ok vandliga at rannsaka, at hann kunni vel at blanda gæði þessarra systra; þvíat svá berr sæti þeirra til í öllum dómum, at þær sitja sér saman annan veg í dómi sannendi ok réttvísi,

¹) dómi ²) sína reiði ³) eða ofveik fyrir refsingarleysis sakar *tílf.*

en þær annan veg at dómi friðsemi ok miskunn. Nú skulu jafnan þær sáttar vera ok samþykkar á hverjum dómi. En iðuliga berr svá til, at friðsemi ok miskunn skýtr¹ öllum dómi undir sannendi ok réttvísi, ok samþykkjask þó² dómi eigi at síðr; stundum er ok þat, at hver þeirra systra hafa fullan rétt í dómi eptir tali réttu; en stundum kann svá til at bera, at meiri hlutr dóms vikr undir friðsemi ok miskunn, ok samþykkjask þó allar systir í dómi eigi at síðr; þat hefir ok stundum hent at skipuðum dómi ok staðfestum, þá hefir friðsemi ok miskunn veitta líkn fyrir bænaraorð ok iðran þess, er þurft hefir líknar.

XLVI. Sou. Nú virðisk mér svá sem þetta sé enn meira vandendamál³ en ek hugða fyrr, þvíat þar mun mikít vit ok skynsemd við þurfa, at blanda svá gæði þessarra systra, at þær skulu jafnan samsáttar vera, ok veltr þó dómr stundum meir í annan stað en annan; þvíat þér gátut þess í yðarri ræðu, at stundum veltr allr dómr undir sannendi ok réttvísi fyrir utan allar vægðir, en stundum veltr meiri hluti dóms undir friðsemi ok miskunn; þess gátut þér ok, at stundum hafi brígð á verit gör skipuðum dómi ok staðfestum. Nú ef hér væri dæmi til þessarra hluta, með því at þér sögðut til flestra hluta dæmi mega finna, ef at væri leitit, þá vilda ek nú gjarna heyra þessi dæmi, at mér væri þetta ljósara fyrir augum, ok svá öðrum þeim er heyrði; allra skyldast mun konungum vera at vita hér góð skil á, sem öllum öðrum hlutum, þvíat þeir munu optast slikra hluta við þurfa.

Faðir. Svá er nú mikil fyrnd at heiminum, at varla munu nú þeir hlutir kunna til at verða, er eigi munu dæmi til finnask, at fyrri hafa orðit, ok munu því varla þeir hlutir kunna til handa bera, er eigi mun fróðr maðr dæmi til finna. En til þessa hlutar eru þau dæmi, er svá árla urðu, at ek veit engi fyrri hafa verit, at allr dómr valt undir sannendi ok réttvísi fyrir utan allar vægðir. Þá er Lucifer engill í hinnum var dróttinsviki ok gerði niðingsverk mót sínum herra, þá dæmdi sannendi hann ok réttvísi með skyndiligu niðrfalli án allar líknligar vánir. Í þessum dómi féllu með hánum allir hans félagar ok ráðunautar. Þessi váru þau lögbrot, er guð refsti með vægðarlausum dómi.

XLVII. Sou. Þess vilda ek nú biðja yðr, at þér létit eigi leiðask yðr, þóat yðr þætti spurning mín bernslig verða ok úfróðlig, sú er mik fýsir at spyrja yðr; ok með því at ek skil eigi til fulls þá hluti, er ek ætla nú eptir at spyrja, þá kann þat at vera, at margir sé þeir aðrir, er eigi skili heldr en ek; en þat er um orminn er þér sögðut at kom til Evu ok mælti við hana sem maðr, ok eggjaði hana at

¹) skjóta ²) allar í tilf. ³) vandamál

göra lögbrot; ok vil ek nú þess spyrja, hvárt ormrinn var svá skapaðr, at hann mælti heldr en önnur kykvendi? eða mæltu fleiri kykvendi í þann tíma, þóat nú sé öll dumba¹? eða hver sök til var, at ormrinn vildi konuna leiða til lögbrota?

Faðir. Vit höfum mjök langa ræðu í munni hafða, ok ef vit skulum hana glósa alla, þá verðr þat auki mikill langrar ræðu; þviat þat er allvíst, at fá orð munu þau vera í okkarri ræðu, er eigi mun þurfa at glósa, ef allfróðr maðr kemr til, sá er gerla² kann at skilja allar þessar ræður; ok þykki mér þat sannligra, at vér takim réttan framgangsveg upphafðrar ræðu, en vér hirðim öðrum þat starf at glósa okkrar ræður, þeir er síðar heyra, ok þat starf vilja eiga með margsmogalli³ athygli. En með því at hver spurning litr til nökkurrar orlausnar ok andsvara, þá er þat rétt, at ek lúka upp nökkut þessarri ræðu fyrir þér, at þér verði ljósari fyrir augum, eða þeim öðrum, er eigi skilja heldr en þú; ok mun ok þó fara um þat fám orðum, fyrir því at ek vil eigi vera mjök krafðr at glósa mína ræðu.

En þar er þú spurðir þess, hvárt ormr eða önnur kykvendi váru sköpuð til máls í þann tíma, er Adamr var skipaðr gæzlumaðr í Paradísu, þá skalt þú þat vita víst, at engi líkamlig skepna var sú, er mál var gefit, nema mannum⁴. En þar er þú leitar eptir því, hví ormrinn fékk mál, eða hví ormrinn leiddi konuna til lögbrota, þá er nú skýranda þat. En þat er upphaf þeirrar skýringar, at guð hafði fyrri skapat engla en menn. Þeir váru allir skapaðir með mikilli fegrð, údauðligir andar án allan líkamligan breyskleik, þó váru þeir skapaðir með mikilli fegrð undir þessarri lagagæzlu, at þeir skyldu halda hlýðni ok ástsemd⁵ við skapara sinn með litillæti án alla flærð. Var þeim því heitit, at þeir skuldu halda allri fegrð ok allri annarri sæmd, þeirri er hann hafði gefit þeim, æ meðan þeir gætti þessarra laga; þó gaf hann þeim frjálsligt sjálfræði, at þeir skyldu mega göra lögbrot, ef þeir vildi, ok mælti svá guð við þá: „Með því at þér várut allir í senn skapaðir, ok engi af öðrum getinn, þá skal hverr yðarr fyrir sjálfum sér gera, en engi fyrir öðrum, hvárt sem heldr verðr gætt þeirra laga, sem nú hefi ek sett, eða verða þau brotin. En ef nökkurir eru þeir, er þau brjóta, þá skulu þeir vera reknir or þessu sældarlífi; en þeir er gæta, þá hafa þeir jafnan úþrotliga sælu ok endalaust líf í sæmiligri þjónostu minni. En því gef ek yðr öllum sjálfræði á, hvárt er þér vilit heldr brjóta þessi⁶ lögmál eða halda, at þeir er halda, þá eru þeir valdir mér til kosinna gersima, en þeir

¹) dumb ²) glöggliga ³) margsmugalli ⁴) maðrinn einn ⁵) ástúð

⁶) þetta

er brjóta, þá verða þeir fyrir hatri ok reknir til kvalsamligrar ánauðar ok úvingjarnligrar þjónustu.⁴

Þessir englar váru allir fagrir, ok þó var einn fegri öllum þeim, ok var hann fyrir því Lucifer kallaðr, ok var hann skipaðr höfðingi yfir mörgum englum, ok hneig mikill fjöldi engla til hans með þjónustu ok allri vináttu. En þá er guð hafði lokit þessarri ræðu, þá hvarf Lucifer svá sem í norðr frá guði með öllum sinum fylgjurum, ok mælti svá: „Hví skulum vér þola hót af guði fyrir þjónustu vára, þar sem vér höfum sjálfir yfrinn krapt ok fegrð ok fjölda at halda varri sæmd? Nú mun ek setja mér annat háseti líkt guði í nöðra hlut himins, ok varðveita með ágætligri stjórn annan helming himins eða meira.“ Þá svaraði guð ok mælti við Lucifer: „Með því at þú hefir lögbrot gört með svikligri uppreist, þá máttu enga staðfestu hafa lengi¹ með oss; ok með því at þú vilt ríkisgæzlu hafa, þá far þú nú til ríkis, er þér er búit, ok skalt þú nú hafa nauð fyrir frelsi ok vesöld fyrir sælu, hverskyns harm án alla huggan. Fylgi þeir þér allir, er eigi váru gagnstaðligir þinni ráðagerð.“ En þá er guð leit til þeirra reiduliga, þá skulfu himnar allir í augliti guðs, en úvinir hans flýðu með ógurliku niðrvarpi, ok gerðu leiðiligt litaskipti með brottorpinni² fegrð. Því næst hittu þeir alla þá staði, er þeim var til visat, ok dreifðusk þeir um allar helvítis holur, skipaðir með ýmsligu embætti, ok skildisk með því myrkr frá ljósi.

En eptir þat er guð hafði mann skapaðan, ok hann var skipaðr í sældarlífi í Paradisu, þá mælti Lucifer til sinna féлага: „Þessum mun guð hafa ætlat ríki þat, er hann rak mik ífrá, ef hann gerir eigi misbrigði í gegn hans vilja. En þóat hann skipaði öðrum englum í vart ríki, þá mættim vér þat aldri þola, ef vér fengim nökkut at gört; en þetta er oss ofmikil skömm, at maðr sá er görr var afleiri eða saurgu jarðar dupli, skal vera leiddr í þá eilífa sælu, er vér várum frá reknir. Fyrir því skulum vér jafnan berjask við hvern þeirra, er þannug stundar, ok hefna várs skaða með grimligri heipt á öllum þeim, er vér fám sigrat. Fyrir því skal ek við leita at vinna sigr á hinum fyrsta manni, er guð hefir skapat, at þá megi aðrir mínir félagar [vinna sigr á hinum³, er síðar koma.“ Því næst skrýddisk hann með sjau höfuðvélum⁴, þeim er hann vænti sér fulltings af: ein var eitrlig⁵ öfund, önnur brennandi heipt, þriðja villusamlig slægð, fjórða glyssamlig flærð, fimta dramsamlig yfirgirnd, setta ágjarnlig⁶ sinka, sjaunda bergisamlig lostasemi. Því næst mælti hann við sjálfan sik: „Með því

¹) lengr ²) sæmd ok tilf. ³) hafa þau dæmi við hina ⁴) höfuðvillum

⁵) drilílg ⁶) eigingjarnlig

at ek em nú úsýnligri andi, þá má ek eigi sýniliga koma í tal við líkamligan mann, nema ek skryða mína hina ljótlígu ásjón með nökkurri líkamligri fegrð. Nú mun ek ganga inn í orm þenna, er guð hefir skapaðan með meyllígu andliti, ok líkastr er mannlígrí fegrð, ok mun ek tala með hans munní við Evu konu Adams, ok víta af henni, hvárt þau eru sköpuð í fullu frelsi fyrir utan alla lagagæzlu, eða hefir guð nökkut lögmál skipat þeim, svá at ek mætta þaðan af spilla þeirra sætt við hann.“

Því næst hitti sá hinn öfundfulli andi orm þann, er nú er kallaðr *Aspis*, er í þann tíma gékk á tveim fótum með uppréttum líkam, svá sem maðr, ok meyllígu andliti, svá sem fyrir sögðum vér¹. En þá er sá hinn illgjarni andi kom til fundar við Evu huldr með líkami þess orms, þá neytti hann vélar þeirrar, er kölluð er glyssamlígrí flærð, þar er hann mælti við Evu með flærðsamlígrí blíðu, þá er hann kvað svá at orði: „Sæll er bóndi þinn, ok svá sjálf þú.“ Þetta lof veitti hann þeim eigi af gæzku, heldr lofaði hann fyrir því þeirra sælu, at hann vildi draga þau til vesaldar með heipt ok öfund. En þar neytti hann villusamlígrar slögðar, er hann bað Evu segja sér, hvárt guð hefði gefit þeim Adamsi forræði ok neyzlu fyrir utan alla viðrsýn á öllum hlutum. En þegar er hann fékk visendasvör af Evu fyrir blíðyrði sín, ok hann heyrði at þeim var dauða heitit, ef þau gerði lögbrot, þá varð hann feginn, ok neytti hann þá dramsamlígrar yfirgirndar, er hann sagði þat Evu, at þau mundu í þessum hlutum guði líkjask í fróðleik sínum, at víta alla grein millim góðra hluta ok illra. En þar neytti hann bergisamlígrar lostasemi, er hann bað hana freista hversu sætt væri eða vel þefjat² fróðleiks epli, þat er henni var bannat. En í því neytti hann yfirgjarnlígrar sinku, er hann kom Evu til þess, at eignask þat er guð hafði áðr bannat henni; þvíat guð hafði gefit alt annat í vald Adams ok Evu, utan þetta tré eigi, ok singirndusk þau eptir at hafa þetta fyrir utan leyfi, þar sem alt annat var í þeirra vald gefit. Þessa eina grein vissu þau millim góðra hluta ok illra, at betra var gott en ilt, at þau hræddusk þann dauða, er þeim var heitinn. En fyrir því at þau höfðu enga beisku illra hluta bergða, þá kunnu þau eigi at víta þat, hversu mikla vesöld er þau mundu þola fyrir lögbrot, heldr þótti þeim mikít upphaf í, ef þau væri lík guði í fróðleik sínum, at þau vissi alla grein millim góðra hluta ok illra. En þá er ormrinn eggjaði Evu at eta af fróðleiks eplum, þá hræddisk hon dauða, ok mælti svá við orminn: „Ek hræðumk, ef ek et, at ek deyja, með því at guð hét mér því. Nú et þú fyrri, svá at ek sjá, ok ef

1) ok þó með draganda sporði tilf. 2) þefat

þú deyr eigi, þá mun ek eta, þvíat þetta aldin mun jafnvel öðrum kykvendum skapat til bana sem mér, ef þat hefir dauðligan krapt með sér.⁴ En andinn sá er leyndisk í orminum, þá svaraði með sjálfum sér: „Ek má vel eta eplit, þvíat ek em ekki at sekari né dauðligri, þar sem ek em ádr í fullri reiði guðs.“ En þessi orð heyrði Eva eigi. Því næst tók Eva eitt epli ok lagði í munn orminum, ok hann át þat þegar. Ok er hon sá, at hann sakaði ekki, þá tók hon þegar annat epli ok át sjálf, ok þótti vera afar sætt, sem ormrinn hafði sagt henni.

Því næst hvarf ormrinn frá augliti Evu; en hon kallaði Adam bónda sinn, ok sagði hánun þessa hluti. En með því at hann hræddisk ok dauða, sem guð hafði heitit hánun, þá vildi hann eigi eta, nema hann sæi sjálf, at Eva æti fyrir hánun, ok tók þá enn Eva tvau epli, ok át þegar annat sjálf djarflega, þvíat hon hafði kent ádr sætleik eplisins, ok girndi hana optar at bergja á, heldr en hon skemdisk þess, er hon hafði ádr gört. En þegar Adamr sá, at hana sakaði ekki, heldr [þekti hann lystiligan sætleik í¹ munni hennar, þá tók hann við því epli, er hon bauð hánun, ok át eigi síðr en hon. Sem þau höfðu eplit elit, þá lukusk upp augu þeirra til meira fróðleiks en þau höfðu ádr, svá sem ormrinn sagði; þvíat þá kunnu þau þegar at skammask nöktra lima, þar sem þau sá fugla likami hulda vera með fjöðrum, en dýra likami með hári, en þau sá sjálfra sinna likami nekta vera, ok skömdusk þau þess mjök; en allra mest völdi² þat þessarri skömm, at þau vissu sik í sökum við guð fyrir brotit lögmál, ok báru þau allan hræddan likam sinn, ok skömdusk nöktra lima. Því næst fóru þau at fela sik millim trjá, ok gáfu oss dæmi sinnar dulrænu, þvíat þau gáðu þess eigi, at guði váru svá kunn handaverk sín ok alt smíði, þat sem hann hafði gört, at eigi mundi hris eða skógar fela þau fyrir hans augliti, þar sem leyniligar róar³ helvitis fyllsna eru berar ok sýniligar í hans augliti á hverri stundu.

En meðan er Adamr var í fyllnum, þá mælti guð við andann, er leyndisk í orminum: „Með drambi ok illsku hóft þú upp hit fyrsta lögbrot, ok var engi annarr at tæla þik, nema sjálfs þíns dramb ok öfund; fyrir því æsisk⁴ reiði mín móti þér fyrir utan alla várkynd, ok glatadir þú eilífri sælu án allar vánir þinnar aptrkvámu. En þóat þú hafir annat sinni minn hug vaktan til reiði fyrir þessi lögbrot, er nú eru gör, þá mun Adamr taka refsing fyrir sin lögbrot, ok eiga þó vánir aptrkvámu ok miskunnar, þvíat hann kom í mína reiði [fyrir þinnar

¹) kendi lystiligan sætleik or ²) olli ³) rár ⁴) æðisk

illsku sakar ok flærðsamligra pretta¹. Ok svá sem þú vant sigr á konu Adams, þeirri er enn er mær, svá skal ein af hennar dætrum, sú er mær er, sigr á þér vega. Ok svá sem þú þykkisk nú leitt hafa Adam með herfangi eða hans kyn í þitt veldi, svá skal einn af hans sonum rannsaka allar þínar fchirzlur, ok taka allar gersimar frá þér með herfangi, leiða Adam undan þínu valdi ok allar hans dyggvar kynslóðir² með dýrum sigri, ok skipa hánnum sœmiliga millim sinna sona í því ríki, er þú týndir makliga. Ok svá sem grænt tré bar þat aldin, er þú vant nú sigr með, svá skal þurt tré bera þat aldin, er þinn sigr skal týnask með.“ Því næst mælti guð við orminn, þann er andinn hafði leynzk í: „Bölvadr verð þú fyrir öll kykvendi á jörðu, þviat þú tókt við minum úvin ok leyndir hánnum fyrir augliti Evu, til þess at hann mætti or þínu fylsni [sigr vega á mannligu kyni³; fyrir þat skalt þú skipta ásýn þeirri, er þú bart í meyligu andliti, ok skalt þú nú bera ljótt andlit ok grimt ok andstygt mannligu kyni, hverfi þeir fœtr, er báru þinn réttan likam, ok gakk þú héðan ifrá á kviði þínum ok á brjósti. Beisk mold ok saurig⁴ skal vera matr þinn, fyrir því at þú ázt scætt epli, þat er þú tókt or hendi Evu. Þú skalt vera sjálfgört kerald eitrs ok dauða, til vitnisburðar at þú falt eitrliga öfund í þínum likam. Segi ek sundr sætt millim þín ok allra mannligra kyn⁵; skal höfuð þitt ok háls gegna manna fótum ok þeirra ástigum í hefnd þeirra svika, er menn hlutu af þinni flærð ok bliðu. En með því at þú vart⁶ mannum til þess at gera lögbrot með munnum ok með ætni sinni, þá skal mannsins bráki, sá er flýgr af fastanda manns munni, verða þér at jafnhættu eitri við lif þitt, ef þú bergir á, sem mannum er eit þitt, ef hann bergir á því.“

Því næst kallaði guð á þau Adam ok Evu, ok spurði hvar þau væri. En Adamr svaraði: „Vit fálum okkr fyrir því, dróttinn, at vit skömdumsk nökkvið at vera fyrir þínu augliti.“ Í fyrsta orði er Adamr svaraði guði, þá laug hann at hánnum, þviat þau vissu sik sakafull vera fyrir lögbrot ok fálu þau sik fyrir þá sök, ok leyndi Adamr því í þeim andsvörum, er hann svaraði guði. Þá mælti guð við Adam: „Hví kunnu þit nú heldr at skammask en næstum í várri viðræðu, at þit erut nökkvið, nema fróðleikr ykkarr hafi svá aukizk, at þit hafit etit af þeim eplum, er ek bannaða ykk.“ En þegar er Adamr heyrði þat, at eigi mundi leynask, at þau hefði⁷ lögbrot gör, þá leitaði hann [þegar athygli ok⁸ at annarr bæri ávit fyrir þá sök, heldr en hann

1) sakir flærðsamligrar fortölu þinnar, en eigi fyrir sakir sjálfvaxinnar illsku í sínu brjósti 2) kynkvísir 3) sigra mannligt kyn 4) saurug 5) kynkvísla 6) komt 7) höfðu 8) þeirrar athygli

sjálfr, þvíat hann kvað svá at orði: „Hefða ek einn vélt um mitt ráð, ok hefðir þú eigi gefit mér konu þessa til ráðagerðar með mér, þá munda ek hafa haldit skipat lögmál, ok eigi brotit þin boðorð.“ Þessi orð jóku mjök sök Adams í augliti guðs, þvíat hann leitaði heldr sakarvarnar en miskunnar. En ef hann hefði þessi orð mælt: „Minnsk nú, dróttinn minn, at ek em görr af ústyrku efni svá sem breyskr leirpott, ok þarf ok meir miskunsamligrar vægðar þinnar, heldr en verðleikr sakar minnar mun beiðask, þvíat ek ústyrkr féll í miklar sakir við þik, dróttinn minn, fyrir lögbrot mitt;“ þá hefði þegar minkat sök Adams í augliti guðs, þvíat þá væri leitat miskunnar, en eigi sakarvarnar. En þá er guð heyrði, at Adamr svaraði sem verjandi sína sök, þá mælti hann svá sem með reidi: „Eigi skalt þú mér fyrir þat sök gefa, at ek skapaða konuna; þvíat til ljúskapar ok yndis gaf ek þér konuna, en eigi til þess, at þú skyldir með hennar ráði lögbrot gera. Varaða ek þik við, at þú skyldir lögbrot gera, ok sagða ek þér sakar ván, ef þú gerðir lögbrot; hvi fylgðir þú heldr veilræðum¹ konu þinnar en heilræðum mínum, nema þú gerðir fyrir drambs sakar ok yfirgirndar, at þú vildir vera jafnfróðr sem ek, ok forvitnaðir² þú fyrir því þat er þér var eigi lofat.“

Því næst mælti guð við Evu: Hvi eggjaðir þú bónda þinn, at þit skyldut³ gera lögbrot?“ En Eva vildi gjarna, at annarr bæri ávit fyrir sök hemar, heldr en sjálf hon, þvíat hon kvað svá at orði: „Ormr þessi hinn orðslægi réð mér þetta úráð; hefði hann eigi skapaðr verit eða til míns fundar komit, þá hefða ek eigi lögbrot gört, né bónda minn eggjat at göra lögbrot.“ Þá er guð heyrði sakarvörn Evu, þá mælti hann reidr: „Svá sýnisk mér, sem þit vilít mér kenna bæði, at þit gerðut lögbrot; þvíat hann gaf mér sök fyrir þat, at⁴ ek hafða þik skapaða til ráðagerðar við hann⁵, en nú gefr þú mér þá sök, at ek hefi ormínn skapat. Svá skapaða ek ormínn sem öll önnur kykvendi á jörðu; en eigi gaf ek hann þér til ráðgjafa, heldr lagða ek hann undir ykkart vald, sem öll önnur kykvendi á jörðu. Varaða ek ykkur bæði við, at þit skyldut eigi lögbrot gera, ok sagða ek ykkur ván dauða fyrir. Nú eru ekki betri verk ykkur orðin í sakarvörn ykkarri, en áðr váru í lögbrotum; fyrir því skulu þit þola þann dauða, er ek hét ykkur. Þóat þit fallit eigi þegar dauð niðr, þá skulu þit þó langar hefndir taka í ykkrum dauða fyrir ykkart lögbrot, ok engar kynkvíslir skulu þær af ykkur koma, er eigi skulu svara þessum lögbrotum. En þá stund er þit lifit á jörðu, þá skulu þit þola sorgsamligar nauðir í stað þess er þit kunnut eigi at gæta frjálsligrar sælu.

1) veilræði; vélræði 2) forvitnaðisk 3) skyldit 4) er 5) með hánun

En fyrir þat at þú gerðir fyrri lögbrot en Adamr, þá margfalda ek þessar nauðir þinar umfram þat¹, er þit skulut bæði kenna: þú skalt [undir vera orpin² veldi bónda þíns ok öllum hans forræðum, ok sýnask hvarvetna³ minni fyrir þér ok lægri í augliti sona ykkarra. Börn þau er þú getr í lostasamligri girnd, þau skalt þú framleiða með sótt ok nálgandisk lifsháska; þú skalt ok skyld at veita börnum ykkrum alla þjónostu með starfi ok sorgsamligri önnu í uppfæði þeirra.“

Þá mælti guð: „Nú er Adamr orðinn svá fróðr sem einnhverr várr, vitandi góða hluti ok illa. Varizk þér, at eigi neyti hann af lifstré fyrir utan leyfi, svá sem hann neytti af fróðleiks eplum, at eigi lifi hann eilífuga í sínum sektum.“ Því næst skipaði guð Cherubin at varðveita þann veg, er liggr til lifstrés með eldligu sverði, þat er jafnan svípar allan veg með eldbitrum⁴ eggjum, svá at engi megi þar fram koma fyrir utan leyfi. Því næst mælti guð við Adam: „Fyrir því at þú hlýddir meir úráði konu þinnar heldr en heilræðum mínum, ok neyttir kvíðjadan ávöxt jarðar, fyrirbólvask jörð í verki þínu, sú er þér gaf allan girniligan ávöxt, svá sem með móðurligri mildi. Nú skal hon synja þér ávaxta þeirra, er þér sé sœmiligir til neyzlu, svá sem hryggliga reið: þistla ok illgresi skal hon gefa þér í ávöxt, nema þú fágir hana með verknaði, svá at hon drekki sveita þinn; því at héðan ifrá skalt þú með starfi afla þér matar á⁵ jörðu.“ Því næst gaf guð þeim Adami ok Evu skinnkyrtla, ok mælti við þau: „Með því at þit skömduzk⁶ nökra lima, þá hylit ykkur nú með starfs ismottum⁷ ok úgledisklæðum, ok farit nú á viðáttu jarðar með annsamligu starfi, ok leitit ykkur fæzlu. Þó skulu þit hvilask í dauðligu faðmlagi jarðar ok snúask aptr [náttúruleg í dauðlig efni, þar⁸ er þit várut af tekin fyrir öndverðu.“ Þá mælti Adamr: „Miskunn ok réttðemi⁹ þakka ek þér, dróttinn minn, þvíat ek skil görla stórar afgerðir mínar; svá þekta¹⁰ ek ok miskunn þína, þvíat ek mun eigi týnask líknarlausss sem Lucifer. Hryggr mun ek stíga niðr til dauðliga¹¹ helvitis skugga, þó mun ek jafnan gleðjask í ván aptrkvámu minnar, þvíat þess vænti ek til þin, dróttinn minn, at þú munt enn sýna mér lifanda geisla í dauða¹² myrkri; ok til þess mun ek jafnan stunda, at sá er nú gleðsk af mínum úförum svá sem af fengnum sigri, hann mun enn hryggvask af várri aptrkvámu, svá sem yfirstiginn [ok sigri týnt¹³.“ Þá mælti Eva: „Svá sem nú skiljumsk vér sorgfull, dróttinn minn, fyrir stóran vörn tilverka, svá munum vér enn fagna miskunsamligri huggan

1) þær 2) undirvorpinn vera 3) hvervitna 4) allbitrum 5) af 6) skemdizk 7) ismáttum 8) í náttúrulegt efni (eðli) þat 9) réttlæti 10) þekki 11) dauðliga* 12) dauðu* 13) af (at) týndum sigri

þinni í nauðsynjum várum.⁴ Því næst hvarf guð af augliti þeirra, en þau bjoggusk fyrir á jörðu, sem guð bauð þeim.

Nú hefi ek gört sem þú beiddisk, at¹ lokit upp með nökkurum orðum fyrir þér, hvi ormrinn mælti við konuna, eða hver sök til var, at hann eggjaði konuna til lögbrotá; ok hefi ek þó haft sem léttast efni í þessa² ræðu, þvíat ek vil öðrum þat starfspara, at glósa várar ræður með djúpligri áhyggju; en vit takim³ heldr réttan framgangsveg upphafðrar ræðu, með því at vit höfum eigi tórn til hvárstveggja.

XLVIII. Sonr. Nú skilsk mér þat, at yðr þykki orlausn þeirrar spurningar, er ek spurða næstum, heldr vera glósur ok þýðing⁴ þeirra ræðna, er fyrr töluðum vit um, heldr en þat sé framgangsveg upphafðrar ræðu, ok hræðumk ek þat, ef ek spyr nökkut lengra um þessar skýringar, at yðr virðisk spurning mín eigi fróðlig. En fyrir dælleika sakir þess, at þér hafit lofat mér at spyrja þeirra hluta, er forvitni mín girnisk, þá mun ek þó enn tilhætta at spyrja, þvíat ek vænti enn góðra svara fyrir sem fyrrmeir, þóat ek spyrja bernskliga. Nú hafi þér skýrt fyrir mér, hvi ormrinn mælti við konuna með þeim hætti, at audinn mælti með munni ormsins; svá skýrðu þér ok fyrir mér, at konan var eggjuð at gera lögbrot, at þat var fyrir þeirrar öfundar sakir, at Lucifer fyrirmundi mannum at koma til þess ríkis, er hann var or rekin; ok höfðu þér nökkura þá ræðu í þeirri skýring⁵ um þessa dóma guðs, hvárttveggja um Lucifer ok svá um Adam, er eigi er víst, at áðr sé opt heyrð. En ef ek hefða minni til þeirrar ræðu, ok bæra ek eptir því fram, sem ek heyrða yðr ræða, ok kvæði einhverr svá at orði sá er heyrði, at hann kallaðisk eigi þessa ræðu fyrr hafa heyrða, þá vilda ek þess biðja yðr, at þér sýndit mér, hver efni ek skylda hafa í andsvör mín, at eigi sýnimk ek þegar fallinn með úfróðleik frá mínu máli, heldr mætta ek þá hjálp til finna at fulltingja mínu máli með, er öllum litisk heldr sannlig en lygilig.

Faðir. Svá eru glósur hveðrar ræðu sem limir eða kvistir af einhverju tré. Þar vex fyrst upp einn bulr af rótunum ok kvíslask síðan með mörgum greinum ok limum; ok hvern er þú tekr liminn ok rannsakar með réttri athygli, þá er þat jafnan fast við bulinn, þann er upp er vaxinn fyrir öndverðu af rótunum, ok njóta allir limirnir ok kvistirnir þeirra rötanna, er sjálfst tréit stendr á. En ef þú höggur af einhvern liminn ok kastar langt brott frá trénu, ok finnr sá einhverr á, er úkunnigt er, hvar staðit hefir, þá þykki hánunm slíkr sá kvistr, sem einhverr annarra, sá er hann finnr á sínum veg, þvíat hann veit ekki til, hvar hveðr hefir staðit. En ef hann berr aptr til

¹) ek hefi tilf. ²) þessari ³) tókum ⁴) skýring ⁵) spurning

hins sama stofns, er af hjó, ok leggur þar við, þá berr kvistrinn sjálfr vitni um, af hverjum rótum hann er upprunninn. Nú er með sama hætti um skýring¹ ræðu hverrar; sá er góða skýring hefir til þess, at ræðan fari rétt, þá hefir hann ok skilning til þess, at skýringin fari rétt. En með því at ek heyrða, at sumir hlutir hafa þeir verit í þessarri skýring, er eigi hafa opt verit heyrðir, þá vil ek nú stundum spyrja, með því at optar hefi ek svarat en spurt; ok vil ek nú þess spyrja, hvárt nökkurir hlutir eru þeir, er þú hefir áskynja orðit í þessarri ræðu fyrr?

Sour. Eru þeir sumir hlutir, ok þó eigi margir. Þat hefi ek heyrð hermt frá orðum Luciferi, at hann kvazk vilja setja sæti sitt jafnhátt guði; en engi hefi ek heyrð fyrri andsvör skýrð, þau er guð veitti þar á mót, en nú skýrðu þér.

Faðir. Enn vil ek framur spyrja: hvern ætlar þú þann hermt hafa orð Luciferi, er hjá stóð ok heyrði þessi svikafull drambyrði?

Sour. Þess nafn er eigi skýrt fyrir mér, ok eigi þykki mér vist, at sá hafi einhverr frá sagt, er heyrð hefir fyrir öndverðu.

Faðir. Þat skalt þú þó til viss vita, ef sá hefir hermt frá orðum Luciferi, er heyrði þau fyrir öndverðu, þá mundi hann at visu heyra þessi andsvör guðs, sem nú hefi ek frá sagt, ok mætti hann skýra hváratveggja ræðu, ef hann vildi, þvíat annattveggja mundi hann heyra báðar eða hvárga. En ef hann hefir eptir ætlan hermt sviklig drambyrði Luciferi, þá mætti hann vel eptir ætlan skýra sannlig andsvör guðs til hefndarinnar; þvíat annathvært hefir orðin sönn hvártveggja eða hvárgi; þvíat á þeirri sömu stundu, er Lucifer gerði lög-brot, annathvært með hugrenningum eða með orðum, þá hugði guð þegar alla hefndina, þá er vera skyldi frá hinni fyrstu stund ok til hinnar efstu; þvíat svá er mikil gnótt guðligs mannvits ok ætlanar, at forsjá guðligrar glöggþekni gripr í einu augabragði alla þá hluti, er verða skulu² frá hinni fyrstu stund ok til hinnar síðustu; en síðan gætir hann með guðligri þolinmæði alla þá hluti, er hann vill fram láta koma til þess, er hæfiligar stundir koma, ok hann vill þá hluti alla láta framgengna verða, er hann hefir áðr ætlaða. Ok ef guð hefði einumhverjum svá mikla skilning eða fróðleik gefit, at hann mætti þpekt fá³ þá hluti alla, er guð hafði hugða, ok svá segja ifrá, at guð hefði alla þá hluti með orðum skýrða eða ræðum, þá lygi eigi sá á hann því at heldr; þvíat alla þá hluti er guð hefir hugða, þá hefir hugrinn mælt við sjálfan hann, hvárt sem varrarnar hafa nökkura ræðu þar um gört eða eigi. En svá segir Páll postoli frá, at guð hefir gefit

1) skilning 2) skal* 3) þekkja

mönnum helgan anda sinn með skipuðum iðróttum ok embætti; hljóta sumir spáleiks anda, en sumir mannvits anda ok spektar, en sumir mælsku anda; sumir skilningar anda, en sumir hagleiks anda; hljóta sumir mikla gnótt af þessum gjöfum, en sumir minna; sumir hljóta eina þessa gjöf, sumir tvær, sumir þrjár, en sumir allar, slikt hverr sem guð vill gefit hafa.

En þeir er bæði hljóta skilningar anda ok mælsku sem David konungr hlaut, þá hafa [hætt til¹ þess at setja ræður saman ok bœkr til þess görvar, at þær ræður skyldu eigi [með tjónum verðask². Hefir David rætt í sumum stöðum um ætlan guðs, en í sumum stöðum um orð guðs, en í sumum stöðum um verk hans; en þeir er glósat hafa psaltarann fram á leið, er David gerði, þá hafa þeir fleira rætt um þat hvat David hugði meðan, heldr en um orðin, er hann hefir mælt; þvíat þeir hafa langar skýringar³ um þat gört með hverju orði, hvat David hugði, meðan hann mælti þat orð; ok sýna þeir [þær með ræðum⁴, til hvernarr skýringar hugr Davids sá með hverju orði, er hann mælti í psaltaranum. Með sama hætti hafa þeir gört, er skýrt hafa ræður guðspjallamanna, þá hafa þeir þat mart mælt, er guðspjallamenninir hafa þagl⁵ yfir, ok hafa þeir í því þat sýnt, at þeir hafa þar skýrt orð hugrenningarinnar, sem eigi váru orð varanna; ok er sjá náttúra at þeirri gjöf, þar sem guð hefir fullan skilningar anda gefit, at sá er hann heyrir fá orð varanna, þektir⁶ hann mörg orð hugrenningarinnar. En því glósaði eigi David sjálfr psaltarann, at hann vildi öðrum þat starf ætla, at skýra með orðum alla þá hluti, er hann hugði með sjálfum sér skýringina⁷, þá er hann ritaði rétta framgangs-ræðu upphafðra psálma. Ok svá göra allir þeir, er þá ræðu hafa í munni, er glósa þarf, þá ætla þeir öðrum þat starf at skýra þat með orðum, er þeir hafa í huga sér, meðan þeir [gera framgangsveg⁸ upphafðrar ræðu. Þó skalt þú þat vita, at engi hefir sá glósat ræðu Davids, er hjá hánnum sat, meðan hann gerði psaltarann, ok spurði hvat hann hugði meðan; ok skalt þú fyrir því þat skilja, at niðskunn skilningar andans leiðir þá til þeirrar athygli, at ramsaka grundvöllu ræðnanna, þeirra sem þeir heyra; því næst skygna þeir um, hversu margkvíslóttar⁹ eru rætr undir þeirri ræðu; þat hugleida þeir ok vandliga, hversu margar greinir vaxa á þeirri ræðu; því næst hugsu þeir þat, hversu margir kvistir fylgja hverri grein. At því gefa þeir ok miklar geymdir, hverja grein sem þeir taka, at þeir megi hana réttlíga apr

1) mgl.² 2) at tjónum verða 3) ræður 4) þat með ræðum sínum 5) þagat 6) þektir 7) með hugrenningum 8) gæta framgangs 9) margkvísláðar

leiða til þeirra róta, er hon var upp af runnin frá öndverðu. Ok ef þú nemr þetta skilvísliga ok rannsakar þú þat, er þú heyrir mælt, með margsmogalli¹ athygli, þá ferr þú þess ekki villr, hvárt þær glósur verða rangar eða réttar, er þú heyrir, ef guð hefir þann anda þér gefit, at þú kunnir rétt at skilja; þvíat sá maðr hvern, er góða skilning fær ok kemr hann á réttan farveg í upphafinu, þá [má hann vel þekta alla vegu líkleikanna² fram á leið, ok hver orðalög er makligust eru, at fylgja hverju tilviki. Nú les þú af þessum hlutum slíka hluti, er þú mátt, til skilningar³; en eigi sýnisk mér hér lengra um at ræða.

XLIX. Sonr. Guð launi yðr, herra minn! at þér [berit þolinmæði við⁴ at svara þeim hlutum, er ek spyr; ok finn ek þó nú þat, at yðr þykki bernsliga reika spurning mín, þvíat ek kann eigi at gæta efnis upphafðrar ræðu, ok kemr því hér ok hvar niðr spurning mín, sem ván er at úfróðum æskumanni. En þó virðisk mér sjálfum, at betra sé spurt en eigi þeirra hluta, er ek spurða næstum, hversu marka skyldi glósur, hvárt þær yrði réttar eða eigi. En nú skilsk mér þat vel, er þér sögðut mér, at sá maðr lygi eigi á guð, er hann segir ætlan hans svá sem ræður hans; fyrir því at alt þat er hann hefir ætlat í hug sér, þá hefir þat hugrinn áðr mælt við sjálfan hann, hvárt sem hann hefir með vörrunum framtalat eða eigi, ok má fyrir því þá hluti skýra svá sem framtalda ræðu, þvíat alt þat hefir hugrinn mælt við sjálfan hann. Þat skilsk mér nú ok vel, þóat engi mætti geta til þess, hvat guð hugði fyrir öndverðu, þá hefir hann nú þat sjálfr skýrt, þar sem hann hefir látit þá hluti framkoma, er hann hefir áðr hugða ok ætlaða; þvíat vist vil ek mér láta skiljask þat, at allir þeir hlutir er guð hefir fram látit fara, þá hefir hann þá hluti alla áðr hugleidda, ok með skynsemd skipaða í hug sér, fyrr en þeir hafi framkomit. Svá skilsk mér ok þat vel, at þeir er skýrðar hafa ræður Davids með glósum, eða annarra þeirra manna er ræður hafa samansett ok í bækir lært, þá hafa þeir með þessu efni skýringar görvar, [at hugleitt⁵ hvern grundvöllr eða hvert efni hefir fyrir öndverðu verit undir ræðunni. Síðan leiða þeir þat með athuga vitrliga, hversu sannliga líkligleikr megri greiða⁶ hvern lim eða kvist þeirrar ræðu, svá at [úraskat verði efni⁷ ræðunnar. Nú með því at mér taka at birtask nökkut þessir hlutir, þá kann þat vera, at ek hugleiði slíka hluti fram á leið, ef guð gefr mér skilning til. En fyrir því at ek skil, at yðr þykki

1) margsmugalli 2) má hann vel þetta alla vega hugleidda (líkligt kalla); máttu vel hitta alla vegu líkleikanna 3) þér til skýringar slíkt er þú getr lært 4) hafit þ. til 5) at hugleidda; ok hugleitt 6) greina 7) upp-skátt verði efni til

mæðing ok fjölskyldi at svára hváratveggja, upphafðri ræðu ok svá skýringum þeim, sem þar hæfa¹ til, þá vil ek nú þess beiðask, at vit hverfum aprt til upptekinnar ræðu, ok sýnit mér fram á leið fleiri dæmi um dóma guðs, hvar hann hefir þá látit striðliga fram fara með dómi réttvísí ok sannendi, eða hvar hann hefir þeim meir vægt.

Faðir. Þessi dæmi váru löngu síðar með hinum sama hætti, er Pharao konungr varð fyrir á Egiptalandi, þviat hann tapaðisk í dómi réttvísí ok sannendi fyrir utan alla vægð. Abiron ok Dathan týndusk með réttum dómi. En þá er Josve leiddi inn Israels fólk í land þat, er guð hafði þeim heitit, þá bauð guð svá harða refsing yfir fólk þat, er bygdì stad, þann er Jericho heitir, at hvetvetna skyldi þat drepa. er kvíkt væri. Þat var ok löngu síðar, þá er Saul konungr fór herför í Amalech, þá bauð guð hánnum svá, at hvetvetna skyldi drepa, þat sem kvíkt væri; ok fyrir því fékk Saul reiði af guði, at hann [fyldi eigi² þat, sem hánnum var boðit. En þessi eru þau, er löngu urðu síðar, er Judas varð fyrir, einn af postolum guðs; þviat sannendi ok réttvísí dæmdu hann án vægð fyrir niðvirki ok dróttinsvik. Mörg eru þvilik önnur dæmi, þóat vér hafim þessi sýnt; ok fyrir langrar ræðu sakar megum vér eigi öll dæmi í eina ræðu setja, þau sem vér vitum þessum lík verit hafa. En þá er guð dæmdi allar þessar refsingar, er nú höfum vér frá sagt, þá hafði hann allar þessar systir í dómi með sér, sannendi ok réttvísí, fríðsemi ok miskunn, ok samþykttusk þó allar systir með hánnum, svá at þær föðmuðusk ok kystusk³.

L. Souf. Víst mun hér svá sýnask í þessum stöðum, sem nú er frá sagt, at meiri hlutr dóms hefir legit undir sannendi ok réttvísí, heldr en undir fríðsemi ok miskunn. En í því má engi maðr ífask, at þessar systir munu samþykkjar hafa verit í þessum dómum; þviat þat er víst, at guð dæmir aldri miskunnarlausan dóm, ok þarf fyrir því slíka hluti mjök at hugleida með mikilli athygli ok nærkæmri⁴ vizku, þviat guðs dómar eru mjök fölgfir⁵ fyrir mönnum. Þó vil ek þess biðja yðr, at nú sýnit þér mér þau dæmi, er meiri hlutr dóms hefir voltit undir fríðsemi ok miskunn, at ek mega hvárratveggja⁶ áskynja verða, með því at til hvárratveggja⁶ má dæmi finnask.

Faðir. Hváratveggja eru mörg dæmi, svá at eigi megum vér þeim öllum dæmum í eina ræðu koma, en þó megum vér nökkut af þeim sýna til þess, at þá verðr hváratveggja máli svarat. Þessi eru þau dæmi, er mjök löngu urðu, þá er Aaron byskup ok Ur syndguðusk mót guði með svá miklum glæp, at þeir féngu fólkí guðs [tvau naut sleypit

¹) horfa ²) vildi eigi vinna ³) kappsamliga tilf. ⁴) nákvæmri ⁵)
duldur ⁶) hvárratveggja

saman af gulli¹, ok viltisk alt fólk í trú sinni, þvíat fólkít kallaði þessi naut² guð Israels, ok ofruðu þar fórnunum³ til svá sem guði. En þá er Moyses kom farandi til fólksins – hann hafði áðr verit í fjalli því, er⁴ hann hafði talat við guð sjálfan – þá runnu byskuparnir mót Moysi ok iðruðusk ákafliga glæps síns, ok féllu til fóta Moysi ok báðu, at hann skyldi biðja fyrir þeim til guðs, at guð reiddisk þeim eigi eptir verðleika. En þá er guð sá fulla iðran byskupanna, þá heyrði hann bæn Moyses, ok héldu byskuparnir sæmd sinni, þeirri sem áðr höfðu þeir, ok bættu glæp sinn með iðran. Þessi eru ein dæmi af þeim, er nú eru sögð, at meiri hlutr dóms valt undir friðsemi ok miskunn, ok samþyktisk þó réttendi ok sannendi⁵ þessum dómi, ok váru þó byskuparnir dauða verðir fyrir sökina, ef⁶ eigi géngi meir vægð miskunnar fyrir en verðleikar⁷. Þessi eru önnur dæmi þvilik, er urðu löngu síðar. David konungr féll í sök svá mikla, at hann hóraði konu Urias ok réð sjálfum hánun dauða síðan; en eptir dauða Urias tók David konu hans ok [hafði sér at konu⁸, ok var hann víst dauða verðr fyrir þessa sök; en hann iðraðisk svá ákafliga verks síns fyrir guði, ok bað sér lítillátliga vægðar fyrir viðrgengna glæpi; en guð heyrði bæn hans ok staðfesti ríki hans heldr en hann tæki af hánun, þóat hann hefði slíka glæpi görva.

Þessi eru þau dæmi, er löngu urðu síðar á þeirri stundu, er dróttinn Jesus Kristur var með mönnum á jörðu, þá gerðusk hánun gagnstaðligir byskupar Gyðinga ok allir aðrir lærdir menn með þeim, ok leituðu jafnan þess, at þeir mætti nökkura þá hluti finna, er [ávít-samligar sakar snerisk til handa hánun⁹. Þá tóku þeir konu eina, þá er legit hafði opiuberliga í hórdómi, svá at hon var dauða fyrir verð eptir lögum Moyses. Þessa konu leiddu þeir fyrir Jesum, ok sögðu hánun sök hennar, ok svá sögðu þeir ok þat, at lög dæmdu hana til bana; spurðu hann, hvern dóm hann legði á mál hennar. Jesus svaraði svá, at sá þeirra skyldi fyrsta¹⁰ steini at henni kasta, er eigi hefði syndir görvar. Þeir hurfu skjóttliga í brott ok treystusk eigi frammar at spyrja, þvíat þeir vissu sik allir synduga vera. Þá mælti Jesus við konuna: „Með því, kona, at engi þessarra, er þér gaf sakir, lagði dóm á mál þitt, þá vil ek eigi dæma þér dauða; far þú nú frjáls, ok sé¹¹ við syndum héðan ífrá.“ Þau eru enn ein dæmi, er lík eru þeim, sem fyrr gat ek, er urðu þá nótt, er Jesus var tekinn. Petr postoli hans hafði staðfestzk¹² með ofræmum, at hann

1) steiptan kálf at tilbiðja 2) hann 3) fórnir 4) Sinai heitir, þar tilf.
5) í tilf. 6) en* 7) verðleikr 8) gerði sér at eiginkonu 9) ávít-samligir væri 10) fyrstr 11) sjá 12) þat staðfest

skyldi aldri skiljask við hann, þóat allir aðrir skildisk við hann; ok kvazk fyrri dauða skyldu þola með Jesu en hann skyldi fyrir bleyði sakar skiljask við hann. En á þeirri sömu nótt, er Jesus var tekinn, þá níkvæddi Petr þrysvar sinnum hans föruneyti, ok hit þriðja sinn sannaði hann með eidum, at hann kvazk eigi Jesu¹ maðr verit hafa; ok við þat hvarf hann út or garði þeim, er Jesus var haldinn, ok iðradisk þó þegar glæps sins ok allra orða sinna, ok grét ákalliga. En þó fyrirgafsk Petri sú sök eptir upprisnu Jesu, svá at hann hélt allri þeirri sœmd, er hánnum var áðr heitin. Enn eru þessi dæmi, er fám dögum urðu síðar; þá er várr herra var krossfestur. Þá váru krossfestir með hánnum tveir þjófar, á sína hönd hvárr; þeir váru bádir teknir í einskyns glæpum, hvárrtveggja í manndrápum ok í stuldum. En meðan þeir héngu á krossinum, þá mintisk annarr þeirra at iðrask, ok beiddisk þó² miskunnar af Jesu, þóat hann héngi á krossi svá sem þjófarnir. Hánnum váru svá sínar sakar fyrirgefna, at hánnum var á þeim sama degi heitit Paradisar³ vist; en annarr hans félagi dæmdisk eptir sinum tilverka.

LI. Sonr. Ef jarðligir konungar eða aðrir höfðingjar, þeir sem yfir dóma eru skipaðir, skulu sína dóma líkja eptir þessum dæmum, er nú hafit ér sýnt, þá mundi þeim þat miklu máli skipta, at þeir skildi vandliga grundvöllinn undir sökunum, með því at hér mun svá sýnask í mörgum þessum dæmum, at sakarnar sé heldr líkar at athuga⁴, ok ultu þó allir dómur í hinum fyrrum dæmum til stríðrar refsingar; en í þessum síðurum dæmum ultu allir til vægðar ok líknar. Fyrir því vil ek nú þess spyrja, fyrir því Pharao lýndisk fyrir utan alla vægð, eða Dathan ok Abiron, eða fólk þat er Jericho bygði, eða svá þeir í Amalech, er urðu fyrir refsing Sauls konungs?

Faðir. Þessir hlutir urðu allir með dómi réttvisi ok sannendi, þó með samþykki friðsemi ok miskunnar; þvíat Moyses gerði margar ok stórar jartegnir hvern dag fyrir Pharao konungi, ok bauð hánnum laust at láta guðs fólk, ok átti hann kost at láta laust, ef hann vildi, svá at hann féngi engan skaða af, ok iðuliga hét hann því, at svá skyldi vera, ok hélt hann eigi orð sin eða heit. Nú var þat rétt, at hann félli í staðfesti ranglætis síns ok illsku, með því at hann þektisk aldri vægð né líkn, þóat hann ætti kost. Abiron ok Dathan, þá er þeir heyrdu þat af Moysi, at þeir höfðu misgört, þá urðu þeir reidir á mót ok iðruðusk eigi, ok féllu þeir því vægðarlaust, at þeir leituðu engrar vægðar. Þeir er bygðu Jericho eða Amalech, þá höfðu þeir marga daga þat heyrt, at þeir höfðu illa gört hvárrtveggja móti [vilja

1) hans 2) þá 3) Paradisus* 4) hyggja

guðs ok svá fólki¹ hans; en aldri buðu þeir yfirbætr, heldr buðu þeir [at halda varnir² með vápnum fyrir sér, ok urðu þeir með því sigraðir at vægðarlausri hefnd. En þeir er í hinum síðurum dæmum sýnda ek þér, um Aaron ok Ur eða David, eða allir aðrir þeir er í þeim dæmum gat ek, þá duldu þeir ekki illvirkja sinna, géngu svá við sínar afgerðir, sem þær vǫru, beiddusk fyrir því vægðar ok líknar, at þeir væntu þess, at þeir mundi fá, ok buðu hans dóm til yfirbóta, er þeir vissu at vald átti á dómnum, ok hétu því, at aldri síðan mundi þeir í þær sakar falla, ef þeir kæmi þá í fullar sættir.

LII. Sonr. Nú vil ek þess spyrja, hví svá mikit skildi með þeim Petri ok Juda, ok mun þó sýnask sakir þeirra líkar vera. Judas hvarf aprt með penningum þeim, er hann hafði fengit, ok iðraðisk úráðs sins, ok gékk ígegn at hann hafði selt saklausan herra sinn, ok kastaði á braut þeim fjárlut, ok kvazk eigi hafa vilja, er hann hafði svá rangliga at komizk. Nú týndisk hann, þóat hann iðraðisk. En Petr tók þegar líkn fyrir iðran sina.

Faðir. Judas féll fyrir öndverðu í sökina fyrir sinku sakar ok fésnikni, ok tók mútu til at svíkja herra sinn, ok iðraðisk hann með því at hann vænti sér engrar líknar, ok engrar vægðar beiddisk hann, nema refsti sér sjálfr með bráðum dauða; en Petr grét ákafliga í iðran sinni ok beiddisk vægðar ok vænti sér líknar. Enda hafði Judas sök meiri, þvíat hann seldi herra sinn; en þóat hann iðraðisk, þá beiddisk hann ekki líknar, þvíat hann beið eigi guðs dóms, nema dæmdi sik þegar sjálfr. En Petr níkvæddi herra sínum fyrir bráðrar hræzlu sakar, ok iðraðisk þegar með miklum harmi hugar, ok bauð sik undir guðs dóm ok beið hans at, en eigi dæmdi hann sik sjálfr sem Judas. Ok með hinum sama hætti bær til þjófunum á krossinum; þóat báðir játaði viðgengna glæpi, þá beiddisk annarr miskunnar ok líknar, en annarr beiddisk engarrar líknar, heldr mælti hann sem af gabbi ok spotti, heldr en fyrir bænar sakar eða staðfestu. Fyrir því frelstusk þessir allir, er nú höfum vér nefnda, með vægiligum dómi friðsemi ok miskunnar, ok samþyktusk þó þær dómi sannendi ok réttvísi.

LIII. Sonr. Með því at þessir hlutir taka nú at lýsask fyrir augum mér ok birtask, hver tilgöng³ er til þess hefir verit, at stundum hefir hinn meiri hluti dóms voltit undir réttvísi ok sannendi, en stundum meiri undir friðsemi ok miskunn; ok vil ek nú þess beiðask, at þér sýnit mér þau dæmi, er fyrr gátut þér, at guð hefir brigð á gör skipuðum dómi, svá ok hver [tilgöng þar hafa til leitt⁴.

1) fólki guðs ok svá vilja 2) vörn 3) tilgangr 4) tilgangr til þess hefir verit

Faðir. Þessi eru þau dæmi er mjök löngu urðu á þeirri sömu stundu, er Moyses var í fjalli því, er Mons Synai heitir, þá syndgæðisk fólkit flestalt svá ákaflega, at þat féll í hördómum, ok blönduðusk við þær konur, er af heidnum þjóðum váru. En þat var svá ríkt bannat af guði, at hverr var dauða fyrir verðr, er í þá synd félli. Þá mælti guð við Moysen: „Nú skalt þú hætta at tala við mik meir, ok gef mér tóm til at reiði min æsisk móti fólki þessu, er ek hafða þik fyrir skipat; þvíat þeir hafa í svá mikinn glæp fallit móti lögmáli mínu, at ek vil öllum þeim týna fyrir með stríðri reiði, ok vil ek fá þér fólk annat bæði miklu betra ok þó sterkara ok meira.“ Í þessum stað mun nálíga sýnask sem skipaðr dómr hafi komit á mál þessa fólks; en þó beiddisk Moyses leyfis at svara nökkurum orðum fyrir fólk Israels. En at fengnu leyfi þá mælti Moyses þessi orð: „Þess bið ek þik, dróttinn minn, at þú vægir nökkut reiði þinni, at eigi týnir þú fólki þínu, þóat þat hafi illa gört. Gef eigi Egiptamönnum þau dæmi, at þeir segi þat, at þú leiddir fólk þitt til þess af Egiptalandi undan þeirra höndum, at þú vildir týna því hér í fjöllum eða eyðimörkum; eða þeir megi þat mæla, at þú sér vanassi til at leiða fólk þitt inn í þat land, er þú hafðir heitit þeim fyrir öndverðu. Minnsk heldr, dróttinn minn, þræla þinna Abrahams ok Ysaacs ok Jacobs, ok týn eigi þeim ættum, er getnar hafa verit af ætt Israels ok þú hézt sjálfr at margfalda á jörðu, ok leiða þá með staðfestu í þat land, er nú sitja úvinir þínir yfir.“ Guð heyrði bæn Moyses ok vægði reiði sinni ok drap eigi alt fólk sitt þat, sem hann hafði heitazk, heldr seldi hann þessa refsing í hendr Moysi ok bauð hánum, at þó skyldi eigi refsingalaust vera, þóat eigi væri svá stríð refsing, sem guð hafði áðr heitit. Moyses gékk skyndilíga til fólksins, ok kom þar farandi með æstum hug ok mikilli reiði ok drap margar þúsundir manna á þeim degi, ok hógværdi með þeim hætti reiði guðs. Nú eru þessi þau dæmi er þat sýna, at guð skipti til hógværi ákveðinn dóm, þá er hann vægði reiði sinni fyrir bæn Moyses; en þar sýnir¹ þat, at engi þeirra systra þarnaðisk sins réttar í þessum dómi, sannendi eða réttvísi, þar sem Moyses drap mikinn her manna til þess at hógværa reiði guðs; en þar höfðu þær sinn rétt friðsemi ok miskunn, sem minna var atgört en mælt var fyrir öndverðu.

Þessi eru önnur dæmi er þat sýna, at guð gerði brígd á skipuðum dómi. Hann sendi Jonas propheta² í Ninive, ok bauð hánum at segja konunginum ok öllu fólkinu í borginni, at innan 30 daga skyldi Ninive týnask, ok alt þat sem í henni væri. Jonas gerði sem

¹) sýnisk ²) Jonam spámann

guð bauð hánum, sagði þessa hluti sem sönn tíðendi. En er konungrinn varð varr við, at þeir urðu með sannendum fyrir guðs reiði, þviat þat fólk var fult hórdóms ok allskyns ranglætis, þá gækk konungrinn or hásæti sínu ok lagði niðr konungligt skruð, ok iðraðisk ok fastaði, ok svá bauð hann at allir menn skyldu gera i borginni, hvárt sem váru ungir eða gamlir. En er guð sá, at þeir iðruðusk illsku sinnar með meinlætum ok allskyns staðfestum, þá vægði hann þeim, ok týndi hvárki borginni né fólkinu er i var.

Þessi eru enn þau dæmi, er sýna hit sama mál. Ezekias hét einn góðr konungr i Israels fólk, en hann fékk sótt ok ihugaði hann um mál sitt, hvárt guð mundi vilja, at hann stæði upp or sótt þeirri, eða mundi hann vilja láta hann deyja. Þá sendi guð til hans Isaiam propheta, ok sagði guð prophetanum, at Ezekias skyldi deyja or sótt þeirri. Isaias gækk til konungsins ok mælti við hann: „Sé fyrir þér vel, ok skipa hibilum¹ þínum ok öllu hyski þínu, þviat guð segir svá, at þú skalt or sótt þessarri deyja, en eigi lifna.“ Þegar Isaias hafði mælt þessa ræðu við konunginn, þá hvarf hann frá hánum, en konungrinn sneri andliti sínu til veggjar ok bað fyrir sér með þessum orðum: „Minnsk þú, dróttinn minn, hversu staðfastr ek hefi verit i þinni þjónostu, þviat ek hefi jafnan verit gagnstaðligr úvinum þínum, ok af mörgum úkynnum hefi ek þetta fólk snúit, er þú hafðir mér i hendr selt, þeim sem [margr hafði áðr en ek kæma² til ríkis. Ok eru þeir þrir hlutir, er mér þykki mikit fyrir at deyja nú svá bráðliga or þessarri sótt. Sá er hinn fyrsti, er ek hræðumk mest, ef ek hefi eigi til fulls gætt boðorða þinna, ok dey ek við þat, at ek á i dauða mínum hefndar ván. Annarr er sá, at ek hefi enn eigi til fulls öllu fólk þínu komit af sinum úkynnum, ok hræðumk ek, ef ek dey brátt ifrá, at þat snúisk skjótt aptr til sinna fyrri úkynna. Sá er hinn þriði hlutr, er ek hræðumk mjök, framgang úvina þinna yfir fólk þitt, með því at son minn er i³ bernsku, ok mun at hánum afl minna verða til varnar fyrir fólk, en þurfa mundi mót úvinum þínum. En ef þú vildir heyra bæn mína, dróttinn minn, ok vildir þú lengja líf mitt með nökkurum dögum, þá mundu allir þessir hlutir⁴ dragask til betra tíma en enn er kominn.“ Guð heyrði bæn Ezechias ok mælti við Isaiam propheta: „Hverf aptr þú skyndiliga til Ezechias konungs, ok seg hánum nú önnur tíðendi en þú sagðir hánum fyrr; þviat ek hefi nú heyrða bæn hans, ok vil ek auka lífdaga hans 15 vetr um þat fram,

¹) hýbýlum ²) þat hafði áðr en ek kom ³) æsku ok *tílf*. ⁴) er nú hefi ek talda *tílf*.

er ek hafða áðr ætlat hánum, ok alt hans ríki vil ek frjálsa af¹ úfriði andskota hans.“

Þessi er enn þau dæmi, er löngu urðu síðar. Á þeim dögum er Jesus Krístr var hér með mönnum á² veröldu, þá tók vin hans einn sótt, sá er Lazarus hét, ok dó or sóttinni. Bethania hét kastali sá er Lazarus var grafinn í. En þá er hann hafði fjóra daga í gröf legit, þá kom Jesus í Bethania. Nú mun svá sýnask um Lazarus sem alla aðra, þá er deyja or veröldu, at staðfastr dómr var kominn á mál hans, þar sem hann lá fjóra daga dauðr maðr í jörðu, ok hafði sjálfr dauði skipat hánum sæti í sínu valdi³. Jesus lét opna gröf Lazarus, ok kallaði hann, ok bauð hánum at slitask or höndum dauðligrs féлага. Því næst reis Lazarus upp af dauða ok lifði margra daga síðan. Mörg eru þvilík önnur dæmi, þóat vér hafim helzt þessi í ljós látit, ok fyrir langrar ræðu sakar þykkir mér eigi nauðsyn fleiri at telja, þóat yfrin sé til.

LIV. Sour. Því sannara þykki mér þat er ek heyrri fleiri dæmi⁴, er þér mæltut fyrir í yðarri ræðu, at þat mun allmikil nauðsyn vera, at konungar ok aðrir höfðingjar sé margfróðir, þeir sem yfir dóma eru skipaðir, ef þeir skulu sína dóma líkja eptir þessum dæmum, sem nú höfum vér heyrnt.

Faðir. Þat skalt þú láta þér til fulls skiljask, með því at konungrinn heldr af guði nafnit, þá er þat víst hans skylda at líkja alla sína dóma eptir guðligum dæmum⁵, ok svá allir þeir er yfir dóma eru settir, bæði lærðir ok úlærðir; þviat nú er eigi þess kostur at spyrja af guðs munni sjálfs hvers ráðs, sem Moyses gerði; ok skulu fyrir því menninir eptir þeim dæmum lifa, sem þá urðu, er þess var kostur at fréttu af sjálfum guði, hversu hann vildi at væri. Nú skal konungrinn fyrir því þessi dæmi opt í munni hafa ok fyrir augum, ok sem flest önnur þau er hann megi til skilningar draga um sína dóma. Allra helzt má hann tómt til slíkrar áhyggju bera um nætr eða árla um morna, þá er hann er saddr af svefni. En þegar upprisutími nálgask, svá at konungi eru mál at hlýða tíðum sínum, þá er þat hans skyldarsýsla at ganga til kirkju ok hlýða tíðum athugasamliga, ok biðja fyrir sér með psálmásöng, ef hann kann. Þat á hann at göra ok hverr annarra kristinna manna, sá er á bæn er staddr, at vera með svá mikilli áhyggju, sem þá standi hann [fyrir kné⁶ guði ok mæli við sjálfan hann; ok á hann svá at minnask þeirra orða, er David mælti,

¹) undan ²) í ³) veldi ⁴) til þess tilf. ⁵) dómum ⁶) á knjám fyrir sjálfum

þá er hann kvað svá at orði: „Jafnan mun ek sjá dróttin minn í auglíti mínu, þvíat hann er jafnan á hœgra veg minn.“

En þetta upphaf á konungr at hafa at bæn sinni, at sýna fyrst guði rétta trú sína. Því næst skal hann þat sýna, at hann berr áhyggju yfir jarðligt veldi¹ ok um guðdómligan mátt guðs; því næst á hann at játa guði syndir sínar ok afgerðir, ok sýna þat guði, at hann þykkisk eigi þar vera kominn sektarlauss eða svá sem verjandi sína sök; því næst á hann at biðja vægðar ok miskunnar fyrir viðgengnar afgerðir. Þat skal hann ok sýna guði litillátliga, at svá þykkisk hann þar vera kominn fyrir kné guði sem þræll eða þjónn, þóat guð hafi hann skipaðan ríkan manna á millum. Hann skal ok eigi síðr minnask annarra manna í bæn sinni en sjálfs síns, dróttningar sinnar, ef hann á, er með hánum er sett til stjórnar ok landsgæzlu; byskupa sinna ok allra annarra lærðra manna, þeirra sem kristni skulu gæta með hánum, ok til þess eru skyldir at halda upp helgum bœnum fyrir hánum ok öllu öðru fólki, því sem í ríki hans er. Svá á hann ok at minnask í bæn sinni annarra landshöfðingja eða riddara, ok allra annarra hermanna sinna, þeirra sem hánum veita fullting til ríkisstjórnar. Svá á hann ok at minnask bónda ok búþegna ok allrar annarrar alþýðu, þeirra er ríki hans halda upp með verknaði² eða annarri atvinnu. Á hann því allra at minnask, karla ok kvenna, at allir eigu skylduliga á hverjum degi fyrir hánum³ helgum bœnum upp at halda. En þessi er sú bæn, er hann má hafa hvern dag, ef hánum sýnisk, með þeirri skipan sem nú hefi ek sagt, ok svá mikilli áhyggju sem þá mæli hann við guð sjálfan, þvíat hann kveðr svá at orði:

„O misericordissime Deus, æterne pater! O strenuissime victor, Jesu Christe, fili Dei unigenite! O piissime consolator, spiritus alme! O indeficiens fons sapientiæ, nostræ fidei integritas, trinitas sancta! O principalis unitas et individua, unus Deus omnipotens! Tu qui sedes in arce poli suprema, et omnia conspicias inferiorum occulta. Nulla namque creatura potentiam tuam potest subterfugere, quamvis iram tuam velit effugere. Et ego si nossem cælum ascendere tertium, tu ibi præsidēs; et si in infimas latebrarum baratri tenebras serpsero, supereminet et illic tua virtuosa potestas. Et si evolare scirem supra pennas ventorum, ut laterem extra metas marinæ solitudinis ultimas, tamen et inde me sumeret dextera tua, sub tuamque justitiam reduceret. Tu namque dispersam ventis arenam ineffabili scientia dinumeras, commotam etiam maris incessanti motu per amplum orbis spatium; pluviales quoque roris guttas omnes oculus tuus numero com-

¹) um alt sitt ríki eða veldi ²) nýtum verknaði ok starfa ³) at biðja ok tilf.

prehendit. Ideoque te deprecor, domine mi, ut cum servo tuo non intres in sessionem iudicii, ut sic perscruteris æquitatem meam; sed et ne connumereres multitudinem scelerum meorum, imo potius a nequitiiis meis faciem tuam averte; ab occultis meis munda me domine; facinora mea dele: quia super caput meum magna sunt peccata mea, et ponderosa, et præ multitudine mihimet innumerabilia, ea præcique quæ commisi in cogitationibus vanis, in verbis incompositis, in improvida circa legem tuam sanctam negligentia, improvisis testificationibus, in iuramentis, et plurimis operibus malis et minus utilibus. Confiteor et concedo coram te, domine mi, sub omnium sanctorum et electorum testimonio, adeo me reum delictorum et iniquorum actuum, quod ex eorum numero sum damnabilis, nisi summa et præpotenti copia misericordiæ tuæ muniar, nec non meritis et intercessione sacra specialis dominæ meæ Dei genitricis Mariæ, et omnium sanctorum, qui tibi ab exordio mundi placuerunt; quia quæcunque palam vel occulte a primæva ætate mea quoad hunc diem inique fecerim, nuda tibi sunt et manifesta, et si vellem ea tegere, ne apparerent, fragilitas namque mea improvida in conspectu tuo perpetrare sua illicita desideria non erubuit. Sed, domine mi, quia non lætaris super perditione peccantium, sed magis ut vivant et corripiantur; nosti etiam quod homo fragilis sit, et expertus propriæ virtutis, velut et alius pulvis terrenus foliumve marcidum, nisi tu eum misericordiæ tuæ manibus consolidas; ideoque ne me punias in iræ tuæ vehementi iudicio deprecor, potiusque voluntatem penitentiae et spatium patientia tua mihi largiatur, et ad correctionem perseverantem effectum. Aufer a me, domine mi, invidiam et superbiam, desperationem et cupiditatem, immodestiam et injustitiam, et detestabilem gulositatem. De septem me purifica vitiis criminalibus et eorum spuris vitulaminibus. Da mihi, domine mi, charitatem et spem perpetuam, veram fidem et humilitatem, scientiam et justitiam, et in omni hora perficiendi voluntatem tuam virtutem perfectam. Da mihi et septem dona Spiritus tui principalia, fructusque consequi, qui de eis germinare poterunt; opus quippe manuum tuarum sum ego, ad imaginem tuam formatus, servus tuus in peccatis a famulo tuo progenitus, et ancillæ tuæ filius. Nunc autem, cum misericordia tua ad officium tuum me elegerit, et ad regiam dignitatem indignum me sublinaverit, in sacro principatu et super populum sanctum tuum me rectorem et iudicem locaverit; enixius imploro, ut non mea merita, sed populi, cui præsideo, necessitatem attendas, et concedas mihi intellectum, in jure modestiam et veritatem, eloquentiam et consilium, ut inter divites et pauperes non aliud discernam et iudicem, quam quod tuæ libeat

majestati, et de quo gaudeant ipsi invicem ad mei justii judicii executionem. Obsecro et, mi domine, ut coadjutores meos et consiliarios spiritu consilii et veritatis inspires omnes, qui mecum in regimine regni laborant. Præcipue Reginam quam mihi lege matrimonii copulari voluisti, nec non et ecclesiæ sacrosanctæ ministros, Romanæ Sedis Pontificem summum, episcopos et abbates nostros, præpositos et presbyteros nostros, et clerum universum; ipsis domine da vitæ honestatem, et operum rectitudinem, ut coram te luceant opera eorum bona exempla populo dantia et vitæ doctrinam. Principalibus terræ meæ judicibus, meisque benevolis, qui mecum regni curam agunt, veritatem et injustitiæ contemptum immitte, juris intelligentiam, et in bonis moribus persistentiam. Adversariis, domine, meis lagire, ut de pravitatibus suis pœnitentes et resipiscentes ad pacis et concordie veritatem convertantur. Universis insuper hujus regni incolis largire, domine, scire et velle te solum Deum digne colere et diligere, et obedientiam sanam superioribus suis diligenter exhibere, et eisdem annue pacis auctor pacem bonam, et absque hostium incursione telluris ubertatem. Memento etiam, domine mi, per sanctam misericordiam tuam, totius humanæ propaginis, tam videlicet horum, quos adhuc carnea mancipant ergastula, quam exutorum tuo sancto jussu vel permissu mole carnea, in quorum redemptionem dominus noster Jesus Christus, unigenitus tuus, pretiosum sanguinem suum dignatus est effundere. Insuper, domine mi, errore vel ignorantia excæcatis, tuamque sanctam trinitatem non intelligentibus, spiritum intelligentiæ præstare digneris, quo illuminati sciant et cognoscant, te solum Deum et nullum alium præter te esse, quia nemo ad tuæ cognitionis contemplationem, nisi tua sancta misericordia ducente, valet pervenire. Et adhuc, domine mi, quia loqui tecum attentavi, si semel loquar quæso ne dedigneris, sed inclina misericorditer aures tuas, et audi, et de abundantii pietate tua annue mihi, domine mi, ut me nunquam in manus insidiantium mihi tradas, culpis meis exigentibus, et eorum prædam et capturam aliquando me fieri ne permittas, ne vel ipsi gaudeant de meis infortuniis, quos habeo corporales hostes sive spirituales, visibiles aut invisibiles. Verumtamen cum in sanctissimam tuam voluntatem commiserò, sub tuam dexteram me suscipe, et nequaquam secundum actus meos, sed secundum tuum mitissimum miseransque judicium me corripe. Da mihi domine valetudinem sufficientem virtutemque securam contra omnia adversantia, et meorum fraudes hostium, et ultra vires meæ fragilitatis me tentari ne patiaris. Sub morte me subitanea vitam terminare ne sustineas, magis de hoc seculo me sic evocare digneris, ut dum in

vita superstes fuero, in vera pœnitentia de omnibus spurcitiis meis tibi satisagam, et labore temporali terminato, tecum et cum sanctis tuis perenniter requiescam. Est et quod de gratia tua benignus exigere præsumo, ut regalitatis meæ solium nec aliquo principe velis occupari, nisi eo quem de lumbis meis noveris emanasse, serie tamen tali conservata, ut patri filius succedat. Ne quæso, domine mi, auferas a genere meo benedictionem, qua me benedixisti, sed et universis de renibus meis egressis et egressuris concede benedictionem, qua filios Abrahæ sanctificasti Isaac et Jacob patriarcharum tuorum fidelium. Ramum denique meæ stirpis aliquem, vel qui de me originem duxerit, in quoquam fervore malitiæ ne permittes arere, vel absque rore virtutum desiccari, et non in negligentia vel invii præcipitium descendat, de incompositis hominibus sumens exemplum. Da potius eis, qui de me successuri sunt, intellectum et affectum ad sciendum et discernendum tuæ sacræ legis tenorem, virtutum honestatem, et te colendi tuaque sacrosancta præcepta conservandi devotionem, quia tu solus Deus verus es, qui vivis et regnas per infinita secula seculorum Amen.“

„Heyrðu hinn miskunsamasti guð, æverandi faðir! Heyrðu hinn ágætasti sigrari. Jesu Krístr, eingetinn guðs son! Heyrðu hinn mildasti huggari, heilagr andi! Heyrðu úþrotligr¹ spektar brunnr ok úbrigðilig trú alheil, heilög þrenning! Heyrðu úsködd eining, [úskiptiligr einn² guð allsvaldandi! Þú er sitr yfir hinni hæstu hæð himins ok lítr³ leyniligar lægðir; þviat veldi þitt má engi skepna forðask, þóat vili flýja þína reiði; ok þóat ek mætta stiga til hinna, þá ert þú þar fyrir; ok þóat ek krypa í neztu smogur⁴ helvítis fýlsna, þá er þar yfir andligt⁵ veldi þitt; ok þóat ek mætta fljúga umfram vindligar fjaðrar ok leynask utan yztu endimerki halligrar auðnar, þá gripi mik þar hægri hönd þín, ok leiddi mik aptr undir þitt réttðæmi; þviat hjarta þitt telr dreifðan⁶ sand með vindum ok hafs alli um alla heimskringlu, ok auga þitt kannar alla dropa regnligrar döggyvar. Fyrir því bið ek þik, dróttinn minn, at eigi gangir þú í dómsæti með mér þræli þínum til þess at rannsaka réttvísi mína, ok eigi telir þú fjölda synda minna, heldr snú þú andliti þínu frá illskum mínum, ok hreinsa mik af leyndum glæpum mínum, ok þvá mik af öllum löstum mínum, þviat syndir mínar eru stórar ok þungar yfir höfði mínu, ok svá margar, at mér eru sjalfum útalligar fyrir fjölda sakar, þær er ek hefi görvar í röngum hugrenningum, í heimskligum orðum, í úrækt boðorða þinna ok í allskyns fyrirgleyming heilags lögmáls þíns, í skamsýniligum vitnum

¹) úþrotinn ²) ok úskiptilig ³) þaðan tilf. ⁴) smugur ⁵) afligt ⁶) sædreifðan

ok skjótsvörðum munneidum, í röngum dómum millim manna ok ofmikilli féginri, ok í allskyns verkum únýtum ok illum. Ek geng ígegn ok játa ek þér, dróttinn minn, at vitni allra heilagra þinna, at ek játa mik svá sekjan af glæpum ok illum verkum, at fjöldi synda minna fyrirdæma mik, nema ok njóta við yfirfligs fjölda miskunnar þinnar ok verðleika góðs árnaðarorðs frá minnar hinnar helgu meyjar Mariu, ok allra heilagra þeirra er þér líkuðu frá upphafi heims; þvíat glæpir mínir ok allir lestir mínir, þeir sem ek hefi görva frá bernsku ok til þessa dags, eru fyrir þér berir ok úleyndir, þóat ek vilda leyna ok eigi játa; fyrir því at skamsýniligr breyskleikr skamdisk eigi at gera illar girndir sínar í augliti þínu. En fyrir því, dróttinn minn, at þú glezk eigi yfir þeim er tynask í syndum, ok þú vilt heldr at þeir lifi ok leiðréttisk, ok þú veizt at maðrinn er breyskr án allan krapt, svá sem annat jarðar dust eða fölnanda lauf, nema þú styrkir með afli miskunnar þinnar; fyrir því bið ek þik, at eigi refsir þú mér með bráðum dómi reiði þinnar, heldr gefi mér guðlig þolinmæði þín stund ok vilja til iðranar ok góða framkæmd til yfirbóta. Tak þú frá mér, dróttinn minn, öfund ok ofmetnað, örvilnan, eigingirni, úhóf ok ranglæti, ok bölvaða kviðargirnd, ok hreinsa mik af sjau höfuðlöstum ok öllum bölvuðum lýtum¹ þeim, er þar kvislask af. Gef þú mér, dróttinn minn, ástsemð ok eilífa ván, rétta trú ok litillæti, vizku ok réttlæti, ok algörvan krapt at gera vilja þinn á hverri stundu; ok gef mér sjau höfuðgjafir heilags anda þíns ok allan blessaðan ávöxt þann, er þar má af blómgask, fyrir því at ek em þín handaverk, skapaðr eptir þinni likneskju, þræll þinn getinn með syndum af þjóni þínum, son ambáttar þinnar. En miskunn þín hefir kosit mik til þíns embættis ok leiddan mik úverðan til konungligrar tignar ok heilags höfðingjaskaps², ok hefir þú skipat mik stjórnarmann yfir helgu fólki þínu ok dómara. Fyrir því bið ek þik, at þú virðir meira nauðsynjar heilags fólks þíns, þess er þú hefir mik stjórnara yfir settan, heldr en mína verðleika, ok at þú gefir mér rétta skilning, hóf ok saunsníni, orð ok ætlan ok góðan vilja, at ek mega svá skipta ok dæma nulli rikra ok fátækra, at þér líki, ok þeir megi fagna réttendum hvárir við aðra. Þess bið ek þik, dróttinn minn, at þú veitir góðviljaðan skilningar anda [þinn fulltingsmönnum mínum³ ok ráðgjöfum, þeim er með mér gæta ríkisstjórnar. Dróttning mínni, þeirri er þú hefir mér gefna með hjúskapar sambandi, ok allra helzt helguðum stjórnarmönnum ok þjónostumönnum heilagrar kirkju, hinum hæsta kennimanni Rúma-borgar byskupi, ok öllum várum byskupum, ábótum ok yfirboðum,

¹) limum* ²) höfðingjaskapar ³) þínum fulltingsmönnum*

prestum várum ok öllum lærðum mönnum, þeim er undir þeirra gæzlu eru, gef þeim, dróttinn minn, hreinlifi ok réttlæti, at þeir megi sýna þér góð verk sín, en fólki þínu góð dæmi ok réttar kenningar. En landshöfðingjum ok öllum þeim er stjórna ok gæta ríkis með mér, þá gef þú þeim sannendi ok hafnan allra illra síða, en skilning ok elsku allra góðra síða. Úvinum mínum veittu rétta iðran sinnar illsku ok ranglætis, ok snú þeim til réttrar sættar ok afláts síns grimleiks; en fólki þínu ok alþýðu gef þú kunnustu¹ ok vilja at elska þik sannan guð, ok rétta hlýðni við sina yfirboða hafa, góðan frið ok yfrit ár án allan úvina aga. Minnsk þú, dróttinn minn, með þinni heilagri miskunn allra manulígra kynkvísla, þeirra er dróttinn várr Jesus Krístr, eingetinn son þinn, helti út sínu blóði þeim til lausnar, hvárt sem þeir eru heldr lifandi í þessi veröld eða eru þeir með þínu boðorði ok heilagri þolinmæði héðan kallaðir. En þeir, dróttinn minn, er villa ok fáfræði helir blindat, svá at þeir skilja eigi helga þrenning þína, þá send þeim skilningar anda þinn, at þeir vili ok kenni, at þú einn ert sannur guð ok engi annarr, þvíat engi má til þín nálgask, nema þin heilög miskunn leidi hann til þinnar ástar. En fyrir því at ek hætta til at mæla við þik, dróttinn minn, um sinn, þá reizk eigi þú mér þræli þínum, þóat ek biðja þik em frammar, heldr hneig þú miskunsamliga eyru þín, ok heyr þat ok veit, er ek bið, með nógligri mildi þinni. Þess bið ek þik, dróttinn minn, at aldri selir þú mik í hendr úvinum mínum fyrir afgerðir mínar, ok aldri látir þú mik verða þeirra veiði eða hernám, ok aldri látir þú úvini mína eiga at fagna úförum mínum, hvárki andliga né líkamliga, sýniliga né úsýniliga, heldr tak þú mik undir þína hægri hönd, ef ek misgöri móti helgum vilja þínum eða boðordum, ok refs mér sjálfr, eigi eptir mínum tilverka, heldr eptir vægiligum miskunnar dómi þínum, ok veit mér yfrit all ok öruggan krapt móti öllum gagnstæðligum hlutum ok öllum flærðum, ok lát mik hvergi verða fyrir meiri freistni en breyskleikr minn megi standask, ok lát mik eigi enda líf mitt með bráðum dauða, heldr kalla þú mik svá af þessum heimi, at ek hafa hér áðr yfirbætt syndir mínar með réttri iðran, ok at loknu veraldar starfi mega ek eilíflega hvilask með þér ok þínum helgum. Þess bið ek þik forkunnliga, dróttinn minn, at þú gefir mér getinn af mínum lendum lögligan erfingja, þann er þú látir þér sóma með þinni miskunn at setja í þat sændarsæti eptir mik, er þú hefir mik í settan, ok þú látir mitt háseti aldri síðan koma undir aðrar höfðingjaættir, nema þær er af mér kvíslask, svá at son taki jafnan eptir föður. Þess bið

¹) kunnattu

ek þik, dróttinu minn, at þú veitir mér, at engi kvistr sá er af mér blómgask þorni eða hrörni¹, ok eigi snúisk þeir á [úrækt eða villistiga² eptir heimskum þjóðum, heldr gef þú þeim skilning ok vit at skilja ok kunna heilagt lögmál þitt, ok krapt ok góðan vilja at elska þik ok þin boðorð; þvíat þú einn ert sannr guð, sá er lifir ok rikir um endalausar [veraldir veralda³. Amen“.

Nú er þessi sú bæn, er nú hefir þú heyrt, er konungr má hafa, er hann vill, með öðrum bœnum eða psálmum, ef hann kann. En þóat hann hafi eigi þessa bæn jafnan, þá skyldi hann þó með þvílíkri skipan bænahald sitt hafa, sem hér er skipat í þessarri bæn, ok ætla ek vist þetta hans skyldarsýslu vera á hverjum degi, til þess er hann hefir tíðum sínum hlýtt ok messu, ef hann vill því fylgja, sem hans nafni byrjar ok hans er skyldarembætti.

LV. Sonr. Nú virðisk mér svá, sem þér hafit skýrt fyrir mér, hvat yðr þykki skyldarsýsla konungs vera um nætr eptir liðna svefnstund, þá er hann berr áhyggju fyrir ríki eða fólki sínu; eða svá um morna, þá er hann gengr til kirkju eða bænahalds síns; ok virðisk mér svá sem þessi sýsla sé bæði nytsamlig ok svá nauðsynlig, at hennar má [engum kosti án⁴. Fyrir því vil ek biðja yðr nú, at þér sýnit mér enn fram á leið, hvat hans skyldarsýsla skal vera um daginn, með því at þér hafit sýnt mér þat⁵, er hann skal hafa um nóttina eða öndverðan morguninn; hvárt yðr sýnisk, at hann beri fyrir því áhyggju með náttligri vöku um ríki sitt, at hann megi frjálsligri⁶ lifa þá um daginn eptir með þeirri siðvenju, sem ek spyr at konungar hafa nú í flestum stöðum, annathvært at riða með haukum eða fara á veiðar með hundum, eða einhverja þá skemtan, er ek spyr at í flestum stöðum er nú tíð um konunga athæfi; eða sýnisk yðr, at hann ætti aðra skyldarsýslu, ef hann gerði eptir því sem skyldi, ok taki þeir þessa skemtan meir fyrir gamans sakar⁷ heldr en þat hæfði⁸ nafni þeirra?

Faðir. Þat er þar spurðir þú, þá ætla ek þat vist, at konungdómr sé meir settr ok skipaðr at bera áhyggju fyrir nauðsynjum allrar alþýðu ok ríkis síns, heldr en til loklausu⁹ eða hégómligrar skemtanar; en þó er hán um þat eigi bannat nökkurum sinnum at fremja nökkura skemtan, annattveggja með haukum eða hundum eða hestum, eða með vápnum, at hann megi halda heilsu sinni eða léttleik til várna ok allra herfara. En hitt en þó hans skyldarsýsla at bera nytsamligar

1) morni 2) úræktir eða villustigu 3) aldir alda 4) at engum kosti án vera 5) þá 6) frjálsligar 7) ok skemtanarlífs tilf. 8) bæri 9) lokleysu

áhyggjur fyrir mannvitsamligri ríkisstjórn ok góðum orlausnum um öll vandendamál¹, eða allskyns nauðsynjum er fyrir hann væri² bornar; ok skalt þú þat til viss vita, at jafnskytt er konunginum á hverjum degi at gæta reglu heilagra laga eða varðveita réttlæti heilagra dóma, jafnt sem byskupinum, [er varðveita á³ rétta reglu heilagrar messu ok allra tíða.

Sonr. Ek spyr fyrir því þessarra hluta svá inniliga, at margir hyggja þat, at konunglig tign sé skipuð til gamansamligs ríkdóms ok alfrjálsrar skemtanar í allri girnd sinni. En mér skilsk þat nú af eptir yðarri sögn, at hann á jafnan at [áneyða sik undir guðs oki⁴, ok virðisk mér svá sem hann eigi hvern dag at bera þunga byrði í allri áhyggju, þeirri er hann hefir fyrir alþýðu nauðsynjum, þeim er fyrir hann verða bornar. Af því vil ek enn biðja yðr fram á leið, at þér sýnit mér skilvísiga, hvat konungs sýsla sé eptir loknar tíðir.

Faðir. Þat var siðr forðum þann tíma, er konungdómr var skipaðr ok hann stóð með fegrstum blóma, at þegar konungr sat við engan úvina aga, ok hann var í fullu frjálsi með hirð sinni, þá einkaði hann til þess eitt ágættligt hús, at láta þar setja í hásæti sitt, [þat er hann hafði fyrir⁵ dómstól, ok lét þat sæti vel búa með konungligri tign allri. Síðan settisk þar konungr í, ok hugsaði hann þat hversu ágættliga ok háleitliga hann sat; því næst [hugum leiddi hann þat⁶, hversu hann mætti þess sitja í svá ágætu sæti, at hann væri eigi með nökkurri háðung brotthrundinn or því sæti, annathvært fyrir sakar ranglætis eða illsku, skamsýnis eða fólsku, eða ofmikillar bleyði eða ofdráms, eða ofmikillar yfirgirndar, þóat hann sé háleitliga settr. Nú þykkir mér þat sannligast, með því at við þessum hætti var konungdómr skipaðr fyrir öndverðu, sem nú er sagt, at konungr haldi enn hinni sömu skipan sem fyrr var skipuð; en þegar er konungr kemr í þetta sæti, sem nú er um rætt, ok hann hefir þessa alla hluti hugleidda, sem nú höfum vér um talat, þá á hann því næst at dæma um mál manna ok nauðsynjar, ef fyrir hann verða bornar. En með því at eigi verða skyldarnauðsynjar þar fram bornar fyrir hann, þá skal konungr hugleidda uppruna heilagrar spektar ok rannsaka með athugasamligri áhyggju alla hennar vegu ok stiga.

LVI. Sonr. Þess vil ek nú biðja yðr, herra minn, at þér reidizk eigi, þóat ek spyrja nú skjóttliga ok úfróðliga, þvíat þetta virðisk mér torveldlig áhyggja at hugleidda uppruna sjálfrar speki ok hennar vegu ok stiga, ok fyrir því vil ek biðja yðr, at þér sýnit mér nökkut

1) vandamál 2) verða 3) er skytt at varðveita 4) neyða sik undir guðs boðorð 5) ok 6) hugleiddi hann; leiddi hann hugum til

af þessarri áhyggju, svá at ek mætta uökkura skilning hér af taka, ef svá má vera.

Faðir. Eigi er við þat reiðandisk, at maðr spyri inniliga þeirra hluta, er hann þykkisk eigi skilja mega, nema hann hafi nökkura tilvísan. En guðs miskunn görir marga hluti mönnum kunna ok sýniliga, þá er mjök væri fyrir mönnum fölgni, ef guð vildi eigi birtask láta, ok hefir hann til þess marga hluti birt fyrir mönnum, þá er aðr váru fölgni með sjálfum hánunum, at hann vildi, at maðrinn bæri nytsamliga áhyggju fyrir fróðleiks auðæfum, þeim er hann eignask af guðligri féhirzlu. En þessa tilvísan má helzt marka til þeirrar áhyggju, er fyrr ræddum vér um, at gæta þeirra orða, er sjálf speki hefir af sér mælt, þá er hon kveðr svá at orði:

„Ek em getin af hjarta guðs, ok gékk ek fram af munnni hins hæsta, ok skipaða ek öllum hlutum; en guðs andi fluttisk yfir tómt undirdjúp, ok skildum vér ljós frá myrkrum ok skipuðum stundir ok tíma, daga ok nætr, [ár ok vetr ok eilífleg sumur¹, ok timbruðum vér hinna konungi stirnt² háseti, ok ekki gerði guð án mína hagspakliga atvist; þvíat vér vágum saman léttleik lopts ok höfga jarðar, ok hengðum þungan jarðarböll í léttu lopti, ok styrktum festiband³ himins með öflugum kröptum. Buðum vér skinandi sólu at skrýða [alt dags ljós⁴ með björtum geislum, en brigðiligu tungli buðum vér at lýsa náttlig⁵ myrkr með bleikum skima. Vér gerðum fagrskapaðan mann eptir várri líkneskju, ok skrýddi guð andlit jarðar með margskyns ávexti trjá ok grasa, ok leiddi hann fram loptligt skrud með margfölduð⁶ kyni fugla, ok fal hann fjölda fiska með mörgum kynjum⁷ í djúpum vatna, ok bauð hann fjórfættum⁸ kykvendum at margfaldask á jörðu með margskonar kynkvíslum, ok hann umgyrði⁹ alla kringlu jarðar með þjótanda hafi ok söltum straumum, ok bauð hann þjörfum¹⁰ vötnum fram at fljóta af andliti jarðar með bröttum forsum, ok skipaði guð grundvöllu jarðar með [tilsogligum æðrum¹¹, at fljótandi vötn mætti fremja úafállega boðit embætti, ok bauð hann léttu jarðarduþti at bera þung vötn yfir háleik lopts með teygjanda hita, ok hann bauð vindþrotnum¹² skýjum upp at spýja svölum regnelum yfir andlit jarðar. En skapari allra hluta bauð mér at skynja allan hagleik guðligs¹³ smiðis, ok steig ek harðliga¹⁴ yfir hvirfil fjalla með þrýstanda fœti, en ek gékk léttliga um slétta dala¹⁵ ok flata völlu; gékk ek

1) vetr ok sumar 2) styrkt; stjórnar 3) festi 4) dagsbrún 5) náttligt

6) margföldu 7) kynum 8) færfættum 9) umgerði 10) þjörnum; björtum 11) smoguligum (gnógligum) æðum 12) vindþrotnum 13) guðs

14) hraðliga 15) dali

harðliga yfir brattar báru¹ með þungu ástigi, ok mælda ek viðattu sléittra hafa með linligum fetum, þrýsta ek stríðliga stirðum leggjum, þá er ek gékk yfir fjaðrar stormsamra vinda. Mælda ek bliðliga, þá er ek lærða þegjanda logu til sætrar² snildar. Lagða ek vegu mína um háleik himins ok viðattu lopts, kannaða ek bjúgan hring úkyrrs hafs, ok mælda ek með fetum [allan böll ákúföttrar³ jarðar. Fór ek um fjöll ok um ása, ok rann ek um heiðar ok völlu ok slétta dala⁴, ok gaf ek hungligrar daggir⁵ öllum frændum⁶ grösom. Gékk ek um þorna⁷ ok hris ok allskyns skóga, ok gaf ek sætan blómstr aldinberanda víði. En ek setta landtjald mitt í skuggalausum⁸ geisla, ok gékk ek fram af fögru herbergi sem skryðdr brúðgumi; ek var gláðr sem sterkr risi fagnandi rásarskeiði. En dauðligir flærðgudar öfunduðu mik, gerðu mik sekjan ok dæmdu mik til dauða. Ok steig ek reiðr niðr til hinna nedstu dala, ok braut ek borgir hermanna í reiði minni; gnera ek í sundr þrekliga⁹ öll málmhlið sterkra borga, braut ek sterka járnstólpa ok digrar járnslár, tók ek gull ok gersimar þherfengnar með gimsteinum; fór ek fagnandi til hinna hæstu bygða með hrósanda¹⁰ herfangi; fór ek um þorp ok um tún ok heraðsbygðir, ok bauð ek fátækum miðlan míns auðar; býð ek plóðkörtlum frænda¹¹ korn ok félagsgerðir; hugga ek harmanda, gef ek móðum hvíld, skenki ek þyrstanda, fæði ek hungranda. Sæll er sá er drekkur af mínu borðkeri, þviat minn drykkur hefir úþrottligan sætleik. Fer ek um borgir ok bæi¹² ok kaupstaði, renn ek um garða ok torg ok stræti, kalla ek með blíðri ok¹³ skirri raust, býð ek snæðing ok samsæti ok flærðlausu skemtan. Sæll er sá er gengr til míns snæðings, þviat mín fæzla þessjar betr hverjum ilm¹⁴; hunangi sætari er minn drykkur ok skirri hverju vini; at mínu borði má heyra þjótandi strengleika með sætum ok fögrum tóna; þar er kvedskapur ok fáheyrdir söngar¹⁵; þar er skemtan ok gleði ok flærðlauss fagnaðr án alla sorg. Sæll er sá er búa skal í mínu herbergi, þviat í mínu herbergi eru sjau höfuðstólpar, þeir er samantengja allt hválf með góðri þekju, ok sjálft gólf með úþrottligum grundvöllum, ok renna þrekliga alla veggir með sterku alli. Í hverjum stólpa þessarra má finna sjau höfuðvélir¹⁶ allskyns hagleiks; ok mitt herbergi er [stráð með ilmandi grösom ok ágætum¹⁷ urtum, þat er tjaldat með fegrð ok þrýði ok allri sælu. Ek em gam-

1) bratta hamra *Udg.* 2) settrar 3) aldinböll kúföttrar (kúpöttrar) 4) dali
 5) dögðvar 6) frjóvandi 7) þyrna 8) skuggalausar 9) sterkliga; þrótt-
 luga 10) sigri ok *tílf.* 11) frjóvanda 12) bæa* 13) blíðu ok með
 14) hirm* 15) söngvar 16) höfuðvélar(-listir) 17) stræat með irm-
 andum grasum ok getum*

ansamr félagi millim litillátra, en styrkr¹ ok drambsamr móti drambsömum. Ek em höfuðmeistari í hverjum skóla ok hin hæsta snild á hverju þingi. Ek em vitrastr millim allra lögmanna ok yfirdómari í öllum dómsætum. Sæll er sá, er funninn verðr flærðlauss félagi við mik, þvíat ek frjálsi minn féлага af öllum háskum, ok fylgi ek hánum eilíflega. Sá er sæll, er enga skömm hlýtr af mér, þvíat reiði mín kveykir² eld [í æði sinni³, sá brennir⁴ til hinna neðstu⁵ grundvalla. Hann mun svelgja jörð með ávöxtum sínum ok brenna grundvöllu allra fjalla. Hvar felr sá sik, er flýja vill mik? Andi guðs fyllir alla heimskringlu ok rannsakar skilning ok skýring⁶ hveurrar raddar.⁴

Slikar ræður, sem nú hefir þú heyrðar, eru þær er sjálf speki mælir af sér, ok margar aðrar þær, er ekki er hér um rætt, þvílíkar eða eun hærri; þvíat Salamon konungr eða Jesus [filius Sirach⁷ hafa ritat með mikilli snild fjölda þeirra ræðna, er sjálf speki hefir af sér mælt með ýmisum háttum. En ef vér minnumk nú þeirra ræðna allra, er vér megum finna í þeirra ritningum, þá verðr þat dvöl langrar ræðu, ok þykkir mér eigi nauðsyn at gera lengri minning þeirra hluta nú at sinni í várri ræðu, er sjálf speki hefir af sér mælt. En þó er hverjum konungi skyldligt at vita görsamliga allar þær ræður, er sjálf speki hefir af sér mælt, eða elligar svá vitrir menn, sem fyrr vāru nefndir, ok hugleiða á hverjum degi nökkurn hlut af þeim ræðum, ef hann fær nökkut frelsi til fyrir öðrum skyldarnauðsynjum.

LVII. Souv. Með því at þat er víst skyldarsýsla konungs at verða vel áskynja til alls mannvits, þá er þat víst sýnt, at þessi fróðleikr mun hánum [alls skyldastr⁸ vera, er nú hafit ér um rætt, fyrir því at þat er líkt, at af þessum fróðleik megri hann flestar skilningar samanbenda, hvárt er hann vill hugleiða mátt guðlign veldis eða um manna nauðsynjar. Nú með því at yðr sýnisk eigi um þessa hluti lengra at ræða, þá vil ek nú þess biðja yðr, at þér mættit enn lengja þessa ræðu með nökkurum orðum um þat, hverja hluti konungr skal hugleiða, þá er hann kemr í dómstól sinn um dóma, þá er hann skal dæma [um mál manna⁹.

Faðir. Þessir hlutir eru hánum víst skyldir, sem þú sagðir, at rannsaka vandliga allar þær ræður, er nú höfum vit um rætt með margsmogalli¹⁰ skilning; ok fyrir því, ef hann glósar þessar ræður í hug sér skilvísiga, þá má hann þar í finna víst, ef hann kann skilja, flesta alla þá hluti, er horfa til veldis guðlign máttar, eða svá til þeirra hluta, hversu guð hefir skipat sínum gjöfum millim manna eða annarrar

1) styggr 2) kveikir 3) eilifan 4) brennr 5) helvítis tilf. 6) skynsemd
7) souv Syrachs 8) alskyldastr 9) manna í millum 10) margsmugalli;
smásmugligri

skepnu; ok má hverr konungr kenna sik, ok hverr annarra vítra manna, hverr hann er ok hverr hann skal vera, ef hann vill því fylgja, sem hann er tilskipaðr af guðs hálfu. En þar er þú leitar, hversu dóma skal hugleiða, þá er hann dæmir manna milli, þá skýrða ek þat fyrr fyrir þér í okkarri ræðu með nökkurum orðum, þá er vit ræddum um þat, hversu guð dæmdi brotit sáttmál millim sin ok Adams, eða hverja dómara guð leiddi til dómsetu með sér. Svá sýnda ek þér ok mörg dæmi, hversu guð skipaði dómum sinum við þá, er síðar kómu hvárttveggja um Pharao konung eða alla þá aðra, er síðar váru nefndir í þeirri ræðu; ok er þat víst hverjum konungi¹ athuga leiðanda, er þar má finnask í þeim dæmum. Þat þarf hann ok vandliga at hugleiða ok skilja, hvar hann þarf refsingar við ok stríðleik í dómum sinum, eða hvar dómum skal vægja; fyrir því at eigi eigu í öllum stöðum dómar jafnstríðir at vera; en í öllum dómum skal þó réttlæti vera ok jafngirndar endimerki², ok má þar segja vel ein dæmi til, ef vill.

En sá konungr einn, er mér sýnisk helzt af at segja í þessarri ræðu til dæma, hann var ágætr maðr ok ríkr, vel lærðr til alls mannvits ok sjálfr réttlátr í öllum dómum, ok kom á hverjum degi mikill fjöldi þeirra manna fyrir hann, er hann þurfti at dæma um nauðsynjar þeirra, ok sat hann hvern dag langa hrið í dómsæti sínu, til þess at dæma um mál manna, ok þeir spekingar með hánum, er hann fann at vitrastir váru ok bezt viljaðir til slikra nauðsynja. En þá er konungrinn sat á þessarri stefnu ok þeir spekingar, er hann hafði til þess nefnda með sér. þá váru vápnadir riddarar fyrir utan húsit at gæta, at konungr sæti í fullum friði. Þessi konungr átti mjök marga sonu, þó var hánum einn kærast af öllum þeim, þvíat sá elskaði þat helzt at vera optast nær feðr sínum, ok hann var ok opt á dómsætum með konunginum. Þat var náttúra konungs þessa at vera seinn í atkvæðum um dóma sína, ok ræddu þeir menn þat millim sin, er skjóttlyndir váru í geði sínu, at konungr mundi skjótara lýsa dómum sínum eða leysa mál manna, ef hann væri allvitr. Þessarri ræðu samþykktisk son hans ok margir aðrir af hans spekingum, ok svá gerðisk þetta mál fjölrætt í þeirra munni, at konungr sjálfr varð áskynja þessarrar ræðu. Þá gerðisk svá til eitthvert sinn, at konungr var í þyrmslum eptir blóðlát sitt, ok kom þá mikill fjöldi á þeirri stundu þeirra manna, er mál sin vildu bera fyrir konung. Konungr kallaði son sinn á mál við sik, þann sem vanr var at sitja í dómum með hánum, ok mælti við hann: „Kalla þú spekinga mína, þá er vanir eru at sitja á dómum með mér ok gangit í dómhús mitt, ok sezsk þú í sæti mitt í dag ok

¹) með tilf. ²) gæta réttlætis ok jafngirndar endimerkja

leysit mál manna svá margra, sem þér fæit flestra leyst í dag.⁴ Svá var gört sem konungr bauð. En þá er þau mál váru framtöluð¹ fyrir þeim, þá sýndisk þeim svá, at þeir mundu skjóttliga fá leyst þau mál. En þá er konungs son var búinn fram at segja lausnir þeirra mála, sem þar váru framborin² fyrir hann, þá sýndisk hánnum ganga fram þrír ungir menn, friðir at ásýn ok þó ógurligir; tveir settusk niðr fyrir fœtr hánnum á sína hönd hvárr. Annarr þeirra hafði með at fara mörg bréf, ok var á þeim bréfum öll þau mál, er sætt skyldu vera á þeim degi, ok þó ein sök í hverju bréfi. En annarr þeirra hafði skálar með at fara; þær sýndusk hánnum svá vægar, at ef eitt litit hár væri þar lagt í, at þó mundu þær eptir láta. Sá hélt upp skálanum, er þær hafði; en sá er bréfin hafði, þá lagði hann í aðra skál þau bréf, er váru af hendi sakarábera, en í aðra skál þau bréf, er váru af hendi þess er svara skyldi, ok sýndisk hánnum sem skálinnar mætti aldri jafnvægar verða. Þá sýndisk hánnum sem þau bréf kæmi fram, er á var³ ritadar orlausnir ok ákveðnir dómur, eptir því sem hann hafði ætlat upp at segja, ok allir spekingar höfðu lagt ráð til; ok þá er þau bréf váru lögð í skálinnar, þá urðu þær aldri jafnvægar heldr en áðr. Þá er son konungs sá þessa hluti, þá hugði hann at, hvat sá hinn þriði ungi maðr hafðisk at, ok sá at hann stóð þar nær hánnum með dregnu⁴ sverði ok búinn við at höggva; þat sverð var snarpeggjat ok svá ógurligt, at hánnum sýndisk sem eldr brynni or báðum eggjum. Þat sá hann vist, ef hann lyki upp dómum fyrr en skálinnar væri jafnvægar, at sverð hins unga manns kæmi þegar á háls hánnum. Þá varð hánnum litit niðr fyrir fœtr sér, ok sá hann þar opnaða jörðina niðr í gögnum; hann sá þar helviti⁵ undir með gapanda munni, svá sem væntandi at hann mundi þar koma. En þá er konungs son sá þessa hluti, þá dvaldisk ræða hans ok upplökning dómanna. Spekingar vöktu til, at dómur skyldu vera uppsagðir; hann kallaði þá til sín; en sá hvern er til hans kom, þá sá þessa hluti alla, sem vér höfum nú frá sagt, ok treystisk engi þeirra síðan upp at segja dóma, þvíat skálar hins unga manns urðu aldri jafnvægar, ok varð engum málum lokit á þeim degi. En síðan undraði engi maðr, at konungr væri seinn í uppsögu dóma.

Enn eru önnur þvilik dæmi, eptir því sem ek sagða þér fyrr í okkarri ræðu, þá er vit ræddum um stað þann, er Temere var kallaðr á Írlandi, ok má enn nökkura minning gera þeirrar sömu ræðu, ef sýnisk. En þat⁶ var höfuðstaðr á Írlandi, ok þar var höfuðsæti konungs, ok eigi vissu menn frægra⁷ stað á jörðu. En þóat landsfólk

1) framborin 2) borin upp 3) váru 4) brugðnu 5) brennanda tilf.

6) þeim stað er svá farit, sem þá gat ek, at hann 7) fegra

væri heidit ok hefði eigi átrúnað réttan til guðs í þann tíma, þá var þó þat fólk svá [í trúnað¹ sínum, at þat trúði at réttðæmi mundi aldri hallask af hendi þess konungs, er sat í Temere; fyrir því at engi dómr var sá dæendr á Írlandi, er þeir ætlaði at fyrr væri rétrr en konungrinn af Temere hefði dæmt. En þessi atburðr gerðisk eithvert sinn til, at þat mál var borit fyrir konung þann, er sat í Temere, at frændr hans ok vinir áttu annan veg hlut í, en annan veg áttu þeir mál, er konungr hafði fjándskað við; ok hallaði konungr þá dómi meir eptir vilja sínum en eptir réttendum. Ok þá bar raun á því, at þrim náttum síðar þá sneri um höll konungsins ok [öll önnur hús þau² sem hann sat í, ok vissu þá grundvellir upp á, en vígskörð ok veggir í jörð niðr, ok þegar tók borgin at eyðask, ok varð hon aldri síðan byggð. Nú skal á slíku marka, at guð lætr til þess slíka hluti opinbera verða fyrir mönnum, at hann vill at mennirnir skili þat, at slíkir hlutir eru hvern dag búnir fyrir mönnum andliga ok úsýniliga, þeim sem eigi vilja réttenda gæta eða sannra dóma, ef þeir setjask yfir³ mál manna.

LVIII. Sour. Réttlig eru þessi dæmi þeim mönnum, er annat-hvært eru fégjarnir eða kappsfullir eða bæði⁴.

Fadir. Þat skalt þú til viss vita, at hvervetna þar sem réttendi verða við verði seld eða með ofkappi niðrfeld, þá er þat aldri hefn-darlaust eða refsingar af guði, annathvært andliga eða líkamliga, ok eru þar enn ein dæmi til at sýna, ef vill. Einn ágætr borgarmaðr, er Stephanus var kallaðr, í Athenis, hann var dómari yfir öllum þeim málum, er innan borgar gerðusk til; ekki var hann ok ranglætr maðr kallaðr. Svá gerðisk til, at Stephanus lét líf sitt, ok kómu í mót hánnum tvinnir flokkar engla, aðrir þeir er hans [máli vildu við hjálpa⁵, en aðrir þeir er hánnum gáfu margar sakar ok stórar, ok vildu leiða hann með sér til dauða. Ok með því at þræta gerðisk millim þeirra, ok hvárgir vildu af láta, þá mælti einn engillinn, at þeir skyldu leiða Stephanum fyrir kné dómáranum, ok skyldi dómr skilja þat mál millum þeirra. En er þeir kómu til domsins, þá orptu sakaráberar hátt ok kváðusk hafa mikla sök á hendi Stephano, sögðu svá, at hann hafði tekit jörð frá kirkju hins helga Laurencii með röngum dómi. En dómrinn⁶ svaraði því, at Laurencius skyldi ráða atkvæðum um þat, er hann var ræntr. En á þeirri stundu er Laurencius gékk til at heyra þat, hversu þat mál var⁷ farit, þá mælti einn engillinn við Stephanum: „Hví kallar þú eigi nú hinn helga Justinum prest, er

¹) styrkt í átrúnaði ²) öllum öðrum húsum þeim ³) til at dæma um ⁴) bráðir ⁵) mál vildu flytja ok hjálpa við guð ⁶) dómárin ⁷) hafði

Þú sæmdir svá, at þú lézt setja hans kapellu nær höll þinni, ok hefir þú hánnum mikit þjónat í mörgum hlutum, ok væri hánnum nú vel göranda at hjálpa nökkut at þínu máli í þessarri nauðsyn?¹ Justinus¹ kom í þann tíma, er þetta var fram flutt fyrir hinn helga Laurencium, ok at framborinni sök, þá spurði Laurencius, hvi Stephanus rænti hann ok dæmdi jörð undan kirkju hans? Stephanus svaraði því, at hann dæmdi eigi þann dóm rangan at vilja sínum, heldr hugði hann at þat væri réttir dómr. Þá tók Laurencius í síðu Stephano ok klýpti afar fast. Þá bað Justinus fyrir hánnum, ok bað Laurencium miskunna mál² hans, hvárttveggja fyrir böenar hans sakar, ok svá fyrir þær sakar at hann vissi eigi, at hann hefði rangan dóm dæmdan. En þat ætlaði Stephanus, at meðan hinn helgi Laurencius hélt í síðu hánnum, þóat hann þyldi³ eina⁴ þínsl jafnlanga brið í helvíti, at hánnum mundi eigi sárari kvöl þat vera, en hánnum var klýping Laurencii. En þegar er Justinus hafði beðit fyrir Stephano, þá lét Laurencius laust, ok fyrirgaf hánnum þá sök.

En þá er sakaráberar heyrðu þat, at þeir váru fallnir at því máli, þá æptu þeir miklu hærra, ok kváðusk hafa meiri sök á hendi Stephano. Þeir sögðu svá, at einn rúmverskr maðr, er Tarkvinus hét, var kominn til Athenis, ok með því at hann var útlenzkr ok frændlauss þar kominn, þá þóttisk hann þurfa hjálpa⁵ Stephani um alla þá hluti, er hánnum varðaði, með því at hann var dómari ok höfðingi yfir allri borginni, ok þá Stephanus hest góðan af hánnum, til þess at hann skyldi halda hann til laga ok réttenda. En þá kvað dómrinn⁶ svá at, at ef Stephanus hafði selt réttendi við verði, at hann skyldi sjálf fylgja til glatanar þeim fjárhlut. En þá er leitast var við Stephanum, hvárt sú sök var sönn eða eigi, þá níkvæddi hann þessarri sök, ok kvazk aldrigi muna, at hann hafi fé tekist í dómi eða gjöf. En með því at Stephanus nitti sökinni, þá var svá boðit, at Tarkvinus skyldi þar koma ok bera sjálf [mál þat or boga⁷. En þá er Tarkvinus kom, þá sagði hann svá, at sú sök var eigi sönn á hendi Stephano, þvíat hann sagði svá, at Stephanus tók aldri fé til dóms, svá at hann vissi; „en með því at ek var þar kominn útlendr⁸“, sagði Tarkvinus, „þá þóttumk ek þurfa vináttu slíks manns, ok gaf ek hánnum hest minn eptir vilja mínum, en eigi eptir beizlu hans.“ Þá er sakaráberar heyrðu þat, at þeir mundu fallnir vera at þeirri sök, þá æptu þeir miklu hærra, ok kváðusk hafa miklu meiri sök á hendi hánnum en hvárgi var þessarra. Þeir sögðu svá, at Stephanus hafði tekna þrjá menn undan dauða með

1) hinn helgi *tilf.* 2) máli 3) þældi* 4) einhverja 5) hjálpar 6) dómarinn 7) or boga; or boga um þat mál 8) *mgl.**

ofkappi móti réttendum, er hvártveggja höfðu bitit lög ok réttendi, ok svá dómar réttir. Þá er Stephanus var atspurðr, ef hann væri sannr at þeirri sök, þá gékk hann í gegn, at hann hafði mennina frelsta undan dauða, ok kvazk jafnan þess iðrazk hafa, at hann frelsti þá með ofkappi móti réttendum. Þá kvað dómr svá, at ef hann frelsti þá undan dauða með ofkappi, er réttendi hafði dæmt til dauða, at hann skyldi sjálfr þola dauða fyrir, nema hann bætti þar sem hann braut. Þá bað Justinus prestur hinn helga Laurencium, at hann skyldi hjálpa við máli hans, með því at hann hafði fyrirgefit hánum þá sök, er hann hafði á hendi hánum, ok engi sök hafði önnur sönn orðit á höndum hánum, nema sú ein, er þá var um rælt. Þá géngu þeir Laurencius ok Justinus skyndiliga [til dróttningarinnar¹ ok féllu til fóta henni, ok báðu hana beiðask þeirrar miskunnar, at dómi væri svá miðlat, at Stephano væri þar lofat at bæta, sem brotit var. En þegar dróttningin² bað fyrir Stephano, þá var þat lofat sem hon bað. því næst var Stephanus leiddr apr til Athenis, ok reis upp á þeirri stundu, er [líkamr hans var til graftar ællaðr³ at flytja, ok lifði þrjá vetr síðan, ok bætti sök þessa eptir ráði byskups þess, er yfir þeirri borg var.

Slik eru mörg dæmi til, ef þat þætti nauðsyn at leiða fleiri dæmi í þessa ræðu, ok mátt þú nú þat marka eptir því sem ek gat fyrr í orði fyrir þér, at allvandliga verðr dómanna gætt, þeirra sem hér verða dæmdir, ok er því mikit undir, at vel væri athugt þeim⁴, er yfir setjask dómanna, at með réttum atkvæðum væri dæmdir ok svá uppsagðir; fyrir því at þú heyrðir, hversu njök dómarnir váru vandaðir fyrir syni konungsins þess⁵, er skálinnar váru upphaldnar fyrir, ok þær urðu aldri jafnvægar, ok dauði hánum fyrirælaðr, ef hann lyki öðrum dómum upp, en skálinnar yrði jafnvægar. Svá heyrðir þú ok, hversu guð hefði konunginum ok svá staðinum Temere, fyrir þat at konungrinn hafði hallat réttum dómi; þóat fólkit⁶ hefði eigi átrúnað réttan til guðs, þá hefndi hann þó þess, þvíat fólkit trúði því, at rangr dómr mundi aldri koma af Temere. En í þessum síðustum dæmum er þú heyrðir hversu Stephanus var krafðr skynsemdar um alla þá dóma, er hann hafði dæmda, ok gegndi sök fyrir þat, at hann þá gjöf af vin sínum; en þar hlaut hann dauðadóm fyrir þat, at hann frelsti menn undan dauða, ok mundu þat margir ætla, at þat væri heldr gott verk en ilt.

LIX. Sonr. þess vandara lízk mér þeirra mál, er yfir dóma

1) fyrir dróttningina; til Maríu dróttningar 2) hin sæla María 3) þeir ætluðu líkam hans til graftar 4) þeir* 5) er vér gátum í hinum fyrrum dæmum, þeim 6) væri heiðit ok tilf.

eru skipaðir, er ek heyri slik dæmi fleiri. Fyrir því vil ek biðja yðr, at þér lúkit upp nökkurri grein þeirri fyrir mér, at¹ þat megi skilja, hvar er dómar eigu stríðir at vera, ok hvar þeir skulu [vægi-
ligri fara².

Faðir. Þat er mér vant at skilja³ með ákveðnum orðum: en allir dómar verða þó nökkurar orlausnir hafa, þeir er fyrir þá menn verða bornir, er yfir dóma eru skipaðir. En þann hlut ætla ek þá helzt undan frjálsa⁴ stórum sökum við guð, at þeir dæmi sem þeir kunnu réttast; þvíat þat frjálsti Stephanum undan þeirri sök, at hann hafði dæmt jörð undan kirkju hins helga Laurencii, at hann vissi eigi, at hann hafði rangt dæmt, ok varð hann þó eigi með öllu refsingarlauss, en þó tók hann mörgum hlut minni refsing, en hann mundi taka, ef hann vissi, at hann hefði rangt dæmt. Nú eru þeir fjórir hlutir, er hann skal úti byrgja, er hann gengr í dómhús, ok láta aldri koma innan dura eða í dómsæti með sér. Einn hlutr er fégirni, annarr er fjándskapr, þriði er kapp, fjórði er vinátta. Þvíat þú heyrðir, at Stephanus var krafðr skynsemdar fyrir þat, at hann þá [eigi til þess gjöf af Tarkvino⁵, at hann skyldi fyrir fjár sakar halda hann til réttenda. Ok kvað svá dómr, at ef hann hefði fé tekit fyrir réttendi, at hann skyldi þeim fjárhlut fylgja til glatanar. Svá heyrðir þú ok þat, at hann var dæmdr til dauða fyrir þat, at hann tók menn undan dauða með ofkappi móti réttendum. Þat heyrðir þú ok í hinum fyrrum dæmum, at konungrinn í Temere ok svá staðrinn fórsk⁶ fyrir þat, at hann hallaði réttum dómi, fyrir því at hann hafði vináttu við aðra, en við aðra mikinn fjándskap. Nú þurfu fyrir þær sakar þessir hlutir úti vera byrgðir, at hvergi sé réttum dómi hallat fyrir einnahrerra þessarra hluta sakar.

En þar er þú spurðir at því, hvar dómum skal vægja eða hvar þeir skulu stríðir vera, þá er þat nú skýranda með nökkurum orðum; ok skal þat mjök hugleiða, hver atvik eru sakarinnar þess manns, er fyrir sök verðr. Verðr sá maðr fyrir sök, er gjarna vildi spakr vera, ok þröngvir hánnum ágirnd ok ofkapp annars til úspektar, ok þykkir hánnum sök sin ill ok vill gjarna yfirbæta, þá á þar dómum at vægja um þess manns mál, er svá er atlotinn. Svá ok ef sá maðr görir lögbrot, er fáfróðr er ok veit eigi, þóat hann göri lögbrot, ok vildi eigi þat verk gört hafa, ef hann vissi at þat væri lögbrot, þá er þar enn dómum at vægja. En þóat þær sakir verði til, er ljótastar eru millim manna, annathvært rán eða stuldir, þá er þat enn litanda⁷,

1) er 2) vægiligr vera 3) skýra 4) særa 5) gjöf af T. til þess 6) tapaðisk 7) liðande⁸

hversu sök berr til handa. Ef maðr verðr staddr í þessarri nauðsyn, at hann fær eigi mat at þiggja ok eigi at kaupa, ok eigi má hann vinna, en hungur ok líkanlig náttúra þröngvir hánum, svá at hann má eigi þola, þá eigu dómarr at vægja hánum, þóat hann sé tekinn í þessarri sök; ok hvarvetna þar sem nauðsynjar þröngva manni til sekta eða lögbrota, þá er þar dómum at vægja.

En ef þeir menn verða fyrir sökum, er þat gera fyrir kapps sakar eða frægðar sakar, eða sinku eða ágirndar, þá eigu þar dómarr stríðir at vera, ok skal þó gæta í öllum dómum lands laga ok réttenda; en í slikum stöðum skulu dómarr bita sem stríðast megu eptir lögum, sem nú höfum vér rætt; en í hinum stöðum sem fyrr ræddum vit um, þá á þar sú lagaskipan at vera, at virða svá nauðsyn, sem til handa hefir borit, ok vægja eptir því dómum, sem nauðsynjar virðask niklar til hafa gengit. En ef konungr eða einnhverr landshöfðingi, sá er dómarr er eða refsingarmaðr, gerir refsingar með manndrápum, þá skal hann sér jafnan láta þykkja mikit fyrir, ok¹ harma dauða hins í hugþokka sínum ok úfarar; ok skal hann þó eigi svá fyrir sér sjá, at hann drepr hinn fyrir grimmeleiks sakar sjálfs síns, eða reiði eða hats við þann er deyr; heldr drepr hann sakar réttar refsingar ok ástar sakar við hina, er eptir lifa, þvíat hann vill, at þeir lifi í því meira frjálsi eptir ok betra lifi, er þeir sjá úfarar hinna ok dauða; ok vill hann, at sú hræzla ok agi, er þeir taka af annars úföllum, stjórn þeim til réttlætis ok góðra síða, þeim sem eigi mátti náttúra til stjórna fyrir sakar ofmikillar yfírgirndar eða skamsýnis². Þat setti einn maðr ágætr, dýrligr keisari ok réttlátr, í konungligri refsing, at ef konungr yrði einumhverjum manni svá reiðr, at hann ætlaði hánum bana, ok væri eigi svá opinberar sakar á hendi hánum, at þær dæmdi hánum þegar með réttðæmi bráðan dauða, þá skyldi þann mann varðveita í konungs garði eða í gæzlu 40 daga, áðr en ályktardómr félli á mál hans; ok þat væri sannligast, at þetta lögmál varðveitti allir konungar til þess, at þeir mætti svá sína dóma með réttlæti ok skynsemdar áliti gera, en eigi eptir bráðri reiði. En ef sá maðr verðr fyrir sök, er lög ok réttendi dæma hánum fjárlát en eigi dauða, þá á konungr eða sá höfðingi, er lands gætir, at taka fé hans fyrir réttar refsingar sakar ok lands laga, en eigi fyrir [fésnikni sakar eða sinku³. Nú ef slikra hluta verðr vel gætt allra, sem nú höfum vér um rætt, þá ætla ek þá sít eiga stórsaka⁴ ván af guði, er yfir dóma eru skipaðir.

LX. Sonr. Þat er alllikligt, at þat land hafi góða stjórn, er sá höfðingi verðr yfírskipaðr, er þessarra hluta gætir vel, ok [kann

1) at² 2) skamsýni 3) sakar nökkurrar fésnikju eða síngirni 4) saka; skaða

fólkit¹ at virða með réttendum hans stjórn. En þó vil ek enn með leyfi spyrja þeirra hluta, er mik forvitnar um réttlæti dóma. Þér gátut þess, er mér þykkir allíkt vera, at þat væri² góð lögrétta, er keisarinn gaf um konungliga refsing, at hann gæfi þeim manni 40 daga frest í konungs varðveizlu, er fyrir konungs reiði verðr, at eigi félli ofbráðr dómr á mál hans með ákafligri reiði, ok virðisk mér svá sem þar muni þurfa mikit skapgæði við þat, ef maðr skal þyrma manni í reiði sinni. En jafnréttviss maðr sem Moyses var ok heilagr, þá fékk hann eigi stílt reiði sinni, þá er hann kom til Israels fólks reiðr, eptir því sem mér er sagt ífrá, at hann varð svá ákafliga reiðr, at steinspjöld þau sem hann hafði í fangi sér, ok sjálfr guð hafði ritat með sínum fingrum með 10 boðorðum lögmála sinna, þá rak Moyses þau við steini ok braut öll í sundr í bræði sinni, ok hljóp þegar til vápna, ok allir þeir er [hánum fylgja³; ok drap á þeim degi mörg hundruð manna. Svá hefi ek ok þat heyrt, at sá maðr er kom or bardaganum, þeim er Saul féll í, ok sagði þau tíðendi at Saul var dauðr, þá bauð David í bráðri reiði sinni, at drepa skyldi þann mann þegar, en eigi lét hann varðveita hann til umræða.

Faðir. Minnstu þess, er ek gat fyrir þér í fyrra orði, at þeim mönnum eru þau lög skipuð, er eigi verða fyrir svá opinberum sökum, at réttðæmi dæmir þeim bráðan dauða. En Moyses skildisk svá við guð, at hann vissi reiði hans við alt Israels fólk, ok drýgði hann ástarverk en eigi öfundar, þá er hann sneri þeim af villu ok illum síðum með þessarri refsing; ok sagða ek þér, at konungr skyldi gera í sinni refsing fyrir ástar sakar en eigi öfundar; fyrir því at hver sú refsing, er gör verðr fyrir öfundar sakar, þá er þat manndráp, en hver sú refsing er gör verðr fyrir ástar sakar ok réttenda, þá er þat heilagt verk en eigi manndráp.

LXI. Sou. Nú vil ek inniliga spyrja yðr með leyfi um dóma. Þat munu fáir menn láta skiljask sér, at þat sé gott verk ok heilagt ok ástsemdarverk, at menn sé drepnir, ok þarf ek þess ok margr annarr út ífrá, at þér skýrit þat með nökkurum orðum, at þat verk sé gott ok réttlígt, at drepa menn í réttri refsing, þvíat allir hógværir menn ok friðsamir styggjask mjök við manndráp ok þykkja ill vera ok syndsamlig.

Faðir. Þar eru opinber skynsemdarsvör til, sem nú ræddum vit⁴ um, er Moyses var. Jafnheilagr maðr ok réttviss sem hann var ok allskostar hógværr, ef hann vissi, at refsing hans væri jafnsyndlig sem annat manndráp, þá gerði hann eigi þat. En ef hann væri svá bráðr

1) berr hans fólk 2) heillaráð ok tilf. 3) með hánum váru 4) vér

í stríðri reiði, at hann hefði þetta verk gört meir fyrir bræði sakar en réttenda, þá mundi guðs réttðæmi hafa hefut hánnum með stríðri refsing ok harðri hefnd, fyrir jafnmikit manndráp sem hann gerði; þvíat Moyses bauð hverjum manni þeim, er til vápna tók¹ með hánnum, at engi skyldi þyrma hvárki fedr né bræðr eða öðrum frændum sínum, er hann væri í því verki staddr, sem guð var þeim reiðr orðinn fyrir. Ok þrefaldadísk réttlæti Moyses í þessarri refsing, þvíat þeir helguðu hendr sínar, er með Moysi váru í refsinginni, í blóði hinna, er drepnir váru, þvíat þeir drýgðu hlýðni við höfðingja sinn ok gæzlu heilagra laga í verki sínu; en þeir er lifnuðu², iðrudusk lögbrota ok snerusk síðan til yfirbóta fyrir brotit lögmál; en þeir er drepnir váru, hreinsudusk í sinni iðran ok þínsl, er þeir þoldu í dauða sínum, ok var þeim miklu betra at þola skamma kvöl í dauða sínum en langa þínsl í helvíti. Ok með hinum sama hætti eru nú konunga refsingar, þvíat konungr hreinsar sik í blóði ranglátra, ef hann drepr þá í rétttri refsing ok gæzlu heilagra laga. En margir eru þeir síðarmenn³, er hræðask refsing ok mundu göra lögbrót, ef þeir hefði engan aga af konungs refsing. En hinn er þolir refsingardóm, þá gengr hann til skripta, ok iðrask hann þá misgerninga sína, er hann mundi enga iðran taka, ef hann sæi eigi þar bráðan dauða⁴ sér búinn vera; ok verðr hann hólpinn af iðran ok kvöl, er hann þolir í dauða sínum; ok er hánnum betra hér at taka skjótar hefndir en kvöl ok þínsl utan enda; þvíat eigi hefdir guð tysvar hins sama. Ok verðr fyrir því konungs refsing gott verk ok ástsemdarverk við alla þá, sem undir hánnum eru, at hann vill, at sá er fyrir refsingum verðr, taki hér skamma þínsl fyrir illskur sínar, heldr en hann sé eilíflega týndr annars heims. Ok frjálssar hann hinn réttláta ok hinn spaka með ástsemd undan ágirnd ok illsku hins úspaka. Svá er ok þat markanda, at refsing er gott verk, ef hon er gör eptir réttðæmi; þvíat Saul konungr var fyrir þat afsagðr ríki sínu, at hann refsti eigi eptir því sem guð bauð hánnum, þá er hann fór í Amalech ok Amorea⁵ ríki.

LXII. Sour. Nú vil ek þess spyrja yðr, hví David drap þann mann, er vit ræddum fyrst um, er hánnum sagði þau tíðendi, at Saul var fallinn, ok hvárt þat var réttðæmi, at hann drap hann, eða var þat af bráðri reiði?

Faðir. Sá er sagt hafði þau tíðendi, þá spurði David, hví hann vissi þat? en sá kvazk hafa borit vápn á Saul eptir bæn sjálfs hans. En þá er David heyrði þetta, sá svaraði hann svá: „Vesall ert þú

1) hljóp 2) lifðu 3) síðir manna; úsíðarmenn *Udg.* 4) bana 5) Amoría

þess, at þú þorðir at leggja hendr á krist dróttins, ok er þér betra hér at taka skjóta hefnd heldr en sjá sök fylgi þér til helvitis eilífliga.“ Því næst bauð David at drepa skyldi þann mann. En er hinn sá, at hánum mundi dauði ætlaðr vera, þar sem hann hugði, at hánum mundi fagnaðr búinn fyrir sin tíðendi ok góðar gjafir, þá iðradisk hann, at hann hafði logit sök á hönd sér, ok vildi gjarna aptr kippa, ef hann mætti, orðum sinum; en David svaraði svá: „Vitni sjálfs þins dæmir þik, en eigi ek; þvíat þú sagðir á hendr þér sjálfum, at þú hafðir drepit krist guðs.“ Enn eru þvílík önnur dæmi þeir menn, er drápu Ysboseth son Sauls, ok hugðusk mundu taka vináttu af Davidi fyrir þat, ok fóru til Davids ok sögðu hánum, at þeir höfðu drepit úvin hans, þann er upp vildi reisask móti hánum ok hans ríki. En þá er David heyrði þessi tíðendi, þá svaraði hann þessa leið: „Veslir erut þit fyrir verki¹, at þit dráput herra ykkarn, þar sem þit várut [menn Ysboseths², ok hafi þit gört dróttinsvik ok niðingsverk, þar sem þit lögðut hendr á herra ykkrum, eigi sem þit værit mínir menn ok gerði þit þat i trúnaði við mik. Nú er ykkr nauðsyn at taka bráða hefnd ok skjóta refsing, at sjá sök dragi ykkr eigi til eilífra kvala.“ Því næst bauð David, at af skyldi höggva þeim bæði hendr ok fætr, ok lét síðan hengja þá upp við vatnstjörn eina i stað þeim er Ebron heitir.

LXIII. Sour. Enn vil ek til hætta at spyrja yðr eina spurning um þá hluti, er mér þykki guð hafa undarlíga dómum snúit, ok vil ek því helzt spyrja, at mér skiljask þessir hlutir varla, hver grein ok atsvif³ hafa verit i skilning þessarra dóma, er nú vil ek eptir spyrja. Þér gátut fyrr i ræðu yðarri, at guð [kípti því ríki frá⁴ Sauli konungi, at hann var ofvæginn i manndrápi, ok mundu þat margir menn ætla, at þat væri eigi mikit illvirki; þvíat kostur mundi vera at drepa yfrit marga, ef þat þætti betra verk vera en lífa láta. En hánum féll þó svá þungliga sú sök, at guð kvazk iðrask þess, at hann hafði kosit Saul til konungs yfir fólk sitt, ok hét því þegar, sem hann efndi síðan, at konungdómur skyldi aldri ganga lengra i hans ætt, ok kaus þegar annan, meðan Saul lifði, þann er konungr skyldi vera eptir hans daga. En þessi er sú sök, er David féll i síðan hann varð konungr, er eigi mundi þykkja minni at at hyggja, at hann hóraði konu Urie riddara síns, góðs manns ok trygggs, en síðan réð hann banaráð sjálfum hánum, eigi fyrir réttar sakar, heldr fyrir því at hann vildi hafa konu hans. En síðan Nathan bar upp þessa sök fyrir David ok hann gekk i gögn, þá var hánum þegar fyrirgefut, ok var allnær sem staðfestisk ríki hans meir eptir þat en áðr var. Ok veit ek eigi, hvárt meiri

1) þat verk 2) með Ysboseth 3) atvik 4) svipti þ. v. undan

var sökin, at drepa saklausan mann ok hóra konu hans, eða gefa þeim líf, er sakafullr var? Nú munu svá margir menn skilja, þeir er eigi kunnu grein á, at guð hafi elskat meir David en Saul, ok hafi þat tilgengit, at Davídi varð léttari sin sök. En fyrir því at guð dæmir alla hluti eptir réttendum en eigi eptir mismuna¹, þá mun þat synd vera, at menn skilja eigi þessa hluti rétt, ok mun þat betr vera, at þér skilit² þetta með nökkurum orðum, ef yðr þykki ek eigi til heimskliga spyrja. Þat kann ok at vera, at stórhöfðingjar, þeir sem yfir dóma eru skipaðir, megi því betri skilning hér af taka, at þetta sé inniliga skilat.

Faðir. Svá berr þessarri spurning til, at hana mun verða með löngum ræðum inna, ef hana skal vel skilja. En með því at spurt er, þá vil ek gjarna þessa ræðu inna, eptir því sem ek kann, ok þó sem ek má skemst, ok þarf nú þess at minnask, sem ek gat í fyrri ræðu, þá er vit ræddum um dóma, hvar þeir skyldu stríðir vera ok hvar þeir skyldu vera linari, ok gat ek þess fyrir þér, at ef góðr maðr ok spakr félli í sök, ok þætti illr vera glæpr sinn, ok vildi gjarna bæta, þá eigu dómar at vægja hánum fyrir sakar mannligrar náttúru, þvíat mannlig náttúra er svá breysk, at engi getr sin gætt svá, at hann falli aldri í sök. En sumir falla með því í sök, at þeir mikla sik í því, ok sjá eigi við at falla þegar í aðra sök. Nú var sú náttúra Davíds, at hann var manna vaskastr til vápna í orrostum ok vel harðr í réttri refsing; en hann var maðr góðgjarn ok ásthollr hverjum manni ok aumhjartaðr yfir úförum hvers manns; hann var ok trygg maðr í öllum hlutum, ráðvandr ok fastorðr í vináttu ok í öllum heitum, ok svá lastvarr, at hann vildi engan löst á sik vita, ok eigi var hans maki í Israels fólki; þvíat guð tók svá til orðs í vitnisburð sínum, þá er hann kaus David til konungs, at hann kvazk funnit hafa mann eptir lunderni sínu. En því³ völdi breyskleikr manndómsins, at David féll í þá sök, sem fyrr ræddum vit um, at hann hóraði konu Urias; ok svá skjótt sem hann hafði í þessa sök fallit, þá iðraðisk hann mjök með andvörpum ok með tárum, þegar hann var einnsaman staddr. En fyrir því at regla laganna dæmdi þenna glæp ljótan löst, ef upp kœni fyrir fólkinu, þá leitaði David þeirrar athygli, at hann mætti heldr þegja yfir ok sæi guð iðran hans, en fólkit géngi dult lögbrota hans, ok tæki eigi hans glæp til dæma, at þeim þætti þá minna fyrir at falla í glæpi ok lögbrot, ef þeir vissi hans glæp. En með þessarri list vildi David leyna glæp sínum, at þegar er hann vissi, at Bersabe var með getnaði, kona Urie, sá sendi hann eptir Uriam ok vildi sjá við

1) mismunum 2) skýrit 3) þat³

manndrápi, ok vildi at hann sjálfri ætti lag við konu sína, ok væri hánum sjá getnaðr kendr, en hann vildi bæta glæp hördóms síns í leynd, ok vildi aldri síðan koma nær konu hins. En síðan er hann sá, at þat barsk undan, at Urias vildi [leyti eiga¹ við konu sína, þá leitaði hann þeirrar listar, at hann mætti leyua glæp sinum fyrir mönnum, þóat hann aukaði synd sína [fyrir guði². En síðan Nathan propheta³ bar þessa sök á hendr Davidi alla saman, þá svaraði David svá sem sjálfri dæmandi sik, þviat hann svaraði svá: „Svá er glæpr minn illr ok þungr, at ek em dauða [verðr fyrir sök þessa⁴, ok em ek vesall þess, at ek gaf þvilik dæmi fólki guðs, þar sem hann skipaði mik stjórnarmann ok dómara yfir fólk sitt, ok vil ek [gjarna heldr þola nú bráðan dauða, heldr⁵ en sjá glæpr fylgi mér til helvitis. Nú með því at ek gerða syndlig⁶ dæmi fyrir fólki guðs í glæpinum, þá em ek nú búinn eptir vilja dróttins míns at þola refsingina til þeirrar viðrýnar, at eigi falli fólkit í slíkan glæp.“ En þá er sannendi ok réttvísi litu iðran Davids, þá skutu þær atkvæðum⁷ þessa dóms undir miskunn, þviat Nathan propheta svaraði: „Guð sér iðran þína ok vill hann eigi, at þú takir dauða fyrir synd þína, en hann mun hefna þér með mundangshófi refsingar þessa verks, áðr en þú deyr.“ Nú skalt þú þat vita, at eigi lét guð svá fyrirgefua þessa synd Davidi, at hann hefndi eigi eptir réttendum; þviat sú var hin fyrsta hefnd, er David tók af guði, at barn þat er hann hafði getit með Bersabe, þá var þat son ok var afar friðr, ok vildi David gjarna, at barnit hefði lif⁸, en guð vildi eigi unna hánum nytja á því barni, er hann hafði svá syndliga getit; þó lá David sjau daga fastandi á jörðu í úgleðisklæðum⁹, ok bað guð lífs því barni, en guð vildi eigi heyra bæn hans, ok dó barnit á hinum áttanda¹⁰ degi. En þessi var önnur hefnd, at guð vildi eigi þiggja af Davidi, at hann gerði hánum templum¹¹, ok kallaði guð David manndrápsmann¹² fyrir þat, at hann hafði ráðit Uriam af lífi. En fyrir hór konu Urie, þá þoldi hann fyrir þat þá skömm, at Absalon son hans gékk í augliti alls fólks¹³ ok lagðisk með friðlum hans, ok gerði þessa skömm feðr sínum [fyrir öllu fólki¹⁴.

En þar er þú spurðir þess, hvár meiri var sök, at David drap Uriam saklausan ok hóraði konu hans, eða var sú, at Saul vildi eigi drepa yfrit marga í Amalech, nú skaltu þat til viss vita, at sú var sök meiri, er Saul gerði, þviat engi er ein sök þungari en veita úhlýðni yfir-

1) eiga lag (sambúð) 2) í augliti guðs 3) guðs propheti (spámaðr) 4) sök fyrir verðr* 5) nú heldr þola dauða 6) syndsamlig 7) atkvæði 8) lifat 9) úgleðisklæðum sínum 10) sjaunda 11) kirkju 12) manndrápamann 13) lýðs 14) í augsýn alls fólksins

boða sinum, sem Saul gerði; ok máttu marka enn i dag á því um klaustramenn, at ef munkrinn er úhlýðinn ábóta sinum, [er hann er yfir klaustranum¹, eða priori, ef hann er, þá skal hann þegar vera útrekinn frá heilagri reglu ok or klaustra sinum², ok haldinn sem einn leikmaðr; svá ok ef prestrinn vill eigi vera hlýðinn byskupi, yfirboða sinum, þá er hann þegar sagðr af lærðra manna tign, ok messusöngr af hánnum tekinn, ok alt annat embætti af hánnum kipt; svá ok ef byskupinn vill eigi hlýðinn vera sinum yfirboða, hvárt sem hann er ríkr eða úríkr, þá er hann þegar af sagðr sinni tign ok öllu embætti, ok síðan svá haldinn millim allra lærðra manna sem einhver úlærðr maðr³ engrar sœmdar verðr. En enn heldr máttu þat vita, at Sauli mundi eigi duga at vera úhlýðinn slíkum yfirboða sem guð er sjálfr, þar sem hann hafði boðit hánnum at fara í Amalech ok í Amorea ríki, at drepa alt þat er kvíkt væri. Guð tók refsingarvönd sinn ok seldi i hendr Sauli, ok bað hann hefna reidi sinnar ok vægja engu því er kvíkt væri, brenna borgir⁴ ok bólstaði, klæði ok alt annat þat sem þar var; skyldi týna ok hreinsa svá alt land með sverði ok exi ok eldi. En Saul skipaði svá þeirri refsing, er hánnum var boðin, at hann týndi því öllu, er hvárki var fagrt né fémætt, en alt þat er hánnum þótti eiguligt⁵ vera ok fegrst ok fémætt, þá þyrmdi hann því ok skipti mauna sinna á millim, ok hafði heim i sitt land. En þá er Samuel kom til Sauls ok sagði hánnum reidi guðs, þá svaraði Saul sem verjandi sína sök: „Lofaðr sé guð, at ek fylða boðorð hans, ok fór ek út i Amalech ok eydda ek alt þat ríki með eldi ok sverði; en ek leidda hingat Agag konung, þvíat ek vilda sœma svá guðs boð, at hann dæi hér, ef hann vill at hann dey; [feitir yxn ok fagrir saudi⁶ þá eru til þess hingat leiddir, at ofra guði slíkt af, er hann vill þiggja; en ríkra manna börn leidda ek hingat til þess at veita oss sœmiliga þjónustu, en þau sjálf i þrældóm ok i ánaud.“

Þá svaraði Samuel: „Hversu má guð þiggja þat hér i fórn, er hann bölvaði sjálfr i sinni reidi, þvíat guð vill þiggja blessaða fórn en eigi bölvaða; þat skalt þú vist vita, at betri þykkir guði hlýðni en engi fórn önnur.“ Sannendi stóð nær ok svaraði: „Hví þarf at leyna, hvat Sauli gékk til, at hann gerði eigi sem guð bauð hánnum? Saul þóttisk nú svá fullkominn vera i ríkisdóm⁷ sinum, at hann þóttisk nú slíkum hlutum mega skipa meir eptir vilja sinum, en eptir guðs boðum, ok var þat ofdramb Sauls i þessu, at hann gáði eigi þess hverr hánnum gaf ríkdóm. En fyrir því tók hann góða hesta eða yxn eða saudi

¹) ef h. e. y. klastrum ²) klaustri sinu ³) ok tilf. ⁴) ok bæi tilf. ⁵) eigrlegt² ⁶) feita exu ok fagra saudi² ⁷) ríkdómi

ok margar aðrar gersimar, at hann vægði í því fésnikni riddara sinna ok sinku annarra hermanna meir, en hann vildi gæta guðs boða¹. En í því drýgði hann lygi, er hann sagði, at hann slutti fyrir því hesta ok sauði ok aðrar gersimar í ríki sitt, at hann vildi at guði væri þar ger af fórn, þvíat hann vissi, at guð vildi eigi [bölvat ofr² þiggja.“ Þá var sá dómr lagðr undir réttvísi; en réttvísi svaraði svá: „Með því at guð tók refsingarvönd sinn ok seldi í hendr Sauli, ok bað hann hefna reiði sinnar á bölvuðu fólki, þá liggi sú refsing á Sauli ok hans kyni, sem hann sparði við hina, er guð bauð hánum at hann skyldi frammi hafa. Ok sá refsingarvöndr er seldr var í hendr Sauli, at hann skyldi hrista yfir öðrum, þá skal annarr þann refsingarvönd hafa ok hrista yfir Sauli ok öllu hans kyni. En fyrir því at hann vildi fyrir sinku sakar eignask þau auðæfi, er hánum váru bönnuð, þá glatisk þau auðæfi fyrir hánum, er hánum váru áðr gefin.“ En fyrir því gerðisk þessi dómr réttvísi svá stríðr við Saul, at guð þekti görla náttúru hans. En þessi var hans náttúra, at hann var stríðr ok drambsamr í guðs augliti, þá er hann þóttisk fullkominn í [staðfestu ríkis³; hann gerðisk sinkr ok fégjarn, svá sem hér berr vitni um í þvísu máli⁴.

Nú skildi þat lunderni þeirra Davids, þá er Nathan propheta bar sök á hendr Davídi, þá lastaði hann glæp sinn nálíga sem dæmandi sjálfan sik, bað miskunnar ok bauð sik þó undir refsing svá sem þakk-samlíga búinn við at taka hverjum kosti, er guð vildi at hann hefði fyrir sinn glæp, ok hlaut hann fyrir því líkn með vægilígu miskunnar dómi. Þó dó son hans fyrir dauða Urias, at hann dæi eigi sjálf; en fyrir [hór konu⁵ Urie þá hlaut hann yrna skömm, þar sem son hans skemdi hann⁶ í augliti alls fólks.

En þá er Samuel bar sök á hendr Sauli, þá svaraði hann sem verjandi sína sök, ok hrósaði at hann hafði vel gört, þá er hann kvað svá at orði, „at guð sé lofaðr, at ek fylða þat sem hann bauð mér“, ok vissi þó með sér aðra hluti sannari; ok féll hann fyrir því með dómi réttvísi, at guð sá drambsamliga hœlni hans ok lygilíga sakarvörn. En þó tók síðan öfund ok dramb meir at birtask, er hann fann, at guð var reiðr hánum; þvíat Saul tók sótt, þá er endr ok stundum [kom at hánum höfuðærslur⁷, ok þurfti at gæta hans, meðan sú sótt var á hánum, ok var hánum funnit þat til lækningar, at fá skyldi þann mann, er vel kynni hörpu at slá yfir hánum, ok mundi hann þá minnr saka sóttin. Því næst var funninn einn ungr maðr ok friðr, er David

¹) höðorda ²) bölvaðar ofr (? fórnir)* ³) staðfesti ríkis síns ⁴) er nú höfum vér um rætt tilf. ⁵) konu ⁶) frillur hans ⁷) kómu at hánum höfuðórar (-ærsI)

var¹, son Ysay í Bethleem, er vel kunní at slá hörpu, ok kom hann til konungsins, ok þegar sóttin tók konunginn, þá stóð David fyrir hánum ok sló hörpu sína, ok hvarf þegar sóttin af hánnum. En þegar konungrinn kendi, at sótt hans var linari, þá elskaði hann mjök David, ok gerði hann [at skjaldsveini sér²; en þó hafði Samuel smurðan hann áðr til konungs leyniliga, svá at engi vissi nema faðir hans ok bræðr. David var marga daga með Sauli konungi ok þjónaði hánnum tryggliga; en í öllum verkum Davids, þá fannsk þat öllum mönnum, at guð var með hánnum. Saul var ok vel við hann í fyrstunni, ok gaf hánnum dóttur sína ok fékk hánnum lið sitt fyrir at ráða. En eptir sigr þann er Saul konungr hafði unnit á Philisteis, ok David hafði drepit Goliath rísa, ok þeir hurfu aprt or þeirri herför, þá géngu út konur or borgum ok kaupstöðum, ok dönsudu móti þeim, ok sungu þeim lof fyrir sigr sinn; en svá varð í söng þeirra, at Saul konungr hafði unnit sigr á þúsund, en David á 10 þúsundum. Ok þegar er Saul heyrði þessa hluti, þá rann á hann þegar reiði ok öfund við David, ok mælti³ í hugþokka sinum: „Nú skil ek, at guð hefir ætlat þeima manni at taka ríki eptir mik, en eigi sonum mínum, ok skal ek við leita at fyrirkoma því ráði, ef ek má, ok þó með þeirri list, at engi skal vita, at ek drepa hann at vilja mínum.“ Fám dögum síðar kom vanyflasótt Sauls at hánnum, en David tók hörpu sína, ok stóð fyrir hánnum ok sló eptir síðvenju sinni, at sótt konungs skyldi minka. Saul hafði spjót í hendi ok skaut at Davidi, ok hafði hann ætlat gögnum hann at skjóta ok negla hann þar við hallarvegginn; en hann ætlaði at forða sér svá [frá manndrápi⁴, at fólkit skyldi því um kenna, at hann gerði þat í ærslum, en eigi eptir illsku. David komsk undan ok fékk forðat sér við lífsháska. En þá er Saul sá þat, at David komsk undan, ok at hann gat⁵ eigi veiddan hann, þá sendi hann David í margar herfarar millim heidinna þjóða, ok ætlaði at hann skyldi þar falla. En því optar er David fór í herfarar, því fleiri sigra vann hann ok [ágætari varð⁶, ok miklaði guð David í augliti alls fólks. En Saul öfundaði David því meir, sem hann sá at hánnum tóksk betr til.

Nú máttu skilja náttúru Sauls konungs. Hann hafði engar sakar [Davidi at fá⁷ nema góðar einar; en fyrir því at hann sá, at guð elskaði David mjök fyrir lítillætis⁸ sakar ok tryggleiks, þá öfundaði hann David, svá sem Kain öfundaði Abel bróður sinn fyrir því at guð elskaði hann. Ok gerðisk svá opinberr fjánskapr Sauls við David, at hann leyndi engan mann því, at hann vildi drepa David; þó minti

¹) nefndr *tílf.* ²) skjaldsvein sinn ³) hann þegar við sjálfan sik *tílf.* ⁴) við manndrápi; undan manndrápssök ⁵) fékk ⁶) varð ágætari ⁷) at gefa David ⁸) léttlætis*

Jonathas son hans konungiun á, at þat var synd at drepa saklausan mann, ok mælti svá: „Herra minn! hvi ert þú reiðr Davidi þjóni þínum? Ef nökkur er sú sök á hendi hánum, er gagnstaðlig er þínu ríki eða sæmd, þá vill hverr maðr, er með yðr er, um hans líf liggja, ok megum vér þegar hafa hann, er vér viljum, þviat hann varask oss ekki, er hann veit sik saklausan. Hann hefir yðr lengi þjónat ok verit trygggr í öllum hlutum, ok gékk við mikit ofressi, þá er hann drap Goliam, ok frelsti guð alt ríki yðart með undarligum sigri Davids, þar sem hann barðisk vápnlauss maðr móti einum risa; þjónat¹ yðr í [nauðar sóttarferði² yðru, ok þar sem þér [hafit beitt³ hann fyrir fólk yðart, þá hefir hann haldit upp mikilli vörn fyrir ríki yðru, ok veit engi maðr annat á hendr hánum en tryggleik. Nú still reiði þinni, herra minn, ok fall eigi í svá opinbera manndráps sök fyrir guði, at þér týnit saklausum manni.“ Saul varð því öllu reiðari ok gaf svikræða sök syni sínum ok öllum þeim mönnum öðrum, er nökkut gott orð mæltu um David.

David flýði braut undan reiði Sauls konungs, hvárttveggja vápnlauss ok klæðlauss með fám sveinum, ok kom í þann stað, er Nobe var kallaðr. En þar var Abimelech byskup fyrir, son Achitobs byskups; en Achitob var son Ichaboths, sonar Phinces⁴, sonar Ely byskups. En þá er David kom til Abimelecs byskups, þá sagði hann, at hann fór nauðsynja erenda Sauls konungs, ok bað hann gefa sér nökkut til matar ok sveinum sínum, ok bað hann fá sér nökkut til vápns. Ok Abimelech byskup fékk hánum slíkan mat, sem hann hafði, en vápn hafði hann engi at fá hánum, nema sverð þat er Golias hafði átt; ok fékk hann hánum þat, þviat hann vissi eigi, at hann var á flóttu, nema hann hugði, at hann færi konungs erenda, sem hann sjálfr sagði. En svá mikill fjándskapr var konunginum á Davidi, at þegar er hann vissi, at Abimelech byskup hafði gefit hánum mat, at hann tók byskupinn ok alt hans kyn ok gaf hánum svikræða sök. Þá svaraði byskupinn svá: „Herra minn, ek geng ígegn því, at ek gaf Davidi slíkan mat sem ek hafða, ok þat vápn sem ek hafða, þviat hann kvazk fara nauðsynja erenda yðarra. Hvi munda ek eigi vel fagna slíkum manni, sem David er, er mestr ok mætastr manna er með yðr utan sonu yðra, ok þó mágr yðarr, ok verit yðr trygggr í öllum hlutum; aldri réð ek svik móti yðr eða yðarri sæmd. Ætla eigi þat, herra minn, at ek þjónn þinn ráða nökkut mót vilja þínum við David, þviat ekki víska ek til, hvi David fór svá nauðsynliga, nema þat er hann sagði mér, at hann fór yðarra nauðsynja erenda, ok í enga sök víska ek hann hafa fallit við yðr.“ Saul svaraði þegar með ákassligri reiði: „Þess sver ek, at þú

1) hefir hann *tílf*. 2) (nauðsynligu) sóttarferi 3) settut 4) Sines⁵

skalt deyja í dag ok alt kyn þitt.⁴ Ok því næst lét hann drepa byskupinn ok fimm meun aðra ok átta tigu, þeir sem allir váru skryðdir með kennimannligri tign. En síðan lét hann brenna borgina Nobe, ok lét alt þat drepa, er kvikt var í borginni, bæði börn ok konur.

Nú hefi ek sýnt þér grimleik Sauls, þann sem guð sá í brjósti hánum¹, þá er hann kipti hánun frá ríki, ok síðan gerðisk opinberr, svá sem nú hefir þú heyrtr, ok margr annarr þvilíkr, þóat ek hafa þenna taldan²; ok féll fyrir því svá þungliga sú sök konunginum, er hann féll í við guð, at guð sá ágjarnligan grimleik í brjósti hans, þánn er síðan tók³ birtask⁴. Nú vildi hann drepa David saklausan, þvíat hann laun at guð elskaði hann; ok byskupinn drap hann saklausan með svá miklum grimleik, at hann drap alt þat, sem kvikt var í borginni, ok brendi borgina síðan. En þar sem guð bauð hánun slíkan grimleik frammi at hafa, þá þyrmdi hann þar, en hér drap hann guðs þjónostumenn móti guðs boði. En því gerðisk sök Davids linari í guðs dómi, at svá sem guð skildi grimleik þenna í brjósti Sauls, þá skildi hann sanna iðran ok mildleik í brjósti Davids, eptir því sem nú vil ek sýna þér.

Abiathar hét son Abimelees byskups, sá er flýit hafði í fjallsholu eina, þá er þeir váru drepnir, er fyrr váru taldir. Abiathar flýði til Davids ok sagði hánun alla þessa hluti. Sem David heyrði þessi tíðendi, þá klökk hann, ok svaraði⁵ með miklum harmi hugar: „Guð með sinni miskun þá fyrirgefi mér þetta manndráp, þvíat ofmikill hluttakari em ek af þvísa, þvíat ek át mat föður þíns; ok nú með því at þú ert hér kominn, þá ver með mér; ok ef guð vill láta mik lifa, þá mun hann gæta þín með mér, ok gangi slíkt yfir báða okkr saman, sem guð vill at sé.“ Því næst hóf David hann til byskupsdóms, [sem faðir hans hafði haft⁶. En er frændr Davids spurðu til, at hann fór í skógum úti, þá fóru þeir til hans með fjölmenni, ok var þat þá eigi minna lið en 4 hundruð manna, ok styrktisk David upp ífra því, eptir því sem guð vildi. David var úti í fjöllum með þvísa liði, ok herjæði jafnan á úvini Sauls, en aldriki á sjálfan hann eða á vini hans. En hvarvetna þar sem Saul spurði til, at David leyndisk, þá fór hann at hánun ok vildi drepa hann.

En svá barsk nökkut sinni til, þar sem David leyndisk í helli nökkurum miklum með liði sínu, at Saul gékk inn einn⁷ nauðsynja sinna; þá mæltu um⁸ félagar Davids: „Nú hefir guð þat efnt, er hann

1) leyndan tilf. 2) upptaldan 3) at tilf. 4) sem nú höfum vér um rætt tilf. 5) sagði svá 6) þess er áðr hafði haft faðir hans. 7) frá liði sínu (mönnunum sínum) tilf. 8) mgl.

hefir heitit þér, [at sent¹ í hendr þér úvin þinn; kunn nú at nýta þér þessa veiði.“ David stilti til ok skar nökkut af kyrtilsblaði Sauls konungs, svá at hann varð eigi varr við, ok gékk svá aptr til félaga sinna. Þá mæltu um félagar Davids: „Ef þú vilt eigi sjálfr leggja hendr á hánun², þá lát oss drepa hann.“ David svaraði: „Jöfn er sök mín fyrir guði, at ek göra þat, ok þá at ek bjóða einumhverjum öðrum. Guð gæti mín frá því verki ok allra várara félaga, at eigi leggim vér hendr á kristi³ guðs. Hann er herra minn, ok hefi ek þjónat hánun lengi; hann er ok kristr dróttins, ok væri þat mikit illvirkí, ef ek legða hendr á hánun, þar sem ek á hvárki at hefna á hánun föður né bræðra, né engarra annarra frænda, ok er eigi sem hann ynni⁴ þetta sæti undan mínum frændum með nökkurum svikum eða afli, er nú sitr hann í, nema guð kaus hann til ok helgaði hann sér til þjónostumanns, ok skryðdi hann með sjálfs síns nafni; ok er þat rétt, at sá taki hann frá með sínum vilja, er hann kaus til, en eigi ek með ágirndligri dirfð. Ok sver ek þess í dag, at guð skal kalla hann, annathvært at hann skal falla í bardaga fyrir úvinum sínum eða krefi guð hann andar sinnar; elligar skal hann lifa marga daga fyrir mínum höndum. Þó iðrumk ek mjök, at ek skadda klæðum hans, ef hánun þykki nökkut illa eða svivirðing at.“

En er Saul var brottgenginn ok til liðs síns, þá rann David á hæð nökkura, ok mælti: „Mátt þú heyra, herra minn, Saul konungr!“ En þegar er konungrinn snerisk aptr ok vildi heyra, hvat sá maðr mælti, þá hneigði David þegar bæði kné sin til jarðar ok laut konunginum, ok mælti við hann: „Illa gera þeir menn, er þat segja yðr, herra konungr, at ek vil vera úvin yðarr; þviat hér hefi ek nú vitni í hendi mér, at ek átta lífs þíns kosti í dag, þá er þú gékkt í helli einn frá öllu þínu liði, ok munda ek eigi síðr eiga kosti at skeðja lífi þínu en klæðum þínum; þviat hér hefi ek nú í hendi mér mikinn hlut af kyrtilsblaði þínu. Nú mun guð millim okkar dæma. Sét⁵ þér þat nú, at þeir hafa úsanna sögu sagða, er þat sögðu, at ek læga um líf þitt.“ Saul lét sér vel skiljask þessa hluti, þviat David sagði satt, ok hét því, at aldri síðan skyldi hann hata David. En eigi váru þess margir dagar á millum, at Saul fór at leita Davids, ok jafnan síðan. Nú bar enn svá til annat sinni, þá er Saul hafði farit mæðiliga at leita Davids, þá sofnaði hann ok allr herr hans, ok gékk David í herinn, þar sem Saul lá, svá at engi þeirra varð varr við. Abisay hét sá maðr, er fylgði Davídi ok mælti við hann: „Nú mátt þú sjá, at guð vill víst þenna úvin þinn selja í hendr þér, ok er ráð at hafna eigi því⁶ er guð

¹) at senda; ok sent ²) hann ³) krist ⁴) hafí unnit ⁵) sjái ⁶) þeirri veiði

sjálfr býðr þér. Ok mun ek nú leggja spjóti mínu gegnum hann, ef þú leyfir mér, ok förum síðan til liðs várs.“ David svaraði: „Þat gerir guð til freistni við mik, ok vill vita, ef ek vilja mínar hendr leggja á kristi hans. Nú mun ek svá svara sem fyrr, at annathvært skal guð kippa undan hánnum ríkinu, svá at hann krefi hann andar sinnar, eða elligar falli hann fyrir úvinum sínum, en lifa skal hann marga daga fyrir sakar minna handa; þar sem ek á hvárki at minnask til hefnda við hann stórra rána né frænda láts, nema þeirra einna, at hann hefir hreinsat land með rétttri refsing. Ok er þat hvárki mitt ok enskis annars rétt verk, at hefna þess, þvíat þat er meira stórmæli en vitr¹ kunni hugleiða, at leggja hendr á kristi dróttins, er vígðr er guði til handa ok helgaðr. Nú skulum vit taka södulker² hans ok spjót til jartegna, ok förum síðan til liðs várs.“

Nú máttu skilja náttúru hvárstveggja Sauls ok Davids, eptir því sem fyrr sagða ek þér. David vissi sik kosinn af guði til ríkisstjórnar, ok vígðr krístr dróttins, helgaðr guði eigi síðr en Saul; hann vissi ok, at guð hafði hafnat Sauli, ok leiddi guð Saul í hendr Davidi, svá at hann átti kosti lífs hans íduliga, ef hann vildi; ok sýndi David í því mikinn tryggileik ok lítillæti, at hvert sinn er David sá Saul, þá laut hann ok fagnaði hánnum svá sem einnhverr úvigðr leikmaðr, sá er ekki væri kosinn til höfðingjaskaps³. Þóat Saul lægi um líf hans, þá þjónaði David hánnum ok lá á úvinum hans, slíkt er hann mátti⁴. En Saul hafði þá eina sök Davidi, at hann vissi at guð hafði kosit hann til konungs, ok sýndi hann í því mikinn grimleik ok illsku, at hann vildi drepa saklausan mann, ok þann er hánnum þjónaði tryggliga; en í því sýndi hann hóflaust dramb, at hann vildi fyrirkoma þeim manni, er guð sjálfr hafði til ríkis kosit eptir hann. Nú féllu fyrir þær sakar stríðliga dómar á mál Sauls af guði, þvíat guð skildi þat í brjósti hans, er menninir máttu eigi skilja, ok þó gerði guð síðan þessa hluti opinbera fyrir manna augum. En því váru Davidi léttari sínar sakar fyrir guði, at guð fann hann tryggvan ok jafnan lítillátan í öllum hlutum, sem síðan sýndi hann mönnum. Ok þar berr enn vitni um, at þá er David spurði fall Sauls ok Jonathas sonar hans, þá klökk hann með miklum harmi ok allr herr hans, ok mælti svá: „Bölvuð verði þér, fjöll Gelboe⁵! Láti guð aldri yfir yðr koma döggr né regn né gróandi grös, þvíat þér veittut Sauli konungi ok Jonathe svikliga flóttastigu yfir hvirfil yðarn, ok vildut eigi veita þeim líknligar götur⁶, þær er þeir mætti forða lífi sínu undan úvina höndum, ok eigi veittut

¹) úvitr maðr ²) södulklæði; drykkjarker *Udg.* ³) höfðingja ⁴) ok herjaði á þá *tílf.* ⁵) Gelboea ⁶) stiggötur

þér þeim hermannligar varnir á hæðum yðrum. Beiskr harmr er öllu Israels fólki þetta, at svá ágætir höfðingjar skulu vera fallnir ífrá ráðagerðum ok ríkisstjórn sem Saul ok Jonathas váru. Mikill þrekr¹ ok all hefir týnzk á þeima degi, þar sem svá dýrligir höfðingjar hafa týnzk, sem Saul konungr ok Jonathas váru, ok [margr góðr riddari², ok mart gott vápn ok mörg góð brynja³, sem þar hefir glatazk með þeim. Varisk smælingar reiði guðs, þar sem hann lofaði heiðnum þjóðum at leggja hendr á kristi sínum. Harmi allr lýðr slíka⁴ tjón, at svá dýrligir stjórnarmenn skulu falla fyrir heiðnum þjóðum.“ Slik orð ok mörg önnur þvilik mælti David á þeim degi, ok harmaði svá fráfall þeirra, heldr en hann fagnaði því, at ríkit væri komit undir hann ok hans gæzlu. Nú skal á slíku marka, hversu mikill heilhugi hann var, ok lastvarr ok hreinn af öllum glæpum. En hvert sinni er hann féll í nökkurn glæp sakar mannligrar náttúru, þá iðraðisk hann þegar ákafliga, ok bað guð líknar ok vægðar, ok guð leit þegar sanna iðran hans.

Vér gátum ok þess fyrr í ræðu várri, hversu Absalon son Davids reisti upp alt land móti feðr sínum. En þá er riddarar Davids kómusk við at berjask móti Absalon, ok David spurði fall hans, þá kvað hann svá at orði: „Hvat skyldi mér gömlum karli at lifa, hrörnanda á hverjum degi, en þú, son minn Absalon, skyldir deyja í blóma aldrs þíns. Guð gefi, at ek mætta nú heldr deyja, en þú mættir lifa, son minn.“ Eigi var beiskleikr Davids meiri við alla menn, en hann vildi heldr sjálfr dauða þola, en sjá annars dauða, nema þar sem hann sá, at fyrir réttðæmis sakar væri refsing gör. Svá berr vitni um, at þá er alt ríki Davids varð fyrir reiði guðs, þá kom [drep í alt ríkit svá ákaft⁵, at þúsundum féllu menn niðr daudir. En er sóttin nálgadisk til Jórsalaborgar, þá sá David engilinn, þann er drap fólkit, standa með eldligu sverði millim himins ok jarðar. En er hann sá engilinn standa með reiddu sverði, ok svá sem búinn at höggva, þá rétti David háls sinn fram undir sverðit, ok mælti: „Þess bið ek, dróttinn minn, at þetta sverð snúisk heldr mér á háls, en fólk guðs sé nú meira⁶ drepit, ok snúisk reiði dróttins míns heldr á mik verðugan ok makligan ok á mitt kyn, heldr en fólk guðs fyrirfarisk af mínum völdum“. Þá er guð sá iðran Davids ok heyrði svá þekkiligar bænir hans⁷, þá bauð guð þegar englinum at hætta, ok drepa eigi fólk fleira, ok þegar tók⁸ af sóttin um alt ríkit.

Nú mátt þú á slíkum hlutum marka ok mörgum öðrum þvilikum,

1) styrkr 2) margir góðir drengir ok riddarar 3) ok góð klæði tilf. 4) slíkt 5) drepsótt í a. r. s. áköf 6) fleira 7) þekkiliga bæn 8) lét

hversu líknarfullr ok gæzku er David var við alt fólk. Ok svá sem guð sá í brjósti hans mildi ok miskunsemd ok litillæti, svá þekti guð í brjósti Sauls ágirnd ok grimleik ok hóflaust dramb, ok varð¹ fyrir því Sauli þungari allar sakar við guð en Davídi, þvíat mennina skildi². Davíð var hinn hógværosti maðr ok hinn miskunsamasti, ok bað guð líknar, þegar hann féll í nökkura sök; en Saul var því öllu grimvari ok öfundsjúkari, er hann féll í fleiri glæpi, ok hann sá at guðs reiði nálgadisk hann meir. Nú ef þér þykkir svá sem þessi svör leiði þik til fullrar skilningar eptir þinni spurning, þá þykki mér sem eigi þurfi fleira um þetta mál at tala.

LXIV. Sonr. Mér skilsk nú þetta, eptir því sem þér gátut í fyrri ræðu, at dómur hafi því orðit Davíði vægiligri, at hann iðradisk glæpa sinna, þeirra er hann féll í, en því þungari Sauli, er hann vildi síðr yfirbæta sinn³ misverka. Nú er sá einn hlutr, er mik forvitnar mjök, ok ek vil spyrja yðr með leyfi, um þá hluti, er síðar urðu eptir andlát Davíðs, þá er tvær konur kómu fyrir konunginn Salamon, ok þrættu um barn eitt⁴, þá bauð konungurinn, at sundr skyldi [höggva barnit⁵, ok fá hálfst hvarri þeirra; ok vil ek nú þess spyrja, ef hvárgi hefði konan um rætt, hvárt konungurinn mundi hafa látit sundr höggva barnit eða eigi?

Faðir. Til þess bauð konungurinn at skipta skyldi barninu, at hann vissi þat til viss, at sú er móðirin væri, at hon mundi eigi vilja láta sundr skipta⁶.

Sonr. Ek spurða þess, ef móðirin hefði þagt⁷ yfir, hvárt konungurinn mundi skipta vilja barninu?

Faðir. Ef móðirin væri svá miskunnarlaus, at hon beiddisk engrar líknar barninu, þá hefði konungurinn skipt barninu millim þeirra.

Sonr. Mundi yðr eigi⁸ þat sýnask manndráp fult, ef hann hefði drepit barnit saklaust, ok væri þat þó eigi refsing?

Faðir. Þat væri víst manndráp, ef hann hefði drepit barnit, ok væri þó eigi sök á konunginum, en móðirin bæri sökina, ef hon hefði eigi beizk miskunnar barni sínu, þar sem hon heyrði af konunginum jafnaðardóm millim þeirra, ok sá hon at þat væri dauðadómr barninu, ok félli því sökin á hana, ef hon hefði synjat móðurligrar mildi barninu til lífs.

Sonr. Hvat sýnisk yðr⁹ um dauða Joabs ok Adonias, er Salamon konungr drap, hvárt þat var rétt dómur eða eigi? Eða hví Salamon

1) urðu 2) mikít tilf. 3) sína 4) sitt 5) skipta barninu 6) ok mundi hon heldr vilja láta sitt mál tilf. 7) þagat 8) Hví mundi yðr*; eigi mundi yðr 9) þér*

drap Semei fyrir þat, at hann hafði bölvat Davidi feðr hans, ok hafði David áðr fyrirgefit Semei þessa sök?

Faðir. Ef Salamon hefði þetta gört án rétta refsing, þá hefði guð heftat hánú með réttri refsing, svá sem manndráp. En eptir þessi öll verk þá vitradisk guð Salamoni i draumi, ok bauð hánú at kjósa¹ einahverja gjöf af sér, þá sem hann vildi. En Salamon kaus, at guð skyldi gefa hánú vizku ok skilning millim allra réttra dóma; en guð svaraði hánú svá: „Ef þessi kost væri mörgum gefinn, þá mundi þeir margir vera, at kjósa mundu fé ok ríki eða langlífi eða frið eða sigrsælu²; en með því at þú kaust þenna hlut, þá skalt þú eignask þat er þú kaust i fyrstunni, ok alla þessa hluti með, er ek hefi nú nefnda.“ Nú skalt þú á slíku marka, hversu vel guði líkar réttðæmi, er guð gaf allar hinar hæstu höfuðgjafir Salamoni, fyrir þat at hann kaus sér réttðæmi til handa. Svá skalt þú ok þat ætla, ef hann hefði með röngum dómi hina fyrri drepna, at eigi mundi guð gefa hánú slíkar höfuðgjafir, sem hann gaf hánú.

LXV. Sonr. Þeir hlutir eru vist sannlígir, er nú sögðu þér, ef Salamon hefði þessa drepna með ágirnd utan réttðæmi, þá hefði hann eigi slíkar höfuðgjafir hlotit af guði eptir þat verk vunnit, sem nú hlaut hann. En þó vilda ek gjarna þess beiddask, ef svá má vera, at þér sýnit mér réttan framgangsveg þessa réttðæmis, at mér verði ljósara fyrir augum, ok svá öðrum þeim er heyra, at þat væri réttðæmi, at Salamon drap Semei, þar sem David faðir hans hafði áðr fyrirgefit hánú sökina.

Faðir. Þessi eru skynsemdarsvör til, at Salamon gerði³ heldr fyrir sakar réttðæmis en grimleiks, at þá er Semei hafði bölvat Davidi, þá gerði hann³ fyrir sakar kapps ok illsku, en eigi fyrir réttar sakar. En þá er hann beiddisk miskunnar af Davidi, þá beiddisk hann heldr fyrir hræzlu sakar en iðranar, þvíat hann hræddisk, at David mundi drepa hann, eptir því sem dómr heilagra laga stóð til. En David svaraði hánú á þessa leið, þá er hann bað miskunnar: „Eigi mun ek at þessu sinni drepa þik, [þó biðr þú⁴ miskunnar, en þú gef gaum at sjálfr, hvárt⁵ þú munt hefnd taka fyrir þitt verk, nema þú bætir með sannri iðran.“ Í því orði sýndi David þat. at Semei átti at bæta með ástsemdar vináttu þau orð, er hann mælti með fullum fjánskap En síðan lifði Semei svá alla daga, at menn funnu þat ekki, at hann hefði fjánskap við David, en þat birtisk ok hvergi, at hann [veitti vináttu⁶ móti því, at David hafði gefit hánú líf sitt, þar sem lög

¹) þiggja ²) sigrsæli ³) þat tilf. ⁴) er þú biðr þó; þvíat þú biðr mik
⁵) at ⁶) vendi þar ást eða vináttu

dæmdu hánnum dauða. En þá er hann kom til Salamons eptir andlát Davids, þá mælti Salamon við hann: „Minnsk þú þess, Semei, at þú hefir bölvat kristi guðs, þvíat engi maðr veit, hvárt þú hefir þess síðan réttlíga iðrask¹. En þessi sættargerð skal vera okkar á millim í minning iðranar þinnar, at þú skalt eigi lifa jafnfrjálsliga, sem sá maðr er eigi hefir fallit í þenna glæp. Nú með því at þú átt þér hallir stórar ok góðar ok mörg hús í Jórðsalaborg, þá lifðu innan borgar með frjálsi, ok nýt þér þá² alla fjárhluti þína eptir þinni girnd; en þegar er þú kemr utan borgar, þá skalt þú eiga löglíga hefnd yfir höfði þínu, með því at þú gáðir eigi fyrr at iðrask³ en ek minta þik á.“ Sem konungrinn hafði lokit sinni ræðu, þá lét Semei þakk-samlíga yfir þessarri sætt, ok kvað sér mundu þykkja í því litit meinlæti at koma eigi utan borgar, þegar hann skyldi með frjálsi ok konungs vináttu lifa innan borgar ok njóta sjálfr sinna fjárhluta. En 3 vetrum síðar þá gleymdi Semei þessu sáttmáli, ok gékk utan borgar at skemta sér, svá sem hrósandi dirfð eptir brotit sáttmál. En þegar konunginum vóru sögð þessi tíðendi, þá lét hann taka Semei ok leiða til sín, ok mælti við hann: „Gleymdir þú at skammask þess, at brjóta sáttmál þat, er vit gerðum báðir í minning þeirrar iðranar, er þú bölváðir kristi guðs, ok er nú tvífold sök yfir höfði þínu, ok er þér betra hér at taka skjótlíga hefnd, svá at aðrir varisk af þínum úförum, heldr en þessi sök fylgi þér til dauða eilíflíga, ok dirfisk aðrir í slíkri illsku, ef þú deyr hefndarlauss.“ Því næst lét konungrinn drepa hann, ok lét grafa utan borgar öðrum til minnis ok viðrsýnar, at brjóta gört sáttmál.

LXVI. Sonr. Nú vil ek þess spyrja, hvi hann lét drepa Adoniam bróður sinn, fyrir þat at hann beiddisk Abisag sér til konu⁴?

Faðir. Adonias gerði fyrir öndverðu, sem þú munt heyrt hafa, at hann gerði uppreist móti feðr sínum. Í þann tíma er David var gamall maðr ok allnær [örvasi at⁵ aldri, kaus Adonias sik sjálfr til konungs utan vitorð föður sins, gerði hátíðlíga veizlu sem nývigðr konungr; lét hann renna um borgina með trumbum⁶ ok pípum, ok lét boða⁷ um alla borgina, at þá var Adonias konungr. Þessir váru höfðingjar í ráðagerð með hánnum: Joab, hertogi Davids ok frændi hans, ok Abiathar byskup, ok margir aðrir höfðingjar. En þá er Sadoch byskup, ok Nathan propheta, ok Bananias höfðingi, ok Barsabe dróttning sögðu Davíði svá sem harmandi, at hann var leyndr slíku

¹) en ek vil eigi at sjá sök fylgi þér til helvítis, at eilíflig bölván liggi yfir höfði þér, fyrir því at þú gáðir eigi at iðrask hér *tílf.* ²) þar ³) minnask* ⁴) eiginkonu; kvánfangs ⁵) á örvasa ⁶) bumbum ⁷) bjóða*

stórræðum, þá þagnaði David nökkura lírið ok klökk mjök; því næst svaraði hann sem með harmi hugar, ok mælti svá: „Eigi vilja synir mínir draga mína náttúru til sín, þvíat ek þjónaða Sauli konungi marga daga við þat, at hann lá um líf mitt, ok hafði þó guð kosit mik til konungs, þvíat hann var Sauli konungi reiðr; þó beið ek þess dóms at, at guð dæmdi hann af ríki, en eigi vilda ek dæma hann, þóat hann væri andskoti minn; ok hefir son minn nú þat gört við mik, er ek vilda eigi gera við úvin minn. Nú með því at Adonias hefir dæmt mik frá því ríki, er sjálfr guð kaus mik til, fyrr en ek sagða¹ upp, eða elligar tæki sá mik frá, er mik kaus til, fyrir því skal hann með háðung frá falla þessarri sœmd, svá sem sá féll, er hina fyrstu uppreist gerði með drambi móti dróttni sínum.“

Því næst mælti David við Sadoch byskup: „Tak múl minn, ok lát hann búa með öllum þeim búnaði, er hann var þá búinn, er ek reið hánun með allri tigu, ok set þar á Salamon son minn, ok kalla með þér Nathan spámann ok Bananiam höfðingja, ok alla hina tryggustu mína höfðingja ok riddara, ok rið² til landtjalds guðs í Zion, ok smyr³ þar Salamon son minn til konungs. Því næst lát taka lúðra [sjálfs míns⁴, ok lát blása um alla borgina með hátíðligu kalli, ok lát boða, at Salamon er konungr at vilja guðs ok at kosning Davids. Því næst leið hingat Salamon son minn til mín, at ek mega fagna nýsettum konungi í sæti mitt.“ En at lokinni rœðu Davids, þá gerði Sadoch byskup alla þá hluti, er David bauð hánun. En þá er Salamon kom aprt farandi skryðdr með allri konungligri tign, þá stóð David sjálfr upp í móti hánun ok hneigði hánun, ok blessaði hann með þessum orðum: „Blessaðr sé þú, guð, at þú lézt þér sóma at hefja mik til svá mikillar sœmdar af litlum stigum, sem ek eni nú í skipaðr, ok hefir nú hólpit mér í mörgum háskum, ok leiddan mik nú til þeirrar hugganar eptir mart vandræði ok langt starf, at augu mín megu þann sjá í dag, framgenginn af mínum lendum, er þú hefir nú sjálfr skipat í þat sœmdarsæti, sem þú hafðir mik áðr í skipaðan, eptir því sem þú hézt mér, dróttinn minn. Þess bið ek þik, dróttinn minn, at þú tvífaldir ok þrifaldir mannvit ok tign Davids í þessum æskumanni, ok ger hann fullkominn höfðingja at gæta þins heilags fólks eptir þinum vilja.“ Því næst kysti David Salamon, ok mælti við hann: „Sá guð er himminum stýrir, margfaldi þér frið á jörðu umfram alla konunga, ok gefi þér blessan ok jarðar ávöxtu ok alla sælu.“ En at lokinni þessi rœðu ok blessan, þá mælti David við Salamon: „Með því at ek finn, at guð hefir gefit þér speki ok mannvit, þá gættu ríkisstjórnar

1) segða 2) riðit 3) smyrit 4) mína sjálfs

með vitrligu réttlæmi, svá nökkuru refsingasamr, at eigi sýnisk ríki þitt stjórnarlaust vera fyrir þinnar bleyði¹ sakir. Gæt ok með mundanghöfi harðrar refsingar, at eigi verðir þú funninn miskunnarlaus með ofmiklum grimleik. Þó skaltu minnask Joabs frænda þins, er mér hefir lengi þjónat með miklu starfi, ok hæfir þat eigi, at syndligar sakir þær, er hann hefir í fallit, fylgi hánú til helvitis, þvíat hann drap Abner ok Amasa ágæta höfðingja í mínum gríðum, er lengi höfðu þjónat Sauli konungi með miklum tryggleika; ok margir aðrir eru þeir, er hann drap fyrir ofrkapps sakir en eigi rétrar refsingar, ok er betr, at þú látir hann heldr taka hér skjóta hefnd, en hann tynisk eilífuga í þessum sökum. Halt ok orð min við Semei, þóat hann bөлvaði mér, þá er ek flýða ofríki Absalons bróður þins, ok þó með þeim hætti, at hann hafi nökkura minning glæps síns til iðranar, at eigi staðfestisk sú bөлvan eilífuga yfir höfði hánú, at hann bөлvaði mér saklausum. Væg ok frændsemi við Adoniam bróður þinn, ef þú sér, at hann iðrask þess, er hann gerði svikliga uppreist móti feðr sínum. Minnsk þú þess, at Abiathar byskup lét föður sínum ok alla frændr sína fyrir þat er ek var föðdr í Nobe, þá er ek flýða af augliti Sauls konungs. Þess á ok Abiathar at njóta, er hann flýði með mér ok bar örsk guðs fyrir mér, þá er ek flýða fyrir Absalon bróður þínum. Þó gá þú þess, at Abiathar hafi rétta minning iðranar fyrir þat, er hann var í svikraðum við mik með Adonia bróður þínum ok móti mér, at sú sök fylgi hánú eigi til dauða. Gersk þú djarfr ok styrkr, harðhendr ok þó hófsamr. Ger í öllum hlutum vilja guðs, þá eignask þú hvárttveggja stundliga sælu ok eilifa.“

Þá mælti David við Sadoch byskup ok Nathan propheta: „Leiðit nú Salamon konung í höll mína, ok settit hann í háseti mitt með öllum hátíðligum fagnaði, ok gerit nú veizlu.“ En þeir gerðu alt sem David bauð þeim. En at lokinni veizlu Adonie þá heyrðu þeir [söngva ok pípur² ok hverskyns gleði, svá sem með nýkomnum fagnaði um borgina. En er Adonias spurði, hverju gegndi sá fagnaðr, hvárt sú gleði var fyrir hans tignar sakir, eða væri nökkur ný tíðendi; þá var hánú sagt, at David konungr hafði sjálfr gefit Salamoni nafn sitt ok kosit hann til konungs ok til allrar konungligrar tignar, ok Salamon var þá vígðr til konungs ok sat þá í háseti Davids með öllum hátíðligum búnaði, ok fagnaði allr lýðr þeim tíðendum sem³ ágætri hátíð. Þá er Adonias heyrði þessi tíðendi, þá varð hann harðla hræddr, ok allir þeir er í þessi ráðagerð váru með hánú, ok flýðu, hverr til [síns heimilis⁴, en Adonias flýði til landtjalds guðs ok lagði hönd sína á

1) ofbleyði 2) fagran söng pípa 3) með 4) sinna heimkynna

heilagt altari, svá sem játandi sik til hreinlifs ok þjónostumanns i helgu tjaldi guðs. Því næst sendi hann mann til konungs, ok mælti: „Hér skal ek deyja, nema því at eins, at herra minn Salamon konungr heiti mér með fastmælum, at hann drepi mik eigi, þjón sinn, fyrir þat er ek hefi misgert.“ Þá svaraði Salamon konungr: „Adonias er bróðir minn at frændsemi, ok vil ek gjarna vægja¹ hánum, ef hann vill réttliga iðrask fyrir þat, er hann gerði svikliga uppreist móti feðr sinum David, ok vil ek bera þessa byrði með hánum fyrir guði, með þeim máldaga at hann verði jafnan kendr við trygggleik ok litillæti fyrir utan alla flærð. En ef nökkur flærðsamlig girnd verðr funnin með hánum, þá á hann visa ván hefndar yfir höfði sér. Nú fari hann heim til eigna sinna, ok njóti þeirra æ, meðan hann heldr þetta, er nú er mælt.“

En þá er andlátstími Davids nálgæðisk, þá vitjaði Salamon konungr Davids föður síns jafnan, þar til er hann var líflátinn, ok grét danda hans marga daga með öllum þeim höfðingjum, er i hans ríki váru, ok bjó gróft² hans með allri konungligri tign ok útalligum auðæfum. En eptir andlát Davids þá bað Adonias Bersabe dróttning, at hon skyldi beiðask af Salamoni konungi, at hann gæfi hánum Abisag til eiginkonu. En sá var atburðr um Abisag, at þá er David konungr hafði elli tekit, [þá nálgæðisk kuldi hörund hans³, svá at hann mátti eigi af [klæða yl⁴ varmr verða. Þá var Abisag, ung mærr ok meyja fegrr i ríkinu, af hinni beztu ok stærstu ætt; en hon var leidd til sængr Davids konungs, til þess at liggja nær hánum at verma hann ok þjóna hánum, at David skyldi taka verma af [blóma hennar ok blautu hörundi, ok af girnd fagnar meyrar⁵. En David elskaði hana mjök með allri ást, svá sem fóstrmóður sína, en eigi sem konu. En fyrir þat hlaut Abisag svá mikla sæmd, at hon var virð höfuðdróttning yfir öllum dróttningum i augliti alls lýðs, ok helgæðisk svá tign hennar af faðmlagi Davids. En með þeirri athygli leitaði Adonias kvánfangs eptir andlát Davids, at hann ætlaði svá at komask at ríkinu með flærðsamligri vél, þvíat svá mundi fólkit alt mæla, ef hann féngi Abisag, at sá væri makligastr at sitja i sæti Davids, er verðastr var at stiga i sæng hans, ok þess var verðr at liggja i þeim faðmi, er David hafði helgat með sjálfum sér. Þat ætlaði hann ok, sem vera mundi, at bræðr Abisag ok allir frændr hennar mundu betr unna hánum ríkis, ef hann féngi hennar, heldr en þeim manni, er ekki [var við þá leytum bundinn⁶. Bersabe dróttning tók við erendi Adonie, ok fór síðan til fundar við Salamon

¹) þyrma ²) gróft ³) svá at hörund hans bólgnæði af kulda ⁴) klæðyl

⁵) blautu hennar hörundi ⁶) væri þeir við bundnir

konung, son sinn; en þegar er hon kom í höll konungs, þá grékk hann sjálfr í móti móður sinni ok leiddi hana til sætis með sér. Því næst birti dróttning erendi sitt ok mælti svá: „Ek hefi eina bæn litla at flytja til þín, ok vil ek birta eigi fyrr, en þú veitir mér áðr.“ Konungr svaraði: „Þú ert móðir mín, ok má ek eigi synja þér þess, er þú vilt beðit hafa, ok vil ek víst, at þú þiggir þat, er þú biðr; en þat samir þér víst at hugleida, at þú beidir þess, er mér er vel veitanda.“ Þá mælti Bersabe dróttning til konungsins: „Ek vil þess biðja, at þú gefir Adonie, bróður þínum, Abisag til konu.“

Salamon konungr svaraði henni mjök reiðr: „Hvat er undir því at beidask hánnum Abisag til konu? En ef þú ant hánnum betr konungdómsins en mér, þá bið hánnum ríkisins; fyrir því at þú veizt, at Adonias bróðir minn er ellri en ek, ok gaf sér sjálfr konungs nafn með kosningi hinna ágætustu höfðingja, fyrr en faðir minn kysi mik til ríkis með guðs vilja. Nú eru þeir at sönnu enn í dag í öllu fulltingi með hánnum, Joab hinn rikasti höfðingi ok hertogi, ok Abiathar byskup, en Abisag er af því bezta kyni, er í er borginni ok í öllu ríkinu, enda¹ virð af öllum mönnum hin hæsta² dróttning fyrir fóstros sakar þess, er hon veitti feðr mínum í elli sinni. En ef Adonias fær hennar til konu, þá virðir alþýðan svá, at hann sé nálægastr at sitja í sæti Davids, þar sem hann er verðr at liggja í sæng hans eða þeim faðmi, er David lá í sjálfr. Nú með því at Adonias gerði dróttinsvik móti feðr sínum, þá budumk ek til at bera ábyrgð þeirrar syndar með hánnum fyrir guði, fyrir frændsemi sakir okkarrar, en nú þrifaldar³ hann í annat siun þat svik við mik bróður sinn, er hann hóf upp í öndverðu við föður sinn. Fyrir því sver ek þess við þann guð, er mér skipaði í sæti Davids, at Adonias skal bera [sök sína⁴, ok hvær annarra þeirra, er í þessu niðingsráði váru með hánnum.“ Því næst mælti Salamon konungr við Bananiam höfðingja: „Far þú til ok drep Adoniam bróður minn, þvíat heldr vil ek, at hann taki hér skjóta hefnd, eptir því sem regla heilagra laga býðr fyrir dróttinsvik, heldr en hann beri niðingssök til helvitis. Drep þú ok Joab frænda mínum, þvíat hann gerði tvau niðingsverk við David konung, þá er hann dráp Abner ok Amasam ágæta höfðingja í gridum ok trúnaði Davids. En þessi er hans hin þriðja sök, er miklu er mest, at hann gerði dróttinsvik móti Davidi, þá er hann gaf konungs nafn Adonie, ok er hann at visu týndr annars heims eilífliga, nema hann taki iðran þessa heims með lögligri refsing.“

Í þessum stað sýnir Salamon konungr mikil dæmi, at vel samir

¹) ok þó ²) æzta ³) tvívaldar ⁴) byrði sína til helvitis

at rjúfa þau heit ok jákvæði, er beidd verða eða játuð móti réttendum; þvíat hann veitti Bersabe dróttning, móður sinni, þat er hon bað, fyrr en hann vissi hvat þat var; en þegar hann varð varr við, at þat var skaðsamlig bæn, þá drap hann þann mann, er þeirrar bænar bað fyrir öndverðu. Bananias gerði sem Salamon konungr bauð hánum, ok drap Adoniam. En svá sem Joab hertogi ok Abiathar byskup váru í ráðagerð, at gefa konungs nafn Adonie, svá váru þeir ok í þeirri ráðagerð, at hann skyldi beiðask Abisag sér til konu; ok þá er þeir spurðu dauða Adonie, þá væntu þeir sér ok dauða. Bananias tók Abiathar byskup ok lét leiða fyrir Salamon konung; en Joab flýði til landtjalds guðs, ok lagði hönd sína á heilagt [altaris horn¹, svá sem játandi sik til hreinlifs ok þjónostumanns í helgu tjaldi guðs. Bananias kom til tjalds guðs, ok mælti: „Gakk út, Joab! konungr býðr þér, at þú gangir út or tjaldi guðs.“ En Joab svaraði: „Með því at ek em nú hér kominn á guðs grið, þá skal ek hér annathvært dauða þola eða í griðum vera.“ Því næst lét Bananias segja konungi þessi tíðendi með sendimanni sínum, ok þá er sendimaðrinn kom fyrir konung með Abiathar byskupi, ok sagði alla þessa hluti, þá svaraði Salamon konungr sendimanninum: „Seg þessi orð mín Bananie, at hann drepi Joab [hvar sem hann er staddr², þvíat verk hans ok dómr heilagra laga drepr hann, en hvárgi okkarr.“ Bananias gerði sem konungr bauð hánum, ok drap Joab þar sem hann var kominn.

En konungr mælti á þá leið við Abiathar byskup: „Veiztu þat, at þú ert dauðamaðr at réttu eptir lagaskipan heilagrar reglu; en fyrir því at þú lézt föður þinn ok alla ætt þína í Nobe á einum degi, fyrir þat er faðir þinn gaf mat Davídi feðr mínum; svá³ bartu ok örk guðs fyrir hánum, þá er hann flýði af augliti Absalons bróður míns; fyrir því er þess vert, at þú njóttir þess at sinni, at þú þolir eigi bráðan dauða. En með því skaltu þér nú líf kaupa at sinni, at þú haldir jafnan þessa minning iðranar þinnar fyrir dróttinsvik þau, er þú gerðir í móti Davídi. Far þú nú til eigna⁴ þinna, ok líf þar sem einn plógkarl, ok njót með því allra eigna þinna, at þú lifir þar sem einnhverr bóndi. En svá skjótt sem þú réttir hendr þinar til nökkurrar kennimannligrar þjónustu eða embættis, þá vit þú víst réttðæmi heilagra laga yfir höfði þínu.“ Abiathar fór heim ok hélt jafnan síðan þat, er konungr bauð hánum, ok lifði marga daga; en Semei dó þrem vetrum síðar, fyrir þat er hann hélt eigi þat sem hánum var boðit, eptir því sem fyrr sögðum vér.

LXVII. Sour. Nú eru þeir nökkurir hlutir, at mér þykkir

1) altari 2) þar sem hann er kominn 3) þá 4) herbergja

sem ek hafa vanspurt. Hvi varð Salamoni konungi þat fyrir at brjóta grið á Joab, þar sem hann flýði á guðs grið ok í þat hús, sem guði var helgat í öllum heiminum? Nú er nær allr heimrinn skipaðr með kirkjum, ok þykkir þat illa gert, at drepa mann í kirkjugriðum. En ek hugða þat, at því ágætligar mundi varðveitt vera tign heilags guðs húss, er þau eru færri. Þessi er sá annarr hlutr, er mik fýsir at spyrja, hvi Salamoni konungi varð þat fyrir at heita því móður sinni, er hon bað, ok halda eigi síðan? Heldr hugða ek þat, at jafnvitr maðr sem Salamon konungr var, at hann mundi eptirleita, hvat þat væri, er hon bað, fyrr en hann lofaði, heldr en hann mundi eigi vilja halda þat er hann hét, þóat eigi væri eptir hans vilja beitt.

Faðir. Þess gátum vér fyrr í várri ræðu, at þat er mannvit þess er biðr, at beidask þeirra hluta, er viðrkvæmiligir eru ok vel veitandi, ok eigu þær gjafir allar at vera staðfastar ok haldkvæmar, er hvárttveggja eru vitrliga gefnar ok svá beðnar. En í þessum stað sýndi Salamon konungr góð dæmi ok nytsamlig, at hann tók vitrliga þá gjöf aptr, er móðir hans bað heimskliga, þóat hann hefði áðr veitt henni. Þessi dæmi váru löngu síðar, er verri váru, er Herodes gerði í Galilea at veizlunni, þá er hann hét stjúp dóttur sinni, at þiggja hvat sem hon beiddisk, en hon bað hann með ráði móður sinnar höfuðs Johannis Baptiste. Herodes vissi, at Johannes var saklauss ok heilagr maðr, ok iðradisk mjök, er hann hafði jákvætt henni þessa bæn¹. En hans iðran hafði engan ávöxt, þvíat hann gáði eigi þess, at taka þá gjöf aptr vitrliga, er hon beiddisk heimskliga, heldr gerði hann þat illvirki, er hon bað hann, ok týndisk því hvárttveggja, konurnar fyrir beizluma, en Herodes fyrir gjöfina. En Salamoni konungi þótti þat betra at sjá reidan hug móður sinnar, fyrir þat er hann níkvæddi þat vitrliga, er hann hafði bráðliga játat, heldr en hann vildi þola stórglæpsamligan² skaða fyrir [staðfestu heimskligrar bænar ok rangligrar³. En þó skaltu þat láta skiljask þér til fulls, at engum manni samir þat vel at vera lausorðum⁴, ok berr þat því hverjum manni verr, sem hann er rikari. En hvetvetna þar sem stórglæpir ok stórsakir standa af, þá er þat engum manni [haldanda, þóat hann hafði áðr játat⁵.

LXVIII. Sonr. Þess vil ek nú biðja yðr, at þér gerit enn meiri grein fyrir mér á þessu, hvat haldanda er, þat sem játat er, eða hvat rjúfanda er, þat sem lofat er.

Faðir. Ef rikr maðr er beðinn nökkurra hluta, ok verðr bænin látin í ljós við hann, þá er hán um vel hugleiðanda, hvat þat er sem

¹) gjöf ²) stórglæpilig ³) þat ef hann staðfesti heimskligrar bænar ok rangar ⁴) lausorð ⁵) hét. þóat hann haldi áðr játat

hann er bedinn, hvárt þat er hánum til skaða eða til sœmdar. En ef hann sér, at hánum er þat skadalaust, þá er hánum þat hugleidanda, hverjum hann gefr þat, er hann er bedinn, eða hversu mikit hverjum er veitanda, at eigi verði hánum þess dæmi, sem Herode varð, sem vér gátum fyrr; þvíat hann gætti hvárki til fulls verðleika þess er það, ok eigi gætti hann, hverr timinn var eða hversu mikit hann skyldi gefa. En hánum bar þessa leið til handa, þá er hann gaf, at hann var drukkinn, þvíat hann gerði veizlu mikla öllum höfðingjum sínum, ok gætti hann þá eigi timans, þvíat eigi var þat hans at gefa drukkinn; þvíat fár gjafir verða til mundangshófs stíllar í drykkjunni. En þar gætti hann eigi mundangshófs, er hann gaf svá mikla gjöf stjúpdóttur sinni, einni konu¹ úskyldri sér, þar sem hann kvað svá at orði: „Hvat sem þat er, er þú biðr, þá skal ek gefa þér, þóat þú vilir beiðask hálfis ríkis míns.“ Ok máttu nú á þessu marka, at hann var hálfærr af drykk, er hann mælti slikt; þvíat stjúpdóttir hans vann hánum ekki meira til sœmdar, en trumbaði fyrir hánum, ok var leikr hennar miklu minni gjafar verðr, en þá jätti hann; ok var þat eigi hans at leggja undir annars tungurætr hvárttveggja hófit beizlunnar ok gjafarinnar, þar sem hann kvað svá at orði: „Hvat sem þú biðr, þá skaltu þiggja, þóat þú beiðisk hálfis ríkis míns.“ En ef hann hefði svá at orði kveðit: „hvát sem þú beiðisk með hófi ok skynsemd, ok sé mér veitanda, þá skaltu þiggja“, þá hefði hann vel mælt ok vitrliga, ok hefði þá alt vald undir sér, hvat er hann vildi halda eða níkvæða.

Nú er þat enn framar at skýra fyrir þér, hverir þeir hlutir eru, er höfðingjum sé veitandi, ef þeir verða beðnir. Þat er alt veitanda, er höfðingjum stendr eigi skaði af ok engum öðrum, ok þó [sé þeim sœmd í², er þiggr, ok fullting. En þóat þess verði höfðingi beðinn, at veita starf sitt eða elligar fé sitt, þá er hánum þat vel veitanda, þegar [engi verðr niðran sœmd hans í³; en þóat hann veiti hvárttveggja fé ok starf, þá er þat vel veitanda, þegar hann gefr þeim, er mikillar sœmdar⁴ er verðr. En hvarvetna þar sem maðr verðr þess beðinn, er hánum er vegþurðr í eða sœmdarspell, þá er þat eigi veitanda; en þóat hann [veiti þat⁵ bráðliga, þá er þat vitrliga aprtakanda. Þat er ok aprtakanda, ef maðr veitir mikit, ok kann sá litla öfúsu, er þiggr, ok hvergi verðr at hafa langar staðfestur mikillar gjafar, þegar hann kann eigi rétta öfúsu fyrir, ok tekr þá gjöf apr frá hánum skynleysi ok litil saunnsýni sjálfs hans, en eigi lausyrði þess er gaf. Þær gjafar eru ok allar apr takandi, þóat veittar sé,

¹) ok *úlf* ²) með sœmd þeim ³) engi svivirðing er hánum í; er eigi svivirðir sœmd hans ⁴) gjafar ⁵) heiti því

er [beizlumaðr hefir¹ fengit með lygi eða með flærðsamligri slægd; ok taka þær gjafar aptr lygi hans ok slægd, en eigi lausyrði þess er gaf, þóat játtat hafi verit. En ef höfðingi vill vitrliga sjá fyrir gjöfum sínum, þá er hánú þat vel hugleiðanda, hvers hann er beðinn, eða hvat manna sá er, er biðr². Ok með því at eigi eru allir jafnmikillar gjafar verðir, þá er þat hugsanda³, hversu mikillar gjafar hverr er verðr, eða i hveru tíma [gefanda er hverja⁴ gjöf. En sá er gefr verði sem sjaldnast við þat kendr, at taka sínar gjafir aptr, at hann verði eigi at lausyrðum funninn⁵.

LXIX. Sour. Nú vil ek þess spyrja, hver skynsemdarsvör til þess eru, at þat var réttðæmi, at Salamon konungr lét drepa Joab i helgu landljaldi guðs, þar sem hann hélt á helgu guðs altari. Hvi hann lét eigi leiða hann áðr [i braut⁶ ok lét drepa hann síðan?

Faðir. Þessi spurning er nú spurðir þú, þá mun þér eigi verða ljós fyrir augum, nema hon verði skýrd með langri ræðu, ok þeirri, er likari mun þykkja glósum en réltum framgangsveg upphafðrar ræðu. En þá er Salamon konungr dæmdi þat, at drepa skyldi Joab þar sem hann sat, heldr en hann leiddi hann braut, þá gerði hann þat eigi utan rétta sök, fyrir því at hann vildi eigi falla i slíka sök sem Saul konungr, þá er hann flutti fórnir yfir heilagt guðs altari. Nú vildi [eigi Salamon konungr, at þat skyldi kenna⁷, at hann skyldi færa fórnir eða ofr svá sem með byskupligu embætti yfir heilagt altari; eigi vildi hann ok með afli eða herfangi taka þá hluti brott, er svá nálíga váru komnir helgu altari guðs, sem Joab var, þar sem hann hélt á helgu altari. En þessa hluti hugleiddi Salamon með sjálfum sér: „þat er mitt at gæta reglu heilagra dóma hvar sem maðrinn er staddr, sá er þá skal um dæma, en eigi er mitt at draga þann með afli ok með herfangi⁸ brott, er [sjálfr hefir flýit⁹ til heilags staðar, þviat allir réttir dómar þá eru at réttu guðs dómar en eigi mínir, ok veit ek víst, at heilagt altari guðs saurgask ekki né afhelgask i blóði Joabs, þviat þat er úthelt með réttri refsing hánú til idranar, en eigi með öfund svá sem með rangri fordæming¹⁰.“ Í þessum dómi birtir Salamon konungr þat skipti, er guð hafði skipat millim þeirra Moyses ok Aarons, at hann vildi því eigi brígdá¹¹, at hann félli eigi i sakir við guð; þviat guð hafði svá skipat millim þeirra, at Moyses skyldi varðveita reglu heilagra dóma, en Aaron skyldi varðveita þær fórnir, er kæmi

1) menn hafa 2) gjafar beidisk af hánú. 3) hugleiðanda 4) hánú er veitandi hver 5) lausyrði kendr 6) út 7) Salamon konungr, at þat mætti eigi kenna hánú 8) harðfangi; hernaði 9) sjálfr flýr; sik hefir sjálfr flutt 10) fyrirdæmingu 11) bregða

til heilags altaris; ok þat skalt þú til viss vita, at þat á enn í dag at standa með réttu, ok mun þér þat þá verða ljósara fyrir augum, ef ek birti þat fyrir þér með nökkurum orðum. En þessi er sú¹ skýring, at guð skipaði sér þau tvau hús á jörðu, er hann kaus til síns embættis, ok er annat kirkja, ok svá má kalla hvártveggja, ef vill, fyrir því at svá þýðisk nafn kirkju sem þinghús, fyrir sakar samkvámu fólksins, er þar kemr². En þessi tvau hús eru hallir guðs, ok hefir hann skipat tvá menn til at gæta þessarra húsa; hefir hann sett í aðra þessa höll borð sitt, ok heitir þat fæzluhús, fyrir því at til þess kemr saman fólk guðs at taka þar andliga fæzlu; en í aðra þessa höll þá hefir hann settan helgan dómstól sinn, ok er þar samkváma fólks, til þess at heyra skýring heilagra dóma guðs. En til þessarra tveggja húsa þá hefir hann setta tvá gæzlumenn, er annarr konungr, en annarr byskup.

Nú er konungriinn skipaðr at gæta þess hins helga húss, [er sett er³ í þat helga sæti, at gæta heilagra dóma guðs; skal hann svá dæma líkamliga millim manna, at hann taki [á móti⁴ heilsu⁵ eilífliga, ok allir þeir, er gæta síðan þeirra dóma, er dæmdir verða með réttu. Hánun hefir guð ok í hendr selt refsingarsverð, þat er hann skal höggva með, er⁶ þarf, eptir því sem fyrr sögðum vér, at Salamon konungr gerði, þá er hann lagði Joab undir refsingarsverð, ok marga aðra, þá sem hann lagði undir rétta refsing. Nú skal konungr höggva hvern utan öfund með réttri refsing; en hvern er hann drepr fyrir öfundar sakar, þá er þat manndráp, ok á hann at svara manndráps sök fyrir guði. Þat skalt þú ok til viss vita, at allir þeir hlutir er guð skipaði fyrir öndverðu til þeirrar hallar ok hásetis, þá má engi því frá kippa, nema hann vili ræna guð sjálfan ok heilagt hans dómsæti, ok brigði með yfirgirnd þeirri skipan, er guð hefir görva. Hverr sá ok er hann er skipaðr í þetta sæti, þá verðr hann með mikilli áhyggju varask þau svör, er hann verðr fyrir sér at hafa, þegar hann kemr fyrir kné dómara⁷ sinum; þvíat þessarrar ræðu á hann vísa ván, at svá mun hinn hæsti dómari at orði kveða við hvern einvörðungum⁸, er fyrir hann kemr, þann er gæzlumaðr hefir verit þessarrar hallar: „Þú ert skryðdr með mínu nafni, þvíat þú ert bæði konungr ok dómari sem ek; nú vil ek at þú gjaldir skynsemd þinnar sýslu, með því at þú ert skipaðr hertogi ok dómari yfir fólki mínu.“ Nú þyrfti fyrir þær sakar hverr sem einn, [at með góðri skynsemd ok langri áhyggju hefði fyrir sér brúat⁹, hverju hann eigi¹⁰ at svara, þá er hann kemr

1) sök til ok 2) en annat dómhús *tilf. Udg.* 3) ok settr 4) móti; þar í mót 5) sælu; ömbun 6) ef 7) yfirdómara 8) ok einn 9) at m. g. s. ok l. á. hefði fyrir sér húit; með g. s. ok l. á. brýn andsvör at hafa fyrir sér 10) á

fyrir kné dómaraþnum. Þar sem höfuðengillinn, sá er án [allan breyskleik er¹, svarar hræddr ok skjálfandi, ef hann er skynsemdar spurðr fyrir sína þjónostu af várum herra ok dróttni; því er þat þá markanda, hversu hræddr ok skjálfandi maðrinn breyskr ok syndugr mun verða, ef hann verðr skynsemdar spurðr fyrir sína sýslu í guðs augliti. En allra helzt² mun sá svá vera spurðr, er gæzlumaðr var þessarrar hallar, hversu hann hefir gætt³ dóma milli manna; en ef hann fær eigi þar svarat skynsemd fyrir sik, þá á hann skjóta ván þessarra orða: „þú, illr þræll! með því at þú gættir eigi réttðæmis, þá far þú þangat, sem allir dómar eru rangir dæmdir, þvíat sjálfs þins munnr dæmdi þik til þess staðar, þvíat hann skammaðisk eigi at bera fram ranga dóma.“ En ef hann fær með góðri skynsemd svarat sínu réttðæmi, þá má hann sæll þykkjask þeirrar sýslu, ok mun hann þá þessi orð heyra: „Með því at þú gættir allra réttra dóma, þá er þess vert, at þú njótir réttðæmis um alla hluti.“ Þá mun hann verða enn spurðr skynsemdar um fleiri hluti; því næst mun hann verða at svara, hversu vitrliga eða athugasamliga hann hefir gætt allra þeirra hluta, er guð hefir skipat fyrir öndverðu til þess dómsætis. En ef hann hefir eigi gætt allra þeirra hluta, sem guð hefir skipat fyrir öndverðu til þess hins helga dómsætis, þá mun hann verða leiddr til sýnar⁴ við þá, er vel hafa gert, sem amathvært er Melchisedek eða Moyses eða David, eða aðrir þeir er með þvílíkri áhyggju hafa gætt, sem þeir er nú váru nefndir. Því næst mun hann heyra þessi orð mælt: „Ef þú hefðir með þvílíkri skipan ok áhyggju gætt þeirrar sæmdar, er ek skipaða fyrir öndverðu til heilags dómsætis míns, þá mundir þú þvílíka ömbun [fyrir taka, sem nú taka þessir⁵. En svá mikla sæmd sem þú lézt draga með röngu undan dómsæti mínu, svá mikillar sæmdar skaltu hér þarnask⁶, ok svá miklu minni skaltu hér nú sýnask ok lægri, en þeir er gættu úskaddrar þeirrar sæmdar, er þeir váru yfirsettir⁷. Eigi vart þú fyrir því yfirskipaðr dómsæti mitt, at þér væri vald til þess gefit, at skipa⁸ með öðrum hætti þjónostum ok tignum ok helgum sæmdum, en ek hefi tilskipat fyrir öndverðu; fyrir því at eigi var þér sú sýsla gefin sem cilif erfð, heldr var hon þér léð⁹ stundliga, til þess at þú skyldir taka cilifa ömbun móti, ef þú gættir hennar vel. Til þess var þér veldi gefit, at þú skyldir veita veraldlig audæfi gull ok silfr, ok þó með skynsemd, en eigi tignir eða sæmdir heilags dómsætis míns.“

